



8

24-25

30-31

Bændur óttast óvenju-  
mikið kal á norðan-  
verðu Austurlandi

Nýtt kynbótamat  
í hrossarækt

„ÞÚ VEIST hvaðan það kemur“

# Bændablaðið

8. tölublað 2020 • Fimmtudagur 23. apríl • Blað nr. 561 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Guðrún Lárusdóttir í Keldudal í Skagafirði er nú með 10 fullorðnar geitur á bænum auk þess að vera með um 80 fjár og 65 mjólkurkúr í fjósi. Þá hefur þar einnig verið rekin ferðapjónusta. Hún segir að geitur séu mjög fjörug og skemmtileg dýr, en ekki sé jafn einfalt að stýra því hvenær afkvæmin koma í heiminn eins og gert er varðandi sauðfé. Hafrarnir séu gjarnan að gera sér dælt við huðurnar síðsumars og þá komi kiðlingarnir í heiminn í janúar eða febrúar. Segir Guðrún að þótt það sé kannski ekki heppilegasti árstíminn í sveitum, þá séu geiturnar mjög sjálfbjarga við burð og þurfi enga aðstöðu. Þá sýna þær líka þá tillitssemi að bera bara yfir daginn, en ekki á kvöldin og nóttunni eins og gjarn er með sauðfé.

Mmynd / GL

## Stórgjöf til Landbúnaðarháskóla Íslands: Fékk 200 milljónir í arf frá fyrrum kennara

– á m.a. að nýta til rannsókna á jarðræktarsviði

Magnús Óskarsson, fyrrverandi kennari og tilraunastjóri við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur arfleitt skólann að öllum eignum sínum sem áætlað er að nemi um 200 milljónum króna. Magnús lést 28. desember síðastliðinn, 93 ára að aldri.

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, segir að gjöfin sé mjög rausnarleg, komi að góðum notum fyrir skólann og að allir starfsmenn skólans séu mjög þakklátir fyrir hana.

Arfinum fylgir það skilyrði að hann verði nýttur við skólann að starfsemi sem tengdist starfi Magnúsar.

„Kvaðir arfsins fela í sér að fjármunina skuli nýta til að byggja upp aðstöðu til rannsókna og kennslu á sviði jarðræktarfræða, umhverfisfræða og landnýtingar. Arfinn má einnig nýta til að efla íþróttaaðstöðu við skólann eða verknámsaðstöðu á Hvanneyri.“

Magnús varð búfræðikandidat frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1953 og réðist svo til skólans sem kennari og tilraunastjóri



Magnús Óskarsson.

eftir framhaldsnám og störf í Danmörku. Hlutverk Magnúsar var, auk kennslu, að koma upp grasagarði og stunda tilraunir og er hann einn af frumherjum í íslenskrri tilrauna- og ræktunarsögu á sviði landbúnaðar. Magnús starfaði við skólann og bjó á Hvanneyri nánast allan sinn starfsferil. /VH

Erlendir starfsmenn hafa borið uppi störfin í sláturhúsum í sláturtíð en óvíst er að þeir komi vegna COVID-19:

## Áhyggjur af mönnun sláturhúsanna í haust

Sláturleyfishafar hafa þegar hafið undirbúning vegna sláturtíðar á komandi hausti. Stór hluti starfsmanna á hverri sláturtíð kemur frá útlöndum, í stórum stíl frá Póllandi og víðar. Sama fólkið kemur gjarnan ár eftir ár í sömu sláturhúsin, vant fólk sem þekkir vel til verka og heldur afköstum uppi.

Alla jafna er gengið frá ráðningum starfsfólks í maí og því telja sláturleyfishafar brýnt að innan tíðar verði ljóst hvort hömlur verði í gildi varðandi komur fólks til landsins þannig að unnt verði að leita annarra leiða til að manna sláturhúsin. Hópur slátrara frá Nýja-Sjálandi hefur komið til starfa í tveimur sláturhúsum en hefur nú dregið umsóknir til baka, sem sýnir að fólk hefur vaðið fyrir neðan sig þegar að ferðalögum milli landa kemur.

SS reiknar með að fólkið fái að koma

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), segir það láti nærri að um 80% af mönnun



Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

sláturtíðar sé erlent verkafólk sem einkum komi frá Póllandi en slátrarar frá Nýja-Sjálandi.

„Að svo komnu máli reiknum við með að í haust verði ekki hindranir í að fá þetta fólk til landsins,“ segir hann.

„En ef í það stefnir verður augljóslega mikill vandi á höndum hjá öllum sláturleyfishöfum og þá einnig hjá bændum. Eflaust yrði þá sótt um undanþágu eða rýmku á



Ágúst Andrésson, framkvæmdastjóri hjá Kjötíðnaðarsviði KS.

skilyrðum svo hægt verði að sláttra með vönum mannskap.“

KS segir að staðan sé langt frá því að geta talist eðlileg

„Við erum að sjálfsögðu farin að huga að sláturtíð og værum það hvort heldur sem er þó allt væri eðlilegt,“ segir Ágúst Andrésson, framkvæmdastjóri hjá Kjötíðnaðarsviði

KS. Staðan nú sé hins vegar langt frá því að geta talist eðlileg, „og við höfum vissulega áhyggjur af mönnun sláturhúsanna í haust“.

Ef til vill meira framboð af innlendu vinnuafli

Um 75–80% af starfsfólki í sláturtíð hjá KS hefur verið erlent vinnuafli. Ágúst segir að KKS og SS hafi fengið sérhæft starfsfólk frá Nýja-Sjálandi til starfa og voru alls 21 slátrari tilbúnir að mæta í sláturtíð á komandi hausti. Nánast allir hafi þeir dregið boð sitt til baka. „Það segir okkur að þetta snýst líka um viðhorf fólks til ferðalaga, ekki einungis hvaða reglur muni gilda á Íslandi í haust hvað þetta varðar,“ segir Ágúst. Ráðning á sérhæfðu starfsfólki utan ESB þarf jafnan góðan aðdraganda vegna allra þeirra tilskildu leyfa sem sem krafist er og segir Ágúst að til þess geti komið að beðið verði um undanþágur verði annað komið í lag fyrir haustið. „Ef fer sem horfir verður líka kannski eitthvað meira framboð af vinnuafli hér innanlands, sem vonandi gefur kost á sér í þessi störf.“

Gætum þurft að draga úr afköstum og minnka nýtingu

Ágúst segir að sláturhús hafi árum saman verið mönnuð yfir sláturtíð með erlendu vinnuafli og að stórum hluta komi sama fólkið ár eftir ár og kunni því vel til verka. Þannig náist fljótt upp afköst og unnt að veita bændum skjóta og góða þjónustu á þeim tveimur mánuðum sem sláturtíð jafnan stendur yfir. „Ef þetta næst ekki gætum við þurft að grípa til þess að draga úr afköstum og nýtingu, þ.e. sláttra minna hvern dag og sláturtíðin næði þá yfir lengra tímabil. Eins gæti þá komið til þess að við þyrftum að minnka nýtingu á aukaafurðum og leggja megin áhersluna á slátrun og nýtingu aðalafurða með sem einföldustum hætti,“ segir Ágúst og bætir við að það væru mörg skref aftur á bak fyrir afurðastöðvar eins og KKS á Sauðárkróki og SKVH á Hvammstanga.

„Allt eru þetta verkefni eins og hvað annað sem þarf að leysa og ég trúi því að allir munu leggjast á eitt í því,“ segir hann. /MPB

– Sjá stöðuna hjá fleiri sláturhúsum á bls. 2

## FRÉTTIR

Erlendir starfsmenn hafa borið uppi störfin í sláturhúsum í sláturtíð en óvíst að þeir komi vegna COVID-19:

# Talið nær ógerlegt að manna sláturtíð eingöngu með innlendu vinnuafli

Sláturleyfishafar hafa töluverðar áhyggjur af að erfiðlega geti gengið að manna sláturhúsin í landinu í haust af vonu starfsfólki. Stór hluti starfsmanna á hverri sláturtíð kemur frá útlöndum, í stórum stíl frá Póllandi og víðar. Sama fólkið kemur gjarnan ár eftir ár í sömu sláturhúsin, vant fólk sem þekkir vel til verka og heldur afköstum uppi.

## Mál þurfa að skýrast fljótlega

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri, segir að nú viti menn ekki hvernig staðan verði að hausti, „en við erum farin að hafa verulegar áhyggjur.“ segir hann. Fjallalamb er háð því að fá til starfa erlent vinnuafli. Rúmlega 30 erlendir starfsmenn hafi að jafnaði starfað hjá Fjallalambi yfir sláturtíðina. Björn Víkingur kveðst búast við að fleiri Íslendingar verði á lausu en vanalega, „en það er alveg ljóst að það mun ekki duga okkur“.

Hann segir að reynsla frá því í hrúninu fyrir rúmum áratug hafi verið sú að þá hafi fleiri Íslendingar boðið fram krafta sína í sláturtíð, en alls ekki nægilega margir. „Við viljum ekki taka neina áhættu varðandi Covid þannig að það verður að vanda mjög til verka í ráðningarferlum. Ráðningar á erlendu vinnuafli hefjast venjulega í maí þannig að þetta þarf að skýrast sem fyrst.“

## Ógerlegt að manna sláturtíð með innlendu afli eingöngu

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri hjá Norðlenska, segir að þar á bæ sé farið að spá í sláturtíð. „Við höfum þann undirbúning að nokkru leyti strax við lok þeirrar síðustu.“ segir hann. Gerir hann ráð fyrir að hömlur verði á ferðum manna langt fram eftir sumri og mögulega inn í haustið, sem setji þá öll plön um starfsmenn í sláturtíð í uppnám.

„Mjög stór hluti sláturtíðarfólks hjá okkur kemur erlendis frá, ætli það séu ekki 80% eða svo af þeim sem við fáum inn í sláturtíðina sjálfa. Við erum að huga að þessum málum en höfum ekki farið svo langt enn að huga að undanþágum. Það er þó ljóst að ákveðinn hluti starfsfólks í sláturtíð þarf að vera vanur slíkum störfum og sú reynsla er því miður ekki mikil innanlands núorðið. Það er því ólík-



Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs.

legt að gerlegt sé að manna sláturtíð eingöngu með innlendu vinnuafli þetta haustið. Þau störf sem ekki krefjast starfsreynslu gætum við vel hugsað okkur að manna að meira leyti með innlendum starfsmönnum verði það mögulegt,“ segir Ágúst Torfi.

## Leitum nýrra leiða ef þörf verður á

„Við setjum dæmið upp þannig núna að litlar eða engar hömlur verði á því að erlent starfsfólk komi til starfa í sláturtíð á Íslandi í haust,“ segir Gunnhildur Þórmundsdóttir, sláturhússtjóri hjá SAH afurðum á Blönduósi. „Ef sú staða kemur upp þá munum við bregðast við þegar þar að kemur.“

Gunnhildur segir að allt að 140 manns starfi hjá SAH afurðum í sláturtíð, um 95 manns bætist við þann 40 til 45 manna hóp sem þar starfar árið um kring. Bróðurpartur þess fólks er erlent vinnuafli, einkum frá Póllandi og eins í nokkrum mæli frá Bretlandi. Hún segir að flestir komi ár eftir ár og um sé að ræða vant fólk sem vel kunnir til verka. Það geri að verkum að sláturtíð gangi snurðulaust fyrir sig alla jafna. „Við höfum verið heppin með starfsfólk, hingað kemur sama fólkið ár eftir ár, þræl-vant og duglegt,“ segir Gunnhildur.

Hún segir að umsóknir um störf í sláturtíð í haust séu þegar farnar að berast og eins og staðan er nú sé gengið út frá því að engar hömlur verði settar á ferðir fólksins hingað til lands þegar kemur fram á haustið. „Við höldum okkar striki með undir-




Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri hjá Norðlenska.

búning sláturtíðar á þann veg að hún verði óbreytt, en munum bregðast við ef þörf verður á því. Það finnst alltaf leið,“ segir Gunnhildur.


## Ekkert erlent vinnuafli hjá Sláturhúsi Vesturlands

Hjá Sláturhúsi Vesturlands í



Gunnhildur Þórmundsdóttir, sláturhússtjóri hjá SAH.

Borgarnesi eru 10 stöðugildi, en Anna Dröfn Sigurjónsdóttir gæðastjóri segir húsíð hafa þá sérstöðu vegna smæðar sinnar að geta kallað til starfsfólks af svæðinu þegar svo ber undir. „Það vill svo skemmtilega til hjá okkur að allir starfsmenn og eigendur eru bændur eða sveitafólk. Yfir



Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, gæðastjóri hjá Sláturhúsi Vesturlands.

sláturtíð bætast aukahendur við til starfa hjá okkur en það hefur enn ekki komið til þess að við höfum ráðið erlent vinnuafli. Takmarkanir á ferðalögum sem hugsanlega verða í haust hafa því lítil sem engin áhrif á starfsemi húsins,“ segir Anna Dröfn Sigurjónsdóttir. /MPB

## Sláturhússtjóraskipti hjá SAH afurðum á Blönduósi:

# Spennandi tækifæri að takast á við krefjandi starf

— segir Gunnhildur Þórmundsdóttir, ein fárra kvenna í stöðu sláturhússtjóra

„Þetta er heilmikið tækifæri og spennandi tímar fram undan,“ segir Gunnhildur Þórmundsdóttir, sem tekið hefur við starfi sláturhússtjóra SAH afurða á Blönduósi. Hún tekur við starfinu af Gísla Garðarssyni, en hann hafði starfað hjá fyrirtækinu í 48 ár, frá árinu 1972, og lengst af sem sláturhússtjóri.

„Ég veit að ég er að taka við miklu og krefjandi starfi en tel mig vel í stakk búna að mæta þeim kröfum sem starfinu fylgja, en það má orða það sem svo að ég sé nánast alin upp í fyrirtækinu.“

Gunnhildur er menntaður kjötiðnaðarmaður og lærði iðnina hjá SAH afurðum. Hún er fædd og uppalin á Blönduósi en á ættir að rekja í Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Dvaldi hún gjarnan hjá ömmu sinni og afa í Skagafirði og komst ung að árum í kynni við sauðfé. „Ég var að stússast í kindunum eins margar helgar og hægt var sem barn og kunnir því vel,“ segir hún. Spurdum um hvort það hafi ráðið einhverju um val á þeirri menntun sem hún aflaði sér segir hún að það megi vel vera. Nefnir líka að 14 ára gömul hafi hún fengið starf í kjötbörðinu í Kaupfélaginu á Blönduósi og fundist það mjög skemmtilegt. „Mig langaði að læra kjötið, gerði það og sé ekki eftir því vali,“ segir hún.

## Létuð þið stelpu vinna ykkur?

Gunnhildur hóf sitt nám árið 2000 og útskrifaðist árið 2004. „Mörgum þótti valið á ævistarfinu nú ekki gera sig fyrir mig og spurðu í forundran hvort ég ætlaði að verða kjötiðnaðarmaður,“ segir hún. Á námsárunum vann hún í nema-keppni og segir að í stað þess að yfir sig rigndi hamingjuóskum hafi orðunum verið beint til sam-



Gunnhildur Þórmundsdóttir hefur tekið við starfi sláturhússtjóra SAH afurða á Blönduósi.

vinna ykkur?! Gunnhildur segist hafa mikið keppnisskap og þetta hafi bara stappað í sig stálinu.

## Góður andi

Eftir námið hóf hún störf hjá Kjarnafæði og starfaði þar til ársins 2013 þegar hún flutti aftur í heimahagana og tók við starfi hjá SAH afurðum. Hún fékk nasapef af störfum sláturhússtjóra á liðnum vetri þegar hún starfaði við hlið Gísla. „Mér líst vel á þetta nýja starf. Ég þekki vinnustaðinn út og inn eftir að hafa starfað hér um árabli, bændurna sem leggja inn hjá okkur þekki ég líka vel og samskiptin við þá eru góð, en það skiptir miklu máli,“ segir Gunnhildur. „Það er góður andi í fyrirtækinu, starfsumhverfið er gott og samfélagið hér á Blönduósi er til fyrirmyndar, þannig að á betra verður varla kosið.“

## Stór vinnustaður sem skiptir samfélagið máli

Ársstörf hjá SAH afurðum eru um 45 en verulega bætist við í starfsmannahópnum þegar sláturtíð stendur yfir að hausti. Þá starfa allt að 140 manns hjá fyrirtækinu. Gunnhildur segir vinnustaðinn skipta verulegu máli fyrir samfélagið á Blönduósi, þetta sé stór vinnustaður, burðarás í atvinnulífi og skapi fjölda afleiddra starfa. „Það er vel af sér vikið að ná að halda úti þetta fjölmennum vinnustað yfir allt árið og raun ber vitni. Við erum stolt af því,“ segir hún.

Helstu verkefni SAH afurða eru sauðfjár- og stórgripaslátrun, sögun, úrbeining og reyking. Þá framleiðir félagið hina margrómuðu og sívinsælu sviðasultu sem selst vel árið um kring. /MPB



Gísli Garðarsson lét af störfum sláturhússtjóra um síðustu mánaðamót, hann hóf störf árið 1972 og hafði þá starfað við fyrirtækið í 48 ár, lengst af sem sláturhússtjóri.

nemenda, strákanna með þessum orðum: Hvað, létuð þig stelpu

## Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorff

**STIGA**

Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar


40 ár  
á Íslandi



Snjóblásarar



Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is



# STÚDENTSPRÓF + STARFSMENNTANÁM



## NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT - GARÐYRKJU- / BÚFRÆÐI SVIÐ

Sameiginleg braut Menntaskóla Borgarfjarðar og Landbúnaðarháskóla Íslands býður nemendum að útskrifast sem stúdents og búfræðingur eða garðyrkjufræðingur. Nemendur taka tvö fyrstu árin í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem megináherslan er á kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raunvísinda.

Tvö seinni árin taka nemendur við búfræðibrautina á Hvanneyri eða garðyrkjubrautir á Reykjum í Ölfusi. Nemendur útskrifast bæði með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar og sem garðyrkjufræðingar eða búfræðingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námið veitir nemendum undirbúning undir störf í garðyrkjugreinum og landbúnaði en einnig háskólanám í náttúruvísindum, búvísindum, dýralækningum eða umhverfisfræðum og tekur að jafnaði fjögur ár.



## VERIÐ VELKOMIN Í NÁM TIL OKKAR!

Námið í MB er sniðið að því að undirbúa nemandann sem best fyrir áframhaldandi nám í búfræði eða garðyrkju í Lbhí og að loknu námi brautskrást nemendur frá báðum skólum annars vegar með stúdentspróf og hinsvegar sem búfræðingur eða garðyrkjufræðingur, að afloknu verknámi.

**[WWW.MENNTABORG.IS](http://WWW.MENNTABORG.IS) | [WWW.LBHI.IS](http://WWW.LBHI.IS)**

## FRÉTTIR

# Ræktun iðnaðarhamps verður heimiluð með skilyrðum

– Ráðherra breytir reglugerð sem heimilar Lyfjastofnun að veita undanþágur

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur með breytingu á reglugerð nr. 233/2001 veitt Lyfjastofnun undanþáguheimild með stoð í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni sem gerir innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps mögulega.

Heimildin er háð skilyrðum og takmörkunum svo tryggt sé að ekki verði fluttar inn eða ræktaðar plöntur sem innihalda vímuefnið THC í nýtanlegu magni, eða að hámarki 0,2%.

## Mikill áhugi fyrir ræktun

Vaxandi áhugi er fyrir ræktun iðnaðarhamps hér á landi til að nota í ýmsum iðnaði, t.d. við framleiðslu húsgagna og sem byggingarefni en talið er að iðnaðarhampur geti komið í staðinn fyrir ýmis efni sem ógna umhverfinu, eins og t.d. plast.

Iðnaðarhampur er ein tegund kannabis en planta með því heiti er ýmsum kunn sem vímuefni. Vímuvaldurinn í kannabis er virka innihaldsefnið THC sem auk þess að valda vímu er ávanabindandi. Iðnaðarhampur, þ.e. þau yrki kannabisplöntunnar sem ræktað eru til iðnaðarframleiðslu, eru aftur á móti frábrugðin hefðbundnum yrkjum plöntunnar þar sem þau innihalda lítið sem ekkert af THC.



Svandís Svavarsdóttir.

Leyft gegn skilyrðum í Svíþjóð og Danmörku

## Leyft gegn skilyrðum í Svíþjóð og Danmörku

Sé lítið til regluverks annarra þjóða varðandi ræktun iðnaðarhamps þá



Ræktun á iðnaðarhampi er orðin stór atvinnugrein í Kanada og víðar um heim.

er ræktun á tilteknum yrkjum sem innihalda minna en 0,2% af THC heimil að uppfylltum tilteknum skilyrðum í Svíþjóð og Danmörku. Svo er aftur á móti ekki í Noregi en þar eru þessi mál til skoðunar um þessar mundir.

## Fellur undir styrkjakerfi ESB

Innan Evrópusambandsins hefur

ræktun á iðnaðarhampi verið hluti af styrkjakerfi ESB frá árinu 2000.

## Reglugerðarbreyting aðeins tímabundin ráðstöfun

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra leggur áherslu á að reglugerðarbreytingin sé tímabundin ráðstöfun:

„Ávana- og fíkniefnalöggjöfin

hefur skýr markmið og tilgang sem fellur augljóslega að málefnasviðum heilbrigðisráðuneytisins. Það gerir sú ræktun sem hér um ræðir hins vegar ekki, að því gefnu að hún stangist ekki á við inntak og markmið þessara sömu laga.“ segir ráðherra. Hún segir því nauðsynlegt að skipa starfshóp til að koma þessum málum í farveg, ekki síst til að skýra lagagrundvöllinn og ábyrgð þeirra stofnana sem þurfa að koma að framkvæmdinni þegar kemur að leyfisveitingum og eftirliti með ræktun iðnaðarhamps.

## Þurfa að vinna saman

„Heilbrigðisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þurfa að vinna þetta saman ásamt þeim stofnunum ráðuneytanna þar sem nauðsynleg þekking er fyrir hendi.“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sem stefnir að því að skipa slíkan starfshóp sem fyrst.

Reglugerðin hefur verið send Stjórnartíðindum og tekur gildi við birtingu, eigi síðar en 21. apríl næstkomandi. /VH

# Markmiðið að fullnýta afurðirnar

Heilbrigðisráðherra hefur með breytingu á reglugerð veitt Lyfjastofnun undanþáguheimild með stoð í lögum um ávana- og fíkniefni sem gerir innflutning, meðferð og vörslu fræja til ræktunar iðnaðarhamps mögulega.

Hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir, bændur á Gautavík í Berufirði, hófu ræktun á iðnaðarhampi síðastliðið sumar með leyfi frá Matvælastofnun og hafa unnið sleitulaust að því að fá ræktunina gerða löglega hér á landi eftir að Lyfjastofnun sagði hana ólöglega. Ræktun á iðnaðarhampi fer vaxandi í heiminum og velta tengd honum gríðarleg.



Oddný Anna Björnsdóttir,

## Lagaumgerðin skýrari

„Við fögnum því að sú vegferð sem við höfum síðastliðið vor sem hafði það markmið að vekja athygli á notagildi hamps og möguleikum hans til að stóruka sjálfbærni á fjölmörgum sviðum hafi skilað ár-

angri.“ segir Oddný. „Með því að rækta sjálf hamp á okkar jörð og greina frá því opinberlega, stuðluðum við að því að lagaumgjörð í kringum iðnaðarhampinn er orðin skýrari.“

Þessi tímabundna ráðstöfun á að tryggja að þeir sem hafa áhuga á að rækta hamp í sumar eigi að geta flutt inn frá vandræðalaust, fylgi þeim tilskilin vottorð. Þar sem reglugerðin tók gildi á elleftu stundu er tíminn þó naumur því fræin þurfa að komast ofan í jörð í maí, en á meðan beðið er eftir fræjunum er mikilvægt að byrja að undirbúa jarðveginn.“

## Nýjar lausnir

„Við viljum nota tækifærið og þakka þeim Svandísi, Þórdísi Kolbrúnu og Kristjáni Þór og þeirra fólki fyrir að láta þetta verða að veruleika og að ætla að gera ráðstafanir til að stuðla að ræktun iðnaðarhamps hér á landi. Samskiptin við þau í þessu ferli hafa verið bæði jákvæð og uppbyggileg.“

„Um leið vonum við að lærdómurinn af þessu máli og öðrum sambærilegum verði sá að stofnanir hætta að siga lögreglunni á frumkvöðla sem eru að reyna að stuðla að framþróun í samfélaginu og

benda á nýjar lausnir. Þær viðhafi frekar góða stjórnsýsluhætti, fari eftir meðalhófsreglunni og leysi málin á faglegan og lausnamiðaðan hátt.“

## Fullnýting á afurðunum

Oddný segir að tilgangur ræktunarinnar til þessa hafi verið að athuga hvort hún væri möguleg og hvort íslenskur hampur væri nothæfur til iðnaðarframleiðslu. „Við höfum ekki sköðað markaðsmöguleika fyrir hampinn enda markmiðið að fullnýta okkar framleiðslu sjálf.“ /VH

Gríðarlega aukin eftirspurn á vörum úr iðnaðarhampi:

## Búist við að veltan á heimsmarkaði aukist um 578% fram til 2025

Virði iðnaðarhamps sem hráefnis á heimsmarkaði á árinu 2019 var áætlaður 4,6 milljarðar dollara. Stöðugur vöxtur er í þessari grein og á síðasta ári áætluðu markaðssérfræðingar að veltan á iðnaðarhampsmarkaði aukist um 578% og verði komin í 26,6 milljarða dollara á árinu 2025.

Þótt hamptrefjar sé stærsti hluti framleiðslunnar þá er vaxandi framleiðsla á iðnaðarhampi ekki síður knúin af mikilli eftirspurn eftir CBD-hampolíu og hampfræi sem fæðubótarefni.

## Hampfræ í morgunverð

Samkvæmt frétt af vefsíðu Industrial Hemp Market er í auknum mæli farið að nota hampfræ í morgunverðarkorn sem ætlað er til daglegrar neyslu. Þá er einnig að stórukast notkun á bæði hampfræi og hampolíu í margháttaða fæðu vegna hárs próteininnihalds. Er farið að nota hampfræ m.a. í mjúkdrykki (smoothies), jógúrt og kornstangir. Neysla á slíkum vörum er t.d. orðin mjög mikil í Þýskalandi og Hollandi.

## Hampur nýttur í vefnað, bíla, húsgögn og byggingar

Tvenns konar trefjar eru í hampjurtinni, langar (bast 2-50 mm) og stuttar (hurds 0,5 mm) sem



Yfirbyggingin á þessum Kestrel sportbíl var smíðuð úr hamptrefjafni árið 2010.



Múrsteinar úr hamptrefjasteypu og jógúrt með hampfræi.

nýtast í margvíslega iðnaðarframleiðslu. Úr hampi er m.a. spunnið band til vefnaðar. Um 70–80% af hampstilkunum innihalda stuttar trefjar sem m.a. eru nýttar í byggingariðnaði, húsgagnaiðnaði, bílaiðnaði og sem undirligg fyrir húsdýr. Hefur vaxandi umhverfisvitund vakið mikinn áhuga á að leysa af notkun á plasti

með endurvinnanlegum hampi, m.a. í innréttingum bifreiða.

## Mörg stór hamppfyrirtæki

Helstu söluaðilar á hampi í heiminum eru Hemco í Kanada, Ecofibre í Ástralíu, Hemp Inc í Bandaríkjunum, GenCanna í Bandaríkjunum, HempFlax í Hollandi, Konoplex Group í Rússlandi, Hemp Oil Canada, BAFA í Þýskalandi, Hemp Poland, Dun Agro í Hollandi, Colorado Hemp Works í Bandaríkjunum, Canah International í Rúmeníu, South Hemp Tecno á Ítalíu, Plain Industrial Hemp Processing í Kanada og MH Medical Hemp í Þýskalandi. /HKr.

## LEIKANDI LÉTTAR FJÁRGRINDUR



Liprar og léttar fjárgrindur. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm.

Verð kr. 7.900 stk. auk vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri er verðið kr. 6.900 stk. auk vsk.

LÁTID EKKI LAMB ÚR TÚNI SLEPPA.

Í FYRRA SELDIST ALLT UPP!

Pantanir og upplýsingar í sínum 669 1336 og 899 1776.



Meira fyrir aurinn



## Kraftvélar er nýr umboðsaðili PÖTTINGER á Íslandi

Kraftvélar kynna sig með stolti sem nýjan umboðsaðila PÖTTINGER á Íslandi.

PÖTTINGER er öllum bændum og verktökum vel kunnugt vörumerki enda með langa sögu hér á landi og afskaplega breitt vöruúrval og má þar helst nefna:

**Sláttuvélar • Heyþyrlur • Rakstrarvélar • Sjálfshleðsluvagnar • Rúlluvélar**

Við hlökkum til þess að þjónusta og selja PÖTTINGER vélar og hvetjum viðskiptavinum til þess að setja sig í samband við sölumenn Kraftvéla fyrir allar nánari upplýsingar.



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



# Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.  
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Endurtekin mistök?

Efnahagskerfi heimsins standa gjörmsamlega á haus þessa dagana vegna áhrifa af COVID-19 sjúkdómsfaraldrinum. Hrun hefur orðið í mörgum atvinnugreinum og olíuframleiðendur í Bandaríkjunum eru meira að segja farnir að borga með olíunni til geymslu.

Þrátt fyrir stöðuna í efnahagsmálum heimsins og hrun á olíuverði m.a. á Brent markaði niður fyrir 10 dollara á tunnu þá virðist íslenskur veruleiki stundum vera á öðru tilverustigi. Hér sýnist manni eldsneytisverð t.d. alls ekki fylgja lögmálum hagfræðinnar um framboð og eftirspurn og lækka í takt við stöðuna á heimsmarkaði. Að vísu er ódýrt að skella allri þeirri skuld við neytendur á innflytjendur og söluaðila, því töluverður hluti verðsins er tilbúinn íslenskur skattheimtveruleiki. Hann fylgir engum markaðslögmálum, heldur aðeins duttlungum stjórnmálamanna.

Það er fleira í íslenska hagkerfinu sem fylgir engum venjulegum lögmálum. Þar eru vaxtamálin ofarlega á blaði. Nú eru t.d. stýrivextir Seðlabankans komnir niður í 1,75% á meðan verðbólgan er 2,1%. Þrátt fyrir lækkan stýrivaxta sem æpt hefur verið á í mörg ár, þá er sú lækkan ekki að skila sér til venjulegra lántakenda. Innlánsvextir eru síðan nær engir og ef mönnum er á annað borð hleypt inn í bankana, þá verða menn að greiða sérstaklega fyrir það að sækja þangað þá peninga sem þeir lánuðu bönkunum til að spila með.

Nú ganga menn í gegnum margháttaðar afleiðingar af sjúkdómsfaraldri. Þar eru efnahagslegar afleiðingar stærð sem enginn veit hver verður. Eitt verður þó alveg á tæru eins og alltaf, bankar og slík fjármálafyrirtæki munu hafa allt sitt á þurru hvað sem á gengur. Þó allur almenningur verði látinn borga brúsann af þeirri efnahagslægd sem við siglum nú inn í eins og alltaf áður, þá munu bankar og aðrar fjármálastofnanir vera stíkkfrí í þeim efnunum ef dæma má af viðbrögðum ráðamanna að undanförmu.

Í efnahagskrísunni 2008, sem var bein afleiðing af glæfraskap samvisskulausra og síðspilltra spilafíkla á fjármálamörkuðum, voru gerð fjölmörg mistök. Ein stærstu mistökín hér á landi sem kostuðu tugþúsundir manna aleiguna var að taka ekki verðtrygginguna úr sambandi, stöðva vaxtatöku á peningum og setja greiðslustöðvun á húsnæðislán. Ekki verður annað skilið en að nú eigi að endurtaka nákvæmlega sömu mistökín.

Afleiðingarnar af mistökunum í kreppunni 2008 urðu þær að stóreignamenn stógræddu þegar venjulegar fjölskyldur í fasteignakaupum komust í greiðsluþrot. Eignamönnum var gefið skotleyfi á þetta fólk og rökuðu til sín eignum þeirra á hrakvirði. Fengu snillingarnir meira að segja meðgjöf frá ríkinu til þeirra hryðjuverka. Þeir fengu afslátt á krónukaup hjá Seðlabankanum fyrir það að koma með gjaldreyri úr erlendum skúmaskotum sem þeim hafði tekist að skjóta undan fyrir hrun.

Í ýmsum rekstri eins og ferðaþjónustu var í einhverjum tilfellum búið til mikið misvægi þegar sumir fengu að fullu afskrifaðar skuldir en aðrir ekki. Nú virðist þetta líka vera að endurtaka sig, m.a. hjá þeim bændum sem farið hafa út í að byggja upp í ferðaþjónustu. Í stað þess að menn fái að stöðva greiðslur tímabundið þá virðist eiga að bjóða upp á flókna og rándýra endurfjármögnunarsamninga.

Nú stendur ríkið uppi með það að eiga tvo stóra banka og geta í gegnum þá stýrt aðgerðum til að koma í veg fyrir að brjálæðið frá 2008 endurtaki sig. Fróðlegt verður að fylgjast með hvort stjórnmálamenn hafi kjark til þess með fjársterka peningamenn andandi ofan í hálsmálið á þeim. Þá mun líka koma í ljós fyrir hverja íslenskir ráðamenn eru í raun að vinna. /HKr.

## Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands  
gunnar@bondi.is



Eftir að mánuður er liðinn frá því að takmarkanir voru settar á samkomur og ferðir fólks þá grillir í vorið. Þessi tími hefur reynst mörgum erfiður en vonandi lætur kórónuveiran brátt undan svo við getum farið að lifa eðlilegu lífi.

Viðbragðsteymi Bændasamtakanna, sem sett var á fót vegna kórónufaraldursins og áhrifa hans á landbúnað, hefur haldið 18 fundi frá miðjum mars. Þar hefur verið brugðist við þeim atriðum sem upp hafa komið hverju sinni. Samtökin hafa liðsinnt bændum og fyrirtækjum í gegnum þessar sérstöku aðstæður. Upplýsingar og leiðbeiningar hafa birst á vef Bændasamtakanna og einnig á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Fjölmörg atriði hafa komið inn á borð samtakanna, svo sem afleysingar, starfsskipulag í matvælafyrirtækjum, skráning afurðatjóna, upplýsingar um fóðurstöðu og margt fleira. Samstarf við stjórnvöld hefur verið til fyrirmyndar og allir hafa lagst á eitt.

### Getum við mannað sláturhúsin í haust?

Nýjasta viðfangsefnið er að mæta vinnuafslæðingum á sauðburði og síðar í sláturtíð. Það er von að menn spyrji hvernig manna eigi sláturhúsin í haust ef að ferðatakmarkanir verða enn við lýði. Á síðustu árum hafa nokkur hundruð manns komið erlendis frá á hverju hausti til þess að vinna í sláturtíð. Ég hvet sláturleyfishafa til að horfa til þess að nota innlent vinnuafslæðingum og hægt er þar sem atvinnuleysi er í sögulegu hámarki. Bændasamtökin eru í samskiptum við hagsmunaaðila um að nálgast málið á þann hátt svo vinna megi gegn atvinnuleysi í landinu.

### Endurskoðun garðyrkjusamnings gefur góð fyrirheit

Unnið er að endurskoðun á búvörusamningi við garðyrkjuna og eru viðræður bænda og ríkisvaldsins á lokastigi. Í samningnum fel-



Miðnætursól í Dýrafirði. Mynd / HKr.

ast ýmis tækifæri fyrir garðyrkjuna. Má þar nefna aukinn stuðning við útirækt, rannsóknir og ráðgjafarstörf ásamt sérstökum stuðningi til eflingar lífrænnar ræktunar. Hvet ég garðyrkjubændur til að nýta tækifærin sem felast í samningnum, en hann verður kynntur sérstaklega þegar búið verður að undirrita hann. Í framhaldi af frágangi á garðyrkjusamningi er fyrirhuguð endurskoðun á rammasamningi landbúnaðarins og er stjórn Bændasamtakanna að undirbúa þá vinnu.

### Þéttum raðir bænda

Með hækkandi sól og auknu ferðafrelsi er nauðsynlegt fyrir stjórn BÍ að fara að vinna að félagskerfisbreytingum sem samþykkt var á síðasta Búnaðarþingi. Þar horfum við til að þetta raðir bænda og efla hagsmunagæsluhlutann sem ég tel lífsnauðsynlegan fyrir samtökin. Undanfarnar vikur hafa framkvæmdastjórar búgreinanna komið að viðbragðsteyminu og hefur þessi hópur unnið sem einn maður. Miklir möguleikar felast í þeim mannaði sem við höfum að-

gang að og er nauðsynlegt að taka samtalið um hvort ekki megi ná fram auknu hagræði með breytingum. Það verður unnið í þessum atriðum í framhaldi af kórónufaraldrinum sem hefur í raun tekið allan tíma og orku stjórnarmanna fram til þessa. Við hlökkum til að eiga samtalið þegar fram í sækir.

### Horfum til styrkleika landbúnaðarins

Nú þegar margar leikreglur eru öðruvísi en þær voru í upphafi árs er nauðsynlegt að horfa til styrkleika framleiðslugreina á Íslandi. Þar mun landbúnaðurinn skipta miklu á grundvelli fæðuöryggis til framtíðar. Það verður ekki hjá því komist að horfa til alþjóðasamninga og þá ekki síst við Evrópusambandið á grundvelli útgöngu Breta. Þar köllum við eftir því að landbúnaðurinn komi að þeirri endurskoðun. Það þarf nauðsynlega að styrkja skilgreiningar á tollum og vörum sem bera tolla. Það er von mín að við fetum spor til framtíðar í þeim efnunum sem setja hagsmunum Íslands í öndvegi.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



Bólstaðarhlíðarbrekka á þjóðvegnum um Vatnsskarð milli Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu. Ekið er í vestur yfir Víðivörðuháls og hér blasir Bólstaðarhlíðarfallið við í baksýn. Á sléttunni fyrir neðan brekkuna er hið fræga samkomuhús Húnaver þar sem margar samkomur hafa verið haldnar sem komist hafa í fréttir, allt frá því húsið var reist á sjötta áratug síðustu aldar. Þar voru t.d. haldnar þrjár útihátíðir um verslunarmannahelgina á árunum 1989–91 á vegum Jakobs Frimanns Magnússonar og Stuðmanna. Sú fyrsta þeirra var einna frægust, en þar mættu alls 7–8 þúsund manns. Skrautlegar lýsingar voru af þessu samkomuhaldi og í Tímanum var því lýst þannig að þar hafi verið stanslaus tónlist í þrjá og hálfan sólarhring. – „Drukknir unglingar, sofandi, dansandi, hlæjandi, í famlögum; skriðandi vafrandi, grátandi, leitandi. Rusl, endalaust rusl, fjúkandi pappír, bjórdósir, gosdósir, gosflöskur, vinfloskur.“

Mynd / Hörður Kristjánsson

Opnað fyrir umsóknir að viðskiptahraðlinum „Til sjávar og sveita“:

# Tækifæri fyrir frumkvöðla í landbúnaði og sjávarútvegi

Opnað hefur verið fyrir umsóknir að viðskiptahraðlinum „Til sjávar og sveita“, sem er sérniðinn að frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum með hugmyndir og verkefni á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Tilgangur hraðalsins er að stuðla að nýsköpun í þessum greinum með áherslu á sjálfbærni.

Það er Icelandic Startups sem hefur umsjón með verkefnum og er þetta þriðja árið sem hann verður starfandi. Árlega eru tíu fyrirtæki valin til þátttöku í tíu vikna

viðskiptahraði og er markmiðið að hraða vinnsluferlinu frá því að hugmynd kviknar þar til vara er komin á markað.

## Aðgengi að reyndum frumkvöðlum og fjárfestum

Á næstu tíu vikum vinna frumkvöðlarnir innan hans vébanda að verkefnum sem munu verða virðisaukandi viðskiptatækifæri fyrir þessa grunnatvinnuvegi Íslendinga. Þátttakendur fá aðgang að sameiginlegri

vinnuáðstöðu og njóta leiðsagnar fjölda reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga auk fræðslu og þjálfunar. Þátttakendur fá jafnframt fjölda tækifæra til að koma hugmyndum sínum á framfæri og efla tengslanetið.

Uppskeruhátíð verður 29. október þar sem frumkvöðlarnir fá tækifæri til að kynna verkefni sín í veglegri athöfn.

Umsóknarfrestur fyrir haustið rennur út þann 15. júní og hægt er að sækja um í gegnum vef hraðalsins, tilsjavarogsveita.is. /smh

## Stuðningsgreiðslum til sauðfjárbænda flýtt

Flýta á stuðningsgreiðslum til sauðfjárbænda um nokkra mánuði vegna áhrifa af COVID-19. Þannig verða þeim greiðslum sem átti að greiða út 1. september og 1. október 2020 flýtt til 1. maí og 1. júní. Þetta er einkum gert til að mæta vandamálum þeirra bænda sem stunda aðra starfsemi einnig, eins og ferðaþjónustu.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerðina sem flýtt þessum stuðningsgreiðslum. Í tilkynningu úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er haft eftir ráðherra að ákvörðun um þetta sé tekin eftir yfirlegu síðustu vikna þar sem leiða hefur verið leitað til að lágmarka neikvæð



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerð sem flýtt stuðningsgreiðslum til sauðfjárbænda. Mynd / VH

áhrif COVID-19 á bæði landbúnað og sjávarútveg.

„Með þessari breytingu erum við að koma sérstaklega til móts við sauðfjárbændur og reyna að milda höggið sem veiran hefur á starfsemi sauðfjárbænda um allt land,“ segir Kristján.

Í tilkynningunni kemur fram að ráðherra hafi falið framkvæmdanefnd búvörusamninga að leita leiða til að færa til fjármuni innan ársins 2020, í samræmi við gildandi búvörusamninga, til að koma sérstaklega á móts við innlenda matvælaframleiðslu sem glímur nú við tímabundna erfiðleika. Ein tillaga nefndarinnar hafi verið sú sem nú kemur til framkvæmda. /smh

COVID-19 og áhrif á landbúnað:

# Skráning á afurðatjóni

Á Bændatorginu er nú aðgengilegt skráningarform fyrir bændur til þess að skrá afurðatjón og tekjutap vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Bændasamtökin hafa leitt viðbragðs- teymi vegna COVID-19 sem hefur það hlutverk að samhæfa aðgerðir, vera í samspiktum við stjórnvöld, koma á afleysinga- þjónustu og miðla upplýsingum um það sem varðar landbúnað. Hópurinn hefur fundað annan hvern dag síðustu vikur. Viðbragðsteymið taldi það mikilvægt að til sé skráningarform fyrir framleiðendur

vegna afurðatjóns sem af ástandinu gæti skapast.

## Bændur hvattir til skráningar

Á Bændatorginu geta bændur og aðilar í ferðaþjónustu sem eru félagar í BÍ skráð afurðatjón undir liðnum „Afurðatjón bænda v. COVID-19“. Þar er hægt að skrá inn það tjón sem bændur telja sig hafa orðið fyrir og rekja má til ástandsins vegna faraldursins. Unnt er að skrá afurðatjón, kostnað vegna breytinga á vinnuliðum, vegna heima-

veru starfsfólks, tapaðar gistinætur o.fl. Skráningarnar verða notaðar til að leggja mat á það tjón sem bændur kunna að verða fyrir og í framhaldinu til að sækja um fjármagn til þess að koma til móts við það. Ekki hafa fengist nein vilýrði fyrir bætingu tjóns en bændur eru engu að síður hvattir til þess að skrá allt tjón niður.

Ef spurningar vakna hjá bændum þá er þeim vinsamlegast bent á að hafa samband við RML sem mun halda utan um skráningarnar. Síminn hjá RML er 516-5000 og netfangið er rml@rml.is.

## Félagsgjöld Bændasamtaka Íslands árið 2020

Á nýliðnu Búnaðarþingi voru samþykktar umtalsverðar breytingar á félagsgjöldum Bændasamtakanna úr föstu gjaldi yfir í þrepaskipt veltutengt gjald.

Upplýsingar um veltu af landbúnaðarstarfsemi vegna félagsgjalda 2020 eru samkvæmt rekstrarframtali 2019. Miða skal við rekstrartekjur samtals að undanskildum söluhagnaði og öðrum tekjum en af landbúnaði. Nú er félagsgjaldið sett fram í tólf þrepum þar sem lægsta þrepið er 18.000 krónur, en hæsta þrepið með veltuviðmið yfir 85 m.kr. er nú 212.000 krónur.

Fulla aðild geta átt einstaklingar og lögaðilar sem stunda búrekstur í atvinnuskyni. Aðildin veitir full réttindi fyrir tvo einstaklinga. Félagsgjaldið verður innheimt samkvæmt meðfylgjandi töflu og til viðbótar verða auk þess innheimtar 2.000 krónur í Velferðarsjóð.

Ef fleiri en tveir aðilar standa að búrekstrinum þá er félagsgjaldið 18.000 krónur fyrir hvern félagsmann umfram það. Þeir sem eru með aukaáðild og kjósa að styðja við Bændasamtökin án atkvæðisréttar eða félagslegra réttinda greiða einnig 18.000 krónur.

### Styrkir tekjuginn BÍ

Ástæður fyrir breytingunni eru nokkrar. Aðalmarkmiðið er að mæta betur þörfum

Velta í millj. kr.	Félagsgjald krónur
0-4,9	18.000
5-9,9	52.000
10-14,9	62.000
15-19,9	72.000
20-24,9	82.000
25-29,9	92.000
30-34,9	112.000
35-39,9	132.000
40-49,9	152.000
50-64,9	172.000
65-84,9	192.000
85>	212.000
Félagsgjöld BÍ 2020 verða innheimt samkvæmt þrepaskiptingu af veltu.	

ólíkra hópa og um leið að gera sem flestum bændum kleift að vera í heildarsamtökum

## MÆLT AF MUNNI FRAM

248

Útgefinn hefur verið, á tveimur geisladiskum, kveðskapur Óskars Sigurfinnssonar í Meðalheimi á Ásum. Diskunum fylgir eins konar umsögn í stökuformi eftir Eirík Grímsson. Eiríkur er fæddur á Ljótshólum í Svínvatnshreppi, en nú búsettur í Reykjavík. Eiríkur var hollur liðsmaður við söfnun á vísun Óskars og vísan sem fylgir vísnasafninu einkar lýsandi fyrir kveðskap Óskars:

*Einn ég þekki öðlingsmann,  
aldrei honum gleymi.  
Yrkja fáir eins og hann  
Óskar í Meðalheimi.*

Næstu vísur eru teknar úr ofangreindu vísnasafni Óskars. Nú geisar veiruvá mikil í landinu. Það hefur svo sem áður gerst. Óskar orti undir slíkum faraldri á einhverjum tíma:

*Áhættu á smiti skal útiloka  
í utanlandsferðum hér.  
Í flughöfn lætur þú fötin í poka  
og ferð svo heim til þín ber.*

Heitir pottar við heimahús og á sundstöðum eru orðnir algengir, og vinsælt mjög að „fara í pottinn“. Um eina slíka ofaniferð orti Óskar næstu tvær vísur:

*Heitur pottur yljur enn,  
alltaf lukku gerir.  
Þangað fóru margir menn  
misjafnlega berir.*

*Potturinn er athvarf enn,  
ýmsra leysir þrautir.  
Þaðan komu margir menn  
misjafnlega blautir.*

Það er broddur í þessari fallegu vísu Óskars. Einmitt núna, á tímum fullkominnar bragvillu í kveðskap, fágætt bænarefni:

*Guð má okkur gjarnan styrkja  
og gleðja – nema hvað,  
og hjálpa þeim sem eru að yrkja  
en ekki geta það.*

Stór hluti vísna Óskars er ortur undir hringhendurformi. Þar sem nú örlar ögn á vorkomunni, og yfirlæknirinn á Vogu meira að segja kominn aftur til starfa þar, er vænting um vorkomu í þessari vísu Óskars:

*Horfna gleði og gamanmál  
getur skeð mig dreymi,  
vinið meðan vermir sál  
vorar í Meðalheimi.*

Meira verður af efni frá Óskari síðar. Benedikt hét maður og var Einarsson. Hann var fæddur árið 1796, var bóndi og smiður og bjó í Hnauðakoti í Miðfirði. Hann var ágætur hagröðingur en fékkst aukinheldur ögn við lækningar og þótti farnast vel. Jósep Skaftason læknir gefur honum þó þá umsögn í læknaskýrslu, að vera „hinn frægi orma- læknir“. Eitthvað hafði og Blöndal sýslu- maður haft um læknisverk Benedikts að athuga. Undir þessu andstreymi orti Benedikt um þá Blöndal og Jósep Skaftason:

*Mörgum til meins og ama,  
myndað af vondri rót.  
Rangsléitni rækja tama,  
réttvísi þvert á mót.  
Hrekkvísis hlaup á skautum  
hafa báðir óklén  
eftir bölvunarbrautum  
Blöndal og Skaftasen.*

Kveðskapurinn barst til eyrna Jósepi lækni og sýslumanni, og ávittu þeir Benedikt fyrir. Benedikt hafði uppi þær varnar, að vísunni hefði verið breytt fyrir sér, en frá hans hendi hefði hún verið svona ort:

*Mörgum til mikils frama,  
myndað af góðri rót.  
Réttvísi rækja tama  
rangsléitni þvert á mót.  
Hjálpræðis hlaup á skautum  
hafa báðir óklén  
eftir blessunarbrautum  
Blöndal og Skaftasen.*

Með von um gott áframhaldandi samstarf.

Guðbjörg Jónsdóttir,  
verkefnastjóri hjá  
Bændasamtökunum,  
gj@bondi.is

Umsjón:  
Árni Geirhjórtur Jónsson  
kotabyggd1@gmail.com



## FRÉTTIR

Búist við að kal verði víða meira en í meðalári norðan heiða:

# Bændur óttast óvenju mikið kal á norðanverðu Austurlandi

Ljóst þykir að kal í tünnum víða á norðan- og austanverðu landinu verði meira en í meðallagi nú á því vori sem rétt er handan hornsins. Enn liggur þó ekki fyrir hvert umfangið verður þegar upp er staðið og snjóa hefur að fullu leyst.

Guðfinna Harpa Árnadóttir ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Austurlands og bóndi í Straumi segist óttast að óvenjulega mikið verði um kal á norðanverðu Austurlandi, sérstaklega utanverðu Fljótsdalshéraði og hugsanlega á ákveðnum svæðum í Vopnafirði. Á utanverðu Héraði hafi komið þykkt svell yfir flest tún í óveðrinu 12. desember og síðan þá hefur bara bætt í.

„Það er alltaf dálítið erfitt að spá fyrir um kal, það eru svo margir þættir sem hafa áhrif á hversu slæmt það verður og enn eru þeir ekki komnir í ljós,“ segir hún.

Guðfinna Harpa segir að heildarumfang á kali skýrist ekki fyrr en í maí, það fari eftir veðri nú á næstu vikum hversu hratt það komi í ljós. „Það er ennþá töluverður snjór víða á láglandi og fannfergi til fjalla. Mikill snjór hefur verið í vetur og nokkrar skemmdir á girðingum og trjágróðri af þeim sökum. Það er þungt hljóð í þeim bændum sem eiga von á miklu kali í sínum tünnum enda mikill kostnaðarauki sem hlýst af því,“ segir hún.



Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi í Straumi og ráðunautur hjá BSA.

## Kal líklega með meira móti í Eyjafirði

Sigurgeir Hreinsson framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar segir að heilt yfir megi gera ráð fyrir að kal verði með meira móti þetta vorið.

„Það eru ekki öll kurl komin til grafar þannig að enn sem komið er get ég ekki fullyrt hver útkoman verður, en veit þó að á ákveðnum svæðum hér um slóðir verður umtalsvert kal,“ segir Sigurgeir. Hann segir að Guðmundur H. Gunnarsson jarðræktarráðgjafi hafi fylgst með tünnum á Möðruvöllum



Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

í Hörgárdal og þar virðist vera nokkuð mikið kal í nýlega endurræktuðum mýrartünnum.

Hann telur að bændur víðast hvar í Eyjafjarðarsveit mun sleppa við kal. Þekkt kalsvæði séu hins vegar í Hörgársveit og þar megi búast við að tún séu kalin þetta árið.

„Það er verra ástandið þar núna en oft áður og lítur alls ekki vel út á nokkrum bæjum í þeirri sveit,“ segir Sigurgeir.

Hann segir að bæði Svarfaðardalur og Árskógsströnd séu enn að miklu leyti undir snjó og ekki vitað nægilega vel hversu mikil svell séu þar undir.



Haukur Marteinsson, bóndi á Kvíaból í Kinn.

„Ég er samt vongóður um að staðan sé ekki mjög slæm þó að vafalítið verði þar talsvert kalið á einhverjum bæjum,“ segir Sigurgeir.

## Kallyktin leyndi sér ekki

Haukur Marteinsson bóndi á Kvíaból í Kinn og formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga telur ljóst að kal nú í vor á svæðinu í kringum sig verði meira en í meðalári. Helst eru það tún sem liggja í flata og á mýrlendi sem líkleg eru til að verða kalið að bráð.

„Þetta er misjafnt á milli bæja og enn sem komið er getgátur, en við teljum okkur vita að það verður meira um kal í tünnum núna en oft áður. Bændur fundu það vel þegar tveir hlákudagar komu í febrúar, þá skein í gegnum glærasvell hér á tünnum og kallyktin sem gaus upp leyndi sér ekki,“ segir Haukur.

Tún við Kvíaból eru á þekktu kalsvæði og segir Haukur að í slæmu ári hafi um 60% túna verið kalin og á bæ í næstu sveit hafi í eina tíð sú staða komið upp að kal var í 90% túna.

## Veturinn hefur tekið sinn toll

„Þetta er ekki beint uppörvandi staða eftir einstaklega leiðinlegan og erfíðan vetur með kórónuveiru að auki. Þá er ekki skemmtileg tilhugsun að þurfa að takast á við kal þar ofan á. Það er líka viðbúið að töluvert tjón hafi orðið á girðingum eftir veturinn. Sauðfjárnætur hér um slóðir eru að búa sig undir sauðburð og ljóst að annars konar verklag verður viðhaft en vanalega vegna samkomubanns og hömlum á samskiptum milli manna. Það getur orðið erfiðleikum bundið að fá mannskap í sauðburðinn. Það er því alveg nóg sem bændur eru að fást við þessa dagana og það er ljóst að þessi vetur hefur tekið sinn toll fyrir marga,“ segir Haukur. /MPP

Landsmóti hestamanna 2020 frestað:

# Landsmót verður á Helli 2022 og í Kópavogi 2024

Sú ákvörðun hefur verið tekin af Landssambandi hestamannafélaga, Félagi hrossabænda og Rangárbökkum, Þjóðaleikvangi íslenska hestsins ehf., að fresta

Landsmóti hestamanna sem fara átti fram á Helli dagana 6.–11. júlí. Í samráði við Hestamannafélagið Sprett mun mótið fara fram á Helli sumarið 2022. Af þeim

sökum verður Landsmót hestamanna haldið í Kópavogi árið 2024 í stað 2022 eins og samningar gerðu ráð fyrir.

Þeim aðilum sem sótt höfðu um að halda landsmótið 2024 hefur verið gefinn kostur á að færa þær umsóknir yfir á landsmótið árið 2026.

Í tilkynningu frá Félagi hrossabænda segir að sú heilsufarsvá sem stafar af COVID-19 faraldrinum á heimsvísu er ekki liðin hjá og mun hafa ýmsar takmarkanir í för með sér á næstu mánuðum. Í máli sóttvarnalæknis, Þórofs Guðnasonar, hefur komið fram að fjöldasamkomur skuli takmarkaðar við 2000 manns a.m.k. út ágústmánuð. Landsmót hestamanna er því of fjölmenn samkoma til að hægt sé að halda hana í sumar.

Þeir sem keypt hafa miða á viðburðinn munu fá tölvupóst frá tix



Frá Landsmóti hestamanna á Helli 2014.

Mynd / HKr.

miðasölu ásamt því að allar upplýsingar eru aðgengilegar á www.landsmot.is. Miðahafar geta valið um þrennt a) fá endurgreitt b) láta miðann gilda fram til 2022 eða c) styrkja viðburðinn. Allar bókanir á tjaldsvæðum verða endurgreiddar. Fyrirspurnir varðandi viðburðinn

skal senda á landsmot@landsmot.is en varðandi miðasölu á info@tix.is.

Öll el styttr upp um síðir. Málsaðilar senda hestamönnum baráttukveðjur og hvetja til þess að allir fari að útgæfnum reglum og tilmælum Almannafræðingaráttarreglugestjóra. /HKr

**Lely Center Ísland** **SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR**

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**TUDOR RAFGEYMAR**

Rafgeymirinn í dráttarvélinni orðinn gamall og lúinn?

Vertu tilbúin í vorverkin með **TUDOR**

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

# Skortur á vinnuafli í skógrækt

Hætta er á að vinnuafli muni skorta til skógræktarstarfa í sumar. Undanfarin ár hafa 15 til 20 erlendir nemar starfað hjá Skógrækt ríkisins og fengið starfið metið til náms. Útlit er fyrir að ferdatakmarkanir vegna COVID-19 komi í veg fyrir að svo verði næstkomandi sumar.

Pétur Halldórsson, kynningarstjóri Skógræktar Íslands, segir að undanfarin ár hafi verið talsvert eftirsótt af erlendum skógræktarnemum að koma til Íslands í eins konar starfsnámi. Nemarnir fá dagpeninga auk fæðis og húsnæðis og vinnuna metna sem starfsnámi.

„Vegna stöðunnar eins og hún er í dag eigum við ekki von á að þessir nemendur komi til okkar í sumar. Nemarnir hafa unnið margs konar og fjölbreytt störf og eftirsjá í þeim ef



Úr Skorradal.

Mynd / HKr.

þeir koma ekki.“ Pétur segir að ríkisstjórnin sé að undirbúa einhverjar

aðgerðir sem snerta skógrækt en ekki sé vitað enn hverjar þær eru. /VH





**Valtra**



**Massey Ferguson**



**GOES**



**Schaffer**



**Valmetal**



**Bøgballe**



**NC**

# Nú höfum við endurreist Jötunn með sama góða starfsfólkinu!

Mikið úrval af vélum og tækjum á lager til afgreiðslu strax!



**Eigum varahluti í:**  
Massey Ferguson, Valtra,  
Pöttinger, McHale, Schaffer,  
Case, New Holland og Zetor.



**Oliur, síur og rafgeymar**  
Eigum til oliur og síur í flestar  
gerðir vinnuvéla. Einnig úrval af  
Tudor rafgeymum.



**Hnífar og tindar**  
Eigum til hnifa og tinda í miklu  
úrvali fyrir vélina þína.

Við veitum öfluga þjónustu og bjóðum ykkur velkomin.



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Jötunn er hluti af Aflvélum ehf.

## FRÉTTIR



Samningarnir voru undirritaðir við nokkuð sérstakar aðstæður að þessu sinni vegna kórónuveirunnar, eða í gegnum fjárfundabúnað þar sem allir staðfestu samninginn með undirritunum sínum.

## Samningar fyrir íslenska hestinn undirritaðir

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra hefur undirritað samning við Félag hrossabænda, Landssamband hestamannafélaga, Félag tamningamanna og Íslandsstofu um áframhald markaðsverkefnisins Horses of Iceland, til kynningar á íslenska hestinum.

Við sama tilefni undirritaði ráðherra samning við Félag hrossabænda og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um prófun á forvarnarbóluvefni gegn sumarexemi í útfluttum hrossum. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá ráðuneytinu.

### Horses of Iceland

Tilgangur markaðsverkefnisins Horses of Iceland er að byggja upp orðspor íslenska hestsins um heim allan til að leggja grunn að aukinni verðmætisköpun og útbreiðslu hestsins á heimsvísu. Um er að ræða samstarf aðila í hestategndri starfsemi, sem aðilum um heim allan stendur til boða að gerast þátttakendur að. Atvinnuvega- og nýsköp-

unarráðuneytið og Íslandsstofa gerðu með sér samning um verkefnið árið 2016 til fjögurra ára. Samningurinn rann út um áramót, en hefur nú verið framlengdur til 30. júní 2021. Ráðuneytið leggur að hámarki 19.000.000 kr til verkefnisins á umræddu tímabili þar sem fjárfingarmagn sem því var ætlað hefur ekki verið fullnýtt síðustu ár. Þá leggja hagsmunaaðilar til samþættingu mótframlag.

### Sumarexem í hrossum

Verkefnið felur í sér að hópur af hrossum verða bólusettt gegn sumarexemi með aðferð sem þróuð hefur verið á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Eftir bólusetninguna verða hestarnir fluttir á flugsvæði í Sviss til að athuga, við raunadstæður, hvort bólusetningin ver þá gegn ofnæminu. Gerð verður samanburðarrannsókn á þekktu svæði í Bern í Sviss þar sem sumarexem hefur verið til mikilla óþæginda fyrir hross sem fædd eru á Íslandi.

/MHH

**Bændablaðið**  
Kemur næst út 7. maí

**EL** Simple  
Cabin Co. Solutions  
that Fit



Design. Build. Export.



High quality timber frame cabins and structures from the UK. All buildings designed and engineered to Icelandic regulations.

[www.frameandlogcabins.co.uk](http://www.frameandlogcabins.co.uk)

# Hundrað milljónir króna settar í lagningu rafstrengja í jörðu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gengið frá útfærslu 100 milljóna króna fjárfestingar á lagningu dreifikerfis raforku í jörðu í samræmi við sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak stjórnvalda.

Verkefnið er á undirbúningsstigi og framkvæmdir hefjast í sumar. Vegna þessa hefur verið gengið frá því gagnvart RARIK og Orkubúi Vestfjarða að fjármunirnir verði nýttir á árinu 2020 til þess að flýta mikilvægum framkvæmdum við jarðstrengjavæðingu dreifikerfis raforku.

„Með þessu framlagi úr fjárfestingaráttaki stjórnvalda getum við flýtt enn frekar lagningu dreifikerfis raforku í jörðu á þessu ári, til samræmis við tillögur áttakshóps stjórnvalda frá í febrúar. Þessir fjármunir munu nýtast vel strax í sumar við að hefja þær mikilvægu framkvæmdir,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

### Fjármunum verður skipt þannig:

- 50 milljónir króna fara í strenglagningarverkefni hjá RARIK við Laxárdal og Fellsströnd í Dalabyggð, strenglögð frá Seyðisfirði til

Mjóafjarðar, strenglögð frá Vík að Kirkjubæjarklaustri og strenglögð frá Hvolsvelli að Þverá. Alls er um 30 km að ræða af raflínu í jörðu og framkvæmdakostnaður samtals 150 milljónir króna. Mun framlagið dekkja öll þau verkefni.

- Hjá Orkubúi Vestfjarða mun 50 milljóna króna framlag ríkisins verða nýtt í að hefja það verkefni að koma Rauðasandslínu (frá Sauðlauksdal að Rauðasandi) í jörðu í nokkrum áföngum (Sauðlauksdalur - Hnjótur - Breiðavík - Örylghöfn - Lágínúpur - Breiðavík - Bjargtangar - Örylghafnarvegur - Rauðisundur).

Alls er þar um 70 km að ræða og heildarfjárfestingarkostnaður um 370 milljónir króna. Mun framlagið nýtast fyrir fyrsta áfanga þess verkefnis. /MHH

Aflvélar ehf. í Garðabæ keyptu þrotabú Jötunn véla ehf.:

## Jötunn verður rekinn með nær óbreyttu sniði á Selfossi

Fyrirtækið Aflvélar ehf. í Garðabæ keyptu í byrjun apríl þrotabú Jötunn véla ehf. á Selfossi. Ráðgjert er að halda þar uppi svipaðri starfsemi með órofinni þjónustu við landbúnaðinn og hafa margir af lykilstarfsmönnum í Jötni verið endurráðnir til fyrirtækisins.

Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla, sagði í samtali við Bændablaðið að vissulega væri svolítið sérstakt að fara út í slíkar aðgerðir á jafn undarlegum tímum og nú ríktu vegna COVID-19 faraldursins. Þeir þyrftu að treysta nær alfarið á sjálfan sig og eigið fé við að koma þessum kaupum í kring, þar sem aðgengi að lánastofnunum væri nú mjög skert vegna ástandsins.

### Verður rekið á kennitölu Aflvéla

„Það er í raun með ólíkindum að láta sér detta það í hug að fara í svona aðgerð á þessum tímum og búið að vera mjög erfitt. Jötunn verður hluti af starfsemi Aflvéla og verður rekið á kennitölu Aflvéla. Við erum búnir að ráða margt af því fólki sem áður vann hjá Jötunn véllum og það mun halda sínu starfi óbreyttu. Á Selfossi mun því að mestu starfa sami kjarni og áður.“

### Aflvélar flytja úr Garðabænum á Selfoss síðar á árinu

„Svo erum við með fyrirtækið Aflvélar í Garðabæ, en það er stefnt á það síðar á þessu ári að Aflvélar flytji líka starfsemi sína á Selfoss. Þó þetta verði allt saman rekið á sömu kennitölu, þá verður landbúnaðarhlutinn áfram rekinn undir merkinu Jötunn. Þá verður heimasíðan [jotunn.is](http://jotunn.is) óbreytt og áfram verða sömu símanúmer og áður voru hjá Jötni véllum. Fyrir viðskiptavinina ætti þetta því að verða lítil breyting,“ segir Friðrik Ingi.

### Munu reyna að halda í vélaumboð

– Nú voru Jötunn vélar með öflug umboð á borð við Massey Ferguson, og Valtra, verða þau áfram?

„Já, ég vonast til að við verðum með eitthvað af þeim umboðum, en



það er verið að vinna í þeim málum og mun skýrast betur á næstunni. Allt tekur þetta smá tíma. Við erum allavega með alla varahluti í þau tæki sem þarna voru til sölu.“

### Aflvélar urðu til 2004

Fyrirtækið Aflvélar var stofnað árið 2004 og á rætur að rekja til Burstagerðarinnar og Besta sem voru í eigu sömu aðila. Í raun hafa Aflvélar selt tæki frá árinu 1984 þegar innflutningur á Beilhack og Danline flugbrautarsópnum byrjaði í kjölfar sölu Burstagerðarinnar á burstum fyrir flugvallarsópa frá árinu 1979.

„Við höfum í gegnum árin verið með mikið af snjórúðingstækjum og búnaði fyrir Isavia og flugvöllina, Vegagerðina, bæjarfélög um land allt og einnig til bænda,“ segir Friðrik Ingi. „Það skarast svo sem ekkert við þá þjónustu sem Jötunn hefur verið



að bjóða. Hjá Aflvéllum höfum við verið að selja mikið af búnaði fyrir verkataka og m.a. verið að breyta vörubílum í snjórúðingstæki.“

### Bjartsýnn á þjónustu við verkataka og bændur

Friðrik Ingi segir að þrátt fyrir erfiða stöðu í landinu vegna COVID-19 faraldursins, þá horfi hann með nokkurri bjartsýni til áforma ríkisins um aukin umsvif

við uppbyggingu vega og annarra samgöngumannvirkja.

„Þá er maður líka á horfa á þau tækifæri sem felast í þjónustu við landbúnaðinn sem heldur áfram starfsemi og þarf sín tæki og tól. Það var líka dálítill hvati til að fara út í þessi kaup að menn hafa verið að horfa á nauðsyn þess að auka innlenda framleiðslu á landbúnaðarafurðum.“

### Með um 17 starfsmenn á Selfossi og í Garðabæ

Friðrik Ingi segir að á Selfossi muni starfa um tíu manns til að byrja með og þá séu um sjö starfsmenn í Garðabænum. Hann segir að það sé hins vegar ekki í kortunum í bili að halda úti starfsemi á Akureyri og Egilsstöðum.

### Aflvélar með fjölda umboða

Meðal umboða og þjónustu sem Aflvélar eru með er ASH Aebi Schmidt Holding sem er stórfyrirtæki í sumar- og vetrarvéllum með höfuðstöðvar í Zürich í Sviss. Fyrirtæki í eigu ASH eru m.a. AEBI í Sviss, Schmidt í Þýskalandi, Nido í Hollandi, Beilhack í Þýskalandi, DMI (hugbúnaðarfyrirtæki) í Þýskalandi, Tellefsdal í Noregi og Meyer í Bandaríkjunum.

Hundrað tækja frá ASH Aebi Schmidt til snjórúðnings og sumarstarfa eru nú í notkun á landinu og þau eru þjónustuð af starfsmönnum Aflvéla ehf.

Einnig er Aflvélar með umboð fyrir ýmis tæki fyrir sumar og vetur frá Pronar í Póllandi, veghefla frá Veekmas oy í Finnlandi, ásamt fleiri umboðum s.s. Weber burstaverksmiðjunum í Þýskalandi, GMI í Noregi og Monroe í USA, slitblöðum frá Kuper í Þýskalandi og Nordic steel í Noregi ásamt véllum til innanhússþrifa; i-Team og Cleanfix frá Sviss.

Aflvélar er með stórt og fullkomið eigið verkstæði að Vesturhrauni 3, sem getur tekið við öllum stærðum af tækjum. Á verkstæði fyrirtækisins starfa sérþjálfaðir starfsmenn og sinna þeir öllum viðgerðum auk þess að veita tæknilega aðstoð. /HKr



# McHale og ...saman á Íslandi!



Við hlökkum til að takast á við framtíðina með McHale, íslenskum bændum og verkötum.

**Fyrstu vélarnar eru væntanlegar nú á vordögum!**



Sími 480 5600 - [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)



## FRÉTTIR




Þátttakendur frá UMSS á einu landsmóti UMFÍ. UMSS er einn 28 sambandsaðila UMFÍ. Innan UMFÍ eru 18 héraðssambönd, 3 íþróttabandalög og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 460 félög innan UMFÍ.

## Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS): Engin kjötveisla á 110 ára afmælinu

„Þetta eru skrýtnir tímar. Við ætluðum að hafa veglegt ársþing í apríl, bjóða upp á þriggja rétta veislu með ljúffengu kjöti úr Skagafirði fyrir hátt í 90 manns, þingfulltrúa, gesti og fleiri. Þetta átti að vera stórt þing, það hundradasta að viðbættu afmælinu, ætli við gerum nokkuð fyrr en í haust,“ segir Klara Helgadóttir, formaður UMSS.

Félagið fagnaði 110 ára afmæli 17. apríl en það var stofnað þann dag 1910. Stofnfélög voru Ungmennafélagið Æskan, Staðarhreppi, Ungmennafélagið Framför, Lýtingsstaðahreppi og Ungmennafélagið Fram, Seyluhreppi. Þegar líða tók á öldina fjölgaði aðildarfélögunum og starfsemin eflist á allan hátt. Aðildarfélagin eru nú 10 talsins í Skagafirði.

Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá Ungmennafélagi Íslands. Stefnt var á að halda ársþing UMSS 7. apríl síðastliðinn. Gert var ráð fyrir 69 þingfulltrúum auk gesta, stjórnar og starfsmanna. Leitað hefur verið gamalla mynda frá viðburðum UMSS í gegnum árin til að sýna á þinginu og margt fleira. Samkomubann til að hindra útbreiðslu kórónaveirunnar sem sett var á í mars setti hins vegar strik í reikninginn og var þinginu frestað um óákveðinn tíma. Síðasta þing sem sambandsaðili UMFÍ hélt var hjá UMSS 12. mars síðastliðinn og var þeim sem á eftir komu slegið á frest.



Klara Helgadóttir, formaður Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) og bóndi á Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Myndir / UMFÍ

### Allt íþróttastarf liggur niðri

Klara segir lítið í gangi nú enda liggja allt íþróttastarf niðri. Sjálf er hún bóndi að Syðri-Hofdölum í Skagafirði og hefur í nægu að snúast fram að sumarlokum. „Við skoðum þetta síðar, í sveitinni er vorið ekki besti tíminn til að halda þing og varla tími til þess aftur fyrr en í haust,“ segir hún og býst við að þá fari fólk að hugsa sér til hreyfings. Þangað til verði þingið undirbúið og verði það veglegt. /MHH

## Rætt um Sveitarfélagið Suðurland í könnunarviðræðum 5 sveitarfélaga: Nýtt sveitarfélag með 5.300 íbúa myndi ná yfir 16% landsins

Sveitarstjórnir Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps hafa skipað fimmtán manna verkefnahóp um könnunarviðræður um sameiningu sveitarfélaganna.

Verkefnið hefur hlotið vinnuheitid „Sveitarfélagið Suðurland“, en markmið þess er að vinna mat á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna og leggja fyrir sveitarstjórnir til mats á því hvort hefja skuli formlegar viðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

„Stöðumat verkefnisins byggir á kortlagningu áherslna og sýnar hverrar sveitarstjórnar og íbúa til þeirra tækifæra og hindrana sem liggja í mögulegri sameiningu sveitarfélaganna. Byggt verður á vinnu starfshópa, niðurstöðum íbúafunda og greiningu ráðgjafa á stefnuskiptum, áætlunum, fjárhagsgögnum og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, sem fer fyrir verkefnahópnum.

### Starfshópar teknir til starfa


Myndaðir hafa verið starfshópar um tiltekin málefnasvið sveitarfélaganna. Í þeim hópum starfa lykilhagsmunaaðilar og starfsfólk. Markmið vinnu starfshópanna er að fá fram upplýsingar og sjónarmið við stöðugreiningu og fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum milli aðila. Um 60 manns eiga sæti í starfshópnum en þeir hafa unnið á fjárfundum í ljósi aðstæðna í landinu.

### Íbúafundir í hverju sveitarfélagi

Anton Kári segir að haldnir verði íbúafundir í hverju sveitarfélagi



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, sem fer fyrir sameiningarhópi sveitarfélaganna fimm sem ræða nú um sameiningu. Mynd / Úr einkasafni



til að kynna kosti og galla sameiningar. „Á þeim verður sjónarmiða íbúa leitað með skipulögðum hætti með þjóðfundarfyrikomulagi. Íbúum verður boðið upp á

að fylgjast með fundum gegnum streymi og senda inn ábendingar með rafrænum hætti. Í framhaldi af kynningu stöðumats og framtíðarsýnar á íbúafundum er áætlað að leggja viðhorfskönnun fyrir íbúa. Markmið könnunarinnar er að kanna hug íbúa til þess hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður sem enda með kosningu,“ segir Anton Kári.

### Kosið um sameiningu 2021

Gagnaöflun og stöðumat vegna sameiningarinnar fer fram þessar vikurnar og á að vera lokið í maí. Þá fara íbúafundirnir líka fram og er áætlað að sveitarstjórnir taki í júní ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður. Verði ákveðið að halda áfram viðræðum er áætlað að sameiningarkosningar fari fram í nóvember 2021.

„Ákvörðun um að hefja könnunarviðræður er tekin í framhaldi af viðræðum fulltrúa sveitarfélaganna og byggir á farsælu samstarfi þeirra undanfarin ár. Ef íbúar sveitarfélaganna fallast á sameiningu verður til langstærsta sveitarfélag landsins, sem nær yfir um 16% landsins, með um 5.300 íbúa,“ segir Anton Kári. /MHH

## Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar: Mikilvægt að endurnýja dreifikerfi raforku sem verst fóru út úr veðrinu í desember

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar afar góðri vinnu átakshóps um úrbætur á innviðum og þakkar stjórnvöldum fyrir skjót og góð viðbrögð í kjölfar fárviðrisins sem gekk yfir Ísland í desember síðastliðnum. Tillögur til aðgerða sem fram koma á vefsíðunni [innvidir2020.is](http://innvidir2020.is) séu góðar og mikilvægt að hraða þeim sem kostur er.

Fram kemur í bókun frá fundi Byggðarráðs að það vilji þó benda á mikilvægi þess að hraðað verði enn frekar aðgerðum sem felast í jarðstrengjavæðingu dreifikerfis raforku og þrífösun því samfara. Mikilvægt er að þeir hlutar dreifikerfis raforku í Skagafirði sem

verst fóru í veðrinu verði endurnýjaðir strax á árunum 2020–2021. Er þar m.a. um að ræða Skagalínu, Reykjastrandarlínu og Glaumbæjarlínu.

### Lagfæringu á sjóvarnargörðum verði hraðað

Þá þurfi að tryggja að flutningskerfi raforku geti staðið undir hlutverki sínu en mikilvægir þættir byggðalínunnar dattu m.a. út í desember. Eins ítrekar ráðið að lagfæringum á sjóvarnargörðum við Strandveg og Skarðseyri verði hraðað sem nokkur kostur er, að framkvæmdir við nýjan hafnargarð á Sauðárkróki hefjist hið fyrsta og að fjárveiting

verði veitt strax á árinu 2020 til kaupa á nýjum hafnsögubát fyrir Skagafjarðarhafnir. Allir þessir þættir lúta að auknu öryggi og viðbrögðum til að koma í veg fyrir stórtjón og stöðvun atvinnulífs á og við hafnarsvæðið á Sauðárkróki.

Að lokum er áréttað að öll atriði sem lúta að aukinni getu viðbragsaðila, s.s. heilbrigðisstofnana, sjúkralutninga og sjúkráflugs, öryggi fjarskiptakerfis o.s.frv. eru mjög brýn og verða að njóta alls forgangs. Byggðarráð fagnar þeirri ákvörðun um að setja Alexandersflugvöll aftur inn í grunnnet innanlandsflugs og brýnir fyrir stjórnvöldum að hann fari sem slíkur inn í samgönguáætlun. /MPP

## Landstólpi með umboð fyrir McHale

Landstólpi hefur tekið við umboði fyrir heyrulluvélar og annan vélbúnað frá McHale sem leiðandi og ört vaxandi fyrirtæki á sviði heyrullsluvéla.

Arnar Bjarni Eiríksson hjá Landstólpa segir að McHale sé leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í framleiðslu á rúllubaggasamstæðum í dag og að fyrirtækið sé að færa út kvíarnar í framleiðslu slátur-, snúnings- og rakstrarvéllum. „McHale er írskt fyrirtæki sem er stofnað af



tveimur bræðrum og bændasonum fyrir um þrjátíu árum.“

Arnar segir að til þessa hafi Jötunn vélar verið með umboðið fyrir McHale og að líklega sé

búið að flytja inn um 200 rúllubaggavélar og önnur tæki frá þeim.

„Við erum afskaplega stolt af því að hafa verið valin sem umboðsaðili McHale á Íslandi og hlökkum til að takast á við framtíðina með fyrirtækinu og íslenskum bændum og verkötum.“

Við munum kynna smávægilegar breytingar í tilefni þessa nú á næstunni og okkur metnaðarmál að þjónusta McHale-eigendur eins vel og kostur er. /VH

**Leiknir hestkerrur**  
ÍSLENSK HÖNNUN OG SMÍÐI  
FYRIR ÍSLENSKT VERÐURFAR  
Fyrir 4 til 7 hesta.

20 ára reynsla á Íslandi

Stofnað 1968  
**Bilaklæðningar ehf.**  
Kársnesbraut 100  
200 Kópavogi  
S. 554 0040  
Netfang: sala@bkl.is



## Vertu til þegar vorið kallar

### Vandaður fatnaður sem klæðir þig vel

Hlý fót, vatnsheld, vattfóðruð, lípur, þægileg, í hentugum litum og mörgum stærðum. Með hettu, hliðarvösum, rassvösum, stroffi – eða án. Þitt er valið. Við bjóðum vinnufatnað sem hentar til flestra starfa bæði úti og inni.



Vinsælasti gallinn!

**DIMEX**  
TOIMIVA TYÖVAATE

**FRISTADS**



Létt & endingargóð!

## BKT landbúnaðar- og iðnaðardekk

N1 er umboðsaðili BKT á Íslandi. Einn stærsti framleiðandi landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnu vélar þá eru BKT lausnin fyrir þig.

Frábær dekk á flottu verði.

**BKT**  
GROWING TOGETHER



### Verlanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574  
Klættagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293  
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127


### Bílaþjónusta N1 um land allt

Fellsmúli, Reykjavík s. 440 1322 • Bíldshöfði, Reykjavík s. 440 1318 • Ægisíða, Reykjavík s. 440 1320  
Réttarháls, Reykjavík s. 440 1326 • Langitangi, Mosfellsbær s. 440 1420 • Grænabraut, Reykjanesbæ s. 440 1372  
Reykjavíkurvegur, Hafnafirði s. 440 1374 • Stórhjalli, Kópavogi s. 440 1342 • Tryggvabraut, Akureyri s. 440 1438  
Dalbraut, Akranes s. 440 1394 • Réttarhvamur, Akureyri s. 440 1433

Alltaf til staðar

**N1**

FRÉTTIR



Vefviðmótið á nýja vef Samtaka smáframleiðenda matvæla.

# Nýr vefur Samtaka smáframleiðenda matvæla

Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) komu nýverið nýjum vef í gagnid (ssf.is) þar sem ætlunin er að miðla stafrænum upplýsingum um samtökin.

Að sögn Oddnýjar Önnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra SSFM, hefur verið unnið að gerð vefsins undanfarnar vikur í samstarfi við vefhönnuðinn Júlíus Guðna hjá Extis.

### Upplýsingar sem gagnast smáframleiðendum á einum stað

„Markmiðið með vefnum er að fanga það sem samtökin snúast um og hafa á einum stað efni sem gagnast smáframleiðendum.

Má þar nefna upplýsingar um samtökin sjálf, yfirlit yfir söluleiðir, afsláttarkjör, styrktar- og samstarfsaðila, verkefni, viðburði, fréttir og fréttabréf sem og ýmsan fróðleik og upplýsingar sem gagnast geta smáframleiðendum, eins og yfirlit yfir lög, reglugerðir og leiðbeiningar frá

eftirlitsstofnunum. Að auki er þar form til að skrá sig í samtökin og upplýsingar um samtökin á ensku,“ segir Oddný Anna.

### Unnið að hagsmunamálum smáframleiðenda

Samtökin voru stofnuð 5. nóvember á síðasta ári. Tilgangur þeirra er að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda á öllum sviðum, vera málsvári þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða, þar með talið er varðar vöxt og aðgengi að mörkuðum, lágmarkun kolefnisspors og samfélagslegum áhrifum starfsemi þeirra. Enn fremur að koma sjónarmiðum og hagsmunamálum félagsmanna á framfæri, vinna að því að starfsumhverfi og löggjöf utan um smáframleiðendur gefi þeim færi á að blómstra, leiðbeina félagsmönnum varðandi ráðgjöf og stuðning, skipuleggja viðburði, kynna félagsmenn og það úrval sem í boði er. /smh



# Ný veflæg lögbýlaskrá á vefsja.is – einnig upplýsingar um skráða eigendur og ábúendur

Á vef Alta (alta.is) er að finna vefsja, eða gagnvirktt Íslandskort, sem veitir yfirsýn fyrir allt landið; skipulagsáætlanir, stjórnsýslumörk, landamerki, ýmsa innviði, upplýsingar um náttúruvernd og náttúruvar, ferðamál, sögulegt efni – og ein nýjast viðbótin þar er yfirlit yfir lögbýli á Íslandi, skráða eigendur og ábúendur.

Í vefsjánni fæst aukinheldur yfirlit yfir þróun íbúafjölda í sveitarfélögum og þéttbýlisstöðum, auk þess sem þar eru gagnasöfn sem stofnan-

ir ríkisins miðla á sínu sérsviði án endurgjalds.

Hún getur því flýtt fyrir öflun upplýsinga um sveitarstjórna-, skipulags- og umhverfismál, þróun byggðar, skipulagsgerð og ýmsa aðra áætlanagerð.

Alta er ráðgjafar fyrirtæki sem sérhæfir sig í skipulagi og byggðarþróun, greiningu lands og búsetu, stefnumótun og verkefnisstjórnun. Starfsfólk Alta hefur mikla og þverfaglega þekkingu á þessum sviðum. /smh

# Merkingarmál til umræðu hjá Félagi framleiðenda í lífrænum búskap: Lambhagi má ekki merkja salat sitt með „Bio“-merki

– Reglugerðir fyrir Evrópska efnahagssvæðið heimila ekki slíka hugtakanotkun

Á aðalfundi VOR – verndun og ræktun, félags framleiðenda í lífrænum búskap, sem haldinn var fyrir skemmstu, voru merkingarmál og miðlun upplýsinga fyrir lífrænt vottaða framleiðslu eitt af aðalumsjónarefnum. Rannveig Guðleifsdóttir, frá Vottunarstofunni Túni, flutti erindi um efnið og kynnti fundargestum gildandi reglur um hvað leyfist í þessum málum.

Í umræðum eftir erindið kom fram að nýleg merking á Lambhagasalatinu, þar sem orðið „Bio“ er prentað á umbúðirnar, væri ekki í samræmi við gildandi reglur um lífræna framleiðslu.

Rannveig sagði raunar að víða væri pottur brottinn í þessum málum og eftirliti væri almennt ábótavant með vörumerkingum þar sem tiltekið er að innihald vöru sé lífrænt eða lífrænt vottað. Eftirlitsskylda með vörumerkingum væri á verksviði heilbrigðisefirlits sveitarfélaga með yfirumsjón Matvælastofnunar.

### „Bio“-merkingar óheimilar án vottunar

Hún segir að í tilfelli Lambhagasalatsins sé dæmið alveg skýrt. „Í byrjun júní 2017 voru innleiddar hér á landi reglugerðir Evrópusambandsins fyrir Evrópska efnahagssvæðið er varða lífræna framleiðslu og innflutning á lífrænum afurðum frá löndum utan svæðisins. Í reglugerð 834/2007 eru ákvæði varðandi merkingar og tilvísanir í lífrænar aðferðir og þar segir beinlínis að allar tilvísanir í lífrænar aðferðir í merkingum á landbúnaðarafurðum og unnum matvælum séu óheimilar án vottunar. Eins og segir í reglugerðinni er notkun á öllum hugtökum sem listuð eru upp í viðauka reglugerðarinnar, þar með talið styttingum eins og „Eko“ og „Bio“, óheimil í öllum löndum sambandsins og á öllum tungumálum sambandsríkjanna. Þar sem þessi reglugerð er í gildi hér á landi á þetta líka við hér.

### Lífrænt vottaðar matvörur eiga að bera Evrópulaufið

„Stærsta breytingin sem varð á reglum um merkingar á lífrænum matvælum hér á landi við innleiðingarnar er að öll matvara í neytendapakningum sem hefur lífræna vottun á að bera Evrópulaufið ásamt kenninum eftirlitsaðilans sem vottar vöruna á umbúðunum,“ segir



Rannveig Guðleifsdóttir, frá Vottunarstofunni Túni, flytur erindi sitt á aðalfundi VOR á dögnum. Mynd / smh



Lambhagasalatið má ekki bera „bio“-merkingu.

Rannveig spurð um önnur þýðingarmikil ákvæði reglugerðanna fyrir okkur Íslendinga.

„Enn fremur bættust við tveir merkingaflokkar, sem ekki höfðu verið til staðar áður, þar sem aðeins hluti innihaldsefna er af lífrænum uppruna. Ekki má nota Evrópulaufið á merkingar slíkra afurða en skylt að kenninúmer vottunarstofu komi fram hjá innihaldslýsingu. Annars vegar er það matvara sem inniheldur að hluta til óvottuð hráefni. Heimilt er að geta um lífræna innihaldsefni í innihaldslýsingu þeirra, að því gefnu að eingöngu sé notuð aukaefni sem heimilt er að nota í lífrænni framleiðslu og ekki sé blandað saman sama hráefni af lífrænum og hefðbundnum uppruna. Geta skal um hlutfall lífræna innihaldsefna.

Hins vegar er það matvara sem

er að uppistöðu afurðir úr villtum fiski eða dýrastofnum, en inniheldur líka hráefni úr lífrænum landbúnaði. Þá má geta þess í vörulýsingu að varan innihaldi lífræn hráefni og aukenna lífræn hráefni í innihaldslýsingu. Öll innihaldsefni upprunnin í landbúnaði þurfa þá að vera lífræn og aukaefni þurfa að vera í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu,“ segir Rannveig.

### Eftirlitsaðilum gert auðveldara að taka á málunum

Ingibjörg Jónsdóttir, fagsviðsstjóri neytendaverndar hjá Matvælastofnun, staðfestir orð Rannveigar. „Það er rétt sem Rannveig segir að það er óheimilt að vísa í lífræna framleiðslu aðferðir nema viðkomandi sé vottaður lífrænni.

Það var gerð breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu í desember 2019 til að tryggja heilbrigðisnefndum lagastöð til að sinna eftirliti með merkingum sem tengjast lífrænum framleiðslu aðferðum á markaði (í verslunum). Í kjölfarið er auðveldara fyrir eftirlitsaðila að taka á þessum málum,“ segir Ingibjörg.


Hún bendir á nýlega vefsíðu á vef Matvælastofnunar þar sem leiðbeiningar um þessi mál sé að finna. Þar segi meðal annars: „Orðin lífrænt, bio, organic má ekki nota í merkingar, auglýsingar eða kynningar vöru nema hún hafi verið vottuð sem slík af vottunarstofnu. Þegar vara hefur fengið vottun er skylda að merkja hana einnig með merki vottunarstofu og Evrópulaufinu ef hún á að fara á markað á Evrópska efnahagssvæðinu.“ /smh

# Fjarnámskeiðahald RML um náttúruverndarverkefnið LOGN

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins stendur fyrir fjarnámskeiðahaldi þessar vikurnar, þar sem viðfangsefnið er náttúruvernd og landbúnaður.

Til grundvallar námskeiðahaldinu er kynning á verkefninu LOGN, sem er beint framhald verkefnisins Landbúnaður og náttúruvernd. Markmiðið er að fá bændur til að flétta saman sinn landbúnað og störf tengd náttúruvernd.

Alls er um tólf fyrirlestra að ræða, að jafnaði þrjár á viku og er fyrsta vikan búin. Hver fyrirlestur tekur um 20–30 mínútur og er þeim streymt í gegnum forritið Teams. Nauðsynlegt er að skrá sig á fyrirlestur til að fá tengingu. Nóg er að skrá sig einu sinni til að fá tengingu á alla fyrirlestraröðina. Áhugasamir geta skrá sig í gegn-



um tengil sem finna má á vef RML, undir „Ráðgjafar“-hluta vefsins.

### Efni fyrirlestraradarnnar er eftirfarandi:

- 14. apríl - Kynning á LOGN
- 15. apríl - Kynning á erlendu verkefni
- 17. apríl - Viðhorf bænda
- 20. apríl - Náttúruvernd og friðlýsingar
- 22. apríl - Gróður og vistgerðir

- 24. apríl - Fuglar og dýralíf
- 27. apríl - Líf í vötnum
- 29. apríl - Endurheimt vistkerfa
- 30. apríl - Búrekstur og náttúruvernd, hagnýt atriði og reynsla af friðlandi
- 4. maí - Endurheimt landnáms-skóga
- 6. maí - Náttúruvernd og landbúnaður í skipulagi sveitarfélaga
- 8. maí - Náttúruvernd og landbúnaður, raunhæf nálgun, nýsköpun og rekstur. /smh

Lely Center Ísland

PICHON HAUGHRÆRUR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**can-am**



**TÆKI SEM ÞÚ  
GETUR TREYST Á**



**OUTLANDER  
MAX PRO 650 6X6**

**VERÐ ÁN VSK  
2.650.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
3.290.000 KR.**



**OUTLANDER  
450 PRO**

**VERÐ ÁN VSK  
1.443.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
1.790.000 KR.**



**OUTLANDER  
450 PRO 6X6**

**VERÐ ÁN VSK  
1.927.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
2.390.000 KR.**



**OUTLANDER  
570 XT MAX**

**VERÐ ÁN VSK  
1.846.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
2.290.000 KR.**

**NÁNARI  
UPPLÝSINGAR Á  
ELLINGSEN.IS**

**ELLINGSEN.IS**

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / Síðan 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**BRP@ELLINGSEN.IS**

# STEEKUR

## Tvö tré

Tré og runnar af ættkvíslunum Crataegus og Acer eiga sér langa og merkilega sögu og tengjast þjóðtrú. Báðum tegundum fylgdi ákveðin helgi og siðir sem tryggðu gæfu og illt þótti að fella trén.

Aftur á móti þótti gott að bera á sér flís eða þyrni af trénu til að auka gæfu sína. Gott þótti að setja grein af þyrni upp í rjáfur í fjósinu til að auka nyt kúnna og þær áttu einnig að vanda mannabústaði fyrir vöndum veðrum og ásókn drauga. Á tímum Rómverja var til siðs að leggja lauf af þyrni í rúm nýfæddra barna til að verja þau fyrir illum öndum. Í Grikklandi til forna var þjóðráð að setja þyrniblóm í barm brúðar áður en hún gekk að eiga mann. Væru laufblöð þyrnis aftur á móti lögd í brúðarsængina ollu þau kynkulda.

Í Englandi var þyrnitjám iðulega plantað við krossgötur til að fæla burt hið illa og göngumenn gripu eitt og eitt blað af trjánum og tuggðu á langferðum. Tréð fékk af þeim sökum viðurnefnið brauð með smjöri. Sagt er að nornir geti breytt sér í þyrnirunna á hátíðisdegi sínum, 1. maí, og að galdramanninum Merlin sé haldið föngnum í þyrnigerði úr þyrnitjám.

Samkvæmt þjóðtrú gyðinga og kristinna manna var það þyrni sem Móse sá logandi í eyðimörkinu og þyrnikóróna Krists var sömu gerðar. Í kjölfar kristinnar fóru menn að tengja þyrni við alls kyns ólán og ógæfu. Ef blómstrand greinar voru bornar inn í hús átti það að valda dauða einhvers í fjölskyldunni og sagt að blóminn bæru með sér nálykt plágunnar.

Samkvæmt gamalli enskri þjóðtrú þótti gott að planta hlyn frá álfum sem áttu það til að spilla mjólkinni úr kúnum. Í Sviss sögðu menn aftur á móti að dvergar ættu það til að sitja skellihljæjandi á greinum hlynsins og skemmta sér á meðan mennirnir erfiðuðu við heyskap.

Í Cornwall-héraði í Englandi gegndi hlynurinn veigamiklu hlutverki í tengslum við maíhátíðina og var stundum kallað flaututréd. Fyrsta maí fóru unglingar í hópum út í sveit og heimsóttu bóndabæi þar sem það fékk hressingu. Unglingarnir söfnuðu síðan saman greinum af hlyn og bjuggu til flautur og ýlur. Hópurinn hélt á loft stórum greinum af hlyn og lék á hljóðfærin um leið og hann hélt aftur heim í þorpið í skrudgöngu.

Í Skotlandi þótti hlynurinn bera af öðrum trjám þegar hengja þurfti menn. Greinar trésins eru sterkar, svigna ekki undan þunga og brotna ekki svo auðveldlega. Og frá Írlandi eru til heimildir um að viðurinn hafi verið notaður til að smíða úr smáhluti eins og leikföng, smjörhnífa, skeiðar og jafnvel húsgögn.

Víða í Evrópu var til siðs að lyfta börnum upp á milli greina hlynsins til að tryggja góða heilsu og langlífi. Það að fara í gegnum greinarnar eða gat í stofninum var eins konar mannsdómsvígsla eða táknaen endurfæðing barns inn í heim hinna fullorðnu. Einnig þótti gott að hafa grein af hlyn innan dyra til að bægja frá leðurblökum. *NH*

## NYTJAR HAFSINS

Sjávarútvegurinn á tímum farsóttarinnar:

# Miklir óvissutímar fram undan



Guðjón Einarsson  
gudjone3@gmail.com

Markaðir fyrir ferskfisk frá Íslandi eru hrundir vegna farsóttarinnar. Stærstu saltfiskmarkaðirnir í Miðjarðarhafslöndunum eru lamaðir. Markaðir fyrir frystar afurðir hafa hins vegar haldist opnir og flutningar milli landa eru óheftir. Fullkomin óvissa ríkir um þróunina næstu vikur og mánuði.

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi hafa fengið undanþágu til starfa áfram þrátt fyrir fjöldatakmörkanir á vinnustöðum og hafa aðlagð sig að breyttu umhverfi. Mörg minni sjávarútvegsfyrirtæki eru einnig áfram í rekstri og veiðar hafa að stærstum hluta haldið áfram þrátt fyrir farsóttina.

### Útgöngubann

„Þegar samkomutakmarkanir og siðar útgöngubann tók gildi í helstu viðskiptalöndum okkar fyrir nokkrum vikum og veitingastöðum, hótélum, mótuneytum og opnum fiskborðum í verslunum var lokað stöðvaðist sala á ferskum fiski nánast að öllu leyti,“ segir Friðrik Þór Gunnarsson, hagfræðingur hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), í samtali við Bændablaðið. „Eftirspurn eftir frystum afurðum af hálfu erlendra smásölukæpa hefur hins vegar haldist áfram og því hafa íslensku fiskvinnslufyrirtækin, sem það geta, ráðstafað hráefninu sem áður fór í ferskfiskframléiðslu í frystingu og í sumum tilvikum aukið saltfiskvinnslu sína. Enn sem komið er hefur aukið framboð á frystum afurðum ekki leitt til verðlækkana, hvað sem siðar verður. Það hefur þó sett strik í reikninginn að eftir að Bretar settu á útgöngubann var öllum Fish&chips búðum þar í landi lokað en þær hafa keypt mikið af sjófrystum flökum frá Íslandi. Reynt hefur verið að koma



Fiski landað.

þeirri vöru inn í smásöluverslanir en annars er framleitt í birgðir.“

### Ítalía og Spánn illa úti

Eins og kunnugt er hafa Ítalía og Spánn farið sérstaklega illa út úr farsóttinni, en þar eru einmitt mikilvægustu saltfiskmarkaðir Íslendinga. Þar á ofan er tímabilið í aðdraganda páskaanna helsti sölutíminn á árinu og því hefur orðið mikill samdráttur í saltfisksölu í þessum löndum, að sögn Friðriks. Hins vegar hefur Portúgal ekki orðið eins illa úti í þessum hörmungum og nágrennalandið Spánn og hefur saltfisksala þangað haldið áfram þrátt fyrir farsóttina.

Bandaríkin voru opin eitthvað lengur en Evrópulöndin, þar sem farsóttin kom þangað seinna, en nú er veiran að breiðast ört út þar vestra og því má búast við svipaðri þróun þar og orðið hefur í Evrópu.

### Óvæntar útflutningstölur

Eins og áður sagði hafa ferskfisk-

markaðir Íslendinga að mestu hrundi vegna farsóttarinnar en ferskar afurðir gefa að jafnaði hvað hæst verð fiskafurða. Útflutningsverðmæti ferskfisks nam um 80 milljörðum króna á síðasta ári, eða um 30% af heildarverðmæti sjávarafurða.

Forvitnilegt er að vita hvaða áhrif farsóttin hefur haft á verðmæti útfluttra sjávarafurða í marsmánuði, fyrsta mánuðinum sem áhrifa veirunnar gætti. Hagstofa Íslands birti bráðabirgðatölur um það rétt fyrir páska og koma þær óeitanlega nokkuð á óvart, því verðmætið nam 25,5 milljörðum króna og jókst um rúmlega 17% í krónum talið miðað við mars í fyrra, en að teknu tilliti til gengisáhrifa var aukningin tæplega 9%, þar sem gengi krónunnar gaf verulega eftir í marsmánuði vegna COVID-19.

Að sögn Friðriks ber að hafa í huga í þessu sambandi að útflutningstölur fyrir tiltekinn mánuð endurspeglar ekki að öllu leyti það sem flutt var út í viðkom-

andi mánuði. Þar kemur tvennt til. Annars vegar það að hluti af afurðunum kann að hafa verið fluttur út fyrir allöngu þótt hann rati ekki inn í gögn Hagstofunnar frá tollayfirvöldum fyrr en síðar. Hins vegar það að fyrri hluta marsmánaðar var eftirspurn góð og verð hátt. Það var ekki fyrr en fyrstu útgöngubönnin erlendis voru sett á um miðjan marsmánuð að áhrifa farsóttarinnar fór að gæta í útflutningi frá Íslandi.

### Fullkomin óvissa

„Það er ómögulegt á þessari stundu að áætla það tjón sem hljóttast mun af farsóttinni fyrir útflutning sjávarafurða. Það fer allt eftir því hve lengi þetta ástand varir. Ef núverandi ástand verður gengið um garð eftir einn eða tvo mánuði spyr maður sig hvort hægt verði að endurheimta síðar á árinu eitthvað af þeirri eftirspurn sem minnkaði. Um það getur enginn dæmt núna,“ sagði Friðrik Þór Gunnarsson.

# Trillukarlar uggandi um sinn hag

„Ég verð var við að mun færri eru byrjaðir á grásleppu nú en í fyrra á sama tíma. Ég tel að það megi að einhverju leyti rekja til áhrifa farsóttarinnar. Þótt á mörgum þessara útgerðarstaða hafi ekki orðið vart við smit er erfitt að stunda veiðarnar öðruvísi en að hafa samskipti við marga,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda (LS).

### Grásleppusala til Kína í uppnámi

Örn segir að jafnframt hafi það sín áhrif að markaður fyrir grásleppuna sjálfa, það er að segja fiskinn án hrogna, sé fyrst og fremst í Kína og vegna farsóttarinnar hafi engin grásleppa verið unnin fyrir nýárs-hátíðina þar í landi að þessu sinni. Því sé hæpið að Kínverjar kaupir nokkuð af grásleppu af þessari vettíð. Grásleppan sjálf hefur skilað um fjórðungi af heildarverðmæti grásleppuafurða. Þessi rýrnun á tekjum dragi úr áhuga manna á því að stunda veiðarnar.



Smábátar í höfn á Hólmavík.

Mynd / GE

### Fyrirsjáanleg röskun á strandveiðum

Örn segir fyrirsjáanlegt að faraldurinn muni einnig hafa áhrif á strandveiðarnar í sumar. Núna sé fyrirkomulagið þannig að leyfðar séu veiðar 12 daga í mánuði frá maí til ágúst. „Augljóst er að dagarnir

í maí munu ekki nýtast að fullu og því höfum við farið fram á það við sjávarútvegsráðherra að þessir 48 veiðidagar verði ekki bundnir við fjóra mánuði heldur megi nýta þá hvenær sem er á árinu. Þarna spilar einnig inn í, að búast má við verðlækkun á fiski á næstunni vegna farsóttarinnar og því nóturlegt að

þvinga menn til að nýta veiðiréttindi sín á tíma þegar ekki er ábati af veiðunum.“

### Veiðiskylda verði afnumin

LS hefur einnig farið fram á það við sjávarútvegsráðherra að veiðiskylda verði afnumin í ár svo útgerðir sem ekki ná 50% af kvóta sínum missi ekki veiðiréttindi sín til frambúðar. Sömu leiðis að afnumdar verði takmarkanir á flutningi veiðiheimilda milli fiskveiðirára. Þetta er hugsað til þess að menn verði ekki þvingaðir til veiða ef fiskverð hrynur. Loks hefur LS hvatt til þess að hrygningarstoppið verði afnumið eftir páska vegna hins óvenjulega ástands.

Ólíkt því sem búast hefði mátt við jókst sala á þorski á íslenskum uppboðsmörkuðum í mars og verð hélt þokkalegt þrátt fyrir að mikilvægir markaðir fyrir ferskfiskafurðir erlendis hefðu að heita má lokast vegna farsóttarinnar. Hver þróunin verður næstu vikur og mánuði er óskrifad blað.

## Sala á íslensku fiskmörkuðunum í marsmánuði

Þorskur	2020			2019			Magn	kr/kg
	Tonn	Kr/kg	milljónir	Tonn	Kr/kg	milljónir		
Óslægt	3.421	303	1.037	2.695	287	773	26,9%	5,6%
Slægt	1.533	361	553	1.036	339	351	48,0%	6,5%
Samtals	4.954	321	1.590	3.731	301	1.124	32,8%	6,5%



# Fiskeldið hefur haldið sjó

„Ef marsmánuður er skoðaður sýnist okkur að fiskeldið hafi nokkurn veginn haldið sjó í þessum hremmingum. Útflutningsverðmæti laxaafurða frá Íslandi í mars nam um 2,8 milljörðum króna sem er nálægt 25% aukning frá sama mánuði í fyrra. Það er auðvitað mjög ánægjulegt, en ég held samt að hægt sé að fullyrða að ef áhrifa farsóttarinnar hefði ekki gætt hefði aukningin orðið ennþá meiri,“ segir Einar K. Guðfinnsson, sem vinnur að fiskeldismálum hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS.

## Með harðfylgi

„Það hefur útheimt mikið harðfylgi og útsjónarsemi að koma fiskinum út á markaðina og yfir stíga þær hindranir sem mætt hafa mönnum þar, en þó má segja að þetta hafi í meginatriðum gengið upp. Neikvæðu tíðindin eru hins vegar þau að verðið á laxinum hefur lækkað talsvert mikið á þessum eina



Samkvæmt því sem segir á vefsíðu Landssambands smábátæigenda hefur grásleppuvertíðin farið vel af stað.

## Hafrannsóknastofnun: Grásleppuafnamark verði 4.646 tonn

Hafrannsóknastofnun leggur til að heildaraflamark hrognkelsis á fiskveiðiárinu 2019/2020 verði 4.646 tonn. Hafrannsóknastofnun leggur jafnframt til að upphafsafnamark fiskveiðiársins 2020/2021 verði 1.459 tonn. Afliinn góður en fáir bátar að veiðum.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um endanlegt heildaraflamark fyrir hrognkelsi fiskveiðiárið 2019/2020 byggir á stofnvísitölu úr stofnmælingu botnfiska í mars 2020. Niðurstöður mælinga liggja nú fyrir og reyndist vísitalan vera 7,2 sem er hækkun frá fyrra ári (6,2). Stofnvísitala hrognkelsis hefur sveiflast mikið milli ára sem endurspeglar að hluta til óvissu í mælingunum. Vegna þessa vegur stofnvísitala sama árs 70% á móti 30% vægi vísitölu fyrra árs við útreikning ráðlagðs hámarksaflla.

## Vertíðin fer vel af stað

Samkvæmt því sem segir á vefsíðu Landssambands smábátæigenda hefur grásleppuvertíðin farið vel af stað. Veiði á hvern bát er helmingi meiri en á sama tíma í fyrra og afli hveirrar veiðiferðar einnig nokkuð betri.

Það veldur hins vegar miklum vonbrigðum hversu fækkað hefur bátum sem stunda veiðarnar, 38% færri eru nú á veiðum en á sama tíma í fyrra, aðeins 67 bátar búnir að leggja en 103 í fyrra.

Margar ástæður liggja að baki fækkuninni. Flestir segja allan kostnað við veiðarnar hafa stóruáhrif á undanförunum árum og hæpið að verð sem nú er í boði skili hagnaði af veiðunum. Önnur skýring er óvenjulegt veður, sem nánast hefur staðið linnulaust frá því í lok nóvember. Þriðja skýringin sem menn nefna er COVID-19. Samskipti við veiðarnar verða ekki umflúin og því aukin hætta á smiti. /VH

mánuði. Að vísu ber þess að geta að markaðsverð á laxi var sögulega séð mjög hátt mánuðina á undan. Oftast hefur verðið haft tilhneigingu til að lækka eftir jólin en það hélst hátt lengur í ár en áður, sem sýnir að þegar til lengri tíma er litið er eftirspurn eftir laxaafurðum sterk og góð og helst í hendur við þá framleiðslu sem verið hefur. Það segir sig hins vegar sjálft að lokun veitingahúsa og annarra matsölustaða hefur mikil áhrif á söluna og sömuleiðis er ljóst að kaupmáttur í helstu markaðslöndunum hefur minnkað mikið og algjörlega óljóst hvenær úr rætist.

Það eru því miklir óvissutimar fram undan,“ segir Einar.

## Áætlanir um eldi óbreyttar

Að sögn Einars hefur sá lax sem áður fór til veitingahúsa verið seldur inn á aðra markaði í Evrópu þar sem hann er unninn í annars konar afurðir. Fram kom í máli hans að fiskeldisfyrirtækin hérlendis myndu ekki breyta sínum áætlunum um framleiðslumagn á árinu þrátt fyrir þetta ástand. Þegar komið væri fram á þennan árstíma væri jafnan minna í eldiskvíunum en á öðrum tímum



Fiskeldiskvjar í Reyðarfirði.

Mynd / EKG

árs og svo hefðu framleiðendur þann kost að ala fiskinn lengur en ella ef erfitt væri að koma honum á markað á hefðbundnum tíma. En þetta væru auðvitað ráðstafanir til skemmri tíma.

Áætlað hafði verið að eldisfram-

leiðslan yrði 30–32 þúsund tonn á þessu ári samanborið við um 25 þúsund tonn í fyrra. Sú áætlun hefur ekki verið endurskoðuð. Áætlað verðmæti laxaafurða í ár var 25 milljarðar króna á móti 19 milljörðum á síðasta ári.

# ER KOMINN TÍMI Á NÝTT GLER ?

## VIÐ SÉRSMÍÐUM GLER EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- SPEGLAR



SMIÐJUVEGI 7

200 KÓPAVOGUR

SÍMI 54 54 300

ISPAN.IS

# Skráningar á folöldum og fleira tengt skýrsluhaldi

Halla Eygló Sveinsdóttir  
ráðunautur í hrossarækt  
halla@rml.is



Þrátt fyrir að ástandið í þjóðfélaginu sé fordæmalaust eins og við höfum heyrt ansi oft á síðustu vikum kemur vorið með fuglasöng og grænum grundum. Fyrstu folöldin fara að fæðast og því rétti tíminn til að rifja svölitið upp um skýrsluhaldið í hrossarækt.

Í WorldFeng hefst nýtt skýrsluhaldsár 1. apríl ár hvert. Það þýðir að frá og með þeim degi er ekki hægt að skrá það sem gerðist árið á undan. Þess vegna er ekki lengur hægt að skrá í heimaréttinni folöld sem fæddust á árinu 2019, það er heldur ekki hægt að skrá fyljun hryssna frá því ári. Hafi það gleymst verður að senda grunnskráningablöð og stóðhestaskýrslur/fyljunarvottorð á pappír til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) til að fá það skráð inn. Tekið er á móti skýrsluhaldspappírnum á öllum starfsstöðvum RML en þeir eru aðallega skráðir á starfsstöðvunum á Akureyri og á Selfossi og því æskilegt að þeir sem senda pappír með pósti sendi á heimilisföngin:

RML, Óseyri 2, 603 Akureyri eða RML, Austurvegi 1, 800 Selfoss.

## Hvað er heimarétt WorldFengs (WF)?

Heimaréttin hýsir öll þau hross sem skráð eru á viðkomandi eiganda. Þar má á rafrænan hátt skila inn upplýsingum um hrossin. Þarna er hægt að hafa eigendaskipti, grunnskrá folöld, skrá afdrif, geldingu, fyl o.fl. Heimaréttin er verkfæri ræktanda til að halda utan um sitt skýrsluhald. Á heimasíðu RML er að finna leiðbeiningar um notkun á heimarétt WF.

Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla til að skrá folöld í gegnum heimarétt WF:

- Ræktandi þarf að hafa aðgang að WF, hægt er að fá frían aðgang í gegnum hestamanna-
- Fyljun þarf að hafa verið skráð á hryssurnar árið áður. Fylskráningar geta skilað sér



Í WorldFeng hefst nýtt skýrsluhaldsár 1. apríl ár hvert. Það þýðir að frá og með þeim degi er ekki hægt að skrá það sem gerðist árið á undan. Þess vegna er ekki lengur hægt að skrá í heimaréttinni folöld sem fæddust á árinu 2019, það er heldur ekki hægt að skrá fyljun hryssna frá því ári.



félög og aðildarfélög Félags hrossabænda.

- Ræktandi þarf að vera skráður þátttakandi í skýrsluhaldi WF og ef viðkomandi er það hefur hann svokölluð föst númer. Föstu númerin eru þær þrjár tölur sem koma aftast í fæðingarnúmeri hrossa. Þessi númer eru tengd uppruna hrossanna og á meðan ræktandi kennir hross sín við sama uppruna hefur hann sömu númeraröð.



## Hvað má lesa úr eftirfarandi númeri IS 1999 1 87 196?

Fæðingarland	Fæðingarár	Kyn	Landssvæði	Föst nr.
IS (Island)	1999	1 (hestur)	87 (Arnessýsla)	196 (ræktandi)

Hestur fæddur árið 1999 í lágsvæitum Arnessýslu en þær sveitir hafa svæðisnúmerin 82 og 87. Uppsvæitir Arnessýslu hafa svæðisnúmerin 83 og 88.

## Hvað má lesa úr eftirfarandi númeri IS 2019 2 53 810?

Fæðingarland	Fæðingarár	Kyn	Landssvæði	Föst nr.
IS (Island)	2019	2 (hryssa)	53 (V-Húnavatnss.)	810 (ræktandi)

Hryssa fædd árið 2019 í Vestur-Húnavatnssýslu en það landssvæði hefur svæðisnúmerin 53 og 55.

inn í WF með misjöfnum hætti en alltaf þarf stóðhestseigandinn eða umsjónarmaður hestsins að samþykkja skráninguna.

Þessar leiðir eru til að skrá fyljun:

- Stóðhestseigandinn skráir í sinni heimarétt hvaða hryssur voru hjá hestinum. Hryssueigandinn fær sjálfkrafa tilkynningu úr WF í tölvupósti þegar það hefur verið gert. Þetta gerist reyndar ekki nema hryssueigandinn hafi skráð rétt netfang inn í WorldFeng!

- Hryssueigandi skráir fyljun á hryssurnar sínar í heimarétt sinni. Hryssur birtast síðan í heimarétt stóðhestseigandans og hann þarf að samþykkja að hryssurnar hafi verið hjá hestinum. Geri hann það ekki fer skráning hryssueigandans ekki í gegn. Það er því mjög mikilvægt að stóðhestseigandur fylgist með hvort hryssur eru að bætast inn á hestinn. Skráning hryssueiganda á fyljun er í raun tilkynning til stóðhestseiganda sem hann þarf síðan að staðfesta til að hún verið virk.

- Stóðhestaskýrslu eða fyljunarvottorði skilað inn til RML, undirrituðu af stóðhestseiganda eða umsjónarmanni hestsins. Ef hryssurnar

hafa verið sónarskoðaðar þarf dýralæknir að votta niðurstöðurnar úr henni með sinni undirskrift.

Ef skráning á folöldum kemur ekki í gegnum heimarétt hryssueigandans er hægt að senda grunnskráningar-eða örmerkjablöð til RML.


## Hvað þarf til að gerast þátttakandi í skýrsluhaldi?

Hafa þarf samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í síma eða tölvupósti. Ráðgjafarmiðstöðin úthlutar föstum númerum sem eru tengd við þann uppruna sem viðkomandi kennir hross sín við. Þrjú síðustu stafirnir í fæðingarnúmeri hrossa eru þessi númer. Upplýsingar um hvernig fæðingarnúmer er uppbyggt má sjá hér á eftir.

Þátttakendum í skýrsluhaldi WF er ætlað að skrá fang hryssna, notkun stóðhesta, fædd folöld, geldingu, afdrif, eigendaskipti og umráðamann. Tilgangurinn með þessum skráningum er að gagnagrunnurinn gefi sem réttasta mynd af hrossastofninum hverju sinni.

Þeir sem ekki hafa aðgang að WF geta skilað inn gögnum til skráningar hjá RML.

Eins og áður hefur komið fram eru félagsmenn í Landssambandi hestamannafélaga og Félagi hrossabænda með frían aðgang að WorldFeng í gegnum sín aðildarfélög. Félagsmenn þurfa hins vegar að hafa samband við sitt félag til að fá úthlutað aðgangi. Þeir sem eru



félagsmenn í áður nefndum félögum eru hvattir til að verða sér út um aðgang hafi þeir hann ekki nú þegar.

## Hvaða upplýsingar má lesa út úr fæðingarnúmeri hrossa?

Fæðingarnúmer (IS-númer) er í raun kennitala hestsins. Út úr fæðingarnúmerinu má lesa fæðingarland, fæðingarár, kyn, landssvæði sem hrossið er upprunið á og fast númer ræktanda. Eins og þegar hefur komið fram eru föst númer þau númer sem viðkomandi ræktanda er úthlutað um leið og hann gerist þátttakandi í skýrsluhaldi. Í meðfylgjandi töflum eru tekin tvö dæmi.

Það er því um að gera fyrir hestamenn að setja sig aðeins inn í hvað má lesa út úr fæðingarnúmerinu. Snilldin í þessu kerfi er að ræktandinn getur ár eftir ár notað sömu númer á folöldin sem honum fæðast því alltaf breytist ártalið. Eins er hægt að nota sama númer á hryssu og hest, því kynin hafa sitt hvort númerið (1 fyrir hest og 2 fyrir hryssu). Margir ræktendur hafa gaman af því að láta öll afkvæmi upphalds hryssna hafa sama númerið því þá er auðveldara að muna fæðingarnúmer afkvæma þeirra.

## Geta fjölskyldur haft sameiginlega heimarétt?

Með tilkomu heimaréttar í WF gefst notanda tækifæri til að grunnskrá folöld, hafa eigendaskipti, skrá afdrif hrossa, skrá fyljun, setja inn myndir og ýmislegt fleira. Notendur ættu því ekki að gefa öðrum upp aðgangsorðin sín að WF frekar en aðgang sinn að heimabankanum eða rafrænum skilríkjum. Hins vegar er hægt að sækja um til RML að vera með sameiginlega heimarétt. Í því felst að sá sem er með aðganginn að WF tekur að sér að sjá um skýrsluhaldið fyrir t.d. maka og börn. Framkvæmdin á því er einfaldlega sú að prenta þarf út eyðublað sem er að finna á heimasíðu RML undir „Eyðublað í hrossarækt“ og kalla „Umboð heimaréttar“. Eyðublaðið er fyllt út og umboðshafinn er sá sem hefur aðganginn að WF en hinir eru umboðsgjafar. Allir aðilar þurfa að skrifa undir þennan pappír og vottur þarf að kvitta fyrir að undirskrifir séu réttar. Foreldrar eða forráðamenn verða að skrifa undir fyrir hönd barna sem eru yngri en 18 ára og prókúruhafar fyrir hönd fyrirtækja. Þegar búið er að fylla út blaðið er það sent til skráningar hjá RML, þegar það hefur verið afgreitt koma öll hross sem skráð eru á umboðsgjafana inn í heimarétt umboðshafans.

Á heimasíðu RML er að finna ýmsan fróðleik varðandi skýrsluhaldið, meðal annars leiðbeiningar um notkun á heimarétt WF. Ef spurningar vakna varðandi skýrsluhaldið eða eitthvað annað er um að gera að setja sig í samband við starfsmenn RML og við reynum að leysa úr ykkar málum. Hægt er að hringja í síma 516-5000 eða senda tölvupóst á netfangið rml@rml.is, einnig er velkomið að senda tölvupóst beint á netfang undirritaðrar halla@rml.is. Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegs sumars.

## Lely Center Ísland

### TINDAR OG HNÍFAR GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## FISKINN HEIM Á BÆ

Verslaðu fiskinn heim í netverslun okkar. Við afhendum frítt á allar Flytjanda stöðvar og útibú hringinn í kringum landið.

**10 kg lausfrystir Þorsbítar** - 14.900 kr. m. vsk.

**10 kg lausfrystir Ýsubítar** - 14.900 kr. m. vsk.

www.fiskinnheim.is

**KJÖRBÚÐIN**  
í næsta nágrenni

# Póstlisti Kjörbúðarinnar

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á **KJORBUDIN.IS**  
OG FÁÐU NÝJUSTU TILBOÐIN SEND Í HVERRI VIKU.  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ **15.000 KRÓNA** GJAFAKORT!

*Gleðilegt sumar!*

FINNDU KJÖRBÚÐINA Á [FACEBOOK.COM/KJORBUDIN.IS](https://www.facebook.com/kjorbudin.is)

BOLUNGARVÍK | BLÖNDUÓSI | BÚÐARDAL | DALVÍK | DJÚPAVOGI | ESKIFIRÐI | FÁSKRÚÐSFIRÐI | GARÐI | GRUNÐARFIRÐI  
ÓLAFSFIRÐI | NESKAUPSTAÐ | REYKJAHLÍÐ | SANDGERÐI | SIGLUFIRÐI | SEYÐISFIRÐI | SKAGASTRÖND | ÞÓRSHÖFN



POWER  
STRETCH



BAL'ENSIL

MIKIÐ ÚRVAL AF RÚLLUPLASTI

**TamaNet™ 4500m**

EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m  
- lengstu netrúllur í heimi  
- í einni rúllu eru yfir  
500 heyrúllur



**Tama**  
Langstærsti  
netframleiðandi  
í heimi



Allt plast sem pantað er  
fyrir 1. maí er keyrt heim  
að dyrum eða í heimasveit.



**RaniRepel er nýtt rúlluplast frá Rani, hannað til verndar gegn meindýrum, fuglum og nagdýrum og dregur úr fjárhagslegu tjóni fyrir bændur.**

RaniRepel inniheldur óeitruð, náttúruleg virk efni sem er með lykt sem er fráhrindandi fyrir fugla, rottur og mýs, en þetta innihaldsefni skaðar ekki dýr.

Skaði á rúllum vegna nagdýra og fuglaárása getur eyðilagt fóður og verið dýrt fyrir bændur. Umfangsmiklar rannsóknir hafa sýnt að RaniRepel útrýmir nánast að fullu árásum fugla og nagdýra þannig að umbúðirnar haldast óskaddaðar. Rannsóknirnar hafa einnig sýnt að nagdýr og fuglar læra að forðast það og koma þessum viðvör- unum til síns hóps.

Rigning hefur engin áhrif á efnið í plastinu, hitastigsbreytingar hafa ekki áhrif á efnið og er að fullu virkt í tvö ár frá framleiðsludegi. RaniRepel er hægt að nota og geyma eins og hvert annað Rani Plast rúlluplast.

Efnið sem notað er í RaniRepel er samþykkt af eftirlitsaðilum Evrópusambandsins, það uppfyllir líffræðilegar reglur og hægt er að endurvinnna það. Lausnin hefur einnig unnið til verðlauna í mörgum löndum.

**Búvís**

Akureyri · Sími 465 1332  
[www.buvís.is](http://www.buvís.is)

Greiðslukjör til haustsins.



## FRÉTTASKÝRING

# Nauðsyn er á að tryggja öryggi í millilandaflugi og enn er leitað að nýju flugvallarstæði á suðvesturhorninu: Eftir 82 ára leit og ótal skýrslur og fjárútlát er engin pólitísk lausn í sjónmáli

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Varaflugvöllur fyrir millilandafluga á suðvesturhorni landsins og millilandaflugvöllur á Suðurlandi hafa ítrekað verið í umræðunni á liðnum misserum og árum. Sitt sýnist hverjum, en frá því farþega- og flutningaflug hófst á Íslandi eftir síðari heimsstyrjöldina hafa stjórnámálmenn tekið margar ákvarðanir í þessum málum sem reynst hafa afdrifaríkar, án þess að þær hafi þó skapað almennilega lausn á málinu.

Þó nær algjör ördeyða sé í innanlands- og millilandaflugi í dag vegna COVID-19 faraldursins, þá er öllum ljóst að það vofir yfir himinhörpandi nauðsyn þess að tryggja hér á landi öruggan varaflugvöll eða varaflugvelli fyrir millilandaflugið. Það má trúlega flokka það frekar undir ótrúlega heppni frekar en eitthvað annað að ekki skuli hafa orðið alvarleg slysi í millilandafluginu vegna flugvéla sem ekki hafa getað lent í Keflavík af einhverjum orsökum. Það gætu hæglega komið upp tilvik þar sem flugvélar hafa ekki nægt eldsneyti til að fljúga til varaflugvallar í Skotlandi eða jafnvel til Egilsstaða. Eins og staðan er í dag geta líka hæglega komið upp tilvik þar sem ekki er nægjanlegt pláss á flughlöðum flugvallar á Akureyri eða á Egilsstöðum til að taka við stórum þotum sem ekki geta lent í Keflavík eða Reykjavík. Úr þessu staðavandamáli fyrir flugvélar á Akureyrarflugvelli og á Egilsstöðum á nú vonandi að fara að bæta ef marka má yfirlýsingar stjórnámálmanna.

Umræða um byggingu á nýjum millilandaflugvelli á sama tíma og þjóðin er að sigla inn í mikla efnahagslægd vegna sjúkdómsfaraldurs, kann hins vegar að sýnast mikil tímaskekkja. Trúlega gefst þó aldrei betra tækifæri en einmitt núna til að láta yfirvegaða skynsemi fremur en þrönga pólitíska hagsmuni og draumóra ráða för í mótun framtíðarstefnu í samgöngumálum þjóðarinnar.

## Vatnsmýrin eða Bessastaðanes

Íslenska ríkið á flugvöllinn í Vatnsmýrinni í Reykjavík sem mætti stækka fyrir stærri þotur en þar geta lent í dag þannig að hann nýttist sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurlugvöll. Vandinn við slíka lausn er óeining um flugvallarstæðið vegna áslæni borgaryfirvalda í landið í Vatnsmýrinni fyrir byggingar.

Vegna þessara átaka hafa menn bent á ýmsar aðrar lausnir, eins og Hólmsheiði, Löngusker, Hvassahraun og fleiri, sem flestar hafa reynst vera flugtæknilega óhagstæðari, nema ein, en það er flugvöllur á Álfanesi, eða öllu heldur á Bessastaðanesi. Sá möguleiki gæti þó farið að hverfa úr myndinni fljótleiga vegna aukinnar áskórnar í byggingarland á svæðinu en er þó enn tæknilega vel framkvæmanlegur. Hins vegar má segja að Hannibal Valdimarsson hafi stigið afdrifarikt spor gegn slíkri hugmynd á pólitískum vettvangi árið 1973 sem hefur síðan haft áhrif á allar slíkar vangaeltur. Þá var reyndar verið að tala um hugmyndir um flugvallagerð á Álfanesinu öllu en ekki eingöngu á Bessastaðanesinu næst Skerjafirði. Söguleg og tilfinningaleg rök eru þó vissulega enn til staðar gegn slíkum



Hugmynd sem Ívar Örn Guðmundsson, arkitekt hjá Nexus Arkitektastofu, setti á blað sem mögulega lausn í flugvallamálum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða tvær 2.400 metra langar flugbrautir, en til samanburðar er norður-suður braut Reykjavíkurlugvallar 1.630 metrar og austur-vestur brautin 1.350 metrar. Þessi lausn býður upp á mikið hagræði fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga bæði hvað varðar tímasparnað og styttingu vegalengda sem og bættum möguleika til flugs beint út á landsbyggðina. Flugvöllurinn yrði tengdur með jarðgöngum (punktalínun) við miðborgarsvæði Reykjavíkur og myndi léttu verulega á umferð um miklar umferðaræðar eins og Reykjanesbraut, Miklubraut og Hringbraut.

Mynd / Ivar Örn Guðmundsson



Flugflotastöð í Reykjavík 15. október 1943. Þá var flugvöllurinn sem breski flugherinn (RAF) byggði í Vatnsmýrinni á árunum 1940 til 1941 kominn undir stjórn Bandaríkjamanna og hafði bæði bandaríski flotinn og flugherinn þar aðstöðu. Ef vel er að gáð má sjá C-47 flutningavélar á stæði neðst í hægra horninu.

Mynd / U.S. Navy Seabee Museum

áformum og eiga fullan rétt á sér, en þetta svæði er samt utan friðunarmarkna.

Þarna verður einfaldlega að vege og meta afkomuhagsmuni þjóðarinnar í heild á móti mögulegum sögulegum og huglægum rökum. Búseta manna hefur alltaf haft og mun alltaf hafa áhrif á umhverfið. Ekki er til dæmis ykja langt síðan mest allt land á höfuðborgarsvæðinu voru ósnortin holt og hæðir. Þar er nú verið að brjóta land undir byggð nánast á hverjum einasta degi án þess að nokkur hreyfi þar andmælum. Meira að segja er byggt yfir kirkjugarða og fornminjar í miðri höfuðborginni þrátt fyrir öflug mótmæli.

## Fyrsta leitinn að flugvallarstæði fór fram fyrir stríð

Saga flugvallar á höfuðborgarsvæðinu er orðin býsna löng og gerði

Leifur Magnússon verkfræðingur henni ágætlega skil í stuttri grein í Morgunblaðinu 1. nóvember 2013. Þar kemur fram að fyrsta leit að flugvallarstæði hafi farið fram á vegum skipulagsnefndar Reykjavíkur á árunum 1938–1940. Í bréfi um málið til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytis til bæjarstjórnar Reykjavíkur þann 11. október 1937, fylgdi uppdráttur af flugvelli í Vatnsmýri, sem Gústaf E. Pálsson verkfræðingur hafði gert 12. september 1937. Á vegum nefndarinnar var gerð rannsókn á sjö stöðum. Það var Bessastaðanes, Flatir (austan Rauðhóls upp af Hólmi), Kapelluhraun (sunnan Hafnarfjarðar), Kringlumýri, Melar (ofan við Ártún), Sandskeið og Vatnsmýri.

Það fór þó svo að breska setuliðið sem hertók Ísland 10. maí 1940 hóf flugvallargerð í Vatnsmýrinni

í október 1940. Var sá flugvöllur síðan opnaður fyrir flugumferð 4. júní 1941.

## Leit númer tvö taldi Álfanes eða Bessastaðanes vera ákjósanlegustu kostina

Á árunum 1960 til 1971 var algert byggingarban á Álfanesi, þar sem til skoðunar voru möguleikar á að byggja flugvöll á nesinu. Önnur leitinn að flugvallarstæði fólst í störfum „Flugvallarnefndar 1965–1967“, sem Ingólfur Jónsson samgönguráðherra hafði skipað. Þá höfðu Loftleiðir þegar tekið í notkun stórar CL-44 skruflúþotur, sem ekki gátu notað Reykjavíkurlugvöll og flugu því um Keflavíkurlugvöll. Flugfélag Íslands stefndi þá að kaupum á nýrri farþegaþotu, sem þurfti helst lengri flugbraut en völ var á í Reykjavík.

Það sagan Leifs beindi nefndin augum sínum fyrst og fremst að Álfanesi, en klöfnaði í niðurstöðum sínum. Þriggja manna meirihluti nefndarinnar mælti með svonefndum „X-kosti“ á Bessastaðanesi, sem var tveggja til þriggja flugbrauta flugvöllur fyrir innanlandsflug, þar sem lengsta flugbrautin átti að vera 1.800 metrar. Tveggja manna minnihluti vildi frekar „L-kost“, sem var mun stærri flugvöllur með tveimur flugbrautum, allt að 2.700 metrum að lengd, og atlaður bæði fyrir innanlands- og millilandaflug.

Með bréfi Hannibals Valdimarssonar félagsmálaráðherra til skipulagsstjórnar ríkisins, dags. 1. júní 1973, fengu þessar hugmyndir hins vegar afgerandi endi. Í bréfinu er rakin ágreiningur um skipulagsmál, m.a. mótmæli hreppsnefndar Bessastaðahrepps við því „að flugvöllur verði staðsettur á Álfanesi“.

Bréfinu lýkur síðan með eftirfarandi ályktunarorðum:

„Í aðalskipulagi Bessastaðahrepps skal ekki gera ráð fyrir að flugvöllur kunnir að verða staðsettur í landi Bessastaða, Breiðabólstaða og Akrakots.“

Þar með var formlega aflétt fyrri hömlum á byggð á Álfanesi, sem settar höfðu verið vegna hugsanlegs flugvallar á svæðinu.

Með bréfi Zóphoníasar Pálssonar, skipulagsstjóra ríkisins, til samgönguráðuneytis, dags. 25. júní 1973, er framangreind ákvörðun félagsmálaráðherra formlega kynnt, en Hannibal var á þessum tíma bæði félagsmála- og samgönguráðherra.

## Þriðja leitinn að flugvallarstæði skilaði engri niðurstöðu

Þriðji leitarleiðingurinn að flugvallarstæði var svo gerður á vegum samráðsnefndar samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Var skilað skýrslu um málið í apríl 2007 sem nefnd var: „Reykjavíkurlugvöllur – úttekt á framtíðarstaðsetningu“. Sjö manna vinnuhópur á vegum nefndarinnar ákvað að skoða nánar eftirfarandi 13 staði, aðra en Vatnsmýri og Keflavíkurlugvöll:

Afstapahraun, Bessastaðanes, Engey, Geldinganes, Hafnarfjörður, Hólmsheiði, Hvassahraun, Löngusker, Melanes, Mosfellsheiði, Sandskeið, Selfoss og Tungubakkar.

Eftir nánari umfjöllun ákvað samráðsnefndin að þrönga valið í sjö kosti, þ.e. fjóra mismunandi kosti flugvallar í eða við Vatnsmýri, Hólmsheiði, Keflavík og Löngusker. Í niðurstöðum nefndarinnar sagði:

„Núverandi flugvöllur er á mjög góðum stað frá sjónarmiði flugsamgangna og flugrekenda.“

Rannsaka ber til hlítar möguleika á flugvallarstæðum á Hólmsheiði og Lönguskerjum með tilliti til veður-fars og flugskilyrða. „Hólmsheiði er nú talin út úr myndinni m.a. vegna nálægðar við vatnsból. Flugvöllur á Lönguskerjum er svo talin lítt fýsilegur vegna mikils kostnaðar við uppfyllingar. Einnig vegna sjóróks og seltu sem erfitt yrði að komast hjá og er slæm fyrir flugvélar.

#### Fjórða leitin að flugvallarstæði

Í fjórða sinn var gerður út leitarleiðangur að flugvallarstæði 2013 og átti honum að ljúka fyrir árslok 2014. Starfshópurinn var settur á laggirnar í október 2013 og hafði það að markmiði að skoða kosti undir flugvöll á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin, sem kölluð var „Rögnunefndin“ í höfuðið á nefndarformanninum Rögnu Árnadóttur, núverandi skrifstofustjóra Alþingis, var stýrihópur á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group. Í nefndinni sátu Ragna Árnadóttir formaður, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrir hönd ríkisins, Matthías Sveinbjörnsson fyrir hönd Icelandair og Dagur B. Eggertsson fyrir Reykjavíkurborg. Átti hópurinn að skila skýrslu fyrir áramótin 2014 en fékk frest til þess að skila plagginu þar til í júní 2015.

Var leit að flugvallarstæði gerð með hliðsjón af stefnuvirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem formennirnir kynntu 22. maí 2013 og sagði:

„Reykjavíkurlugvöllur er grundvallarþáttur í samgöngum landsins. Til þess að hann geti áfram gegnt því mikilvæga þjónustuhlutverki, sem hann hefur gert gagnvart landinu öllu, þarf að tryggja framtíðarstaðsetningu hans í nálægð við stjórn-sýslu og aðra þjónustu.“

#### Hvassahraun talið álitlegast en er á hættusvæði vegna eldgos

Könnun Rögnunefndarinnar beindist að fjórum nýjum flugvallarstæðum. Þau eru Bessastaðanes, Hólmsheiði, Hvassahraun og Löngusker. Þá skoðaði stýrihópurinn einnig breyttar útfærslur á legu flugbrauta í Vatnsmýri.

Taldi Rögnunefndin að hagkvæmast væri að byggja nýjan flugvöll í Hvassahrauni, sem er á mörkum Hafnarfjarðar og Voga. Bessastaðanesi var ýtt út af borðinu að sagt var af umhverfisástæðum.

Í umræðum vegna vaxandi möguleika á eldgosum á Reykjanesskaganum að undanförunni virðist öll skynsemisrök benda til að flugvöllur í Hvassahrauni sé endanlega út úr myndinni. Þá er Hvassahraun sagt vera á mörkum veðurskila sem oft leiðir til meiri veðursældar í og við Reykjavík en á utanverðum Reykjanesskaga. Samt eru stjórnvöld áfram að eyða verulegum peningum í að skoða Hvassahraunið og á sama tíma er stöðugt verið að þrengja að Reykjavíkurlugvelli.

#### Verða skoðanir áfram hengdar á pólitískan gaddavír eða settar í farveg skynsamlegrar umræðu?

Reyndar virðast menn oftast en ekki í umræðum um flugvallarmál í eða við Reykjavík hafa hengt sig með öflugum pappírsklemmum á pólitískan gaddavír fremur en að taka tillit til skynsemi eða þjóðhagslegrar hagkvæmni. Svo ekki sé talað um hagsmuni landsbyggðarbúa. Þess vegna hefur niðurstaðan oftast ekki verið annað en marklitið málskrúð sem búið er að eyða í hundruðum milljóna ef ekki milljörðum af mannafé.

#### Hugmyndir um Bessastaðanes

Ýmsir einstaklingar hafa þrátt fyrir allt lagt fram sínar hugmyndir, m.a. um flugvöll á Bessastaðanesi



Í hugmynd Emils Hannesar Valgeirssonar er Reykjavíkurlugvöllur einfaldlega fluttur yfir á Bessastaðanesið í nær óbreyttri mynd og virðist rúmast þar ágætlega.

### Fjarlægðir frá nokkrum þekktum flugvöllum að borgarmiðju

- Keflavíkurlugvöllur, 47 km.
- París, Charles De Gaulle, 20 km.
- París, Orly, 15 km.
- Lúxemborg 5 km.
- London, Heathrow, 10 km.
- London, City, 12 km.
- Amsterdam, Schiphol, 10 km.
- Kaupmannahöfn, Kastrup, 7 km.
- Stokkhólmur, Bromma, 6 km.
- New York, John F. Kennedy, 18 km.
- New York, LaGuardia, 12 km (6,6 km í Central Park).
- Washington, Ronald Reagan að Hvíta húsinu, 4 km.
- Boston, Logan, 3 km.
- Baltimore, International, 12 km.
- Toronto, Pearson, 18 km.
- Toronto, Billy Bishop, 2,7 km.

Heimild: Ívar Örn Guðmundsson

sem skerða ekki byggingaráform á Álftanesi. Þannig sýndi Emil Hannes Valgeirsson t.d. ágæta mynd af slíku flugvallarstæði í blogg færslu þann 20. mars 2013. Teiknaði hann inn á mynd flugvöll með þremur flugbrautum sem eru jafnlangar þeim sem eru í dag á Reykjavíkurlugvelli og með svipaðri stefnu. Þær eru allar á svæði sem enn er óbyggt og stendur ekki til að byggja á. Setti hann einnig inn vegtengingar yfir Skerjafjörð sem myndi gjörbreyta álagi á umferðaræðar til og frá miðborg Reykjavíkur með tengingu inn á Suðurgötuna í Reykjavík. Til að trufla ekki skipa- og skútuumferð gerði hann ráð fyrir göngum undir Skerjafjörð sem líklega er þó óþarft í ljósi lítillar notkunar hafnar í Kópavogi. Með þessum hugmyndum Emils þyrftu menn heldur ekki að keyra í gegnum hlaðið hjá forseta Íslands. Aðflugsleiðir sýnast vera nokkuð hagstæðar þarna því lítið er um byggð allra næst flugvöllum og ekki yrði lengur flogið yfir miðbæ Reykjavíkur.

#### Hagkvæmni flugvallar á Bessastaðanesi

Ívar Örn Guðmundsson, arkitekt hjá Nexus Arkitektastofu, hefur líka teiknað inn athyglisverðan og enn stærri flugvöll á Bessastaðanesið sem honum þótti álitlegt stæði fyrir flugvöll sem bæði gæti þjónað innanlands- og millilandaflugi. Var sú hugmynd m.a. kynnt í þætti Björns Jóns Bragasonar, Sögu & samfélagi, á Hringbraut þann 11. mars síðastliðinn.

Ívar Örn sagðist í samtali við Bændablaðið margofter hafa velt þessum málum upp og hans hugmyndir hafi m.a. verið skoðaðar af Rögnunefndinni svonefndu án þess að nokkuð frekar hafi verið gert með þær.

Ívar Örn hefur það með sér í

og margháttaða hagkvæmni sem af slíku hlýst. Hann býr sjálfur fast við Reykjavíkurlugvöll og starfar í miðborginni. Hann gest stoltur af að búa og starfa á miðborgarsvæðinu, en rekur samt uppruna sinn ekki af síðra stolti til Vestfjarða og Norðausturlands.

Hann segir flugumferðina um Reykjavíkurlugvöll ekki trufla sig á nokkurn hátt þótt hann hafi hana fyrir augunum bæði á heimili sínu og í vinnunni á hverjum einasta degi. Þá séu þotur í dag mun hljóðlátari en áður og t.d. mun hljóðlátari en gömlu Fokker Friendship flugvélar Flugfélags Íslands sem nú er hætt að nota.

Ívar Örn segist þó alls ekki vilja hengja sig á Bessastaðanesið sem ákjósanlegasta kostinn ef menn geti með rökum sýnt fram á annan þjóðhagslega betri kost. Hann bendir á að rekstrarlega sé mjög óhagkvæmt að reka Reykjavíkurlugvöll eingöngu sem innanlandsflugvöll. Hins vegar er heldur pólitískur vilji um þessar mundir til að stækka völlum þannig að hann nýttist jöfnum höndum fyrir millilandaflug.

Telur Ívar Örn að vel sé hins vegar mögulegt að byggja hagkvæman alþjóðaflugvöll á Bessastaðanesi sem nýttist jafnt til innanlandsflugs. Af eigin reynslu telur hann þó að rekstur lítilla einkaflugvéla flugáhugafólks eigi ekkert erindi inn á slíkan flugvöll. Slíki starfsemi ætti að vera hægt að finna annan samastað.

Ívar Örn miðar við tvær 2.400 metra flugbrautir sem duga myndu flestum þotum. Bendir hann á að samkvæmt hans útreikningum þá verði mun meiri fjarlægð frá flugbrautum á Bessastaðanesi í mikilvægar byggingar en nú er á Reykjavíkurlugvelli. Aðflug og fráflug yrði í flestum tilvikum yfir sjó og þyrfti sjaldnast að fara yfir byggð. Þegar fara þyrfti yfir byggð væri fjarlægð og flughæð mun meiri en nú er varðandi Reykjavíkurlugvöll.

Varðandi ferðamennsku telur hann að flugvöllur á Bessastaðanesi verði mun ákjósanlegri kostur en Keflavíkurlugvöllur. Hann yrði ekki mikið fjær höfuðborgarmiðju en helstu flugvelli í stórborgum í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar þar sem mikil áhersla er lögð á hagkvæmni af slíki nálægð. Sem

dæmi nefnir hann vegalengdir frá nokkrum alþjóðaflugvöllum að borgarmiðju:

#### Hagræði fyrir ferðamenn

Flugvöllur á Bessastaðanesi myndi að mati Ívars auka verulega líkur á að erlendir ferðamenn fljúgi beint þaðan til áfangastaða úti á landi. Ástæðan er sparnaður í tíma, vegalengdum og kostnaði. Það myndi auk þess styrkja innanlandsflugíð verulega.

Ívar Örn bendir einnig á að vesturhluti Reykjavíkur eigi nú þegar við mikinn umferðarvanda að stríða sem mætti leysa með jarðgöngum frá núverandi flugvallarstæði í Vatnsmýri. Þau löggu undir Skerjafjörð með hliðargöngum inn á Kársnes í Kópavogi, inn á Álftanes með tengingu við nýjan flugvöll á Bessastaðanesi. Síðan yrði vegtenging yfir í Hafnarfjörð og áfram suður á Reykjanessbraut.

Eflaust þætti mörgum að flugvöllur á Bessastaðanesi yrði óþægilega nálægt forsetasetrinu á Bessastöðum. Samkvæmt mælingum Ívars Arnar yrði austur-vestur braut vallarins þó í 1.480 metra fjarlægð og suður-vestur braut í 500 metra fjarlægð. Til samanburðar er Alþingishúsið í 1.060 metra fjarlægð frá Reykjavíkurlugvelli, Háskóli Íslands í 450 metra fjarlægð og ný aðalbygging Landspítalans verður í 390 metra fjarlægð frá flugbraut.

#### Reykjavíkurlugvöllur eða Bessastaðaflugvöllur?

Án efa yrði mikil tilfinningaleg togstreita um byggingu svo umfangsmikilla mannvirkja á Bessastaðanesi. Því er trúlega aldrei heppilegri tími en einmitt núna til að fara í yfirvegaða umræðu um kosti þess og galla að setja þar niður flugvöll. Aðrir kostir á suðvesturhorninu virðast allir vera verri, nema þá að fara í breytingar og stækkun á núverandi Reykjavíkurlugvelli.

Um þetta verða menn að ná niðurstöðu, eða að flytja stjórn-sýsluna og ýmsa bráðþjónustu að verulegu leyti til Keflavíkur og byggja mögulega upp varaflugvöll í Arnessýslu. Höfuðborg án öflugra samgöngutenginga við landið allt og umheiminn er engin höfuðborg.

## FRÉTTASKÝRING

Flugvöllurinn Geitamelur á Geitasandi austan við Helli var ekki verk breska flughersins:

# Byggður upp af fimm flugáhugamönnum og fjölskyldum þeirra fyrir um 30 árum

– Lengsta brautin var upphaflega nær 3.000 metrar eða nærri því eins löng og flugbrautirnar á Keflavíkflugvelli

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Í byrjun ferbúar var umfjöllun í Bændablaðinu um flugvelli á Suðurlandi. Þar var rætt um mögulega nýja millilandaflugvelli á Suðurlandsundirlendinu. Þar á meðal voru vangaveltur um risastóran flugvöll sem sést úr gervihnöttum en er hvergi skráður og fáir virðast vita af.

Í greininni var leitt líkum að því að flugvöllur á Geitasandi austan við Helli hafi upphaflega verið gerður af breska flughernum sem vitað er að vann að flugvallargerð á þeim slóðum í heimsstyrjöldinni síðari.

Flugvöllur gerður að frumkvæði fimm einstaklinga

Við upplýsingaöflun vegna þessa flugvallar var fátta um svör, en eftir útkomu blaðsins 19. mars kom í ljós að þessi risastóri flugvöllur var alls ekki verk Bretana, heldur var hann gerður fyrir um 30 árum að frumkvæði fimm íslenskra einstaklinga og áhugamanna um flug. Þessi mannvirkjagerð hefur þó ekki farið hátt og á tiltölulega fárra vitorði, auk þess sem framkvæmdamennirnir hafa ekkert verið að flagga þessu verkefni. Þeir voru hins vegar tilbúnir að upplýsa lesendur Bændablaðsins um þessi afrek sín.

Árið 1990 tóku nokkrir svifflug-áhugamenn land á leigu af Landgræðslunni í Gunnarsholti. Nánar tiltekið á Geitasandi á Rangárvöllum. Þetta voru þeir Baldur Jónsson, múrari og flugmaður, Garðar Gíslason tannlæknir, Gunnar Arthursson, flugmaður og fyrverandi flugstjóri, Marvin Friðriksson flugvirki og Sigurður Benediktsson, verkfræðingur og áhugaflugmaður, sem lést 2002.



Landgræðsluflugvél Páll Sveinsson á Geitamelsflugvelli á Geitasandi. Á innfelli myndinni er landgræðsluvél í lágflugi yfir svæðið undir stjórn Gunnars Arthurssonar.

Mynd / Gunnar Arthursson  
Mynd / Guðrún M. Halldórsdóttir



Flugvöllurinn sem fimmmenningarnir gerðu á Geitasandi sést vel úr gervihnöttum.

Landið var bara grjót og melar

Baldur Jónsson er múrarmeistari, flugmaður og landspekkur svifflug-

maður. Hann segir svo frá fyrir hönd félaga sinna:

„Landið var bara grjót og melar og ljóst að ekki væri hægt að koma upp flugbrautum nema með mikilli vinnu þar sem handaflíð eitt nýttist. Byrjað var á grjóttínslu og síðan borið á og sáð grasfræi. Vinna við fyrstu brautina tók allt fyrsta sumarið. Samhliða hófst bygging vélageymslu. Næstu ár á eftir var unnið í að fjölga brautum og eru þær nú fjórar fyrir utan akstursbrautir.“

Samtals 8 km af brautum og sú lengsta nær 3 kílómetrar

„Þegar best lét voru brautirnar samtals um 8 km og lengsta brautin var í upphafi tæpir 3 km. Ekki hafa komið fram nein merki eða vísendingar um að áður hafi verið flugbraut á þessu svæði.“

Völlurinn er mikið notaður af áhugafólki um flug. Brautum er vel við haldið, þó aðeins hafi dregið úr viðhaldi lengstu brautanna á síðustu árum.

Á hverju ári er borið á og valtað og slegið eftir þörfum. Trjárækt hefur verið reynd á svæðinu frá upphafi, aðallega birki. Hún fór hægt af stað enda jarðvegur mjög snauður. Hún hefur þó tekið við sér síðustu árin og eru leiguhafar þátttakendur í Hekluskóga-verkefninu

Þetta hefði aldrei tekist nema fyrir samheldni og elju leigutaka, fjölskyldna og vina að ógleymdum stuðningi og hvatningu Landgræðslunnar,“ segir Baldur Jónsson. Hann sagði í samtali við Bændablaðið að hann hafi vitað af ætlun Bretana að koma upp flugvelli fyrir herflugvélar á þessum slóðum. Sjálfur hafi hann leitað að þessum



Ein af mörgum grjóthrúgum sem tínd var úr flugvallarstöðinu.



Unnið við að setja niður trjáplöntur við flugvöllinn.



Svifflugan TF-STD á Geitamelsflugvelli.

flugvelli af landi og úr lofti árum saman en ekki fundið lengi vel. Nú telur hann sig vita að flugvöllurinn sé skammt norðan við þjóðveginn sem liggur ofan við Hótel Rangá. Aldrei mun hafa verið lokið við flugvallargerðina af hálfu RAF, flughers bresku krúnunnar, m.a. þar sem erfitt var um aðdrætti vegna hafnleysis á Suðurlandi. Þá varð mannvirkið mun umfangsminna en það sem íslensku félagarnir

fimm gerðu í kyrrþey með sínum fjölskyldum og vinum og er nú sýnilegt úr gervihnöttum.

Flugvöllur fimmmenninganna á Geitasandi, eða Geitamel eins og þeir kalla svæðið, hefur, eins og Baldur segir, mikið verið notaður af áhugaflugmönnum, ekki síst í svifflugi. Þá hefur landgræðsluflugvélinni Páli Sveinssyni verið lent þar vandræðalaust enda hafði hún þar nóg pláss til að athafna sig.

## VARÚÐ!

**HANDPVOTTUR OG HANDSPRITTUR**  
Endurtakið hvert atriði vandlega fimm sinnum eða oftar!  
**HAND WASHING - HAND HYGIENE**  
Repeat each step of the hand washing procedure at least five times!

**HÖLDUM FJARLÆGÐ**

2m

**HAND WASHING - HAND HYGIENE**  
Repeat each step of the hand washing procedure at least five times!

**framleiðum öryggis- og varúðarmerkingar**

**SB SKILTAGERÐ**  
merkingar - laserskurður - fræsingar

Porlákshöfn - Sími 483 1955 - [www.sbskilti.is](http://www.sbskilti.is)



# Gróðurhúsaplast fyrir íslenskar aðstæður

Ylplast / Gróðurhúsaplast eru margra laga plastplötur úr polycarbonate, með gott einangrunargildi. Plötur henta mjög vel fyrir stórar og smáar byggingar.


Þykktir á lager eru 6, 10 og 16 mm, í glæru og hvítlituðu (opallitað). Hægt að útvega aðrar þykktir og liti.

Selt í heilum plötum, og einnig niðurskorið að þínum þörfum.

Að auki bjóðum upp á alla fylgihluti fyrir uppsetningu, svo sem gúmflista állista, dropalista, öndunartape og áltape.

Þekking, reynsla, þjónusta.

Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Fást í síma 587 6677.



Fást ehf

Köllunarklettsvegi 4,  
104 Reykjavík

Sími:  
587 6677

Netfang:  
fast@fast.is



www.fast.is

## SMÁHÝSI - 40 M<sup>2</sup> - 100 M<sup>2</sup>

NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND

5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.400.000 KR. M/VSK.  
5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.800.000 KR. M/VSK.

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m<sup>2</sup>. Vegg hæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.



EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

## GRÓÐURHÚS

Tryggðu þér gróðurhús í sumar!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

**BK HÖNNUN**  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR  
sala@bkhonnun.is  
SÍMI  
865-9277  
VEFFANG  
www.bkhonnun.is

### Vortilboð út mai:

Steinn og sökkull, grátt granít  
Grafskrift og skrautmynd (efst)

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi  
Frí sending um allt land

**STEINSMÍÐJA  
AKUREYRAR**

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is  
minnismerki.is

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:  
Sett eins og á mynd : 445.000  
Sett án blómaramma : 345.000  
Steinn : 245.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:  
Sett eins og á mynd : 530.000  
Sett án blómaramma : 430.000  
Steinn : 330.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:  
Sett eins og á mynd : 295.000  
Steinn án aukahluta : 199.000



nr 113

Tilboð 4  
113 eða 111

Verð:  
Sett eins og á mynd : 180.000  
Steinn án aukahluta : 140.000



nr 111

# Nýtt kynbótamat í hrossarækt

**Þorvaldur Kristjánsson**  
ábyrgðarmaður í  
hrossarækt  
thk@rml.is



**Elsa Albertsdóttir**  
Erfða- og kynbótafræði  
Fjármála- og tæknisvið  
elsa@rml.is



Unnið hefur verið að þróun kynbótamats hrossa að undanförunu. Það er tölvudeild Bændasamtaka Íslands sem hefur haft þetta verkefni á sinni könnu undir stjórn Elsu Albertsdóttur og fékk Þorvald Árnason til liðs við sig nú á haustmánuðum. Búið er að skipuleggja verkefnið út árið og ákveðið að koma fram með ákveðnar breytingar núna og svo endanlega í haust.

Þessar nýjungar eru afar spennandi þar sem þær fela í sér auknar upplýsingar til handa ræktendum. Einnig nýtir kynbótamatinn sér nú enn meira af upplýsingum um hvern grip og leiðir þar af leiðandi til réttara mats og raunhæfari röðunar á afkvæmahrossum.

Þær endurbætur sem koma fram í nýju kynbótamati, sem hefur verið birt í WorldFeng, eru margvíslegar og verða kynntar í þessum pistli. Þær eru:

- Nýtt kynbótamat er byggt á nýjum vægisstuðlum eiginleikanna
- Kynbótamat fyrir hægt stökk
- Mæting til dóms – hlutfall sýndra dætra hefur áhrif á kynbótamat afkvæmahrossa



Gáska frá Álfrólum er dæmi um afkvæmahryssu sem breytist mikið í kynbótamatinu. Hún var með 106 stig en er nú með 112 stig í aðaleinkunn og 120 stig í aðaleinkunn án skeiðs. Enda búið að sýna mikið af góðum hrossum undan henni, ekki síst hvað tólt og klárgang varðar og er á leiðinni í heiðursverðlaun fyrir afkvæmi byggt á aðaleinkunn án skeiðs.

Mynd / Jens Einarsson

- Endurbót á kynbótamati fyrir skeið
- Kynbótamat á aðaleinkunn án skeiðs
- Afkvæmaverðlaun – afkvæmahross einnig verðlaunuð á grundvelli aðaleinkunnar án skeiðs.
- Eins og kunnugt er voru samþykktir, á aðalfundi FEIF nú í vetur, nýir vægisstuðlar eiginleikanna í aðaleinkunn og byggir nýtt kynbótamat á þeim. Nýir vægisstuðlar hafa verið kynntir og greinar og efni



Sveinn-Hervar frá Þúfa í Landeyjum er dæmi um hest sem er á leiðinni í heiðursverðlaun fyrir afkvæmi byggt á aðaleinkunn án skeiðs. Sú nýjung eykur á fjölbreytileika þeirra dýrmætu hestgerða sem hljóta afkvæmaverðlaun.

Mynd/Jens Einarsson

Þessu tengt þegar aðgengilegt á vef RML, rml.is.

## Kynbótamat fyrir hægt stökk

Í nýju kynbótamati er komið sérstakt mat fyrir hægt stökk sem hefur vantað hingað til. Þetta var nauðsynlegt að gera, ekki síst vegna þess að nú er búið að skilgreina hægt stökk sem sér eiginleika. Hægt stökk og hægt tólt eru meðhöndluð sem tengdir eiginleikar í nýja kynbótamatinu. Það þýðir að notaðar eru upplýsingar um erfða- og sviparsfylgni þessara eiginleika við aðrar eiginleika þegar kynbótamat er reiknað. Hægt tólt hefur hingað til verið meðhöndlað sem stakur eiginleiki.

## Mæting til dóms

Búið er að bæta við eiginleika sem

## Afkvæmaverðlaun

Þessar breytingar í kynbótamatinu kalla ekki á breytingar á verðlaunastigum stóðhesta fyrir landsmót. Þau eru nú 118 stig og 15 dæmd afkvæmi til fyrstu verðlauna og 118 stig og 50 dæmd afkvæmi til heiðursverðlauna. Þegar fjöldi og hlutfall hesta úr hverjum árgangi er skoðað frá 1980 má sjá að þetta eru að meðaltali um 3 hestar úr hverjum árgangi sem hafa hlotið fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi (einn til tíu) eða að meðaltali 0.6%. Þetta eru yfirleitt á bilinu 2-4 hestar úr hverjum árgangi, oftast þrír.

Nokkrir árgangar skera sig þó úr með fjölda en það eru árgangarnir 1984 og 1999 með fimm hesta og 2007 árgangurinn með tíu hesta. 2007 árgangurinn er raunar alveg sérstæður en 1.3% hestanna úr þeim árgangi hafa hlotið fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi. Þegar fjöldi og hlutfall þeirra hesta sem hafa hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi úr hverjum árgangi frá 1980 er skoðað er fjöldinn frá 0 til 4. Að meðaltali rétt rúmlega einn hestur úr hverjum árgangi. Hlutfall heiðursverðlaunahesta úr hverjum árgangi er þannig að meðaltali 0.2%.

Fjöldi og hlutfall hesta sem hljóta afkvæmaverðlaun úr hverjum árgangi virðist ekki breytast að ráði við þessar breytingar í kynbótamatinu og því hægt að halda sig við 118 stig til fyrstu- og heiðursverðlauna. Það sama á við hryssur með að lágmarki 116 stig og fimm dæmd afkvæmi. Sú verðmæta breyting verður á verðlaunastigunum að nú verður bæði horft til kynbótamats fyrir aðaleinkunn og einnig til aðaleinkunnar án skeiðs. Þannig getur

t.d. stóðhestur sem er með 118 stig eða meira í aðaleinkunn án skeiðs einnig hlotið afkvæmaverðlaun. Þetta mun auka á fjölbreytileika þeirra dýrmætu hestgerða sem hljóta afkvæmaverðlaun og er afar jákvæð og verðmæt breyting.

Hvað varðar afkvæmaverðlaun stóðhesta er einnig breyting að ekki er lengur krafa að hesturinn sé sýndur með afkvæmum á stórmóti (lands- eða fjórðungsmóti) til að hljóta verðlaunin. Á aðalfundi FEIF 2018 voru settar alþjóðlegar reglur um hvaða verðlaunastig afkvæmahrossa í öllum löndum FEIF birtast í WorldFeng og var miðað við reglur Íslands um verðlaunastig fyrir afkvæmahross. Hvað stóðhestana varðar eru nú sömu viðmið alls staðar í FEIF löndunum; 118 stig og 15 dæmd afkvæmi til fyrstu verðlauna og 118 stig og 50 dæmd afkvæmi til heiðursverðlauna. Eini munurinn var að ekki eru gerðar kröfur erlendis um að stóðhestarnar séu sýndir með afkvæmum á stórmótum til að hljóta verðlaunin eins og gert hefur verið hér á landi. Það þótti ekki raunhæft að gera þá kröfu erlendis þar sem afkvæmi hestanna gætu verið í fleiri en einu landi og því afar erfitt að koma afkvæmasýningu við. Sýning afkvæmahesta með afkvæmum á stórmótum er því valkvæð. Þegar stóðhesturinn nær fyrrgreindum verðlaunastigum fara upplýsingarnar inn í WorldFeng og eigandinn getur ákveðið sjálfur hvort hann stillir upp hópi afkvæma á Lands- eða Fjórðungsmótum. Að mæta með hóp á stórmót verður engu að síður skilyrði verðlauna og verður t.d. handhafi Sleipnisbikarsins að mæta með hóp á stórmót.



Skýr frá Skálakoti stendur efstur í kynbótamati á aðaleinkunn með 128 stig af stóðhestum sem eiga 30 til 49 dæmd afkvæmi.

Þetta er verðmæt viðbót þar sem þessi mætingar-eiginleiki hefur háa erfðafylgni við þá eiginleika sem eru innifaldir í ræktunarmarkmiðinu og eru metnir á kynbótasýningum. Þetta hlutfall sýndra hrossa í frændgarði hvers hests segir því mikið til um kynbótageildi hans og má segja kynfestu

Stóðhestar sem eiga 30 eða fleiri dæmd afkvæmi og eru á leiðinni í heiðursverðlaun fyrir afkvæmi (á Íslandi) byggt á kynbótamati á aðaleinkunn og/eða aðaleinkunn án skeiðs				
Nafn	Uppruni	Aðaleinkunn	Aðaleinkunn án skeiðs	Dæmd afkvæmi
Skýr	Skálakoti	128	125	30
Hrannar	Flugumýri II	125	122	32
Óskasteinn	Íbishól	122	113	45
Kjerúlf	Kollaleira	119	123	40
Loki	Selfoss	118	127	42
Sveinn-Hervar	Þúfa í Landeyjum	110	120	122

Breytingar í kynbótamati á öllum hrossum fæddum 2000 og síðar	
	Meðal breyting
Ódæmd hross	-7,7
Hross með fullnaðardóm	0,4
Afkvæmahestar með minnst 30% mætingarhlutfall*	-0,7
Afkvæmahestar með 20% mætingarhlutfall* eða lægra	-5,3
Afkvæmhryssur með 5 eða fleiri dæmd afkvæmi	3
Afkvæmahryssur með 0% mætingarhlutfall*	-7,4

\*Mætingarhlutfallið byggir á dætrum, 6 vetra og eldri.




## AMMANN JARÐVEGSPJÖPPUR Í MIKLU ÚRVALI GÆÐI SEM ENDAST

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is





hans í því að skila jöfnum gæðum til afkvæma sinna. Hvað afkvæmi hrossa varðar mun þetta fyrsta kastíð bara ná til dætra þar sem svo lágt hlutfall hesta mætir til dóms. Þá munu allar dætur sem mæta til dóms hafa jákvæð áhrif á kynbótamat foreldranna en neikvæðu áhrifin (af því að dóttirin er ósýnd) mun fyrst hafa áhrif þegar dóttirin er orðin sex vetra eða eldri. Því mun það ekki hafa neikvæð áhrif þótt ekki sé búið að sýna dæturnar 4 eða 5 vetra. Þetta mun leiða til raunhæfari röðunar á afkvæmahrossum í framtíðinni þar sem upplýsingar frá afkvæmum hafa nú í raun meiri áhrif á kynbótamatið.

#### Kynbótamat fyrir skeið

Uppgötvun á skeiðgeninu kallar á breytingar á kynbótamati fyrir skeið. Arfhreinleiki fyrir skeiðgeninu (AA arfgerðin) er forsenda fyrir skeiðgetu af einhverju tagi. Hross sem eru arfblendin fyrir skeiðgeninu (CA hross) eða arfhrein CC hross geta því ekki skeiðað og þess vegna er talið rétt að meðhöndla einkunnina 5.0 fyrir skeið hjá þessum hrossum sem vöntun á upplýsingum. Þá er kynbóttagildi þeirra fyrir skeið metið út frá upplýsingum frá foreldrum/forfedrum, afkvæmum þeirra og upplýsingum um aðra eiginleika sem hafa tengsl við skeið. Þetta mun einungis ná til hrossa sem eru arfgerðargreind með CA eða CC arfgerð.

#### Kynbótamat á aðaleinkunn án skeiðs

Eins og kynnt hefur verið þá munu í vor verða reiknaðar tvær aðaleinkunnir fyrir hvert hross sem hlýtur fullnaðardóm á kynbótasýningum. Auk aðaleinkunnar eins og hún er reiknuð í dag verður reiknuð sérstaklega aðaleinkunn án skeiðs þar sem vægi skeiðs er tekið úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega út á aðra eiginleika hæfileikanna. Þetta verður gert fyrir öll hross, hvort sem þau búa yfir fjórum eða fimm gangtegundum. Þetta býður upp á afar áhugaverðan samanburð á milli hrossa. Í framhaldi af þessu var ákveðið að meta einnig kynbóttagildi fyrir þessa nýju aðaleinkunn; þannig verður birt kynbótamat fyrir bæði hæfileika og aðaleinkunn án skeiðs.

#### Breytingarnar

Breytingar á vægisstuðlum eiginleika og viðbót nýrra eiginleika mun hafa þau áhrif á niðurstöðu kynbótamats að hliðrun verður niður á en meðal breyting á öllum hrossum er lækkan um 8 stig. Þetta gerðist einnig árið 2004 þegar alþjóðlega kynbótamatið var kynnt til sögunnar. En það sem gerist einnig núna er að dreifni (teygni) skalans eykst heldur, þar sem mörg efstu hrossin hækka og lægstu hrossin lækka. Þetta er þó afar misjafnt á milli hrossa og einnig hvaða áhrif þessar nýjungar í kynbótamatinu hafa á hvert hross. Breytingarnar eru t.d. háðar aldri en vegna erfðafráfarana eru elstu hrossin að lækka mest og einnig þau sem hafa lágt mætingarhlutfall til dóms; eru ekki sýnd sjálf og fá hross í frændgarðinum. Þá eru efstu hrossin í kynbótamatinu að lækka minnst og mörg þeirra hækka að sjálfsögðu einnig. Í töflunni hérna fyrir neðan eru teknar saman meðalbreytingar í mismunandi hópum hrossa.

#### Kynbótamat byggt á keppnisgögnum

Þá mun í haust verða birt kynbótamat byggt á keppnisgögnum en það hefur verið í undirbúningi lengi og tímabært að láta verða af því á þessu ári. Stefnan er að leggja mat á og birta í WorldFeng kynbótamat fyrir eiginleika sem lýsa frammistöðu í fjórgangs- og fimmgangsgreinum og einnig kynbótamat sem lýsir keppnishæfni í tölti og skeiðgreinum. Við þessar viðbótarupplýsingar fæst mat á herra hlutfall hesta og því mun þá

Stóðhestar með 4-15 dæmd afkvæmi (á lífi og staddir á Íslandi) og eru með 118 stig eða herra í kynbótamati á aðaleinkunn og/eða aðaleinkunn án skeiðs

Nafn	Uppruni	Aðaleinkunn	Aðaleinkunn án skeiðs	Dæmd afkvæmi
Ölnir	Akranes	127	122	4
Konsert	Hof	127	122	4
Knár	Ytra-Vallholt	124	115	9
Dagur	Hjarðartún	123	123	4
Skaginn	Skipaskagi	122	116	8
Ársæll	Hemla II	119	114	9
Sólbjartur	Flekkudalur	118	115	8
Kórall	Lækjarbotnar	118	114	5
Lord	Vatnsleysa	117	118	8
Hreyfill	Vorsabæ II	115	126	6
Vákur	Vatnsendi	113	123	4

verða hægt að byggja kynbótamat á mætingu til dóms á báðum kynjum (sjá að ofan). Þessi viðbót mun auka öryggi hins hefðbundna kynbótamats

vegna þess að þeir eiginleikar sem lagt er mat á í kynbótadómum, og eru grunnur hins hefðbundna kynbótamats, hafa í flestum tilvikum háa



Spuni frá Vesturkoti stendur efstur í kynbótamati á aðaleinkunn með 130 stig af stóðhestum sem eiga 50 eða fleiri dæmd afkvæmi.

erfðafylgni við keppniseiginleikana. Ennfremur nýtast þá upplýsingar um

mun fleiri hross sem aldrei koma til kynbótadóms.

**HAUKUR ÞRÁSTARSON**  
LANDSLÍDSMAÐUR Í HANDBOLTA

PRÓTEIN  
KALK  
JÓÐ  
B+D VÍTAMÍN

**MJÓLKIN GEFUR STYRK**

Öll sækjum við styrk í það sem byggir okkur upp og heldur með okkur alla leið. Mjólk er góður kalkgjafi en kalk er nauðsynlegt fyrir eðlilegan vöxt og viðhald beina og tanna. Þú sérð hvernig mjólkín styrkir þig á mjólk.is



Þak skálans fauk af að hluta og viðkvæmar plöntur skemmdust.

Mynd / Guðríður Helgadóttir

## Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi: Miklar skemmdir í óveðri

Talsverðar skemmdir urðu á garðskála Garðyrkjuskólans á Reykjum í óveðrinu sem gekk yfir landið helgina fyrir páska. Þak skálans fauk af að hluta og hætt er við að viðkvæmar plöntur hafi skemmdust.

Guðríður Helgadóttir, starfsmenntanámstjóri Garðyrkjuskólans á Reykjum, segir að skemmdir á þaki gróðurkálans, sem er miðja skólans, séu miklar. „Skemmdirnar eru meiri en við höfum séð í svona foki áður, ekki síst vegna þess að við höfum ekki lent í þessu á þessum tíma áður.“

„Í skálanum er mikið af viðkvæmum plöntum, eins og plómur, ferskjur og eplatré og annars konar gróður sem er í blóma núna og því viðkvæmur og gæti hafa skemmdust vegna kulda,“ segir Guðríður.

Eftir óveðrið kom rigning og hláka og vonandi hefur það bjargað eitthvað af gróðrinum.

„Meðal þess sem skemmdist er plastveggur sem snýr að matsal skólans en hann fauk inn og hangir niður og inn í skálan.“

Guðríður segir að plastið í skálanum sé hálfgerður bútasamur og beri þess merki að bætt hafi verið í skemmdir eftir þörfum. „Hugmyndin var að fara í framkvæmdir við þakið nú í vor en eftir margra ára baráttu við að fá fjármagn í verkið fékkst loksins fjármagn fyrir um þremur árum síðan. Skemmdirnar núna eru það miklar að nú erum við að skoða það að flýta endurbyggingu skálans, í stað þess að fara í enn einn bútasaminn.“

Einnig urðu talsverðar skemmdir á blómaskeytingastofu skólans vegna þess að hurðin að henni fauk upp og snjó skóf inn.

Mig minnir að þegar fauk hjá okkur fyrir jóli hafi reikningurinn verið rúmar tvær milljónir og áætla má að viðgerðir á núverandi skemmdum gætu kostað á bilinu 5 til 6 milljónir króna. Það er því vonandi hægt að fara bara strax í fyrirhugaða endurbyggingu,“ segir Guðríður Helgadóttir hjá Garðyrkjuskólanum. /VH



Mynd tekin frá Vallholti í Fljótsdal.

Mynd / Brynjar Darrí Sigurðarson Kjerúlf

# Samfélagssjóður Fljótsdals til stuðnings við nýsköpun

– Tækifæri til atvinnusköpunar í landbúnaði

Á vegum Fljótsdalshepps hefur verið stofnað til verkefnasjóðs til stuðnings nýsköpun, menningu og atvinnuskapandi verkefnum í Fljótsdal, undir nafninu Samfélagssjóður Fljótsdals.

Sjóðurinn á rætur í samfélagsverkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal, sem stofnað var til með samfélagsþingi síðastliðið vor.

*Ferðapjónusta, sauðfjárrækt og skógrækt*

Helstu atvinnugreinar Fljótsdals eru iðnaður er tengist Fljótsdalsstöð, ferðapjónusta en tugþúsundir ferðamanna og útivistarfólks heimsækja dalinn á hverju ári. Sauðfjárrækt er megingrein landbúnaðar og búin nokkuð mörg þar, en auk kjötframleiðslu eru unnar afurðir úr sauðamjólk. Þá er úrvinnsla úr skógarafurðum vaxandi grein á svæðinu.

Styrkirnar eru opnar fyrir alla einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir sem vilja byggja upp Fljótsdalinn og styðja við þá starfsemi sem þar er. Við fyrstu úthlutun sjóðsins verður allt að 12 milljónum króna veitt í styrki og er umsóknarfrestur til miðnættis 30. apríl 2020.

*Verkefni tengdum búskap vænleg*

Það er Ásdís Helga Bjarnadóttir sem heldur utan um starfsemi sjóðsins, en hún starfar sem verkefnastjóri hjá Austurbrú um Fljótsdalsheppur samdi við Austurbrú um stjórn verkefnisins til tveggja ára. „Öll verkefni sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og eflta geta atvinnu, nýsköpun, velferð og menningu eru vel þegin. Á samfélagsþingi sem haldið var vorið 2019 voru það einmitt verkefni sem tengjast búskap sem skoruðu hvað hæst. Í því samhengi var m.a. talað um betri og fjölbreyttari nýtingu sauðfjárafurða og verið þá að horfa til alls sem fellur til í þeim búskap ásamt mögulega samspili við ferðapjónustuna. Einnig var tíðrætt um akuryrkjuna til fódurs, matvæla, fæðubótarefna og til hráefnisframleiðslu hvers konar,“ segir Ásdís Helga þegar hún er spurð um hvort þarna væru tækifæri í akuryrkju eða annars konar landbúnaði.

„Verkefni tengd skóginum komu líka til tals enda svæðið með fyrstu



Ásdís Helga Bjarnadóttir er verkefnisstjóri fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals.

bændaskógræktarsvæðum á landinu samanber Fljótsdalsáætlunina sem hófst fyrir um 50 árum síðan. Fljótsdalurinn er almennt mjög heppilegt svæði fyrir landbúnað og margs konar ræktun enda veðursældin með eindæmum. Á svæðinu liggja því ýmis tækifæri, ekki bara fyrir bændur og ferðapjónustuaðila heldur einnig ýmsa frumkvöðla sem hafa áhuga á að nýta það fjölbreytta hráefni sem bæði finnst í dalnum sem og má rækta með samstarfi við landeigendur. Svo má líka nefna þann möguleika að ágætis aðstaða er fyrir einstaklinga að sinna fjarvinnslu frá Fljótsdal sem gefur tækifæri á tímabundinni dvöl og þá möguleika á að framkvæma ýmis verkefni, miðla fræðslu eða standa fyrir viðburðum,“ bætir Ásdís Helga við, en margir kunna að þekkja til starfa hennar fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem hún var um árabil.

*Austurbrú vinnur að hagsmunamálum Austurlands*

„Ég er fædd og uppalin á Hvanneyri, fór þar í gegnum öll skólastigin og starfaði líklega í ein 20 ár við Landbúnaðarháskólann þannig að það var kominn tími til að sjá og upplifa eitthvað nýtt. Ég hafði verið í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, sem heitir nú Hallormsstaðaskóli,

fyrir allmörgum árum og leið þar vel í skóginum og því horfði ég fyrst og fremst þangað. Til að byrja með fékk ég starf við búfjárefurlit hjá Matvælastofnun og ferðaðist um allt Austurland, frá Órafasveit til Vopnafjarðar, frábær tími. Þaðan fór ég til Umhverfisstofnunar í veiði- og verndarteymi og hélt utan um ýmis námskeið fyrir veiðimenn og leiðsögumenn á hreindýraveiðum. Virkilega fróðlegt og skemmtilegt. Svo í haust sá ég auglýsingu um þetta verkefni, Fögur framtíð í Fljótsdal, sem lét mig ekki í friði fyrir en ég sótti um og var svo heppin að fá. Ég er ráðin af Austurbrú sem verkefnastjóri, en Fljótsdalsheppur samdi við Austurbrú um stjórn þessa áttaksverkefnis til tveggja ára. Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem vinnur að hagsmunamálum Austurlands og veitir þverfaglega þjónustu og ráðgjöf tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú kemur því að fjölmörgum verkefnum með tengingu við ríkisvaldið, sveitarstjórnarstigið, fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga.

Starfsstöðvar Austurbrúar eru víða, það er á Djúpavogi, Reyðarfirði, í Neskaupstað, á Seyðisfirði, Vopnafirði og svo er starfsmaður á Borgarfirði eystri sem leiðir þar verkefnið Betri Borgarfjörður sem er Brothættra byggða-verkefni á vegum Bygðastofnunar. Það verkefni sem ég stjórnar er svipað uppbyggt eins og brothætta byggðaverkefni. Unnið er með hugmyndir íbúanna, reynt að ramma þær inn í raunhæf verkefni og þeim svo fylgt eftir. Nú þegar samhliða er til verkefnasjóður geta einstaklingar, félög og lögaðilar sótt um til að framkvæma verkefni. Ég sem verkefnastjóri er þá líka til staðar til að veita upplýsingar, tengja aðila saman, veita ráð og aðstoða með öllum tiltækum ráðum með það að markmiði að stuðla að jákvæðari samfélagsþróun og/eða til eflingar atvinnulífs í Fljótsdal. Sem verkefnastjóri vinn ég líka náið með skipaðri samfélagsnefnd og fylgi eftir þeim áherslum og verkefnum sem hún vill leggja upp með hverju sinni. Virkilega fjölbreytt og skemmtilegt starf með ákveðnum áskorunum sem gaman er að takast á við,“ segir Ásdís Helga. /smh



## GARÐYRKJU-STJÓRI

Laust er til umsóknar starf garðyrkjustjóra við Landbúnaðarháskóla Íslands

Garðyrkjustjóri Landbúnaðarháskóla Íslands hefur umsjón með uppbyggingu og umhirdu útisvæða skólans á öllum starfsstöðvum hans og kennir á sínu fagsviði við skólann. Hann hefur faglegan metnað til þess að útisvæði skólans séu til fyrirmyndar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til nemenda.

Gert er ráð fyrir að um fullt starf sé að ræða.

### HELSTU VERKEFNI

- » Umsjón og uppbygging útisvæða Landbúnaðarháskóla Íslands
- » Kennsla og verkleg þjálfun nemenda
- » Þátttaka í þróun og gerð kennsluefnis
- » Þátttaka í mótun rannsóknaverkefna á sínu fagsviði
- » Umsjón með vélum og tækjum skólans og viðhaldi þeirra í samstarfi við aðra starfsmenn

### ÆSKILEGAR HÆFNISKRÖFUR

- » Menntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla af umhirdu grænna svæða
- » Reynsla af verkstjórn og/eða verkefnastjórnun
- » Vinnuvélapróf og reynsla af notkun og viðhaldi vinnuvéla
- » Reynsla af kennslu
- » Heiðarleiki og traust í mannlegum samskiptum og nákvæmni í vinnubrögðum

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurlöðum.

### Nánari upplýsingar veitir

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, [guðmunda@lbhi.is](mailto:guðmunda@lbhi.is) sími 433-5000 og á heimasíðu skólans [www.lbhi.is/storf](http://www.lbhi.is/storf)

Umsóknarfrestur er til 8. maí 2020

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.



## EYLÍF HEILSUVÖRUR BÝÐUR UPP Á TVÆR NÝJAR VÖRUR, Active JOINTS og Stronger BONES

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum,  
Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni  
Ókeypis heimsending af [www.eylif.is](http://www.eylif.is)

### Active JOINTS og Stronger BONES

Bætir heilsuna, liðina, styrkir beinin og eru góð fyrir meltinguna. Vörurnar eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum, framleiðslan er á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir er að baki öllum hráefnunum.

Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreina íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri liðum, því með sveigjanlegri líkama erum við færari til að takast á verkefni í dagsins önn.



GUÐRÚN SIGRÍÐUR

### Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni

Ég byrjaði fyrir þremur mánuðum að taka inn Active JOINTS en ég var búin að prófa ýmis fæðubótaefni fyrir liði vegna eymsla í hnjám. Eftir einn mánuð, fór ég að finna fyrir meiri orku, minni eymslum í hjánum og minni vöðvabólgu í háls og herðum. Eftir tveggja mánaða inntöku varð óvart hlé á inntöku í 2 vikur og fann ég þá hversu gott Active JOINTS hafði gert mér, því ég fór að finna aftur fyrir miklum eymslum í hjánum og vöðvabólgu í hálsi og herðum var fljót að gera vart við sig. Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mæli heilshugar með Active JOINTS.

Stronger BONES inniheldur uppbyggjandi næringarefni, en margra ára rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif þeirra á beinauppbyggingu. Það hefur fyrst og fremst áhrif á styrkingu beina en húð, liðir, neglur og meltingin njóta líka góðs af. Stronger BONES inniheldur eingöngu íslensk hráefni með staðfesta verkun. Kalkþörungar, GeoSilica, C, D3 vítamín ásamt sinki og mangan.



STEFÁN INGI

### Það besta sem reyndist mér í hjólaferðinni

Í mars 2019 kynntist ég Active JOINTS og byrjaði að nota það til að finna bót á leiðum hnékvilla. Þegar ég var búinn að taka Active JOINTS í nokkurn tíma fóru óþægindi að minnka og voru nánast farin þegar ég fór í hjólaferð um Evrópu um mánaðarmótin júní/júlí. Ég hjólaði 1.300 km á 7 dögum án verkjastillandi og bólgueyðandi lyfja. Þessi hjólaferð reyndi mikið á skrokkinn ekki bara á hnjáliði heldur líka á allan skrokkinn. Það var mikið álag á líkamann að hjóla þessa leið því við hjóluðum í 6 til 8 tíma á dag, mismunandi eftir dagleiðum en við hjóluðum frá 150 til 200 km á dag. Ég var sá eini í hópnum sem þurfti EKKI að taka neitt yfir daginn eða á kvöldin vegna álags eða óþæginda í hnjám, mjöðmum, baki, öxlum og handleggjum og því á ég bara einu að þakka það er ekki spurning ... Það er Active JOINTS

Sveigjanlegri liðir og sterkari bein en Active JOINTS inniheldur uppbyggjandi næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á heilsu beina, auma og viðkvæma liði, meltingu og húðar. Active JOINTS virkar vel á liðina, eykur liðleika.

- Vinnur vel á viðkvæmum og aumum liðum
- Styrkir beinin, byggir upp bein og bandvef
- Eykur orku og þrek og styttr tíman í endurheimt
- Óflugt andoxunarefni, góð vörn fyrir frumur líkamans
- Inniheldur Kalkþörguna, Smáþörguna (Astaxanthin), GeoSilica, Birki, C & D3 vítamín.



RAGNA LÓA

### Get loksins stundað líkamsrækt án vanlíðunar

Ég hef verið svo óheppin í lífinu að lenda tvisvar í alvarlegu líkamlegu áfalli sem hefur gert það að verkum að hreyfigetan er orðin mjög heft og líkamsrækt var því mjög takmörkuð. Allt þetta hefur haft neikvæð áhrif á hugarástand mitt því allir vita hversu mikilvægt er fyrir okkur öll að hreyfa sig bæði fyrir andlega og líkamlega líðan. Ég hef nú tekið inn Active JOINTS í nokkra mánuði og finn fyrir því líkum mun í öllum skrokknum og líkamsrækt með allri þeirri vellíðan sem henni fylgir er aftur orðin stór hluti af lífi mínu. Ég get sagt það að í fyrsta sinn sem ég fer í frí erlendis passa ég upp á að taka vítamínin mín með. Ekki bara bikiní og kjóla.

# HEILSAN ER DÝRMÆTUST

HREYSTI

LIÐLEIKI

STYRKUR

Landbúnaðarháskóli Íslands og verkefni um skipulag strandsvæða:

# Alþjóðlegt verkefni styrkt af Norðurslóðaáætluninni

Í lok mars var haldinn „kickoff“ fundur í nýju verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, Northern Periphery and Arctic Programme (NPA). Fundurinn átti að fara fram í Cork á Írlandi en vegna COVID-19 varð hann að fjarfundaráðstefnu.

Landbúnaðarháskóli Íslands stýrir nýju alþjóðlegu verkefni, Sustainable Resilient Coasts (COAST), sem fjallar um þróun og skipulag strandsvæða og er styrkt af NPA. Samstarfsaðilar eru Oulu University of Applied Sciences, Finnlandi, University College Cork og Mayo County Council, Írlandi og Causeway Coast and Glens Heritage Trust, Norður-Írlandi.

Þróun strandsvæða á Norðurslóðum er mikilvægt viðfangsefni fyrir Ísland og nágrannaþjóðir okkar. Tilgangur verkefnisins er að styrkja samkeppnisstöðu svæðanna og hjálpa sveitarfélögum við að þróa tæki sem geta nýst þeim við að draga úr hagsmunarárekstrum og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda á svæðunum í góðu jafnvægi við náttúruvernd.

## NPA Norðurslóðaáætlunin

Norðurslóðaáætlunin (NPA) er atvinnu- og byggðáþróunarsjóður samstarfslandanna og spannar samstarfssvæðið norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Skotlands, Írlands ásamt Norður-Írlandi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Áætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum s.s. að efla nýsköpun og hvetja til frumkvöðlastarfs, hlúa að orkuöryggi og stuðla að sjálfbærri þróun og varðveislu náttúru, samfélags og menningararfs. Bygðastofnun hefur umsjón með þátttöku Íslands í áætluninni.

## Skipulag haf- og strandsvæða

Haf- og strandsvæði á Norðurslóðum búa yfir verðmætum náttúruauðlindum og –gæðum. Sívaxandi samkeppni er um nýtingu þeirra samhliða því sem aukin áhersla er lögð á verndunarsjónarmið. Huga þarf í auknum mæli að því hvaða áhrif nýting geti haft á sjálfbærni svæðisins að teknu tilliti til umhverfis,

s.s. á líffræðilega fjölbreytni samfélagsins, s.s. á uppbyggingu innviða og loks efnahagslegs ávinnings. Nýtingarmöguleikar eru fjölbreyttir og snúast t.d. um matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, náttúru- og fuglaskoðun og aðra afþreyingarstarfsemi. Aukin starfsemi á haf- og strandsvæðum hefur ýtt undir þörfina fyrir haf- og strandsvæðaskipulag til að styðja við stefnumótun á svæðunum.

Landbúnaðarháskólinn hefur boðið upp á meistaranám í skipulagsfræðum í meira en áratug og samhliða því hefur byggst upp þekking innan skólans. Nýlega fékk Lbhí leyfi frá menntamálaráðuneytinu til að bjóða upp á doktorsnám í skipulagsfræði. Mikil þörf er á frekari rannsókn- um á skipulagsmálum á Íslandi og er þetta rannsóknarverkefni, sem styrkt er af Norðurslóðaáætluninni, liður í að byggja upp rannsóknir í skipulagsfræðum á Íslandi.

## Skipulags- og hönnunardeild Lbhí auglýsir eftir doktorsnema

Auglýst hefur verið laus til umsóknar staða doktorsnema við



Haf- og strandsvæði á Norðurslóðum búa yfir verðmætum náttúruauðlindum og –gæðum. Sívaxandi samkeppni er um nýtingu þeirra samhliða því sem aukin áhersla er lögð á verndunarsjónarmið.

Skipulags- og hönnunardeild Landbúnaðarháskólans tengt verkefninu. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi lokið MS-gráðu í skipulagsfræði, geti unnið sjálfstætt og í hóp og hafi góð tök á ensku og íslensku, sjá nánar á vefsíðu skólans [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is).

Doktorsnemin mun vinna með hópi íslenskra og erlendra vísindamanna. Nemanum er ætlað, í samvinnu við leiðbeinendur og aðra samstarfsaðila, að vinna að undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu

ákveðins hluta rannsóknarinnar. Einnig er mikilvægt að neminn þrói sínar eigin rannsóknarspurningar innan ramma þessarar rannsóknar.

## Nánari upplýsingar

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og Christian Schultze leiða íslenska hluta verkefnisins og veita allar nánari upplýsingar. Þá má einnig finna upplýsingar á vef verkefnisins <http://coast.interreg-npa.eu/> /VH

Landbúnaðarháskóli og Menntaskóli Borgarfjarðar:

# Sameiginleg gráða til stúdentsprófs og búfræðings eða garðyrkjufraeðings

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sameiginlega braut Menntaskóla Borgarfjarðar og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar geta nemendur tekið tveggja ára nám í MB þar sem megináherslan er á kjarngreinar til stúdentsprófs og valdar raunvísindagreinar.

Seinni tvö árin eru tekin á Hvanneyri þar sem starfsmenntanám í búfræði fer fram. Nemandinn útskrifast þá með stúdentspróf frá MB og sem búfræðingur frá Lbhí. Námið ætti að veita nemendum góðan undirbúning undir störf í garðyrkjugreinum og landbúnaði en einnig undir frekara háskólanám í náttúruvísindum, búvísindum, dýralækningum eða umhverfisfræðum svo dæmi séu tekin.

Bragi Þór Svavarsson, skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, segir að við Menntaskóla Borgarfjarðar hafi frá upphafi verið lögð mikil áhersla á að vera í nánari samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfi.



Ólöf Ósk Guðmundsdóttir, brautarstjóri búfræðibrautar, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, við undirritun á endurnýjun samningsins.

„Samstarf MB og Lbhí hefur því verið afar ánægjulegt og komið sér mjög vel fyrir nemendum MB að geta valið sér námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið.“

## Samningurinn endurnýjaður

Rektor Lbhí segir að í framhaldi af undirritun samningsins hafi verið rætt við stjórnendur MB um að út-

víkka samninginn til þess að hann tæki einnig til garðyrkjugreina Lbhí að Reykjum auk þess sem rætt var við Ólgu Lísu Garðarsdóttur, skólameistara Framhaldsskóla

Suðurlands, um möguleika á samþæfingu samstarfi.“

## Spennandi möguleikar

Nú stendur til að bæta við þetta samstarf og bjóða upp á að taka sameiginlega gráðu til stúdentsprófs og garðyrkjufraeðings. Þá mun nemandinn byrja nám sitt í MB og taka seinni tvö árin á Reykjum í Ólfusi þar sem starfsmenntanám í garðyrkju fer fram.

Að sögn Guðríðar Helgadóttur, starfsmenntanámstjóra við Lbhí, hefur lengi verið draumur innan garðyrkjunnar að fara af stað með samskonar fyrirkomulag og í búfræðinni, að vinna með framhaldsskólum að sameiginlegri prófgráðu stúdentsprófs og sérhæfðs starfsmenntanáms.

„Við vonum að sem flest ungt fólk sjái kosti þess að mennta sig í garðyrkju, það vantar fólk í garðyrkjuna,“ segir Guðríður. /VH



## REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælar, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstipvottatæki ásamt hreinsiefnum, sóthhreinandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.



OPIÐ ALLA  
VIRKA DAGA  
KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagördum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | [rekstrarland.is](http://rekstrarland.is)

**LÍF & STARF**



Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri ásamt nokkrum félögum í leikfélaginu við sviðsmynd leikritsins í Hofi í liðinni viku þegar samkomulag um gróðursetninguna var innsiglað með „fótabandi“ í takt við tíðarandann um þessar mundir.

Leikfélag Menntaskólans á Akureyri:  
**Gróðursetja eitt tré fyrir hvern seldan miða**

Leikfélag Menntaskólans á Akureyri ætlar í samstarfi við Akureyrarbæ að gróðursetja eitt tré fyrir hvern seldan miða á sýningu leikfélagsins á verkinu Inn í skóginn.

Verkefnið er táknrænt og skemmtilegt með tilvísun í titil leikritsins. Frumkvæðið kom frá LMA sem fékk síðan Akureyrarbæ í lið með sér. Hugmyndin kviknaði fyrst sem hálfgræn grín en við nánari

skoðun reyndist hún alls ekki svo galin. Leikfélagið hafði samband við Akureyrarbæ og ákveðið var að hugmyndin yrði að veruleika.

Trén verða gróðursett af LMA-ingum í sumar innan bæjarmarka Akureyrar. LMA vill með þessu hugsa vel um umhverfið, koma menntskælingum í snertingu við náttúruna og skilja eftir sig áþreifanlegar minningar um sýninguna Inn í skóginn. /MBP

**Lely Center Ísland**

**ZETOR VARAHLUTIR**

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**DANUBE**

**Getum við orðið að liði?**

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar 8-80kg. Þvottavélar 8-120kg.

**Strauvélar, hótellin, þvottagrindur, taupokar ofl.**

**IceFAKTA ehf.**

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík  
Símar: 567 4577 / 892 8925  
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

Láttu Cleverdog eftirlitsmyndavélina auðvelda störfín.

Væri ekki gott að fylgjast með sauðburðinum úr sófanum eða hvaðan sem er, í gegnum símann, spjaldtölvuna eða tölvuna?

**BSV netverslun**

Verð frá aðeins 8.740 kr

Nánari upplýsingar á [www.bsv.is](http://www.bsv.is) eða [bsv@bsv.is](mailto:bsv@bsv.is) og í síma 571 4000

**Clever Dog**

**AKURShús - timbureiningahús**

Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum – Við allra hæfi –

**Trésmiðjan Akur**

Kannaðu málið á [akur.is](http://akur.is) og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93 - 227m<sup>2</sup>

60 ÁR Í REKSTRÍ

Íslensk hönnun & framleiðsla

Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | [akur@akur.is](mailto:akur@akur.is)

**Lífræn hreinsistöð**

- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar

**WPL Diamond**

**IDNVER**

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - [petur@idnver.is](mailto:petur@idnver.is)

# „ÞÚ VEIST hvaðan það kemur“

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Hinn 13. janúar árið 1940 komu nokkrir garðyrkjumenn saman til hádegisverðarfundar á Hótel Borg. Tilgangur fundarins var að ræða sölu- og markaðsmál garðyrkjunnar. Sölufélag garðyrkjumanna tók formlega til starfa 1. maí sama ár og fagnar 80 ára afmæli sínu á þessu ári.

Sölufélag garðyrkjumanna eru fyrstu samtökin sem garðyrkjumenn stofna hér á landi og var tilgangurinn með stofnun þeirra að annast sölu og dreifingu grænmetis og ávaxta sem félagsmenn framleiða og um leið að efla gæði framleiðslunnar. Félagið varð fljótlega og er enn sterkur málsvári garðyrkjustéttarinnar þegar kemur að hagsmunum hennar og auknum gæðum íslenskrar matvælaframleiðslu. Saga Sölufélags garðyrkjumanna er samofin sögu garðyrkjunnar á Íslandi og vöxtur þess í takt við þróun matjurtaræktunar í landinu.

## Öflugt félag í sókn

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir að þrátt fyrir að starfsemi félagsins hafi breyst talsvert frá stofnun felist hún enn í grunninn í því að félagsmenn leggja inn uppskeru sína og félagið sjái um að koma vörinni ferskri og á sem bestan og ódýrasta hátt til neytenda og skila sem mestu af heildsöluverði hennar til framleiðenda. „Líkt og í upphafi er SFG öflugt og framsækið fyrirtæki sem hefur að markmiði að fullnýta allar afurðir og starfa í anda sjálfbærni og umhverfisverndar.“

Stofnendur Sölufélags garðyrkjumanna voru fjórtán talsins og í fyrstu stjórn félagsins voru Jón Hannesson, Deildartungu, formaður, L. Bo Eskov, Blómvangi, Ólafur Gunnlaugsson, Laugabóli, Kjartan Gíslason, Mosfelli og Unnsteinn Ólafsson, Reykjum, og fyrsti framkvæmdastjóri þess Ólafur G. Einarsson.

## Miklar vonir bundnar við SFG

Framleiðsla á grænmeti var ung starfsgrein á Íslandi árið 1940 og enn í mótun. Þegar Sölufélag garðyrkjumanna tók til starfs þótti flokkun á grænmeti í talsverðum ólestri og kom fram í fjölmiðlum að úrbóta væri þörf. Einnig kom fram að miklar vonir væru bundnar við stofnun félagsins og úrbætur í meðferð grænmetis samfara því.

## Háleit markmið

Markmið stofnanda Sölufélagsins voru háleit og í viðtali við Kjartan Gíslason varaformann í október 1940 kemur fram að félagið verði í framtíðinni sölumiðstöð ávaxta, sem í gróðurhúsum eru ræktaðir, grænmetis og fleira. Í sömu grein segir: „Tilgangurinn með félagsstofnuninni er meðal annars sá, að draga úr milliliðakostnaði þeim, sem lagst hefur á þessa markaðsvörur, og verða báðum aðilum til hagsbóta. Neytendum og framleiðendum. Vekur það fyrir félagsmönnum, að afgreiðsla mála verði svo góð, að allir framleiðendur sameinist um félagsskapinn áður en langt um líður.“

Kjartan segir einnig; „Verða vörurnar því aðeins látnar af hendi stranglega flokkaðar og kaupmönnum og neytendum því óhætt að treysta, að gæði þeirra séu þau, sem sögð eru.“



Garðyrkjubændurnir Sigrún Pálsdóttir og Þröstur Jónsson að taka upp hvítkál á góðum sumardeggi.



Húsbygging SFG við Skógarhlíð var formlega tekin í notkun 1956.



Einar Hallgrímsson í Garði og Helga dóttir hans að planta út káli. Myndin er tekin á sjöunda áratugnum.



Verslun SFG í nýju húsnæði í Skógarhlíðinni.



Starfsmenn SFG við vinnu á lager í nýjum húsakynnum við Skógarhlíð síðla á 6. áratugnum.

## Tilkynning.

Kaupmenn - -

Kaupfélög - -

Við leyfum okkur hér með að tilkynna að við höfum í gær opnað skrifstofu og vörugæmslu í Hafnarstræti 23, sem framvegis mun sjá um heildsölu á framleiðsluvörum garðyrkjumanna, svo sem tomötum, öðrum ávöxtum og allskonar grænmeti.

**Sölufélag garðyrkjumanna,**  
Símar: 5836 og 5837.

Ein af fyrstu auglýsingum Sölufélags garðyrkjumanna. Framsókn: bændablað - samvinnublað. 13. tölublað, 8. árgangur 1940.

## Skikkan á flokkun

Framan af gekk misvel að fá grænmetisræktendur innan vébanda SFG til að virða og fara eftir reglum sem samþykktar voru á fundi félagsins í apríl 1940.

Árið 1957 var samþykkt að flokkun afurðanna yrði á höndum Sölufélags garðyrkjumanna en ekki framleiðanda og komið á fót flokkunarstöð fyrir grænmeti og flokkun á grænmeti komast í fastar skorður.

Í dag sjá framleiðendur sjálfir um flokkun og þökkun afurðanna

og leggja metnað sinn í að tryggja gæðin.

## Fjölgun félagsmanna

Eitt fyrsta verk félagsmanna eftir stofnun SFG var að auka fjölda félagsmanna sinna og flytja inn rekstrarvörur fyrir sína félagsmenn. Fyrstu árin fjölgaði félagsmönnum hratt. Árið 1942 bættust 18 framleiðendur við og árið 1944 eru þeir 54.

Fyrstu árin var markaðssetning á vegum SFG mest á Stór-Reykjavíkursvæðinu og orsakað-

ist það helst af því að erfitt var að flytja ferskt grænmeti á marga staði á landinu. Markaðshlutdeild SFG jókst jafnt og þétt og á sjötta áratug síðustu aldar er félagið orðið allsráðandi á grænmetismarkaði hér á landi.

Félagsmenn Sölufélags garðyrkjumanna í dag eru 51 en innleggjendur milli 60 og 70 og framboð grænmetis og krydds mjög fjölbreytt. Auk þess sem félagið rekur dótturfyrirtækin Í einum grænum, sem framleiðir tilbúna rétti úr íslensku grænmeti og Matartíminn sem er veitingasvið SFG.

### Tilraunir með að frysta grænmeti

Sölufélagið gerði tilraunir með að frysta grænmeti, aðallega gúrkur, hvít- og blómkaál, á árunum 1949 til 1952. Frystingin tókst vel en erfiðlegar gekk að koma vörinni til neytenda þar sem fæstar verslanir voru með frysti. Einnig var erfitt að fá neytendapakningar á þeim tíma vegna innflutningshafta og varð félagið að notast við úreltar fiskubúðir sem fengust hjá hraðfrystihúsum. Önnur fyrirstaða var að hraðfrystihúsin neituðu að taka við grænmeti til frystingar lægi fyrir að frysta ætti síld eða annan fisk.

Um miðja síðustu öld reyndi Sölufélagið einnig fyrir sér með framleiðslu á tómatsúpu í dós. Sagan segir að sala á þeirri vöru hafi misheppnast gersamlega og að framleiðendur tómata hafi að lokum fengið greitt fyrir með nokkurra ára birgðum af tómatsúpu í dós fyrir fjölskylduna

### Kynntist mörgu góðu fólki

Bárður M. Níelsson, innkaupastjóri hjá Bönunum ehf., þekkir vel til starfsemi SFG. Faðir hans, Níels Marteinsson, var sölustjóri grænmetis hjá félaginu. „Ég man hvað mér þótti gaman að fara með þessa í vinnuna sem krakki og fá að vera með í atinu og fylgjast með. Seinna starfaði ég hjá félaginu á sumrin og í skólafrím og að lokum á grænmetislagerum.“

Á þeim árum var SFG til húsa að Reykjanesbraut 6 sem síðar kallaðist Skógarhlíð 6 í húsnæði sem félagið byggði á árunum 1954 til 1956 og við það breyttist öll starfsaðstaða félagsins. Auk lagers rak félagið verslun í húsinu með garðyrkjuvörur í mörg ár. Í dag er Sölufélag garðyrkjumanna með aðsetur að Brúarvogi 2 í Reykjavík.

Ég fékk fyrst greitt fyrir vinnu hjá Sölufélaginu 1967 og ég starfaði þar til 1992. Á þeim tíma sem ég starfaði hjá SFG voru allir tómatar og gúrkur flokkaðar og þeim pakkað í Skógarhlíðinni en í dag gera bændurnir það sjálfir. Það starfaði því töluvert af sumarfólki á staðnum yfir uppskerutímamann og ég kynntist mörgu góðu og skemmtilegu fólki,“ segir Bárður

### Öskjuhlíðarmálið


Í febrúar 1990 sameinast Sölufélag garðyrkjumanna og Bananasalan og er fyrirtækið rekið undir heiti beggja fyrirtækjanna. Í tilkynningu sem fyrirtækin sendu frá sér vegna sameiningarinnar segir að mikil hagræðing muni fylgja sameiningunni.



Garðsfjölskyldan og kaupakonnan Gulla taka upp kartöflur um 1950.



Útplöntun í káli í Hvammi í Hrunamannahreppi árið 1991.



Auglýsing í Alþýðublaðiðinu 1942.

Á níunda áratug síðustu aldar átti Fengur hf., sem áður var Bananasalan, um tíma ríkjandi hlut í Sölufélagi garðyrkjumanna og tók félagið þá að mati Samkeppnisráðs þátt í víðtæku ólögmeitu verðsamráði, markaðsskiptingu og framleiðslustýringu. Í frétt frá þeim tíma segir að Samkeppnisráð telji hafið yfir allan vafa að á árinu 1995 hafi SFG og tengd fyrirtæki, Ágæti og Mata, tekið upp víðtækt ólögmeitt verðsamráð og markaðsskiptingu varðandi viðskipti með grænmeti, kartöflur og ávexti. Samkvæmt áliti Samkeppnisráðs mynduðu fyrirtækin með sé einokunarhring með það að markmiði að eyða samkeppni og hækka verð á þessum vörum. Fyrirtækin voru dæmd til að greiða tugi milljóna til ríkissjóðs í sekt vegna málsins.

Málið, sem var litíð alvarlegum augum á sínum tíma, kallaðist allmennt Öskjuhlíðarmálið þar sem sagt var að aðilar þess hafi iðulega hist í Öskjuhlíðinni til að ráða ráðum sínum.

### Ferskleiki, hollusta og bragð

Gunnlaugur Karlsson, sem starfað hefur sem framkvæmdastjóri SFG frá 2002, segir að í framhaldi af samráðsmálinu hafi eignarhald félagsins breyst, samvinnuformið var lagt niður og stofnað ehf. sem tók til starfa 2003 eftir að bændur komu inn og endurfjármögnuðu fyrirtækið. Við breytinguna rofnuðu öll tengsl við fyrri eigendur.

„Árið 2002 hefst tollfrjáls innflutningur á helstu grænmetistegundunum, gúrkum, tómötum og papríku og samtímis var gerður aðlögunarsamningur milli bænda og ríkisins við ríkið. Samkomulagið fólst í því að fella niður alla tolla á innflutt grænmeti



Kartöflur teknar upp í Birtingarholti 1991.

en í staðinn fengu garðyrkjubændur eingreiðslusamning sem tengdur var ákveðinni upphæð. Samningurinn var að evrópskri fyrirmynd og framsækinn og ákveðin vítamínsprautu fyrir greinina. Bændum var gert kleift að sækja um styrki, til dæmis til að auka lýsingu eða til úrelingar.

Á móti kom að bændur voru að keppa við frjálsan innflutning á ódýru grænmeti og blasti við frá upphafi að þeir væru ekki samkeppnishæfir um verð. Okkur varð fljótlega ljóst að það sem við höfum fram að færa voru meiri gæði og að við yrðum að koma því til skila á einhvern hátt og aðgreina okkar vöru frá þeirri innfluttu.

Sölufélagið lagði því áherslu á að upplýsa neytandann um vöruna með því að hanna merkingar og að leggja áherslu á að hún sé innlend. Félagið leggur einnig ríka áherslu á gæði vörunnar með því að velja tegundir sem eru bragðgóðar og beita lífrænum vörnum þannig að heilbrigði uppskerunnar sé sem mest.

Enda kjörorð okkar síðustu 20 ár; ferskleiki, hollusta og bragð.“

### Aukið framboð tegunda

Þrátt fyrir niðurfellingu tolla á innflutt grænmeti hefur starfsemi SFG aukist jafnt og þétt frá árinu 2002.

Fjöldi vörutegunda hefur aukist úr 20 í 50 frá því um síðustu aldamót enda garðyrkjubændur bæði viljugir og duglegir að koma til móts við væntingar og þarfir neytenda með auknu og spennandi vöruframboði.

Fjölbreytni tegunda er sífellt að aukast og í dag eru í boði ellefu tegundir af tómötum, margs konar salat og ferskar kryddjurtir sem fáir hefðu trúð að yrðu í boði fyrir tuttugu árum. Auk þess sem nú eru í boði gult og fjólublátt blómkaál sem neytendur kunna að meta.

Ræktun á sveppum hefur aukist mikið og fjöldi tegunda í boði bæði heilir og sneyddir.

### Í einum grænum

Árið 2004 stofnaði SFG dótturfélagið Í einum grænum með það að leiðarljósi að fullnýta uppskeru grænmetisbænda og koma í veg fyrir matarsóun. Markmið Í einum grænum er að koma nýjum vörum á framfæri og bjóða neytendum upp á fullunna vöru úr íslensku grænmeti.

Mikil vöruþróun hefur átt sér stað innan fyrirtækisins gegnum árin og býður það upp á fjölbreytta og breiða vörulínu. Í einum grænum selur jafnframt og dreifir vörum frá Örn ehf. í Bolungarvík og hefur samstarfið verið farsælt og gott frá 2014.

### Matartíminn

Matartíminn, veitingasvið SFG, var stofnað árið 2017. Fyrirtækið sérhæfir sig í skólamat fyrir leik- og grunnskóla og leggur metnað sinn í að auka hlut íslenskra afurða, ferskt íslenskt grænmeti, kjöt og fisk, á borðum skól barna.

### Orkuverð hækkar

Tækniframfarir í gróðurhúsaræktun er sífellt að aukast og með aukinni lýsingu hefur verið hægt að lengja ræktunartímabilið og auka uppskeru og framleiðni.

Gunnlaugur segir að hátt orkuverð sé það sem standi íslenskri garðyrkju helst fyrir þrífum í dag og komi í veg fyrir að hægt sé að auka hana og efla.

„Forsendur þess að greinin nái að þroskast og dafna eru stöðugt efnahagsástand og að orkuverð lækki. Samþykkt orkupakka eitt fól í sér aðskilnað orkuframleiðslu og orkudreifingar og orkuverð til garðyrkju bænda hækkaði um 40% á nánast einni nóttu. Hækkunin á flutningi á orku var algerlega á skjön við þróunina sem var í gangi og kíppti víða grundvellingunum undan því að nýta rafmagn og lýsingu til að auka innlenda framleiðslu.“

Eins og ástandið er í heiminum í dag ætti það að vera deginum ljósara að öflug innlend framleiðsla á mat er öllum þjóðum nauðsynleg og skiptir þá engu hvort við erum að tala um kjöt eða grænmeti.“

### Grunngildin halda

Að sögn Gunnlaugs er ótrúlegt hvað grunngildi Sölufélags garðyrkjumanna hafa haldið í þau 80 ár sem félagið hefur verið starfandi.

„Verkefnið í dag eru nánast þau sömu og þau voru við stofnun félagsins, þrátt fyrir að umsvifin hafi aukist. Gildin eru enn að stuðla að auknum vörugæðum og vöruvöndun og að koma vörinni á markað á sem bestan hátt. Stefnan er því sú sama, sem er að halda áfram að byggja greinina upp og tryggja framtíð hennar.“

Í tilefni af þessum tímamótum langar okkur að fara í vinnu við að kortleggja garðyrkjuna í landinu og taka myndir af býlum og fólki. Ég er að tala um eins konar úttekt á garðyrkju á Íslandi árið 2020 sem eins konar söguspegil fyrir framtíðina.“



Kaupakonurnar í Hvammi bunta gulrætur.



# Það er nóg til og meira frammi

Fæðuöryggi skiptir okkur öll máli.





























Íslenskir bændur og fyrirtæki í landbúnaði munu hér eftir sem hingað til tryggja framleiðslu á úrvalsmatvælum fyrir land og þjóð. Við sjáum til þess að það sé nóg til af innlendum mat í verslunum landsins.

Takk fyrir  
að velja íslenskt!












## Áhrif COVID-19 á landbúnað í Bandaríkjunum: Kjöttvinnsla dregst saman, uppskera skemmist og mjólk hellt niður

Fyrr í þessum mánuði var einu stærsta svínslátturhúsi í Bandaríkjunum Norður-Ameríku lokað eftir að rúmlega 200 starfsmenn greindust jákvæðir fyrir COVID-19. Um svipað leyti komu upp smit í kjötafurðastöð í Colorado-ríki og fimm afurðastöðvum í Kanada. Dreigið hefur verið úr starfsemi fyrirtækjanna eða þeim lokað.

Grænmetisbændur í Suðurríkjum Bandaríkjanna eiga í vandræðum með að ráða til sín fólk til uppskerustarfa.

Ekki er þar með sagt að skortur sé á kjöti í Bandaríkjunum þar sem mikið er til af frystu kjöti og flest slátturhús og afurðastöðvar í landinu eru enn starfandi. Yfirvöld og almenningur í landinu er þrátt fyrir það áhyggjufull og óttast að aukin útbreiðsla COVID-19 muni leiða til frekari lokana.

Bændur sem ala gripi í húsum óttast að ef fleiri slátturhús og afurðastöðvar loki muni safnast upp hjá þeim slátturgrípum sem erfitt er að

hýsa og vandamál að losna við eftir að faraldurinn gengur yfir. Auk þess sem mjög gengur á frystipláss vegna minnkandi sölu.

Sala og verð á svínakjöti hefur lækkað vegna lokana afurðastöðvanna vegna ótta neytenda við að smit geti borist í fólk með því og vegna minnkandi sölu til veitingahúsa.

Á sama tíma og grænmetis- og ávaxtauppskera í Suðurríkjum Bandaríkjanna er með allra mesta móti eiga bændur í vandræðum með að ráða til sín fólk til uppskerustarfa og víða eru ávextir og grænmeti að skemmast á ökrum vegna ofþroska.

Kúabændur í Wisconsin, Vermont og öðrum ríkjum Bandaríkjanna eru farnir að hella niður mjólk í miklu magni eða nota hana sem áburð á akra. Ástæða þessa er sögð vera margir samverkandi þættir og að í mörgum tilfellum sé einfaldlega hætt að sækja mjólkina til dæmis alla daga og að hún skemmist af þeim sökum. *NH*



Viðræður eru við stjórnvöld um að tryggja að Evrópusambandið verði í framtíðinni uppbyggilegra og betur í stakk búið að huga að því hvernig innri markaður sambandsins virki sem best.

### Landbúnaður á Norðurlöndum í COVID-19 krísu:

# Skortur á erlendu starfsfólki og hækkandi fóðurverð áhyggjuefni

— Svíar hafa áhyggjur af skógariðnaði vegna hruns í útflutningi til Bretlands

Norrænu Bændasamtökin eiga í samstarfi í gegnum NBC-samtökin og hafa fundað vikulega eftir að kórónakrísan fór að hafa veruleg áhrif á Norðurlöndunum.

Það sem er sammerkt með löndunum er áhyggjuefni af að útvega starfsfólk erlendis frá í landbúnaði ásamt hækkandi fóðurverði sem hefur sérstaklega áhrif á eggja- og kjúklingsbændur. Að öðru leyti gengur landbúnaður sinn vanagang í löndunum og innlend framleiðsla fær alls staðar mikinn meðbyr í þjóðfélagsmálefnum.

Eftir páska var Danmörk opnuð aftur í áföngum eins og til dæmis for- og barnaskólar. Skólar á unglinga- og háskólastigi eru enn lokaðir. Frá og með 20. apríl var „einn á einn“-fyrirtækjum, eins og tannlækna- og hárgreiðslustofur, opnað aftur. Veitingastaðir, barir og smærri verslanir verður haldið lokað fram í miðjan maí sem hefur neikvæð áhrif á verð matvæla.

Stærri hátíðahöldum, tónleikum og mörkuðum er frestað í það minnsta til ágústmánaðar. Þetta hefur áhrif á fyrirtæki í matvælaíðnaði sem þjónusta þessa staði þar sem velta þeirra hefur hrúnað og verða því þau háð ríkisstyrkjum til að halda velli.

Í Danmörku hafa umræður, líkt og á hinum Norðurlöndunum, um starfskrafta verið í fyrirrúmi. Í Danmörku hafa ekki verið sóttkvísreglur fyrir erlent starfsfólk sem kemur inn í landið sýni það fram á heilbrigði, en fagfélög hafa staðið í ströngu við stjórnvöld að fá inn ákveðnar sóttkvísreglur varðandi þennan málaflokk.

Landbúnaður gengur vel í Danmörku ásamt útflutningi en þó er hætta talin á að bændur innan græna geirans komi verst út úr þessu tímabili.

Viðræður eru við stjórnvöld um að tryggja að Evrópusambandið verði í framtíðinni uppbyggilegra og betur í stakk búið að huga að því hvernig innri markaður sambandsins

virki sem best. Hætta er á aukinni þjóðernishyggju og verndarstefnu við slíkar krísur sem hefur að vissu leyti sýnt sig.

#### Áhyggjur af að útvega starfsfólk

Í Finnlandi hafa menn áhyggjur af að fá nægilega margt starfsfólk til að starfa í landbúnaði í ár en á ári hverju starfa um 20 þúsund manns tímabundið við landbúnað þar í landi. Sóttkvísreglur í 14 daga gilda um þá sem koma erlendis frá en um 1.500 manns hafa komið undanfarnar vikur til starfa í landbúnaði erlendis frá, flestir með bít frá Eystrasaltslöndunum. Mestar áhyggjur eru af því að útvega starfsfólk í græna geirann og hafa vinnumiðlunarskrifstofur sett í gang áttak til að fá fleiri til liðs við landbúnaðinn. Margir starfsmenn óska eftir að koma frá Úkraínu, um þúsund manns, og aðstoða nú finnsku bændasamtökin við að finna hagkvæmar flutningsleiðir fyrir þá. Líkt og í Danmörku eiga fyrirtæki sem afhenda beint til matvælaþjónustufyrirtækja erfitt uppráttar en stjórnvöld hafa lofað að koma til móts við þennan geira. Mestar áhyggjur eru af skógariðnaði í Finnlandi, líkt og í Svíþjóð, þar sem smærri sögunarmyllur eiga erfitt uppráttar og nokkrum þeirra hefur verið lokað sem skýrist helst í hrúnaði útflutningi á timbri. Landbúnaður stendur að öðru leyti ágætlega í Finnlandi, verið er að breyta ræktunarkerfum til að auka innlenda framleiðslu á prótínfóðri og ríkisstjórnin hefur komið fram með björgunarpakka upp á 30 milljónir evra til aðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki.

#### Skógariðnaðurinn í vanda

Svíar hafa áhyggjur af skógariðnaði þar sem útflutningsmarkaður til Bretlands er hrúnaður sem hefur mikil áhrif. Líkt og í Finnlandi herja skaðræðisbjöllur á grenitré í landinu svo gripið hefur verið til þess ráðs á

ákveðnum stöðum að taka enn meira timbur úr skógunum en í venjulegu árferði og nú eru uppi umræður um fjárhagslegan stuðning til að geyma tímrið. Einnig hefur umræðan um starfsfólk í landbúnaði verið rík hér líkt og á hinum Norðurlöndunum og ræddar eru mismunandi lausnir við vandanum, meðal annars að stjórnvöld gefi eftir í reglum og sýni sveigjanleika.

Umræður hafa verið uppi um að geta útvegað hefðbundið fóður í stað lífræns ræktaðs prótínfóðurs sem hefur verið erfitt að útvega vegna hafta á innflutningi. Sænskum landbúnaði er hvarvetna lyft upp í þjóðfélagsmálefnum og mikilvægi hans aldrei meira en nú.

#### Gott hljóð í bændum

Í Noregi er byrjað að slaka á höftum og opnuðu leikskólar 20. apríl og þann sama dag var bann við að nota sumarbústaði fellt úr gildi. Viku síðar, 27. apríl, byrjar skólastarf fyrir 1.–4. bekk ásamt nenum í starfsnámi á efsta stigi. Í apríl verður „einn á einn“-fyrirtækjum, það er að segja tannlækna- og hárgreiðslustofum, leyft að opna og frá og með 15. júní verður leyft að halda smærri menningarviðburði.

Ríkisstjórnin hefur komið til móts við norsku bændasamtökin með bætur fyrir vörur sem ekki er hægt að uppskera vegna skorts á starfsfólki. Fleiri bótaausnir eru í farvatninu eins og varðandi uppskerubrest og fleira.

Hækkandi fóðurverð er áhyggjuefni, sérstaklega fyrir eggja- og kjúklingsbændur. Enn eru sóttkvísreglur í gildi fyrir erlent vinnuafli og hefur ríkisstjórnin sagt nei við að fá inn starfsfólk frá löndum utan EES.

Landbúnaðarráðherra hefur gefið út yfirlýsingu til bændna að halda uppteknum hætti og framleiða líkt og áður. Gott hljóð er í flestum bændum í Noregi og hafa fáir innan geirnarinnar sýkst af kórónavírusnum. */ehg*

www.rauch.de

## Framúrskarandi áburðardreifingar frá RAUCH

Verð frá kr. 579.000.- án vsk. Kynntu þér málið!

Eitt fullkomnasta alsjálfrvirka mælikerfi sem völ er á - EMC hárnákvæm magnmæling 200 sinnum á sekúndu. Eini dreifarinn sem stjórnar og leiðréttri flæði áburðar aðskilið á sitt hvora skífu. Stöðug leiðrétting á flæði áburðar allan tímann sem dreift er, enn meiri nákvæmni á fyrstu metrum dreifingar. Hristingur og halli hefur ekki áhrif á EMC.

- Sjálfvirk aðlögun vinnslubreiddar að lögun túnsins. Beggja megin í einu eða öðru megin.
- Afburða dreifigæði, einfalt og þægilegt viðmót, stór skjár þar sem gott er að fylgjast með dreifingu.
- Vinnslubreidd frá 12- 42 metrar - allt að 3200 kg. burðargeta.
- Drif í lokaðu olíubæði sem eykur endingu og er viðhaldsfrítt.
- Tvöföld pólýhúðun sem eykur endingu dreifara og viðheldur glæsilegu útliti.

Gerir þú kröfu um nákvæmni í dreifingu?  
- Aukin nákvæmni felur í sér sparnað til lengri tíma, betri nýtingu af hverjum hektara og betri hey.

Akureyri · Sími 465 1332  
[www.buvís.is](http://www.buvís.is)

## Lely Center Ísland

### ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – [www.vbl.is](http://www.vbl.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## Nýtt nám í sjálfbærum matarupplifunum

Nú nýverið var nýtt nám samþykkt í Noregi í sjálfbærum matarupplifunum og er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Fyrir er sérstök námslína í Harðangursfirði í svæðisbundnum matvællum sem hefur verið rekið undanfarnar tvö ár við góðan róm.

Áætlað er að fyrstu nemendur geti útskrifast úr nýja náminu frá fagskólanum í Nordland sumarið 2023. Markmiðið með náminu er

að fara til baka í grunn virðisdeðjunnar.

„Samfélagið þarf fagfólk með heildrænan skilning á þeim áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir þegar kemur að matvælaframleiðslu og -neyslu,“ segir Eva Narten Høberg hjá NIBIO en hún rannsakar matarmenningu og hefur ábyrgð á nýja námstilboðinu. „Við verðum að hafa kunnáttu á framleiðslugrunninum í norski náttúru og um það hvaða úrræði þarf

til að framleiða matinn okkar. Hvað einkennir til dæmis meltingarkerfi hjá grasættum, eins og hjá kúm? Hvernig getum við framleitt mjólk samtímis sem við tökum tillit til menningarlandslagsins, líffræðilegs fjölbreytileika, loftslagsins, dýravelferðar og næringargæða í mjólkinni? Þetta nýja nám mun auka sérþekkingu og meðvitund á náttúru- og menningargildum sem nýtt er við framleiðsluna.

*/Bondebladet - ehg*

LÍF & STARF

# 34% atvinnuleysi í Mýrdalshreppi

Í kjölfar COVID-19 er atvinnuleysi á Suðurlandi komið upp í 7,5% og reiknað er með að það fari upp í 12,9% í apríl.

Í febrúar síðastliðinn var atvinnuleysi á svæðinu 3,6%. Alls hafa 1.654 umsóknir borist um minnkað starfshlutfall frá 679 fyrirtækjum á svæðinu. Hlutfallið á milli kynjanna er tiltölulega jafnt, eða 54 % karla og 46 % konur. Ástandið er sérstaklega slæmt í Mýrdalshreppi en þar er atvinnuleysi um 34% og í Skaftárhreppi rúmlega 20%. Bæði sveitarfélög-in byggja starfsemi sína meira og minna upp á ferðaþjónustu.

„Við ætlum okkur að koma standandi niður úr þessu en til þess þurfum við aðstoð stjórnvalda. Núna erum við að undirbúa okkur við það að bjóða Íslendinga velkomna til okkar í sumar, hér er ótal afþreying fyrir utan fallega náttúru eins og allir þekkja,“ segir Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. 44% íbúa í Mýrdalshreppi eru útlendingar sem hafa unnið í ferðaþjónustu. Flestir hafa ákveðið að halda ráðningarsambandi við sín fyrirtæki og fara hlutaleiðina. Þrátt fyrir allt er Þorbjörg bjartsýn á framtíðina.

„Já, ég er bjartsýn að eðlisfari



Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. Mynd / MHH

og það hjálpar mér helling. Ég held að það þýði ekki að leggjast í einhverja sorg og sít, við þurfum að bretta upp ermar og horfa jákvætt til allra þeirra verkefna, sem eru fram undan við að „endurreisa“ Ísland eftir kórónufaraldurinn.“

/MHH

# FÆRANLEG BOGAHÝSI & GRÓÐURHÚS

## ENDALAUSIR MÖGULEIKAR



## MARGAR GERÐIR TIL Á LAGER

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6, 113 Reykjavík  
Sími 534 6050 | hysi@hysi.is | www.hysi.is



## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV  
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770  
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II  
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500  
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar



### ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

## ÞARF AÐ SÓTTHREINSA? Hjá Fóðurlöndunni færð þú virkilega góð efni til sóttthreinsunar. Gerðu hreint hjá þínum dýrum.



### Sag, 18 kg

Hitameðhöndlað sag. Góður undirburður fyrir dýr, þá sér í lagi fyrir mjólkurkúr.



### Halamid

Alls staðar þar sem hreinlætis er þörf. Losar þig við bakteríur, veirur og óværu.



### Staldren

Bytting í sóttvörnum! Dreppur bakteríur en er skaðlaust mönnum og dýrum. Þurrkar, eyðir lykt og bindur ammoníak. Hentar fyrir allt búfé og fugla.

20%  
AFSLÁTTUR  
2.-30. APRÍL

Einnig í vefverslun • Sendum um allt land

www.fodur.is  
www.aburdur.is  
aburdur@aburdur.is

FB Reykjavík  
Korngarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hella  
Suðurlandsvegur 4  
570 9870

FB Hvolsvöllur  
Ormsvöllur 2  
570 9850



gæði í hverri gjöf!

## Á FAGLEGUM NÓTUM

# Fyrsti dýralæknaskólinn í Wales stofnaður við Aberystwyth-háskóla

Í ljósi þess heimsfaraldurs sem nú gengur yfir er farið að ræða í vaxandi mæli um leiðir til að bæta bæði fæðu- og matvælaöryggi þjóða. Á meðal þess sem nú er víða ofarlega á baugi er efling rannsókna og kennslu í búvísindum og dýralæknisfræðum til að renna styrkari stöðum undir landbúnaðarframleiðslu, sérstaklega á heimaslóðum. Alltaf mun reynast best hinn holli, heimafengni baggi.

## Mikill landbúnaður í Wales

Gott dæmi um markvissa viðleitni til að efla landbúnað er sú ákvörðun Aberystwyth-háskóla í Wales frá 28. febrúar sl. að opna nýjan dýralæknaskóla sem tekur við fyrstu nemendum í september 2021. Þar í bæ hefur verið búvísindanám á háskólastigi síðan árið 1878 en háskóli var stofnaður þar árið 1872. Því eiga kennsla og rannsóknir í þágu landbúnaðar sér langa sögu í Aberystwyth, bæði á sviðum búfjárræktar og jarðræktar, enda Wales þekkt innan Bretlandseyja fyrir blómlegar sveitir og mikla matvælaframleiðslu af ýmsu tagi.

## Góður faglegur grundvöllur

Reyndar er liðin rúmlega öld síðan rannsóknir á búfjársjúkdómum og kennsla um þá hófst í tengslum við búvísindanám í Aberystwyth og dýralæknar hafa lengi verið á meðal kennaraliðsins. Naut höfundur góðs af á námsárunum í Aberystwyth 1966–1972. Ákveðið skref var stigið í september 2015 þegar stofnað var til sérstakrar þriggja ára B.Sc. námsbrautar í lífvísindum með áherslu á dýrasjúkdóma. Próf af henni hefur gefið góða starfsmöguleika og er sagt prýðilegur undirbúningur undir námið í nýja dýralæknaskólanum. Nú hefur skrefið verið stigið



Dr. Ólafur R. Dýrmondsson.

til fulls með stofnun fyrsta dýralæknaskólans í Wales en til þessa hafa þeir næstu verið í Liverpool og Bristol í Englandi.

## Tilhögun dýralæknánámsins

Náminu í hinum nýja dýralæknaskóla í Aberystwyth verður þannig háttáð að kennslan verður þar fyrstu tvö árin, en þrem síðari árunum verja nemendurnir í Konunglega Dýralæknaskólanum (Royal Veterinary College - RVC) í Hawkshead í Hertfordshire, skammt norður af Lundúnum. Því verða dýralæknar með B.V.Sc. gráðu útskrifaðir af skólunum tveim í sameiningu. Prófessor Christianne Glossop, yfirdýralæknir í Wales, og prófessor Stuart Reid, rektor Konunglega Dýralæknaskólans, hafa bæði lýst yfir mikilli ánægju með þetta samstarf skólanna sem þau telja að muni verða til heilla fyrir kennslu, rannsóknir og störf dýralækna í Wales og víðar í framtíðinni. Nýi dýralæknaskólinn í Aberystwyth verður hluti þeirrar stofnunar Háskólans í Aberystwyth sem sameinar þau vísindi sem snúa að líffræði, umhverfi og landbúnaði (Institute of Biology, Environmental and Rural Sciences



Fremst á myndinni er elsta bygging Aberystwyth Háskóla í Wales, upprunalega reist sem hótél fyrir jarnbrautina frá London í Englandi, 300 km. í burtu. Í háskólanum eru nú um 8.000 stúdentar. Nýi dýralæknaskólinn er að rísa á Penglais hæð sem grillir í efst t.v. á myndinni. Þar eru nú flestar deildir og stúdentagarðar háskólans til húsa. Í bakgrunni er Rheidol dalur og lengst t.h. á myndinni er Dinas hæð.



Blómleg sveitabyggð í Ceredigion sýslu við Cardigan flóa, skammt frá Aberystwyth. Helstu búgreinarnar eru sauðfjárrækt og nautgriparrækt, bæði mjólkur og kjöframleiðsla. Bændur í Wales leggja mesta áherslu á að nýta graslendi sem best, bæði til beitar og fóðuröflunar. Lífræn ræktun, studd búvísindarannsóknir í Aberystwyth Háskóla, hefur eflst mikið síðustu áratugin.

– IBERS) og verður til húsa í fræðasetri sem er að rísa á Penglais hæð, kostað að hluta með gjafafé

frá fyrrverandi nemendum. Þess má geta að þaðan er fögur útsýn yfir gamla bæinn og Cardigan-flóa.

þar, er mér kunnugt um að mikið hefur verið lagt í undirbúning nýja dýralæknaskólans um all langt árabíl. Því ættu íslenskir stúdentar sem hafa hug á dýralæknámi að kanna þá kosti sem bjóðast þar þegar kemur að umsóknum til erlendra háskóla. Eitt er víst að Háskólinn í Aberystwyth nýtur mikil áhlits á Bretlandseyjum. Bæði árin 2018 og 2019 fékk hann sérstaka viðurkenningu vegna gæða kennslunnar og nú í ár, 2020, hlýtur hann viðurkenningu sem besti háskólinn í Wales (The Sunday Times Good University Guide). Þá fékk hann á liðnu ári næsthæstu einkunn allra breskra háskóla fyrir ánægju nemenda með námið og aðstöðu til þess (National Student Survey).

Upplýsingar um nýja dýralæknaskólann í Aberystwyth er að finna á <https://www.aber.ac.uk/en/vet-sci/> Einnig má senda tölvupóst til Arthur Dafis upplýsingafulltrúa í netfangið: [aid@aber.ac.uk](mailto:aid@aber.ac.uk)

## Áhersla á gæði kennslu og ánægju nemenda

Flestir okkar ágætu dýralækna hafa numið í Danmörku, Noregi og Þýskalandi, fáir á Bretlandseyjum. Vegna tengsla minna við Háskólann í Aberystwyth, allt frá námsárunum

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson  
oldyrm@gmail.com  
Höfundur er fulltrúi Íslands sem tengiliður í hópi fyrrverandi erlendra nemenda við Háskólann í Aberystwyth í Wales (International Alumni Services).

## Styrkur til fjögurra ferðamannaverkefna: Fjögur fuglaskoðunarskýli reist á norðausturhorni

Fjögur verkefni á Norðausturlandi eystra hlutu styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamanna-staða sem úthlutað var úr á dögnum.

Verkefnið Fuglastígur á Norðausturlandi hlaut hæsta styrkinn í fjórðungnum, 23 milljónir króna til byggingar fuglaskoðunarskýla á fjórum stöðum; við Nýpslón í Vopnafirði, fuglaskoðunarskýli við Skoruvíkurbjarg á Langanesi, fugla- og selaskoðunarskýli við Bakkahlaupi í Óxarfirði og skýli til fuglaskoðunar og útivistar í Skipshólma á Vopnafirði ásamt göngustíg þangað.

Verkefnið byggir á sérstöðu Norðausturlands sem eins fjölbreytilegasta fuglaskoðunarhéraðs landsins en það sameinar náttúruvæna ferðamennsku og snjalla hönnun og er til þess fallið að auka ferðamennsku á veiku svæði og á veikri árstíð.

Þingeyjarsveit hlaut 16 millj-

óna króna styrk til úrbóta á salernisaðstöðu við Aldeyjarsfoss. Mývatnsstofa hlaut 4,5 milljónir króna til að bæta öryggi og upplýsingagjöf í Dimmuborgum, en styrkurinn verður nýttur í að auka upplýsingagjöf með skiltagerð á Hallarflöt og í Jólaveinahelli þar sem jólaveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum allt árið um kring.

Tjaldsvæðið Systragil hlaut 850 þúsund krónur til að bæta merkingar og tengingu við Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði. Merkingar verða bætтар og tenging við Þingmannaleið, sem er gömul þjóðleið yfir Vaðlaheiði milli Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Upphaf Þingmannaleiðar er við Systragil og þar verður sett upp upplýsingaskilti, gera á göngustíg og stíka leiðina um tveggja kílómetra leið upp heiði að heiðargirðingu þar til vörður fara að sjást ofan við girðingu, en fyrstu vörðurnar kallast Systravörður. /MPP

## SJÓNAUKAR

### Frí heimsending

**Simmons black roof**  
stækkun 10x42  
kr. 25.900

**Bushnell H20**  
stækkun 10x42  
kr. 28.900

**Simmons Spotter**  
20-60X80  
kr 44.900

**NOBLEX INCEPTION**  
Stækkun 10X42  
kr. 36.900

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)

## MÁLFA&amp;MÁLNOTKUN

## Áhrif sjúkdómsfaraldra á tungumál

Er hægt að benda á eitthvert dæmi um að sjúkdómsfaraldur hafi haft áhrif á þróun tungumáls? Já, ég hef nýlega heyrt um eitt slíkt tilfelli og ég ætla að rekja þá sögu hér.

Árið 1348 barst Svartidaudi til Suðaustur-Evrópu frá Asíu að því er talið er. Hann barst síðan hægt norður eftir álfunni enda voru samgöngur þá með öðrum hætti en nú tíðkast. Árið 1350 kom hann til Noregs og lagðist þungt á marga, m.a. á áhafnir þeirra skipa sem áttu að sigla til Íslands þá um sumarið. Ekki tókst að manna skipin í stað þeirra sem veiktust illa eða dóu, svo siglingar féllu niður það sumarið. Ísland var sem sagt sett í sóttkví að „frumkvæði“ Svartadauda og slapp þess vegna alveg við veikina í það skiptið.

Veikin lagðist mjög illa á Norðmenn, ekki síst presta og munka sem voru oft tilkallaðir að sjúkrabeðum til að veita dauðvona fólki sakramentið, og þeim fækkað í kjölfarið svo mikið að varla

voru nokkrir eftir sem kunnu að lesa og skrifa í Noregi. Til þess að geta gert kaupsamninga eða annað sem þurfti nauðsynlega að festa á skinn þá voru fengnir lærdir menn frá Danmörku og upp frá því fór norskan að breytast og líkjast dönsku, þó sérstaklega í kaupstöðum en minna á afskekktum svæðum þar sem enn má heyra orð sem láta kunnuglega í eyrum Íslendinga.

Íslendingar áttu seinna eftir að finna fyrir áhrifum veikinnar í Noregi þegar spurn eftir afritum af konungasögum og öðrum bókmenntum íslenskum fór að minnka vegna þess að Norðmenn hættu að skilja íslensku, eins og lesa má í „Öldinni fjórtándu“ fyrir árið 1393.

Faraldurinn varð líka til að veikja konungsvaldið í Noregi og átti þátt í því að Noregur og um leið Ísland bundust Danmörku og Svíþjóð í sameiginlegu konungsveldi, en það er önnur saga. – *Þorsteinn Guðmundsson*

## Lely Center Ísland

## IAE STÍUGRINDUR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**MICKEY THOMPSON**  
**M/T**  
TIRES & WHEELS

DEEGAN 38 A/T      BAJA MTzP3      BAJA ATzP3      DEEGAN 38      BAJA CLAW      BAJA CLAW TTC

Icetrack ehf 773-4334 [mtdekk@mtdekk.is](mailto:mtdekk@mtdekk.is) [www.mtdekk.is](http://www.mtdekk.is)

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA  
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

**ISHURÐIR** [www.ishurdir.is](http://www.ishurdir.is)  
564-0013 | 865-1237



BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS

Fyrir okkur öll

# Bændur standa þétt saman

Meginverkefni Bændasamtaka Íslands er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda og afsláttarkjara á þjónustu.

## Breytt félagsgjöld

Breytingar á félagsgjöldum BÍ voru ákveðnar á síðasta Búnaðarþingi. Framvegis verða félagsgjöldin þrepaskipt og veltutengd. Núverandi félagsmönnum er bent á að yfirfara sína skráningu á Bændatorginu og gefa upp sína veltu af landbúnaðartengdri starfsemi.

Gefinn er frestur út apríl til að ganga frá skráningu á Bændatorginu. Þeir félagsmenn sem ekki skrá sitt veltubil fyrir apríllok geta átt von á að það verði áætlað.

## Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Við bjóðum nýja félagsmenn velkomna.

Hægt er að skrá sig í samtökin inni á vefnum [bondi.is](http://bondi.is)  
Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 og í netfangið [bondi@bondi.is](mailto:bondi@bondi.is).

Fylgstu með bændum á Facebook og [bondi.is](http://bondi.is)



Harpa Rún Kristjánsdóttir, bókmenntaverðlaunahafi Tómasar Guðmundssonar:

# Skáld á tímatali bóndans

Harpa Rún Kristjánsdóttir, búandkerling í Hólum á Rangárvöllum, hlaut á haustdögum Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir bókina Edda. Harpa Rún gegnir ýmsum ritstörfum en gegnir þess á milli í fjárhúsum foreldra sinna. Aðalsteinn Eyþórsson tók hana tali um skáldskapinn, búskapinn og samhengið.

Harpa Rún býr í sveit undir Hekluótum og kynnir sig stundum sem afdalabarn eða búandkerlingu, því henni finnst mikilvægt að koma þessum hluta af lífi sínu í orð. „Ég er bókmenntafræðingur og starfa við ritstjórn og útgáfu og það eru gjarnan titlarnir sem ég fæ. En ég er samt meira, þótt mér þyki bóndi full djúpt í árina tekið. Þú ert ekki endilega forstjóri fyrirtækis þó þú vinnir hjá því, en sveitin og sveitastörfin eru mjög stór partur af mér – svo búandkerling er ágætt.“

Aðspurð um mikilvægi þessa uppruna í störfum hennar í dag segir hún fátt hafa mótað sig eins mikið. „Líklega skiptir hann öllu máli, þessar rætur hafa mótað brautina mína á svo margan hátt. Ég fór frekar hefðbundna leið í vinnu og námi, en samt alltaf á tímatali bóndans, ef svo má segja. Ég þarf að fá frí í maí og fresta öðrum verkefnum ef það er þurrkur. Þessu fylgir togstreita og þörf á forgangsroðun, sem er kannski það mikilvægasta sem ég hef lært.“

## En svo ertu skáld

„Hvað skáldskapinn varðar er hann óhjákvæmilegur fylgifiskur afdalamennskunnar. Við erum alin upp við mikinn lestur og bókaumræðu, sem kannski fylgir fámenninu. Hér drjúpa líka ljóð af hverju stráí.“

Harpa Rún gaf einmitt út ljóðabók nú á haustdögum, sem snerti við ólíklegustu lesendum. Samhengi er orð sem kemur upp í hugann við lestur bókarrinnar: samhengi kynslóða og fjölskyldna, samhengi æsku og elli, lífs og dauða. Því liggur beint við að spyrja – ertu með samhengi á heilanum?

„Já, alveg áreiðanlega,“ svarar Harpa Rún og hlær. „Ég hef stundum þakkað fyrir að í uppveiti okkar bræðra var kynslóðabil bara orð. Hér voru allir saman í einum graut og virðing borin fyrir einstaklingnum, sama hvar í ævinni hann var staddur. Bændasamfélagið byggir líka á samhengi, það þarf að hleypa til svo fæðist lömb og ná heyjum svo hægt sé að fæða þau. Það er kannski eitt af því sem var mér ofarlega í huga við að skrifa Edda. Hún er saga tveggja kvenna sem stóðu mér nærri sem staddir voru við upphaf og enda líflínunnar. Kvöldið sem sú eldri dó var sauðburður og þegar ég fór út í hús um miðnættið var kindin hennar borin. Í því fólust svo mörg ták. Bæði var hræðilegt að geta ekki hringt í hana og sent henni myndir, en þetta minnr líka á að lífið heldur áfram. Sólin gengur hringinn og tíminn snýst.“



Bændasamfélagið byggir á samhengi, það þarf að hleypa til svo fæðist lömb og ná heyjum svo hægt sé að fæða þau. Myndir / Halla Ósk Heiðmarsdóttir



Harpa Rún Kristjánsdóttir, búandkerling í Hólum á Rangárvöllum.

Það virðist stutt á milli aldurs-skeiðanna og tegundanna í huga Hörpu Rúnar. Hvort hefur meiri áhrif á skáldskapinn, dýr eða önnur skáld?

„Það er nú afskaplega einstaklingsbundið,“ svarar hún spök. „Ætli það gæti ekki heilt á litið verið frekar jafnt? Dýrin hafa kennt mér meira en skáldin kannski sýnt mér fleira. Svo er þetta allt svo persónubundið,

maður kynnist dýrum mismikið og þau eru miseftirminnilig. Það sama á við um skáldin.“

## Forréttindi að vera sveitaskáld

Harpa Rún segist ekki treysta sér til að yrkja hefðbundið, ekki ennþá að minnsta kosti. Hvernig fer nútíma-skáldskapur í sveitunga hennar?

„Mörgum finnst þetta stuðlalaust hnoð, og örugglega fleirum en þora að segja það við mig. Annars hef ég, eftir að bókin mín kom út, hallast meira og meira að því að þetta með ástina á hefðbundnum skáldskap til sveita og meðal eldra fólks sé töluvert orðum aukið. Það eru allir að lesa alls konar. Mér þykir sérstaklega vænt um þegar fólk segir að bókin sé nokkuð góð þrátt fyrir að það lesi nú vanalega ekki svona. Hvað svo sem svona nú er,“ segir skáldið og glottir í kampinn. Hún segist sannarlega ekki þurfa að kvarta undan viðbrögðunum heima



fyrir, þau hafi verið bæði mikil og falleg. Útgáfuhófin voru tvö, eitt á Arbæjarsafninu og hitt í Hekluótrinu á Leirubakka. „Það var ekki síðri mæting í það síðarnefnda, enda er ég að hálfu úr Landsveitinni. Þar var meðal annars vísnaðsamkeppni þar sem skárin gerðin af skáldskap fékk að skína.“

„Að vera sveitaskáld og í rauninni bara sveitakerling yfir höfuð eru forréttindi. Þú færð að vera nær náttúrunni en ekki bara sem gestur, heldur þátttakandi og partur af keðju. Það skiptir mig gríðarlegu máli og hefur áhrif á hvað og hvernig ég skrifa. Þetta er að verða fátíðara hlutskipti fólks og ég er fullkomlega meðvitund um að svona lagað er ekki sjálfgefið.“

## Dráttarvélarnar drápu sveitarómantíkuna – í bókum

Margt bendir til þess að það sé vaxandi menningarmunur milli sveita/landsbyggðar og þéttbýlis/höfuðborgarinnar. Getur skáldskapur brúað þetta bil?

„Skáldskapur, sér í lagi ljóð finnst mér, byggir fyrst og síðast á samkennd og tilfinningum. Myndir og aðstæður sem kveikja með okkur tilfinningar sem leiða af sér skilning. Þess vegna er mikilvægt að fólk úr öllum áttum og öllum stéttum sé að skrifa, einmitt til að skila ólíkum reynsluheimi. Ég var svo heppin að fá að standa með fætur í báðum þessum menningarheimum lengi vel, sem hefur kannski hjálpað mér að skilja betur hvað ég hugsa.“

Sveitasögur eru svo sem ekki nýjar af nálinni og Harpa Rún hefur meðal annars fjallað um það í skrifum sínum sem bókmenntafræðingur. Á tímabili segist hún hafa velt því fyrir sér að skrifa ritgerð um nútímavæðingu í íslenskum sveitabókmenntum, sem hafi verið frekar seint á ferðinni. „Dalalíf endar á því að það kemur traktor. Það er eins og sveitarómantíkin drepist með vélvæðingunni, allavega í bókmenntunum, en staðreyndin er sú að það er ennþá allt fullt af lífi utan við nostalgíuna. Það er svo bráðíslenskt að skrifa um sveitina, en þau skrifa koma ekki endilega frá kjarna hennar. Sögurnar sem koma beint úr lífæðinni fara gjarnan ekki lengra en milli eldhúsbörða – sem oft er synd,“ segir Harpa Rún að lokum.

Titilljóð bókarrinnar Edda, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2019. Þess má geta að ljóðið er nú í eigu spunaverksmiðjunnar Uppspuna, eftir sérstaklega vel heppnaðan upplestur þar á jólafoðstunni, þar sem leikið var undir á rokka.

## Edda

Þið tvær eruð endar tímareipis

sem strekkist og slaknar á víxl.

Önnur að hefja leik hin að nálgast lokin.

Milli ykkar liggur líflína spunnin úr blóðböndum, tvítogi vinarþeli, sem þið haldið hæfilega þaninni.

Við hin horfum á heyrnum tóna hrökkva af strengjum.

Dönsum svo á línunum ykkar yfir, undir, á þeim finnum lausa enda flækjur, snurður, föll.

En þræðina eigið þið sjálfar.

## Lely Center Ísland



## STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## LESENDABÁS

# Matarkistan Ísland

Það má í raun teljast ótrúlegt að búa í landi sem hefur jafn mikla möguleika á hreinni matarframleiðslu og Íslandi en búa jafnframt við gífurlegan innflutning af matvælum sem við getum með auðveldu móti ræktað sjálf. Eins mætti það teljast með ólíkindum að þegar grænn flokkur situr í ríkisstjórn að ekki sé lögð meiri áhersla á að styðja við lífræna íslenska framleiðslu á matvörum en raun ber vitni. Sér í lagi þegar forsætisráðherra hefur sérstakan áhuga á hamfarahlýnun og gæti sparað mörg kolefnisspor með því að stuðla að því að flytja ekki vörur yfir hafið sem við getum auðveldlega framleitt sjálf.

Nú erum við Íslendingar svo heppnir að búa í landi vatns og vinda þar sem fallvötn eru ekki af skornum skammti. Við framleiðum því nánast einvörðungu græna raforku sem hefði verið rakið að nýta til að framleiðslu á hreinu, lífrænu og umhverfisvottuðu grænmeti. Vandinn er þó sá að hingað til hefur raforkuverð til bænda verið allt of hátt og hefur það komið niður á framleiðslugetu þeirra sem og nýliðun í stéttinni. Þetta okur er mikill ljóður á ráði Landsvirkjunar því hún er í þjóðareigu og skilar töluverðum hagnaði ár hvert og því er engin ástæða til að vinna gagnert á móti bændum á þennan hátt.

Það vekur einnig furðu að Landsvirkjun hafi tekið upp á því að selja upprunavottorð fyrir raforku sem hefur breytt hreinu orkunni okkar í óhreina orku í orði en ekki á borði. Þetta eyðileggur vissulega möguleika allra þeirra sem vilja kaupa þessa hreinu orku og auglýsa vöruna sína sem framleidda á náttúruvænna hátt. Á tímum umhverfisumræðu og áhuga fyrir náttúrunni er stóruandlegt að stjórn Landsvirkjunar skuli láta sér detta þetta til hugar og skemma þannig fyrir orðspori íslenskrar orku og íslenskrar framleiðslu.

Ofan á allt saman hefur sú umframorka sem var inni á kerfi Landsvirkjunar nú verið seld að umtalsverðu leyti til gagnavera



Guðmundur Franklín Jónsson.

sem hefur gert það að verkum að forstjóri Landsnets hefur boðað orkuskort. Það hefði verið nær að þessi orka færi til bænda sem vildu hefja búskap eða ylrækt í stað þess að hún væri seld til fyrirtækja sem grafa eftir rafmynt og skapa sáralitla atvinnu í landinu. Hafa menn á borði við Gylfa Magnússon, fyrrum viðskiptaráðherra, vakið athygli á að hér sé um soun á raforku að ræða og sé slík soun eitt helsta vandamál sem jarðarþúar standa frammi fyrir.

Það er í mínum huga engin spurning að ráðamenn eigi að styðja við bakið á bændum í landinu og hvetja þá heldur til framleiðslu en letja. Við sjáum það best nú á tímum heimsfaraldurs hversu mikilvægt það er að innlend matvælaframleiðsla ráði við að brauðfæða landsmenn þegar í harðbakkann slær. Svo ekki sé talað um þá gífurlegu og einstöku möguleika sem eru fyrir íslenska bændur á alþjóðamarkaði með sína vöru. Mig langar því að lokum að hvetja stjórnvöld til að hætta að setja bændum stólinn fyrir dyrnar og gera heldur allt sem í þeirra valdi stendur til að ljúka upp öllum dyrum sem auðvelda þeim framleiðslu á þessari frábæru íslensku vöru.

Guðmundur Franklín Jónsson



**RAFGEYMASALAN**  
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆÐI OG GOTT VERÐ

GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR TEGUNDIR  
LYFTARASELLA Á GÓÐU VERÐI



**FÁÐU TILBOÐ**  
VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN



**UMHVERFIS  
STOFNUN**

## Kynning á drögum að stjórnar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki

Drög að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki hafa verið lögð fram til kynningar á vef Umhverfisstofnunar.

Markmiðið með gerð Stjórnunar- og verndaráætluninni er að leggja fram stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sem bestri átt.

Hægt er að skila inn ábendingum og athugasemdum með því að senda tölvupóst til Umhverfisstofnunar á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), eða senda póst til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

**Frekari upplýsingar veitir Hákon Ásgeirsson í gegnum tölvupóst ([hakon.asgeirsson@ust.is](mailto:hakon.asgeirsson@ust.is)) eða í síma 591-2000 / 591-2134.**



### Handmjaltartæki



**34.900kr m/vsk**

Pantaðu á netverslun okkar  
[www.kb.is](http://www.kb.is)



**BÚREKSTRARDEILD**  
BORGARNEST

- Fyrir ær og hryssur
- Sjálfvirkir sog
- Til að safna broddi
- Til að létta á bólgu
- Til að mjólka í lömb
- Eigum auka flöskur og varahluti





**FLOTFATNAÐUR**  
- fyrir allar aðstæður

Frístunda- og atvinnufatnaður frá REGATTA

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



**ÍSFELL**  
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is), [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)

Bændablaðið kemur næst út 7. maí



Samþykkt skipulag sem hindrar skógrækt sem eðlilegan þátt í búskap vinnur beinlínis gegn bændum og stuðlar því að hnignun búskapar.

## Skógur gerir bóndann ríkari

Fyrir fáeinum árum hugðist kúabóndi á Norðurlandi endurnýja fjósið á bæ sínum. Nýjar reglur um aðbúnað nautgripa voru í augnsýn og ný tækni gerði kleift að búa með fleiri kýr við betri skilyrði en jafnframt komast af með færri vinnandi hendur og minna vinnuálag. Ekki datt bóndanum þó í hug að það yrði skógurinn hans sem skipti sköpum um hversu stórt fjós hann gæti reist.

Bóndinn fór á stúfana að kanna möguleika sína og talaði við bankann. Bankinn vildi fá upplýsingar um hitt og þetta sem snerti búreksturinn og eignir sem tilheyrðu jörðinni. Bóndi tundaði stærð jarðarinnar, stærð ræktaðs lands, húsakost, véla- og fleira. Bankans megin fór að mótast hugmynd um lána- möguleika bóndans og grunnur að lánshæfismati. Þegar bóndinn hélt að hann hefði tundað allar sínar eignir mundi hann eftir skóginum sínum. „Já, svo er það skógurinn. Kannski allt í lagi að nefna hann líka. Hann er svona þrjátíu ára gamall og þó nokkrir tugir hektara.“

Bóndanum til mikillar furðu lyftist brúin á bankamönnum við þessar fréttir. Þeir reiknuðu upp á nýtt og og voru nú tilbúnir að lána talsvert meira en áður. Bóndinn fékk lán fyrir stærra fjósi en áður hafði litið út fyrir.

Vegna skógarins er reksturinn á þessu norðlenska býli nú hagkvæmari og fjárfesting í mjaltþjónum og fasteignum verður fljóttari að skila sér til baka. Jafnvel þótt enn séu allmörg ár þar til bóndinn uppsker smíðavið úr skógi sínum er skógurinn nú þegar farinn að skapa honum betra lífsviðurværi og betri rekstur. Þetta dæmi er fært í stíllinn en á sér raunverulega stöð.

Skógur er nefnilega langtímafjárfesting. Fáar langtímafjárfestingar standa betur af sér efnahagssveiflur en skógur. Og langtímafjárfestingar geta óbeint skilað sér löngu áður en þær fara að gefa af sér beinar tekjur eða söluhagnað. Þær treysta eignagrunn eigenda sinna.

Bændur í Skandinavíu hafa lengi notað skóginn sinn til að jafna sveiflur í búrekstrinum. Þegar timburverð er lágt er dregið úr skógarneytum og skógurinn látinn vaxa áfram þar til timburverð hækkar. Þá er skógur höggvinn og ný tré vaxa upp í staðinn, ýmist með sjálfsáningu eða endurgroðursetningu. Þannig viðhelst vistkerfi skógarins. Skógurinn minnkar ekki heldur endurnýjast.

Skógarhögg í sjálfbærri skógrækt er ekki ósvipað náttúrulegum áföllum í skóginum vegna elda, storma, meindýrplágu eða annarra orsaka. Náttúran sjálf fellir skóg og nýr vex upp í staðinn. Maðurinn fellir skóg og nýr vex upp í staðinn. Munurinn er ekki svo mikill þegar vel er staðið að skógræktinni eins og gert er til dæmis í Skandinavíu. Þannig er líka skógrækt á Íslandi skipulögð.

Skógrækt er eitt af því sem Íslendingar geta notað til að jafna efnahagssveiflur sínar til framtíðar. Bændur sem rækta skóg fá skjól, aukna frjósemi og margt fleira sem gagnast kvikfjárrækt og ræktun nytjaplantna á ýmsan hátt. Til skógræktar er gjarnan tekið það land á bújörðum sem minnst gefur af sér og þannig gengur skógræktin á engan hátt gegn öðrum möguleikum í búskapnum heldur þvert á móti. Ef bóndinn vill hugsa til skemmri tíma með skógræktinni kemur til greina að taka frjósamara land til asparræktar. Slíkan skóg má fella eftir 20–25 ár og selja viðinn. Að því búnu má breyta landinu í tún eða akur ef það þykir henta. Ef það hentar ekki vaxa upp af rótum aspanna nýjar aspir fyrirhafnarlaust og ókeypis. Þær þurfa ekki einu sinni áburð. Það eina sem þarf að gera er að sjá til þess að einungis einn teinungur vaxi upp af hverri rót svo að aftur verði hægt að uppskera eftir 20–25 ár. Ungur bóndi gæti séð tvers slíkar uppskerur á starfsævinni.

Hjá sumum sveitarfélögum í landinu gætir nú þess misskilnings að verja þurfi landbúnaðarland fyrir skógrækt. Með því að setja skorður við skógrækt er dregið úr möguleikum bænda til að treysta eignagrunn sinn og byggja upp fjölbreyttan rekstur sem nýtur lánstrausts í bönkum og þolir betur efnahagssveiflur og aðra óáran. Samþykkt skipulag sem hindrar skógrækt sem eðlilegan þátt í búskap vinnur beinlínis gegn bændum og stuðlar því að hnignun búskapar.

Skógrækt er nú þegar bundin í margvísleg lög og reglugerðir og framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt fæst ekki nema tekið sé tillit til landslags, landgerða, fornminja, náttúruverndar og fleiri þátta. Skógrækt vinnur ekki gegn kjötframléiðslu, ræktun nytjaplantna eða öðrum búgreinum. Hún styður við allar aðrar búgreinar. Skógrækt er búgrein sem gerir bóndann ríkari.

Þétur Halldórsson  
Skógræktinni

## LESENDABÁS



Gunnarsstaðir í Þistilfirði. – „En grundvallarspurningin hér snýst ekki um einstakar jarðir. Hún snýst um það hvort Ísland sé yfir höfuð til sölu til útlendinga. Hvort mönnum finnst bara allt í lagi að erlendir auðmenn geti sölsað undir sig heilu landsvæðin, einhver ósnortnustu og víðfeðmustu öræfi landsins, fallréttinn í ánum ásamt óþrjótandi ferskvatnsauðlindum að ógleymdri laxveiðiauðlindinni sem hefur verið ein traustasta tekjustöð og lífæð byggðarinnar hér á norðausturhorninu.“  
Mynd / HKr.

# Er Ísland til sölu?

Í Bændablaðinu 19. mars sl. gaf að líta grein eftir Gísla Ásgeirsson undir heitinu „Um viðskipti með bújarðir“. Af lestri greinarinnar má glögg ráða að höfundi hugnast lítt tilburðir þar til bærra stjórnvalda til að reisa einhverjar skorður við uppkaupum og uppsöfnun auðmanna, jafnt innlendra sem erlendra, á íslensku landi.

Slíkt þarf í raun ekki að koma á óvart þar sem Gísli hefur verið helsti forgöngumaður breska auðmannsins Jim Ratcliffe við kaup á tugum hlunnindajarða hér á Norðausturlandi. Hitt fannst mér öllu dapurlegra að hann skuli telja stjórn Bændasamtaka Íslands einn sinn helsta skoðanabróður í þessum efnun, og heldur eymdarleg rós í hnappagat þeirrar stjórnar, sem í heilu lagi mátti taka pokann sinn á síðasta Búnaðarþingi.

Þetta sagð, engar hömlur megi setja sem afmarkað geti kaupendahópin. Það geti í einhverjum tilfellum minkað verðmæti jarða og veðhæfni.

En hver er þá staða hinna sem ekki hafa viljað selja sínar hlunnindajarðir og eru komnir í gíslingu og algjörlega undir hælinn á þessu erlenda auðvaldi? Er ekki búíð að verðfella þeirra jarðir? Er þess langt að bíða að einhverjir þeirra gefist upp og hrökklist frá? Hefur stjórn BÍ tekið upp hanskan fyrir þá?

Það hefur hins vegar núverandi landbúnaðarráðherra gert með tillögu að breytingum á Lax- og silungsveiðilögum og tek ég ofan fyrir Kristjáni Þór fyrir það. Einnig tek ég ofan fyrir forsætisráðherra, sem gengið hefur fram fyrir skjöldu í því að koma einhverjum böndum á þessi mál.

### Að selja frumbrúðarréttinn fyrir baunadisk

En grundvallarspurningin hér snýst ekki um einstakar jarðir. Hún snýst um það hvort Ísland sé yfir höfuð til sölu til útlendinga. Hvort mönnum finnst bara allt í lagi að erlendir auðmenn geti sölsað undir sig heilu landsvæðin, einhver ósnortnustu og víðfeðmustu öræfi landsins, fallréttinn í ánum ásamt óþrjótandi ferskvatnsauðlindum að ógleymdri laxveiðiauðlindinni sem hefur verið ein traustasta tekjustöð og lífæð byggðarinnar hér á norðausturhorninu.

Við þá sem telja þetta bara allt í besta lagi vil ég segja. Eigum við þá



Jóhannes Sigfússon.

ekki bara að gera þetta með stæl? Gera þetta eins og alvöru menn og selja alla orkuauðlindina eða alla fiskveiðiauðlindina á einu bretti? Ætli Evrópusambandið, eða jafnvel Rússar, vildu ekki borga dágóða summu? Þjóðin þyrfti ekkert að vinna, jafnvel í einhverja áratugi. Allir gætu bara legið á meltunni og haft þó gott.

Við skulum ekkert vera að velta okkur upp úr því hvað svo tæki við. Þegar veislunni lýkur verðum við flest komin undir græna torfu, kannski í erlendra eigu, þ.e.a.s. torfan yfir okkur, en hvað með það.

Markmiðið með öllum þessum jarðakaupum er að sögn Gísla að vernda Atlantshafslaxinn og stöðva hnignun hans. En vernda hann fyrir hverju? Vernda hann fyrir bændunum? Vernda hann fyrir eignarhaldi allra annarra en þeirra sjálfra á hlunnindajörðunum? Hér í Veidifélagi Hafalónsár, þar sem hvað harðast hefur verið gengið fram í að ná undir sig eignarhaldi á jörðum að undanförunu og þ.m. atkvæðisrétti í Veidifélaginu, hafa þessi verndunaráform ekkert verið kynnt þeim sem ennþá lafa þó á sinum eignum. Ekkert verið leit að áliti þeirra eða skoðana. Það eina sem við vitum eru fréttir af einhverjum halelújakynningum á blaðamannafundum sem hinir sjálfskipuðu verndarar laxins boða til sjálfir.

Síðan er stefnan að byggja upp lúxusaðstöðu fyrir hundruð milljóna við hverja á. Er það í þágu friðunar?

Ég ætla ekki að halda því fram að Gíslu og félagar hafi ekki vilja og

getu til að gera góða hluti varðandi verndun Atlantshafslaxins, en hvers vegna er ekki byrjað á því að leita eftir samstarfi og sátt við nærumhverfi ána? Ekki hefur staðið á bændum hér hingað til að grípa til þeirra ræktunar- og verndunaraðgerða sem mælt hefur verið með af kunnáttumönnum, enda þarf almennt ekki utanaðkomandi auðmenn til að fræða þá sem búskap stunda um mikilvægi bústofnsins.

Ég tel augljóst mál að þessar flugeldasýningar um verndun laxins séu ekki síður til að afvegaleiða umræðuna um samþjöppun eignarhalds á hlunnindajörðum og landi, og kaupa sér jákvæðari ímynd. En fyrst og síðast tel ég tilganginn vera að ná undir sig eignarhaldi og umráðum yfir auðlind sem til framtíðar séð getur verið verðmætari en nokkurn órar fyrir í dag.

### Landbúnaðarhagfræði Gísla

Grátbroslegar finnast mér vangaveltur Gísla um hagsmuni bænda og hvað það sé nú góður kostur að selja jörðina sína og gerast leiguliði, hafandi selt frá sér öruggasta árvissa tekjuliðinn og allan veðrétt til uppbyggingar. Og þó Gísli segi þá jákvæða fyrir áframhaldandi landbúnaði á þeirra jörðum getur hann enga tryggingu gefið fyrir því til framtíðar. Eigninn getur sagt með vissu hvernig eignarhaldi verður háttáð, jafnvel eftir tíu ár, það sýna best nýleg dæmi. Enginn er eilífur. Enginn getur tryggt hvaða viðhorf nýir eigendur munu hafa til landbúnaðar og búsetu á tugum jarða hér á svæðinu.

Í full sextíu ár man ég eftir mér starfandi við landbúnað hér. Lengi í forsvari fyrir sveitarfélagið mitt og í margs konar félagsmálavafstri fyrir bændur samhliða búskapnum. Ýmsar plágur hefur þurft að fást við, s.s. haffisvetur, stórfellt kal í tünun og erfið haustáfelli. Á öllu slíku hafa menn sigrast og risið upp aftur sterkari en áður. Þessa síðustu plágu, ásælni erlends auðjófurs í tugi hlunnindajarða undir handleiðslu Gísla, tel ég vera þá hættulegustu fyrir landbúnaðinn til lengri tíma lítið. Hún mun ekki víkja fyrir hækandi sól og hagstæðari tíð. Hún sundrar samstöðu manna og er komin til að vera.

Jóhannes Sigfússon  
Gunnarsstöðum



## LESENDABÁS

# Samvinna afurðastöðva

Á undanförunum árum hafa afurðastöðvar í kjöti mátt þola gríðarmiklar breytingar í sínu samkeppnisumhverfi. Þar sem innflutningur á kjöti hefur aukist verulega frá löndum þar sem aðstæður til framleiðslu eru mun hagfelldari út frá mörgum sjónarhornum, t.d. aðbúnaði dýra, launakostnaði og veðurfari. Einnig er slátrun og vinnsla í mörgum þessara landa mun hagkvæmari vegna stærðarhagkvæmni og lægri launakostnaðar svo eitthvað sé nefnt. Þetta gerir það að verkum að íslenskar kjötafurðastöðvar hafa glímt við erfiðan rekstur undanfarin ár.

Þessi fyrirtæki skapa fjölmörg störf, flest á landsbyggðinni, og eru mikilvægur hlekkur í innlendra framleiðslu matvæla sem enn og aftur sannar sig nú á hinum erfiðu tímum Covid-19. Vegna þessa erfiðu aðstæðna í rekstri hafa afurðastöðvar meðal annars ekki getað hækkað verð til bændna í takt við það sem eðlilegt væri og heldur ekki náð að endurnýja og fjárfesta í rekstri sínum eins og ákjósanlegt væri.



Þórarinn Ingi Pétursson.

## Breytingar á búvörulögum


Það er augljóst að ef gæta á sanngírni í þessum heimi þarf að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva á Íslandi. Ef vel ætti að vera þyrfti að horfa til sambærilegs fyrirkomulags og viðhaft er í mjólkuriðnaðinum. Þar sem afurðastöðvar hafa leyfi til þess

að hafa með sér ákveðið samstarf og verkaskiptingu á markaði. Með því mætti sjá mikla hagræðingu á ýmsum sviðum í þessum rekstri sem myndi skapa fyrirtækjunum betri rekstur og rými skapast til að borga bændum hærra verð fyrir sínar afurðir. Hefur undirritaður lagt fram á Alþingi frumvarp þess efnis að breytingar verði gerðar í þá átt sem reifað hefur verið í grein þessari á búvörulögum á síðasta haustþingi með það að markmiði að efla innlenda framleiðslu og tryggja afkoma bændna og þar með fæðuöryggi þjóðarinnar. Í krísum sem þessari sannast hið fornkvæða að hollur er heimafenginn baggi. Íslendingar munu eins og aðrar þjóðir þurfa að leggja mikla áherslu á það á næstu árum að efla og tryggja sína matvælaframleiðslu. Við Íslendingar eignum að vera stoltir af okkar matvælaframleiðslu og standa vörð um hana sem aldrei fyrr.

Þórarinn Ingi Pétursson  
þingmaður Framsóknar  
í NA-kjördæmi

## ROTÞRÆR YFIR 30 ÁRA REYNsla

- Íslensk hönnun, framleiðsla og gæði.
- Heildarlausnir fyrir heilsárshús, sumarbústaði og stofnanir.
- Þriggja hólfa, framleiddar úr Polýetýleni (PE).
- Uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN 12566.



BORGARPLAST HF.

Fráveitulausnir og ker:

Völuteig 31, 270 Mosfellsbæ, Sími: 561 2211

Húseinangrun og frauðkassar:

Grænásbraut 501, 262 Reykjanesbæ, Sími: 561 2210

borgarplast.is

**BORGARPLAST**

## Ný kynslóð 100% rafmagn!

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.



**KLETTUR**

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



## Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

### Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi

Eldisstöðin Íspór ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8.apríl—25.maí á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofunni í Ölfusi, Þjóðarbókhöðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. maí 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).



## Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

### 8.000 tonna laxeldi og/eða silungseldi í Ísafjarðardjúpi

Arctic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 8.000 tonn laxeldi og/eða silungseldi í Ísafjarðardjúpi.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8.apríl—25.maí á eftirtöldum stöðum: Á Safnahúsinu á Ísafirði, Þjóðarbókhöðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. maí 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

## Lely Center Ísland



### STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - [www.vbl.is](http://www.vbl.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Mótorar og varahlutir á lager  
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON  
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi  
Sími 544-4656 | [www.mhg.is](http://www.mhg.is)

**Bændablaðið**  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á Facebook


## SAUÐFÉ &amp; BURÐARHJÁLP

## Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákonni Hanssni og Þorsteini Ólafssni



Á framfæti eru hné og lagklaufr gagnstæð.



Eðlilegur burður.




Svona á að draga lamb út.



Á afturfæti snúa hækil og lagklaufr í sömu átt.



Hvorugur fóturinn kemur með. Það verður að ná að minnsta kosti öðrum fætinum, helst báðum, annars næst lambið ekki út.




Þegar annar fóturinn kemur ekki þarf í þessu tilfalli að fara inn og koma fingri í hnésbötina og rétta úr fætinum. Jafnvel þó að fóturinn liggji beinn aftur með lambinu er oftast best að byrja á að rétta fótinn fram.



Afturfætur sjá Mynd 3. Lambið oft stórt, dregið varlega til skiptis í sitt hvorn fótinn. Reyna að skaða hvorki lamb né á. Hætta á brotnum rifbeinum. Nota mikið slím. Ekki reyna að snúa lambinu. Dýralæknisaðstoð og keisarskurður oft besta úrræðið.



Höfuðið stangar í mjaðmagrindina, hér verður að láta ána standa og yta höfuðinu inn og koma spotta aftur fyrir eyrun á lambinu.




Höfuðið snýr aftur eða niður. Vera viss um að fæturnir tilheyri sama lambinu og að þeir séu framfætur, sjá Mynd 2. Fara inn ofan við lambið og finna höfuðið. Nota mikið burðarslím og reyna að rétta höfuðið. Aldrei toga í neðrikljalkan á lambinu.



Hér verður að ná hinum fætinum, svona kemst lambið ekki út.



Tvö lömb, mikilvægt að vita hvað tilheyrir hvoru lambi. Hafa hærra undir ánni að aftan. Mælt er með því að taka lambið sem kemur aftur á bak fyrst sé það ekki því stærra.



Skjámynd af rásinni á YouTube.

## Burðarhjálparmyndbönd á YouTube

– Íslenskar leiðbeiningar vegna algengra vandamála á sauðburði

Ný myndbandarás hefur verið stofnuð á YouTube með það að markmiði að auðvelda bændum burðarhjálpina á sauðburðinum þegar snúin vandamál koma upp.

Það er Karólína Elísabetudóttir, sauðfjárbóndi og rithöfundur í Hvammshlíð, sem hefur haft veg og vanda að verkefninu; faglega umsjón með leiðbeiningunum hefur Axel Kárasón í Vík (Staðarhreppi), dýralæknir og búfræðingur. Þau fengu til liðs við sig sauðfjárbændur víðs vegar að við upptökur á kennslumyndböndunum.

Karólína segir að hún hafi auðvitað rekið sig sjálf á að ekki gangi alltaf allt smurt á sauðburði. „Reyndir sauðfjárbændur geta auðvitað leyst flest vandamál en sumar upptökur eru sjaldgæfar eins og legsnúningur eða að lambið ber mjög skakkt að. Auk þess er sum vandamál erfiðara að leysa en hin, til dæmis ef stórt lamb kemur afturábak. Þá er gott að geta horft á myndbönd þar sem aðrir bændur sýna hvernig þeir finna út úr þessu og þar sem dýralæknir útskýrir með hjálp líkans hvað er eiginlega að gerast inni í kindinni á meðan. Ekki síst þegar börnin eru að læra burðarhjálp eða minna vant aðstoðarfólk eru upplýsingar sem þessar ómetanlegar,“ segir hún.

## Fyrsta leiðbeiningarefni sinnar tegundar

„Svleiðis efni, sem miðar auk þess við íslenskar aðstæður, hafði ekki verið til. Jafnvel á öðrum tungumálum eru skýr og skipulögð leiðbeiningarmyndbönd afar sjaldgæf. Youtube-rásin heitir Leiðbeiningarefni um burðarhjálp og er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Um 15 mismunandi myndbönd – á milli 3 og 17 mínútur að lengd – eru nú þegar aðgengileg þar og bætast fleiri við á næstunni. Verið er að útbúa eins konar ákvarðanatré, sem hjálpar við að finna myndbandið sem á best við í hvert skiptið,“ segir Karólína sem sér sjálf um skipulag, upptökur og uppsetningu. Axel kemur sjálfur fram sem leiðbeinandi í myndböndunum.

## Upptökur frá 2016

Að sögn Karólínu hófust upptökur á sauðfjárbúum vorið 2016 í Hvammshlíð, en meginparturinn hafi verið tekinn upp 2019 á Halldórsstöðum í Skagafirði, svo í Breiðavaði, Steinnesi,



Afturábak. Skjámynd úr leiðbeiningarmyndbandi.



Afturábak. Ærin á bakinu. Skjámynd af Berglinni Bjarnadóttur og Jóni Arna Magnússni, Steinnesi, vinna saman.

Sölvabakka og Stafni í Austur-Húnavatnssýslu. „Auk þess bástur upptökur frá öðrum bæjum svo sem Helgafelli á Snæfellsnesi, Hrísum í Borgarfirði, Hofi í Vatnsdal og Höfða I í Grýttubakkahreppi. Fram koma þaulreyndir bændur eins og Einar Kári Magnússon, Jón

Árni Magnússon, Anna Margrét Jónsdóttir, Sævar Sigurðsson, Bjarki Benediktsson, Stefanía Egilsdóttir, Sigursteinn Bjarnason, Þórdís Sigurbjörnsdóttir, Lára Björg Björgvinsdóttir, Jón Gíslason og Ásta F. Flosadóttir.

Síðan er notast við líkan af

## Kallað eftir myndefni og upptökum af sjaldgæfum vandamálum

Af sumum frekar sjaldgæfum vandamálum ásamt lausn er enn bara lítið eða ekkert myndefni til. Því eru upptökur, helst myndbönd, vel þegnar:

- legsnúningur,
- skeiðarsig,
- notkun magaslöngu hjá lambi sem getur ekki kyngt sjálft
- keisarskurður.

Myndgæði skipta engu máli í þessu tilfalli og heldur ekki hvort allt sé visindalega „rétt“ framkvæmt, öll dæmi gera gagn. Best er ef upplausnin er góð og ef myndin er lárétt, ekki lódrétt, en allt efnið er vel þegið. Það má senda á burðarhjalp@gmail.com eða í FB-skilaboðum (Karólína í Hvammshlíð) – eins með ábendingar og nýstárlegar aðferðir.

## BÁRUPLAST




Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | Fax 545 4601 | metal@metal.is

**SAUÐFÉ & BURÐARHJÁLP**

Er þetta eðlilegur burður - þarf ég að veita burðarhjálpar?



Fjölbreyttu lambalíkönin; Litla-Surtla, Móhyrningur og Stóra-Mjöll.



Stór horn. Skjámynd úr leiðbeiningarmyndbandi.

„alvöru“ mjaðmagrind og þremur mismunandi lömbum í raunstærð, búnum til úr íslenskri ull í þremur litum, sem veitir innsýn í kindina í orðsins fyllstu merkingu. Til að tryggja gæði og notendavænleika fóru um tíu „prufunotendur“ yfir myndböndin, bæði reyndir sauðfjárbændur og minna vanir,“ útskýrir hún.

Karólína segir að þetta umfangsmikla verkefni hefði ekki getað orðið að veruleika án styrktaraðila, fyrst að efnið sé öllum opið og engar tekjur væntanlegar. Aðalstyrktaraðilinn er Framleiðnisjóður landbúnaðarins, en níu fyrirtæki lögðu líka fram talsverðar upphæðir; Fóðurblandan, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Kaupfélag Borgfirðinga, Lífland, SAH afurðir, Kraftvélar, Lely Center Ísland og H. Hauksson.

Eftirfylgjandi myndbönd verða í boði þegar allt er klárt, en efnið verður í sífelldri endurskoðun með hvað hægt sé að gera betur og bæta við:

1. Fyrir byrjendur
2. Góð ráð, tæki og tól
3. Notkun handklæðis
4. Notkun snúru/vírs/„lambahjálpar“
5. Eðlilegur burður
6. Eðlilegur burður – aukafni
7. Vantar framfót/bará haus
8. Vantar framfót – aukafni
9. Afturábak
10. Afturábak – aukafni
11. Tvö (eða þrjú) lömb
12. Kolskakt lamb
13. Stór horn
14. Stórt lamb
15. Legsnúningur
16. Skeiðarsig
17. Blæðandi naflastrengur
18. Að venja undir
19. Notkun magaslöngu

**Hægt að gerast áskrifandi**

Vefslóðin að rásinni er [tinyurl.com/burðarhjálpar](http://tinyurl.com/burðarhjálpar) og hægt er að gerast áskrifandi til að fá tilkynningu þegar nýtt efni er komið inn í rásina. /smh

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson  
S: 892-1480Nf: [gretarhrafn@simnet.is](mailto:gretarhrafn@simnet.is)

GRÆNU VELFERÐARGÖLFIN

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson  
S: 892-1480Nf: [gretarhrafn@simnet.is](mailto:gretarhrafn@simnet.is)Þessi **2600 SA-R** er að lenda ...  
**...og bíður eftir verkefnum!**

- 2600 Gallon
- 11.000L Jurop dæla
- 8" áfyllibúnaður
- Auka 6" tengi og barki
- Led ljós
- Led blikkljós
- Dekk: 800/65 R32 Alliance

Alltaf opið í  
**VEFVERSLUN**  
VÉLAVALS

  
www.velaval.is
Við Norðurlandsveg, 560 Varmahlíð  
Sími 453 8888 - Opið virka daga 9-17

## Auglýst eftir umsóknum um stuðning við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum vegna stuðnings við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum í samræmi við ákvæði V. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. framangreindrar reglugerðar og hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti faggildrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, með síðari breytingum, geta sótt um aðlögunarstuðning.

Skilyrði fyrir stuðningi eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í þeim búgreinum sem við á hverju sinni.


Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn eru eftirfarandi:

1. Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila.
2. Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af faggildri vottunarstofu.
3. Staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi undirritað samning við hana um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu.

Nánari upplýsingar um nauðsynleg fylgiskjöl má finna í framangreindri reglugerð.

Opið er fyrir rafrænar umsóknir í AFURÐ ([afurd.is](http://afurd.is)), greiðslukerfi landbúnaðarins. Umsóknum skal skila inn eigi síðar en á miðnætti 15. maí 2020.

Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytið

**Lely Center Ísland****JUROP HAUGSUGUDÆLUR**6,500 - 9,500  
11,000 - 13,500 lítraHAUGSUGUHLUTIR  
VARAHLUTIRReykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – [www.vbl.is](http://www.vbl.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600
**Bændablaðið** Auglýsingar 56-30-300

## HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Trönuberjum safnað saman í vatni.

# Trönuber eru uppskorin í vatni

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



Fersk trönuber eru súr og beisk á bragðið en einstaklega góð þegar búið er að hantera þau og gera úr þeim trönuberjasósu. Berin eru upprunnin við norðausturströnd Norður-Ameríku og þar er ræktun þeirra mest. Heitið trönuber vísar til þess að blómið þykir líkjast háls, haus og gogg á trönu.

Að mati FAOSTAD, Tölfræðideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, er framleiðsla á trönuberjum um 700 þúsund tonn á heimsvísu. Framleiðslan á ársgrundvelli er mest í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, um 400 þúsund tonn. Kanada er í öðru sæti með í kringum 170 þúsund tonn og Síle í því þriðja með framleiðslu á um 100 þúsund tonnum á ári. Wisconsin-ríki Norður-Ameríku og Quebec-svæði í Kanada eru langstærstu ræktunarsvæðin. Auk þess sem berin eru ræktuð, en í mun minna mæli, til framleiðslu í Argentínu, Nýja-Sjálandi, Suður-Afríku, Frakklandi, Hollandi, á Spáni og í Póllandi.

Ný trönuber eru flokkuð með bláberjum og öðrum berjum í innflutningstölum Hagstofnunar og því ekki hægt að gera sér grein fyrir innflutningi á þeirra samkvæmt þeim tölum. Einnig er flutt inn talsvert af trönuberjasafa, -sósu og -sultu.

## Ættkvíslin Vaccinium

Rúmleg 400 tegundir tilheyra ættkvíslinni Vaccinium og eru af lyngætt og finnast ólíkar tegundir víða um heim og meira að segja eru til tegundir sem vaxa á Madagaskar og teljast innlendir. Tegundir innan



Berjunum ýtt á færiband sem flytur þau á vörubilsfalli.



Berin eru misstór eftir vaxtarstað og stærri á ræktuðum berjum en villtum. Ljósir grænjaxlar til að byrja með en verða rauð með þroska.

ættkvíslarinnar eru jarðlæggar, eða runnar sem geta náð um tveggja

metra hæð. Einstaka tegundir sem vaxa í hitabeltinu eru ásætur sem vinna vatn og næringu úr andrúmsloftinu en flestar lifa sambýli með svepprótum.

Skyldleiki tegunda innan ættkvíslarinnar er flókin og ekki alltaf ljóst þar sem ólíkar tegundir geta hæglega æxlast saman, og heldur ekki alltaf ljóst hvort um tegund, staðbrigði eða blendinga er að ræða. Auk þess sem til eru margir manngerðir blendingar og yrki.

Stönglar Vaccinium-tegunda eru yfirleitt trjákenndir, blöðin leðurkennd viðkomu, lítil egg- eða lensulaga, dökk- eða blágræn og flestar tegundir með áberandi blaðæðum.

Blómin oft litlar bjöllur með löngum frævum og fræflum. Aldinin sem eru ber myndast í blómbotninum og er hólfaskipt og með mörgum fræjum. Yfirleitt rauð eða blá.

## Trönuber

Hörður Kristinsson grasafæðingur segir að trönuberjalyng finnist einungis í Norður-Ameríku en mýraberjalyng víðar á norðurhveli. „Ljóst er að trönuberjalyngið og mýraberjalyngið eru dálítið frábrugðin hinum tegundum ættkvíslarinnar Vaccinium.“ Hann segir enn fremur, að skiptar skoðanir hafi verið um, hvort þær beri að telja sem tegundir innan Vaccinium,

eða líta beri á þær sem sjálfstæðar tegundir undir ættkvíslarheitinu Oxycoccus. „Reidar Elven, sem er ritstjóri Panarctic flora checklist, lista yfir allar tegundir norðurhjarans <http://panarcticflora.org/search>, hefur kosið að aðgreina þær frá Vaccinium og skrá þær í ættkvíslina Oxycoccus.“

Trönuber eru lágvaxnir eða jarðlægir runnar sem ná 5 til 20 sentímetra hæð en geta klifrað í um tveggja metra hæð. Stönglarnir smáhærðir, viðarkenndir, grannir og sveigjanlegir. Blöðin sígræn, þykk og leðurkennd, 5 til 10 millimetrar að lengd, egg- eða lítillaga lensulaga, dökkgræn og með áberandi blaðæðum. Blómin dökkbleikrauð, opin með aðskilin krónublöð og löngum fræflum og frævu. Frjóvgun á sér stað með býflugum. Berin sem eru stærri en laufblöðin eru áberandi en misstór eftir vaxtarstað og stærri á ræktuðum berjum en villtum. Ljósir grænjaxlar til að byrja með en verða áberandi rauð með þroska. Berin skiptast í hólf með nokkrum fræjum og eru súr.

Á Íslandi finnast Vaccinium tegundir V. myrtillus, V. uliginosum og V. vitis-idaea, aðalbláberja-, bláberja- og rauðberjalyng. Auk þess sem mýraberjalyng, Oxycoccus microcarpus, finnst á Mið-Norðurlandi og Fljótsdalshéraði.

## Nafnaspeki

Ættkvíslarheitið Vaccinium er mögulega dregið af gríska orðinu Hyacinthos sem er heitið á spartneskri hetju og elskhuga guðsins Apollo. Oxycoccus kemur úr grísku, óþýð og kóckoç og þýðir að berin séu súr.

Enska heitið cranberry var upphaflega craneberry og kemur úr þýsku kraanbere. Heitið craneberry kom fyrst fram á prenti hjá trúboðnum John Eliot um 1647 en það er

ekki fyrir en skömmu fyrir aldamótin 1700 að trönuberjaheitið festist í sessi meðal þýskra og hollenskra innflytjenda í Nýja-Englandi. Heitið vísar til þess að blómið þykir líkjast háls, haus og gogginum á trönu. Á Bretlandseyjum kallast mýraberjalyng fenbeery, eða fenjaber.

Á Spáni kallast trönuber arándano, Ítalíu mirtillo rosso en boronicè e kuçe í Albaníu og klyukva í Úsbekistan. Á afrikans er það rooibosbessie, á finnsku er sagt karpalo, á sænsku tranbær en á norsku og dönsku tranebær.

Íslenska heitið fyrir trönuber er allt eins komið úr dönsku eða ensku.

### Útbreiðsla

Trönuber finnast einungis villt í Norður-Ameríku. Þau dafna best í súru og næringarsnauðu deiglendi, þar sem þau fá nóg af vatni. Mest er um þau í norðaustanverðum Bandaríkjunum og í Kanada.

### Saga

Frumbyggjar Norður-Ameríku hafa safnað og notað trönuber til matar allt frá því að fólk settist fyrst að í álfunni. Indíánar, eins og Narragansett-fólkið í Nýja-Englandi, blandaði þeim meðal annars saman við þurrkað kjöt og fitu. Blandan kallast pemmican og þótti góð til að auka geymsluþol kjöts og svipar til þurrkaðs kjöts eða beef jerky á bragðið. Heitið pemmican kemur úr máli Kree Indíána, pimihkán, og mun vera dregið af pími sem þýðir fita. Berjanna var einnig neytt hrárra, þau elduð eða þurrkuð.

Hluti evrópskra innflytjenda til Nýja heimsins þekkti ef til vill til mýraberjalyngs frá heimkynnum sínum en líklegt er talið að þeir hafi lært að nytja trönuber af Narragansett-fólkinu sem kölluðu berin sasemineash. Fyrstu landnemarnir kölluðu berin ýmsum nöfnum og það var ekki fyrir en í lok sautjándu aldar að trönuberjaheitið varð almennt.

Elsta evrópska heimild um nytja Indíána á trönuberjum er frá 1550 og höfð eftir landkönnuðinum James White Norwood. Í bók James Rosier, The Land of Virginia, frá 1605 segir frá því þegar breskir landnemar ganga á land þar sem í dag er Virginia-ríki og á móti þeim tóku Indíánar með skálar fullar af trönuberjum. Frá 1633 er til lýsing frá Plymouth í Massachusetts-ríki sem segir að eiginmaður Mary Ring hafi selt undirpils konu sinnar sem litað var með trönuberjum á uppboði fyrir 21 krónu á núverandi gengi.

Roger Williams kallar berin bjarnaber í bók um tungumál Indíána árið 1643 vegna þess að birnir eru sölgirnir í þau. Fimm árum síðar, 1648, er haft eftir prestinum John Elliott í bókinni Clear Sunshine of the Gospel, sem gæti útlagst Tært sólskin guðspjallanna, eftir Thomas Shepart, að landnemarnir séu í sárustu vandræðum með að halda innfæddum að verki þegar kemur að því að tína trönuber því þeir kjósi fremur að eyða tímanum til dýra- og fiskveiða.

Árið 1667 sendu íbúar Nýja-Englands Karli II Englandskonungi tíu tunnur af trönuberjum, þrjár tunnur af söltuðum þorski og slatta af Indíánakorni, eða máis, til að sefa reiði konungs fyrir að hafa hunsað nýja konungsmýnt, furuskilding, sem átti að gilda í nýlendunni.

Sjómenn notuðu trönuber sem C-vítamingjafa gegn skyrbjúgi.

Fyrsta skráða heimildin um trönuberjasösu er í uppskriftabók landnema frá 1663 og í lýsingu á mat í boði í brúðkaupi skipstjórans Richard Cobb og Mary Gorham árið 1669. Þar er kalkúnn með trönuberjasösu nefndur. Með tímanum tengdust trönuber eða trönuberjasösa og kalkúnn þakkargjörðarhátíð, eins kona uppskeruhátíð að hausti, Bandaríkjanna órjúfanlegum böndum.



Trönuberjatínsla á Nantucket-eyju árið 1880.

Málverk eftir Jonathan Eastman Johnson



Árið 1939 þótti sjálfsgaet að börn hjálpuðu til við uppskeruna.



Yfir vaxtartímann eru plönturnar vökvaðar eftir þörfum.

### Ræktun og uppskera

Ræktun trönuberja er tiltölulega ný og eru elstu heimildir um hana frá því snemma á 19. öld.

Talið er að Henry Hall, fyrrum hermaður í frelsisstríði Bandaríkjanna, hafi fyrstur manna ræktað trönuber árið 1816. Hall bjó í lítilli borg sem heitir Dennis á Cape Cod eða Þorskhöfða í Massachusetts-ríki á norðausturströnd Bandaríkjanna. Fjórum árum seinna var Hall farinn að selja trönuber í tunnuvís til New York og Boston og flytja út til borga í Evrópu.

Í framhaldi af velgengni Hall breiddist ræktun berjanna úr til annarra ríkja ríkjasambandsins

eins og Wisconsin, New Jersey, Washington og Oregon sem eru í austur- og norðausturhluta Bandaríkjanna og til Kanada. Tölur segja að aldamótaárið 1990 hafi trönuber verið ræktað á um 8.700 hekturum í Nýja-Englandi og á 16.400 hekturum í Massachusetts-ríki árið 2014.

Í fyrstu fólst ræktun trönuberja aðallega í að hólfa af svæði þar sem villtar plöntur gáfu vel af sér og voru berin tínd með höndum. Síðar var farið að búa til beð og vökva plönturnar og auka þannig uppskeruna. Með tímanum hafa kynbætur gefið af sér plöntur með stærri berjum og yrki sem þrífast á ólíkum stöðum. Þegar nýtt land er brotið



Trönuberjasafi er grunnefni í kokkteilnum Cosmopolitan ásamt Cointreau, limesafa og vodka.

afleiðingum að fjöldi ræktenda varð gjaldþrota. Um 1930 nutu niðursoðin trönuber í dósum talsverðra vinsælda en gæði niðursoðnu berjanna voru fremur lök.

Í dag eru trönuber seld fersk en berin eru hörð, súr og bitur á bragðið og er langstærstur hluti uppskerunnar fyrstur til safe-, sósu- og sultu-gerðar og bakturs. Auk þess sem trönuber eru seld þurrkuð eða sem duft í fæðubótarefnum.

Fryst trönuber geymast í allt að níu mánuði áður en þau fara að missa bragð og trönuberjasafi er grunnefni í kokkteilnum Cosmopolitan ásamt Cointreau, limesafa og vodka.

Nýlegar rannsóknir benda til að efni í trönuberjum og trönuberjasafa geti reynst vel við sýkingum í þvágærum.

### Trönuber á Íslandi



Heitið trönuber tengist því að blóm plöntunnar þykja líkjast hálsi, haus og goggi trönu.

undir trönuberjaræktun er efsta jarðvegslagið, helst í votri mýri, fjarlægð að hluta og 10 til 20 sentimetra sandlag sett í staðinn og búin til upphækkuð beð. Milli beðanna er akvegur fyrir vélar. Umhverfis ræktunarsvæðið eru garðar sem gera það kleift að vökva og kaffæra akrana í vatni til að auðveldja uppskeru.

Yfir vaxtartímann eru plönturnar vökvaðar eftir þörfum en á haustin, september og fram í nóvember, þegar berin hafa náð tilætluðum þroska, eru akrarnir kaffærðir í vatni til vottínslu. Þroskuð trönuber losna auðveldlega af plöntunum og fljóta í vatni. Uppskera þeirra fer þannig fram að þreskivél með mjúkum burstum er ekið yfir akrana og losar hún berið af plöntunni sem fljóta á yfirborðinu. Að þreskingunni lokinni er berjunum rakað eða ýtt saman á ákveðinn stað og þeim safnað á flutningabíla og síðan flokkuð á þurru.

Á köldustu ræktunarsvæðunum liggja akrarnir undir vatni yfir vetrarmánuðina til að hlífa plöntunum fyrir frosthörkum og kali. Að öllu jöfnu eru beðin sönduð á þriggja til fimm ára fresti og þegar frost er í jörðu.

Fjölgun plantnanna er yfirleitt gerð með því að grisja beð og flytja plöntur milli ræktunarstaða.

### Nytjar

Hrá trönuber eru 87% vatn, 12% kolvetni en þau innihalda nánast engin prótein eða fitu og í 100 grömmum af þeim eru 46 kaloríur. Berin innihalda trefjar, C-vítamín og slatta af magnesíum en eru að öðru leyti fremur fátæk af næringarefnum.

Frumbyggjar Norður-Ameríku notuðu ólíka hluta trönuberja-plöntunnar til lækninga við margskonar meinum eins og hita, maga-, blóð-, þvágæra-, lifrar- og nýrna-kvillum og í bakstur til að meðhöndla sár og sýkingar.

Verð á trönuberjum hækkaði jafnt og þétt í Bandaríkjunum allt fram til 1917 þegar það kolféll með þeim

- **Trönuberjasösa**
- Einn bolli sykur
- Einn bolli vatn
- 500 grömm fersk trönuber
- Einn bolli söxuð epli
- Einn bolli saxaðar valhnetur
- ½ bolli rásínur
- ½ bolli Grand Marnier
- Safi úr hálfri appelsínu
- Ein teskeið kanill
- Ein teskeið múska

Sjóðið vatn og sykur saman í potti. Bætið trönuberjunum út í. Látið suðuna koma upp. Lækið undir og látið krauma. Bætið hinum íblöndunarefnum við. Sjóðið í 10 til 15 mínútur. Gott með hvaða máltíð sem er.

## Lely Center Ísland

### GRAFAGRINDUR GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# Kúamykja, innihald og nýting

**Eiríkur Loftsson**  
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið  
el@rml.is



Margir þættir hafa áhrif á áburðargildi kúamykjunnar sem bændur munu bera á túnin í vor og hvernig hún mun nýtast sem áburður fyrir grös.

Þegar tilbúinn áburður er borinn á tún er vitað hve mikið er borið á af plöntunærandi efnun. Magnið er stillingaratriði og magn næringarefna er ákvarðað með vali á áburðar-tegund. Hvað varðar búfjáraburð er talsverð óvissa um þessa þætti. Til að vita innihald mykju af plöntunærandi efnun þarf að efnagreina hana og mæla þurrefnisinnihald hennar við dreifingu. Þetta þarf að gera reglulega, kannski oftar í byrjun til að fá fleiri samhljóma niðurstöður og betri tilfinningu fyrir þurrefnisinnihaldi, en síðan á nokkurra ára fresti því innihald mykju af næringarefnum endurspeglar innihald þess fódurs sem gripirnir eru fóðradir á og nýtingu þess við fóðrun þeirra. Breytingar í fóðrun hafa því áhrif á efnainnihald mykjunnar. Aðbúnaður mjólkurkúa og mjaltatækni hefur breyst mikið á síðustu árum og með tilkomu mjaltapjóna fer í mörgum tilvikum meira vatn í haughúsin en áður var vegna þess að vatnsnotkun við þrif hefur aukist mikið.

Í gegnum tíðina hefur verið notast við töflugildi um innihald búfjáraburðar til að áætla hve mikið af næringarefnum hann gefur, m.a. við gerð áburðaráætlana. Þessi töflugildi eru góð útaf fyrir sig og eru vissulega meðaltöl úr mælingum en breytileikinn er það mikill að ekki er víst að þau gefi rétta niðurstöðu fyrir einstök bú. Niðurstöður úr sýnum sem tekin hafa verið á síðustu árum sýna talsverðan mun milli búa, bæði hvað varðar efnainnihald kúamykju og þurrefnisinnihald hennar við dreifingu. Dæmi um þetta má sjá í 1. töflu sem sýnir mælingar frá 5 búum. Til samanburðar er viðmið úr Jörð.is fyrir kúamykju með 6,2% þurrefnisinnihaldi. Eins og sjá má er mikill munur milli búa hvað varðar þurrefni, magn efna og hlutföll þeirra. 1. mynd sýnir hve mikið væri borið á af fosfór og kalí ef 30 tonn/ha væru borin á af mykju með innihaldi skv. þessum mælingum.


**Hvert er þurrefnið í mykjinni þegar henni er dreift á tún?**

Það er mjög mikilvægt að vita

1. tafla. Niðurstöður efnamælinga á mykju frá 5 búum

	Þurrefni	Köfnunarefni	Ammoníum	Fosfór	Kalí
	%	Alls kg/tonn	NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> kg/tonn	kg/tonn	kg/tonn
Bú 1	5,0	3,5	2,10	0,51	3,12
Bú 2	7,1	4,5	2,56	1,24	3,56
Bú 3	8,1	4,5	2,43	0,72	3,12
Bú 4	6,6	3,0	1,65	0,84	2,14
Bú 5	5,5	2,3	1,16	0,69	2,29
Jörð.is	6,2		1,90	0,70	2,70

1. tafla. Niðurstöður efnagreininga á mykju frá fimm búum. Til samanburðar er viðmiðunargildi úr Jörð.is fyrir kúamykju með 6,2% þurrefni.




1. mynd. Fosfór (kg P) og kalí (kg K) í 30 tonnum af kúamykju frá fimm búum ásamt viðmiði úr Jörð.is fyrir kúamykju með 6,2% þe. Nýting fosfórs er reiknuð 90% en nýting kalís 80%. Þurrefni mykjunnar er tilgreint fyrir hvert bú.

2. tafla. Nýting ammoníum (NH<sub>4</sub><sup>+</sup>) úr kúamykju við mismunandi aðstæður

Norskar tölur sem eiga við um yfirbreiðslu mykju á vaxtartíma gras

	Aðstæður við dreifingu		
	Hagstæðar	Miðlungs	Óhagstæðar
Mykja	50%	35%	16%
Þynnt mykja, 4-5% þe	66%	55%	40%

2. tafla. Nýting á ammoníum (NH<sub>4</sub><sup>+</sup>) úr kúamykju við mismunandi aðstæður. Norskar tölur sem eiga við um mykju sem dreift er með yfirbreiðslu á vaxtartíma grasa.



2. mynd. Reiknuð nýting á ammoníum (kg NH<sub>4</sub><sup>+</sup>) í 30 tonnum af kúamykju frá fimm búum ásamt viðmiði úr Jörð.is fyrir kúamykju með 6,2% þe. Annars vegar er slæm nýting (40%), hins vegar góð (70%). Þurrefni mykjunnar er tilgreint fyrir hvert bú.

hvert þurrefnið er í mykjinni þegar henni er dreift á tún. Bæði er það til að vita hve mikið er í raun borið

á af næringarefnum og eins hefur það áhrif á nýtingu þeirra, einkum köfnunarefnisins í mykjinni. Til að

fá rétta niðurstöðu eru sýni tekin meðan á útkeyslu stendur.

Kalíð og um helmingur köfnunarefnisins er í vatnshluta mykjunnar en fosfórinn bundinn í föstu efni hennar. Með mikilli þynningu verður mykjan þunn og léttfljóandi og rennur hratt niður í jarðveginn. Þannig megum við búast við mun betri nýtingu, einkum á köfnunarefni þar sem tap á ammoníaki út í andrúmsloftið verður minna.

## Köfnunarefni (N)

Í áburðaráætlunum vinnum við út frá því magni af köfnunarefni sem áætlað er að bera þurfi á tún eða akra því það hefur jafnan mest áhrif á uppskerumagn. Köfnunarefni í búfjáraburði má skipta í lífrænt bundið köfnunarefni og ammoníum (NH<sub>4</sub><sup>+</sup>). Ammoníum (ólífræna köfnunarefni) nýtist plöntum hratt en getur líka auðveldlega tapast út í andrúmsloftið við dreifingu þegar skilyrði eru óhagstæð. Lífrænt bundið köfnunarefni er oft taplega helmingur af heildarmagni köfnunarefnis í mykjinni. Það verður aðgengilegt plöntum á lengri tíma samhliða því sem hið lífræna efni mykjunnar brotnar niður í jarðvegi og skilar sér á nokkrum árum. Í norskum tölum er áætlað að þannig skili sér árlega sem áburður 10-20% af lífrænt bundna köfnunarefni eftir því hver niðurbrotshraðinn er. Hér á landi má væntanlega frekar horfa á lægri töluna.

Til að lágmarka tap af ammoníum við dreifingu er eins og áður segir góð þynning mykjunnar mikilvæg þannig að hún sígi hratt niður í jarðveginn. En það er fleira sem hefur áhrif. Aðstæður við dreifingu eru þar afgangandi þáttur. Þannig eru hátt hitastig, mikill vindur og þurrviðri ávísun á mikið tap ammoníaks en að sama skapi lágt hitastig, logn og hátt rakastig kjöraðstæður til dreifingar. Að ekki sé nú talað um ef rignir meðan á dreifingu stendur eða strax að henni lokinni. Í 2. töflu má sjá norskar viðmiðunartölur um nýtingu á ammoníum við ólíkar aðstæður og ólíkt þurrefni mykjunnar. Tölurnar eiga við um mykju sem er dreift með yfirbreiðslu á vaxtartíma grasa.

Aðferð við dreifingu hefur einnig mikil áhrif á nýtingu köfnunarefnisins. Þannig er nýting þess best ef mykjan er felld niður, niðurlagning þar sem mykjan er lögð niður í rastir með slöngum er lítið lakari. Yfirbreiðsla (bunndreifing) er sú aðferð sem mest er notuð hér á landi og er hún talsvert lakari en niðurfelling og niðurlögn mykju þegar kemur að nýtingu köfnunarefnisins auk þess sem dreifing mykjunnar verður ekki eins jöfn.

Vordreifing mykju er jafnan besta tímasetningin en dreifing milli slátta er einnig góður kostur séu veðuraðstæður sem áður eru nefndar hagstæðar. Haustdreifing hentar einnig ef hún er gerð meðan rætur grasa og aðrar lífverur jarðvegsins geta nýtt sér næringarefni

mykjunnar. Á 2. mynd má sjá hve miklu skiptir að vel takist til við dreifingu mykjunnar m.t.t. nýtingar á köfnunarefni í henni. Reiknuð er annars vegar slæm nýting (40%) og hins vegar góð (70%) fyrir niðurstöður mælinga á ammoníum í mykju, frá fimm búum. Einnig sést að miklu munar á milli búa í innihaldi mykjunnar. Til viðmiðunar er mykja úr Jörð.is með 6,2% þe.

Fosfórinn er fyrst og fremst að finna í „fasta efninu“ í mykjinni. Fyrir nýtingu hans hefur þynning mykjunnar hvorki jákvæð áhrif né neikvæð. Fosfór í búfjáraburði nýtist plöntum jafn vel eða betur en fosfór í tilbúnum áburði. Fosfórþarfar túngrasa eru yfirleitt ekki það miklar að stundum má uppfylla þær með búfjáraburði. Hann er dýrastur megin næringarefnanna í tilbúnum áburði og því full ástæða til að nýta búfjáraburðinn þannig að spara megi innkaup á fosfór. Til þess að svo megi vera þarf að vita hve mikið er af honum í búfjáraburðinum.

Það sýnir sig að innihald búfjáraburðar af kalí er breytilegt. Það hefur líka sýnt sig að oft er erfitt er að áætla kalíþörf túna því niðurstöður jarðvegssýna og hefyra efnagreininga af sömu spildum sýna stundum ólíka mynd. Innihaldi búfjáraburðar mikið af kalí og mikið er borið á af honum getur það valdið því að kalí verður of mikið í uppskeru og raskar eðlilegum steinefnahlutföllum. Þau áhrif snerta einkum kalsíum og magnesíum. Jafnframt vill kalígjöf verða of lítil ef innihald mykjunnar er minna en gert er ráð fyrir. Það getur líka raskað eðlilegum hlutföllum steinefna í fóðri og dregið úr magni uppskeru, sérstaklega í þurrkatíð.

**Nýlegar efnagreiningar á búfjáraburði sýna mjög breytilegar niðurstöður. Á það bæði við um þurrefni og efnainnihald. Það er því talsvert að vinna fyrir bændur að taka sýni úr búfjáraburði og senda til efnagreiningar. Leiðbeiningar um sýnatöku er að finna á heimasíðu RML (Ráðgjöf/Jarðrækt/Áburður).**

## Heimildir:

- NIBIO. Tabeller over virkningsgrad av husdyrgjødsel. Sött af <https://www.nibio.no/tema/jord/gjodslingshandbok/husdyrgjodsel/2.tabeller-over-virkningsgrad-av-husdyrgjodsel>
- Ragnhild Borchsenius, 2020. Usikre verdier for næringsinnhold i husdyrgjødsel. Buskap 2. tbl. 2020.
- Ríkharð Brynjólfsson, 2013. Efnamagn mykju. Freyja, 3 (1) 20.
- Svanhildur Ósk Ketilsdóttir og Þóroddur Sveinsson, 2010. Efnainnihald kúamykju og mælingar in situ á þurrefni, NH<sub>4</sub>-N og P með Agros Nova mælíbúnaði. Fræðaping landbúnaðarins, 207-215.

## HVAMM SHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI

+354 660 4085

SIGGI@HVAMM SHÓLAR.IS

## Lely Center Ísland

Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.lci.is](http://www.lci.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

## Félag ferðapjónustubænda: Tilbúinir þegar markaðurinn opnast aftur

Ferðamönnum á landinu hefur fækkað gríðarlega í kjölfar COVID-19 faraldursins. Formaður Félags ferðapjónustubænda segir að ýmis úrræði séu til staðar til að koma fyrir tækjum í gegnum vandann og að ferðapjónustubændur verði tilbúinir í slaginn þegar hjólin fara að snúast aftur.

Sölvi Arnarson, ábúandi að Efsta-dal II og formaður Félags ferðapjónustu bænda, segir að vegna COVID-19 séu ekki margir ferðamenn á ferð á landinu um þessar mundir.

„Satt best að segja eru sárafáir á ferð og ef við tölum um erlenda ferðamenn þá eru þeir síðustu líklega að fara úr landi þessa dagana. Hjá okkur hér í Efsta-dal hefur einn og einn ferðamaður verið að kíkja við síðustu daga og þá fólk á eigin vegum. Mér skilst að ástandið sé svipað hjá kollegum mínum um allt land.“

### Ferðapjónustubændur fara að reglum

„Ég held að fyrsta aðgerð hjá ferðapjónustubændum líkt og öðrum sé að huga að heilsunni og fara að ráðum og reglum landlæknis og sóttvarnateymisins. Ferðapjónustubændur fara að reglum um samkomubann og reyndar tel ég að stór hluti af okkar félagsmönnum sé með lokað eins og stendur.“

### Blandaður búskapur

Sölvi segir að auk ferðapjónustu séu margir bændur með blandaðan búskap, sauðfjár- eða kúabú. „Þeir sem haga hlutunum þannig eru að sinna þeim hluta búskaparins og ekkert annað að gera en að bíða eftir að hjól ferðapjónustunnar fari að snúast aftur í júní.“



Sölvi Arnarson, ábúandi að Efsta-dal II og formaður Félags ferðapjónustu bænda.

### Margir að leggja sitt af mörkum

„Staðan hjá þeim sem eingöngu eru með ferðapjónustu er eðlilega erfið. Ríkið er að leggja sitt af mörkum og það munar mikið um þær aðgerðir. Vinnuskerðingarleiðin hjálpar mörgum, hvort sem það eru atvinnurekendur eða launþegar. Bankarnir eru einnig opnir fyrir því að aðstoða fólk vegna afborgana af lánum og því úrræði þar og sveitarfélögin hafa gefið vilyrði fyrir frestun á fasteignagjöldum. Það eru því mörg úrræði í boði og margir að leggja sitt af mörkum til að koma til móts við fólk vegna ástandisins.“

Félag ferðapjónustubænda vinnur einnig í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins að því að

veita þeim sem slíkt þurfa fjármálaráðgjöf. Í fyrstu atrennu eru þetta allt stór skref í rétta átt og ég hvet okkar félagsmenn til að nýta þau.“

### Tilbúinir þegar markaðurinn opnast

Sölvi segir að ferðapjónustubændur ætli ekki að láta deigan síga og séu tilbúinir þegar markaðir opnast aftur og fara í gang með auglýsinga-herferð og láta vita af sér.

„Félag ferðapjónustubænda er hluthafi í Ferðapjónustu bænda og hún sinnir gríðarlega öflugum markaðsstarfi og verður tilbúin í slaginn þegar verður flautað til leiks að nýju,“ segir Sölvi Arnarson, formaður Félags ferðapjónustu bænda. *NVH*



### Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Sjóðfélagayfirlit, upplýsingar um iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs bænda fyrir tímabilið september 2019 til mars 2020 eru nú aðgengileg sjóðfélögum á sjóðfélagavef [www.lsb.is](http://www.lsb.is). Vinsamlegast hafið samband við sjóðinn ef óskað er eftir að fá yfirlitið sent.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**  
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík  
s. 563 1300 - [lsb@lsb.is](mailto:lsb@lsb.is)

## ER EKKI KOMINN TÍMI TIL AÐ ENDURNÝJA BORÐTÖLVUNA ÞÍNA?

SMART  
COMPUTER



Intel 8 örgjafi i5  
16 GB vinnsluminni  
Intel sjáskort  
8 USB port  
Engin vífta  
MSATA diskur

HÆGT AÐ FÁ:  
Þráðlaust net  
Allt að 32 GB  
vinnsluminni

VERÐ: 94.000 kr.

Öflug – Hljóðlaus og fyrirferðarlítill



**NETHÖGUN EHF**

Sími: 571-5590 | Netfang: [sala@nethogun.is](mailto:sala@nethogun.is)

# YLEININGAR

## YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁL- KLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ PÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.


Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjakklaðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: [bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)

**BALEXMETAL**



## Selen til inngjafar

### Fyrir lömb

- ♦ Örvar kyngiviðbragðið
- ♦ Getur fyrirbyggt stúskjögur
- ♦ Stuðlar að auknu ónæmi
- ♦ Getur flýtt fyrir þroska
- ♦ Hraðar efnaskiftum í vöðvum
- ♦ Einstaklega góð upptaka
- ♦ Mjög bragðgott
- ♦ Nákvæm skammtaðæla
- ♦ Tilbúið til notkunar

### Fyrir ær

- ♦ Bætir selenbúskap ærinnar
- ♦ Minnkar líkur á selenskortri
- ♦ Getur aukið lífsþrótt lamba
- ♦ Getur fækkað dauðfæddum lömbum
- ♦ Einstaklega góð upptaka
- ♦ Mjög bragðgott
- ♦ Nákvæm skammtaðæla
- ♦ Tilbúið til notkunar

Sjá nánar í netverslun okkar  
[www.kb.is](http://www.kb.is)



[byko.is](http://byko.is)

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



Sauðfjárbændur eru nú í óða önn að skipuleggja starfið á sauðburði í skugga COVID-19 útbreiðslunnar. Ljóst er að það verður veruleg áskorun að takast á við sauðburð í þessu ástandi og mikilvægt að hver og einn bóndi reyni að undirbúa verkefnið sem best.

## Sauðburður og COVID-19

Útbreiðsla COVID-19 faraldursins hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag. Það er ánægjulegt að sjá að viðbrögð hér á landi hafa verið árangursrík og nú er svo komið að smitum fer ört fækkandi. Hins vegar er þessu verkefni ekki lokið og mikilvægt að við höldum áfram að fylgja tilmælum frá yfirvöldum.

Sauðfjárbændur eru nú í óða önn að skipuleggja starfið á sauðburði í skugga COVID-19 útbreiðslunnar. Ljóst er að það verður veruleg áskorun að takast á við sauðburð í þessu ástandi og mikilvægt að hver og einn bóndi reyni að undirbúa verkefnið sem best.

### Hafið allt tilbúið fyrir sauðburð

Mikilvægt er að við að sé tímlega öllum aðföngum þannig að sem minnst þurfi að hafa samskipti út fyrir búnið á sauðburði. Sauðburðaraðstæðan þarf að vera tilbúin áður en sauðburðurinn hefst. Rétt er að huga vel að því að hægt sé að viðhafa smitvarnir þegar komið er inn á búnið. Til staðar þarf að vera góð aðstæða til handþvotta, sótt-hreinsunar og aðgengi að einnota hönskum. Hingað til hefur áhersla varðandi smitvarnir snúið að búfjár-sjúkdómum en sömu lögmál gilda varðandi smitvarnir milli manna.

### Að forðast smit

Það er nokkuð misjafnt milli búa hvernig smitvörnum er háttað. Almenn hafa margir bændur nú þegar takmarkað mjög samskipti inn á sín bú og munu verða strangari með það þegar nær dregur sauðburði. Bent er á að á vefsíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins er að finna góðar leiðbeiningar til bænda meðal annars varðandi smitvarnir og hugmynd af viðbrags-ætlun sem mælt er með að sé til staðar á hverju bú.

Til að lágmarka áhættu eru margir bændur að finna lausnir sem henta hverjum og einum. Sem dæmi um það er að bændur láti auka vinnuáfl vera í sjálfskipaðri sóttkví í 1–2 vikur áður en komið er inn á búnið og ætla sér síðan að loka fyrir allar heimsóknir inn á búnið eftir að auka starfskrafturinn er kominn.

Þá hafa einhverjir bændur skipulagt sig þannig að aðstoðar-

fólk kemur ekki inn á heimilið á sauðburði. Þannig er starfsmönnum á sauðburði skipt á vaktir og reynt að forðast bein samskipti milli vakta.

Margir sauðfjárbændur sem eiga börn á grunnskólaaldri eða starfa við grunnskólana sjálfir, hafa áhyggjur af því að þeir séu útsattari fyrir smiti og geti þannig borið smit með sér inn á búnið. Í einhverjum tilfellum hafa bændur velt upp þeim möguleika að halda börnunum heima. Um slíkar lausnir þarf hver og einn að ræða við sína skólaflokk.

### Aðstoðarfólk

Þeir sem eiga eftir að ná sér í vinnuáfl á sauðburði geta leitað til búnaðarsambandanna og sett sig í samband við þá aðila sem hafa skráð sig tilbúna til að koma inn á bú til afleysingar þegar upp koma COVID-19 veikindi. Í ljósi þess að lítið hefur þurft að nota þetta úrræði getur verið hægt að nýta þessa aðila. Það er síðan samkomulagsatriði bónda og afleysingarfólks hvernig kaup og kjörum verður háttað. Þar má vísa til viðmiða BÍ varðandi launakjör starfsfólks í landbúnaði.

Þá hefur Vinnuáflastofnun úrræði þar sem hægt er að nýta fólk á atvinnuleysisráði. Um það gilda ákveðnar reglur og er bændum bent á að hafa beint samskipti við Vinnuáflastofnun ef þeir vilja nýta sér þetta úrræði.

### Hugum vel hvert að öðru

Þetta eru erfiðir tímar eftir harðan vetur. Aukið vinnuálag og óvissa eru óhjákvæmilega fylgifiskur þessa ástands. Við þurfum að huga vel að eigin heilsu og þá ekki síður andlegri líðan. Verum dugleg að heyra í okkar nágrönnum, sérstaklega þeim sem búa einir. Leitum okkur aðstoðar tímanlega, hvort sem það er varðandi eigin líðan en ekki síður við bústörfin. Það er mikilvægt að bændur nýti sér þá aðstoð sem völ er á sínu baklandi. Leitið til ykkar búnaðarsambanda, Bændasamtaka eða búgreinafélaga með þau vandamál sem upp munu koma og ekki verður við ráðið. Við verðum að takast á við þetta verkefni með samstöðu – þannig náum við árangri.

Unnsteinn Snorri Snorrason



# Út í vorið

Árni Brynjar Bragason  
ráðunautur, Búfjárræktar-  
og þjónustusvið  
ab@rml.is



Einn vandasamasti tíminn við fóðrun á sauðfé er þegar ánum er sleppt af húsi með lömbin. Þrátt fyrir bættu fóðrun og aðbúnað er þessi vandi um margt meiri en var þegar ærnar gengu meira við opið og voru minna fóðraðar. Þá var frjósemi umtalsvert minni en nú er almennt og margar ær gengu aðeins með eitt lamb.

Ærnar voru í alullu og oftast vanari útveru að vorinu þegar þeim var sleppt af gjöf. Víða bar féð jafnvel úti og ærnar ekki teknar inn nema þess nauðsynlega þyrfti vegna veðra eða aðhlyningar. Afurðir eftir hverja á voru jafnframt mun minni en nú þykir ásettlegt. Árvissari heygæði, meiri fóðrun, haustrúningur og markvissar kynbætur er meðal þeirra þátta sem hafa aukið frjósemi í íslenska fénu til muna og þar með afurðir eftir hverja á. Nú er markmiðið að helst allar ær fari út með tvö lömb á eftir sér og hafi jafnframt verið rúnar að hausti og vetri til að ullin flokkist sem söluvara. Þessi aukna fóðrun og afurðakrafa gerir það að verkum að viðbrigðin við að fara af fullri gjöf á húsi yfir á beitina geta verið mikil og jafnvel leitt til þess að mjólkinn minnkar í ánum ef illa tekst til. Í þessari grein er farið yfir nokkra þætti sem geta mildað þessa fóðurbreytingu, þannig að ærnar haldi fullri nyt og mjólki lömbum sínum vel þessar fyrstu vikur í lífi þeirra. Vöxtur lamba fyrstu sex til átta vikurnar hefur mjög mikil áhrif á hvaða þroska má vænta hjá þeim að hausti og þar með á tekjur búans.

### Ástand ána á síðustu vikum fyrir burðinn


Á síðustu vikum meðgöngu aukast fóðurþarfir ána verulega á sama tíma og átgetan minnkar vegna aukinna rýmisþarfa fósturs og fylgju. Fóðrun á þessu tímabili þarf að taka mið af því í hve miklum holdum ærnar eru þegar að þessum tíma kemur. Þær þurfa að hafa nokkurn forða utan á sér um burð sem þær geta nýtt til mjólkurmyndunar fyrir lömbin og eins og eðli þeirra stendur til. Það er samt ekki æskilegt að ærnar séu afkeitar við burð og talið æskilegra að þær séu ör-lítið farnar að taka af sér síðustu eina til tvær vikurnar fyrir burð svo viðbrigðin við að fara yfir í mjólkurmyndun séu þeim léttari. Það eykur einnig áþlyst þrax eftir burð ef ærin er örlítið farin að taka af holdum áður en hún ber. Það verður þó alltaf að horfa til þess í hvaða holdum ærin er. Hér kemur til góða að ærnar hafi getað nýtt veturinn til þess að bæta á sig holdum til að eiga talsvert af að taka um og eftir burðinn. Það er annars ekki ætlunin að fara djúpt í fóðrun sauðfjár í þessum pistli en góð lesning um fóðrun er t.d. 4. kafli í bókinni Sauðfjárrækt á Íslandi, Fóðurþarfir og fóðrun sauðfjár, eftir Jóhannes Sveinbjörnsson.

Það er ákaflega misjafnt milli bæja hve mikið ám er hleypt út yfir gjafatímamann. Rúningur að hausti og aftur seinnipart vetrar er mjög almennt búskaparlag og fyrst eftir rúning geta ærnar ekki farið út nema í blíðviðri. Ef vel er fóðrað ullað þær þó fljótt og því er mjög æskilegt að hleypa þeim út öðru hvoru til að hreyfa sig aðeins. Þetta á ekki síst við undir lok meðgöngunnar og er það trú margra bænda að útvera og hreyf-



Hnusað upp í vorvindinn og spáð í stöðuna.

Mynd / ÁBB



Lambféð gengur að skjólinu vísu í vor. Eitt af þremur vorskjólum á Gaul í Staðarsveit.

Mynd / Heiða Helgadóttir

ing fyrir burðinn minnki þörf á burðarhjálp. Einar Kári Magnússon skoðaði áhrif útivistar ána á síðari hluta meðgöngu á burðarerfiðleika, fæðingarþunga og vaxtarhraða lamba í BS verkefni sínu við LBHÍ árið 2009. Rannsóknin var gerð á tilraunabú LBHÍ að Hesti og voru bornir saman tveir hópar ána. Annar hópurinn hafði aðgang að útivist en hinn ekki. Helstu niðurstöður voru að ekki kom fram marktækur munur á burðarerfiðleikum á milli hópa. Burðarerfiðleikar voru þó aðeins meiri í útihópnum enda voru lömb útianna þyngri við fæðingu og þau uxu jafnframt heldur hraðar fram að fjallrekstri. Það kom einnig fram í þessari rannsókn að ærnar sem gengu við opið héldu holdum betur og þyngdust meira en ærnar í innihópnum. Þetta má hugsanlega túlka á þann veg að fæðingarþungi lamba hafi meiri áhrif á þörf á burðarhjálp en útivera og hreyfing ána fyrir burðinn. Fæðingarþungi lamba hefur síðan sterk tengsl við fóðrun ána síðustu vikurnar fyrir burð.

Margar ær slíta klaufum ekki nægjanlega vel í húsvisitinni þó gölfgerðir hafi þar mikil áhrif. Mikilvægt er að snyrta klaufir á ánum eftir þörfum áður en þeim er sleppt af húsi og er best að snyrta klaufir á öllu fénu t.d. 4–6 vikum fyrir burð. Það er óþarfa álag á fætur hjá ánum að vera með ofvaxnar og skældar klaufir á síðustu vikum meðgöngunnar. Það er einnig mikill léttir á sauðburðarvinnunni að þurfa lítið sem ekkert að huga að klaufsnyrtingum þegar svo ótal margt annað kallar á.

### Sleppt af húsi

Í flestum sveitum hér á landi hagar þannig til að þörf er á að nýta túnbeit að vori til að brúa bilið þar til úthagi er tilbúinn til beitar. Algengt er að

lambám sé beitt á tún í tvær til fjórar vikur að vorinu. Þessi tími er mjög mikilvægur þar sem þarna á ærin að vera að auka nyt sína í takt við vaxandi næringarþarfir lambanna.

Tímasetning sauðburðar á mjög mörgum búum miðast við að í meðalári sé hægt að setja lambfé út á beit eftir u.þ.b. viku innistöðu eftir burð. Næringarþörf ána er best sinnt með nýgræðingnum þó seint sé hægt að uppfylla fóðurþarfir alveg og mjólkurlagnar ær ganga á eigin forða eins og þarf til að fullnægja eftirspurn lambanna.

Oft þurfa þær sem fyrst bera að bíða lengur en viku eftir grængresinu. Það er heldur ekki alltaf hægt að reikna með meðal árferði eða þaðan af betra. Það er því mjög mikilvægt að hafa rífligt pláss, ef ekki á húsi þá nálægt húsum í skjól-góðum útihólfum þar sem hægt er að gefa fénu fulla gjöf.

Breytilegt er milli ára hvenær heppilegt er að byrja á að sleppa lambánunum á túnin og þar með reikna með að þær saki viðurværi sitt þangað að mestu. Það er ekki nóg að á túnin sé komin grænn litur og best er ef blaðvöxtur er komin vel af stað.

Ef farið er að beita túnin of snemma eru þau lengur að ná sér af stað í sprettu og bera ekki eins mikla beit og annars hefði verið. Ef mögulegt er að staldra aðeins við með fyrstu hópana og gefa þeim heldur í minni hólfum heima við hús þá getur munað verulega um hvern daginn sem grösín fá til að komast af stað í sprettu óáreitt. Vitanlega fer þetta þó einnig eftir stærð landsins og fjölda fjár sem þangað er látin. Það getur verið komin næg beit fyrir fáar lambær en grösín hafa e.t.v. ekki undan að halda uppi nægu framboði ef stórum hópum er dembt á túnin í byrjun gróandans og beitarframboðið getur þannig orðið minna en





### Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Það var. Hólfaskipting krefst fjárfestingar en getur skilað sér í betri beitarnýtingu og minni vanhöldum lamba. Þetta á t.d. við ef hægt er að hafa gemlinga með lömb í sérstöku hólf, sérstakt hólf fyrir ær með þrjú lömb og ær/lömb sem öruggara er að hafa undir sérstöku eftirliti um tíma.

Margir gefa ánum ormalyf um leið og sleppt er af húsi. Það hjálpar til við að minnka hættu á að snikjudyrasmit byggist upp í vorbeitarhólfunum. Eftir vorbeit á tünnum og þrengri hólfum getur verið gott að gefa lömbunum ormalyf þegar þeim er sleppt í sumarhagana, jafnvel allri fjölskyldunni ef þörf er talin á. Hníslar eru sumstaðar vandamál og þarf þá að beita viðeigandi ráðum í samráði við dýralækni. Mest hætta er á umtalsverðu orma- og hníslasmiti í þröngbeittum hólfum og þá ekki síst ef þannig er farið bæði að vori og hausti.

Tíðarfarir hefur vitanlega mikil áhrif á beitarframboðið, á köldum og þurrum dögum gerist lítið sem ekkert en í hlýju og rekju æðir grasið upp og féð hefur alls ekki við að éta allt jafnarðan. Til þess að styðja við sprettuna á tünnum sem eru beitt að vori er mjög æskilegt að bera á þau a.m.k. hálfan áburðarskammtinn áður en beitin hefst. Þannig þolir grasið betur beitina og áhrif vorbeitar á heyuppskeruna verða væntanlega minni. Hvernig þetta stýlast er í raun aldrei eins milli ára. Það eru ákveðin plön sem jafnan lagt er upp með en það er í raun stöðug vakt hvernig skuli brugðist við duttlungum vörðgjöfnum til að tryggja hagsmunum lambánna sem best. Þar

er tvennt sem getur skipt miklu, annarsvegar nægt framboð af lystugu heyi með beitinni og hinsvegar skjól eftir þörfum. Þó ærnar sýni heyi lítinn áhuga fyrst eftir að þeim er sleppt á nýgræðinginn þá leita þær í heyið síðar, jafnvel þó beitarframboðið sé allgott. Gott hey með beitinni mildar fódurbreytinguna og svo er það algerlega nauðsynlegt ef sprettan er hæg og gengur verulega á þá nál sem komin er. En hvaða mælikvarðar voru notaðir á árum áður við annað búskaparlag þar sem ekki var lagt upp með að beita fyrst á tün? Hér er tvö dæmi þar um; a) Ljónslappi hefur breitt úr blöðum sínum, geldfé á að getað bjargað sér. b) Birki alllaufgað, nægur gróður fyrir tvílembu í úthaga. Það er sjálf-sagt að hafa gamla mælikvarða á bakvið eyrað þó nú séu aðrir tímar. Hver plöntutegund þarf ákveðin veðurskilyrði til að komast af stað og gróandinn hefur sín föstu þrep en misjafnt milli ára hvaða dag þau eru stigin.


#### Skjólíð skiptir sköpum

Skjól í beitarhólfum er mjög mikilvægt, hvort sem er frá náttúrunnar hendi, af trjágróðri eða af einhverskonar mannvirkjum. Aðstæður eru mjög mismunandi milli jarða, víða eru góð skjól frá náttúrunnar hendi og þau svæði gjarnan nýtt sem vorbeitarhólf en það er einnig algengt að vorbeitarhólfín séu flatlend og skjóllítill. Við þær aðstæður er mikið gagn af manngerðum skjólgjöfum hverskonar og verulega má draga úr neikvæðum áhrifum vor-

hreta á féð ef það getur leitað í skjól fyrir harðasta veðrinu.

Skjólíð sem ærnar hafa utan á sér getur þó verið enn mikilvægara, einkum ef vorbeitarsvæðin eru skjóllítill. Almennt séð er óráðlegt að alrýja ærnar ef minna en sex vikur eru í burð hjá þeim. Þegar svo stutt er í burðinn ná þær ekki að ullast að gagni fyrir burð og eru því „illa klæddar“ ef tíðarfarir er rýsjótt eftir að þær eru komnar út. Alla jafna er því ráðlegt að snoðrúningi/vetrarrúningi ljúki fyrir vorjafndægur en fer þó vitanlega eftir burðartíma. Athugandi er að skilja eftir ull á eldri ám og í því sambandi rétt fyrir hvert bú að meta hve vel er hægt að hlúa að ánum eftir burð ef gerir leiðinlega tíð. Óþarft er að hreinsa snoð innan úr lærum eða af kvið. Þó góð ullarhirda sé af hinu góða og sumum þyki „snyrtilegra“ að hvergi megi sjá mislanga lokka á ánum, má gæta sín á að hafa þær ekki alveg berskjaldaðar gegn vösbúð og kulda þegar út er komið.

Það má segja að á flestum búum sé til einhvers konar viðbragðsáætlun við mismunandi sviðsmyndum vorsins. Þessar viðbragðsáætlanir eru vitaskuld engin nýlunda hjá bændum en þær er þó mjög mismunandi vel útfærðar ef bregður til hins verra. Einhverjir mega ugglaut velta meira fyrir sér hvernig brugðist skuli við svartari sviðsmyndum og hvort efla megi forvarnir, svo dottið sé nú inn í ríkjandi málfar liðinna veiru-vikna. Megi vorið 2020 verða landsmönnum hagfellt bæði til sjávar og sveita.



# ÍSTEKA

## SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

### Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

**Hækkað verð:**  
Greiðum **35.000 kr. án vsk.** fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: [hryssa@isteka.com](mailto:hryssa@isteka.com) eða í síma **581-4138.**

**Geymið auglýsinguna!**

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

## Lely Center Ísland

**EURO - TRIMA - ALÖ**  
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.lci.is](http://www.lci.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

## Vinnugallar fyrir búskapinn

Samfestingur með víðu sniði, mjórri endurskinsrönd, hnjúpuðavösum og rennilás á skálmum upp að hnjúm.

Efni: 65% pólýester og 35% bómull, má þvo á 85°C. 260 gr/m<sup>2</sup>.  
Litir: Svartur/rauður, dökk-/ljósgrár og blár.  
Stærðir: 46 - 62.

**Verð: kr. 10.788,-**

KH Vinnufót • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • [info@khvinnufot.is](mailto:info@khvinnufot.is) • [www.khvinnufot.is](http://www.khvinnufot.is)

# FRÍ HEIMSENDING

\*Ef verslað er fyrir 30.000 kr. eða meira

## LANDSTÓLPI 20 ára

—2000—2020—

### Afmælistilboð Landstólpa VALLARFOXGRAS TUUKKA Á 20% AFSLÆTTI Í APRÍL

**20% afsláttur**

Vörur	Yrki	Kg/ha	kg/sek	Verð pr/kg án vsk.
BA151-9088	Tuukka	25-30	25	685,-
101804	Winnetou	25-30	25	550,-
DL 1030	Miracle	25-30	25	838,-
DL-1020	Túnvingull Gondolin	25-30	20	500,-
BA-2010	Hávingull Pradel	25-30	25	560,-
4-0126-61871/01	Hávingull Baraika	25-30	25	680,-
ST-1001	Stólpaþlanda I fyrir kýr	25-30	25	870,-
ST-2001	Stólpaþlanda II fyrir fé og beit	25-30	25	850,-
DLF-2001	Stólpa-Fjölblanda ProNitró húð	25-30	10	682,-
DLF-2002	Stólpa-Uppskerublanda ProNitró húð	25-30	10	748,-
DLF-2003	Stólpa-Próteinblanda ProNitró húð	25-30	10	764,-
VA5060	Strandreyr Pedja	25-30	10	1.795,-
DLF201118204	Fjölært rýgresi Callbra	25-30	25	415,-
20128404	Fjölært rýgresi Mathilde	25-30	25	456,-
NS3400	Fjölært rýgresi Garbor	25-30	25	425,-
3301333	Sumarrýgresi Bartiga	25-30	25	460,-
DL-1050	Sumarrýgresi Lolan	25-30	25	470,-
BA-1004	Vetrarrýgresi Barnultra II	25-30	25	450,-
F8506200	Vetrarrýgresi Danergo	25-30	25	410,-
F8151820	Barsica	8-10	25	480,-
BA037-586115	Licapo	8-10	25	449,-
BA-1001	Barcoli	8-10	25	590,-
DL4056	Ertur Ingrid	180-200	500	156,-
41200704	Ertur Manager	180-200	500	169,-
10200504	Hvítsmári Rivandel	5-6	25	1.190,-
DL10103204	Rauðsmári Suez	5-6	25	1.490,-
NC1020	Grænófóðurhafnar Emma	180-200	400	140,-
	Grænófóðurhafnar Caddy	180-200	400	159,-
VA5042	Bygg 6 raða Aukusti	180-200	700	116,-
VA8912024	Bygg 6 raða Judit	180-200	700	105,-
VA900	Quarna Ljfrant	180-200	700	185,-

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Sími 480 5600 - Ópið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | Sími 480 5610 - Ópið virka daga 9-17

## GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Helle Laks í forgrunni og Hörður Helgi Hreiðarsson að skoða hleðslu. Myndir / Ágústa Erlingsdóttir

## Skrúðgarðyrkjunaðið á Reykjum í Ölfusi

Á skrúðgarðyrkjubraut læra nemendur allt það helsta sem við kemur nýframkvæmdum og umhirðu garða og annarra opinna svæða. Námið telur tvo vetur í bóknámi og 60 vikur í verknámi hjá skrúðgarðyrkjumeistara.

Skrúðgarðyrkja er löggild iðngrein og geta nemendur klárað sitt nám með sveinsprófi að lokinni útskrift frá Garðyrkjuskólanum. Eftir sveinspróf er hægt að sækja nám í meistarskólanum og/eða fara í tækninám tengt skrúðgarðyrkju erlendis.

### Nýframkvæmdir og viðhald

Námið er að stórum hluta verklegt í bland við bóklega áfanga. Námið hefst á ýmsum grunnfögum garðyrkju svo sem jarðvegsfræði og grasfræði, auk þess sem nemendur læra að þekkja helstu tegundir runna, trjáa og fjölæringa svo eitthvað sé nefnt. Nemendur læra undirstöðuatriði í nýframkvæmdum svo sem hellulögnum, hleðslum, tjarnargerð og notkun á náttúrugrjóti. Auk þess læra nemendur hvernig á að sinna umhirðu svo sem trjá- og runnaklippingum, slætti og áburðargjöf. Afangar í nýframkvæmdum og umhirðutengdum fögum eru mikið til byggðir á verklegum æfingum ýmiss konar í bland við bóklega kennslu. Fyrir útskrift vinna nemendur verklegt lokaverkefni sem tekur á flestum verkþáttum tengdum nýframkvæmdum auk skipulags og áætlunargerðar. Framþróun í greininni er mikil og reglulega bætast inn ný tæki og verkfæri sem léttu vinnuna. Í náminu er lagt mikið upp úr því að kynna nýja tækni fyrir nemendum og vinnubrögð sem auka gæði og hraða framkvæmda.

### Staðarnám og fjarnám í skrúðgarðyrkju – raunfærnimat

Námið er hægt að stunda bæði í staðarnámi og fjarnámi en nemendur af landsbyggðinni hafa forgang í fjarnámspláss á brautinni. Fjarnemar mæta í staðarlotur



Stanislaw Bukowski að grisja.

reglulega á námstímanum til að fá kennslu í verklegum fögum.

Íðan fræðslusetur býður upp á raunfærnimat í skrúðgarðyrkju fyrir þá sem búa yfir mikilli starfsreynslu í faginu og vilja fá hana metna til eininga. Raunfærnimat er metið á móti einingum í bæði bóknámi og verknámi á skrúðgarðyrkjubraut og er því góður valkostur fyrir fólk með mikla reynslu í faginu.

### Fjölbreyttir atvinnu- móguleikar að námi loknu

Atvinnu- móguleikar í faginu eru miklir og talsverð eftirspurn eftir sveinum og meisturum í skrúðgarðyrkju víða um landið. Að loknu námi starfa skrúðgarðyrkjufraeðingar t.d. hjá umhverfiseildum sveitarfélögum, stærri stofnunum eða í einkafyrirtækjum. Skrúðgarðyrkjumeistarar og þeir sem sækja sér tæknimenntun reka ýmist eigin fyrirtæki, starfa sem garðyrkjustjórar, vinna við verk- eftirlit eða á verkfræðistofum.

Hægt er að sækja um nám í skrúðgarðyrkju á heimasíðu Lbhí, lbhi.is

Ágústa Erlingsdóttir, námsbrautarstjóri skrúðgarðyrkju, Reykjum, Ölfusi



Hellulagnir eru meðal þess sem skrúðgarðyrkjufólk kann öðrum betur.

## Á FAGLEGUM NÓTUM



Í dag bjóða flestir vélaframleiðendur upp á NIR búnað við rauntímamælingar á uppskeru. Mynd / SEGES

## Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2020 – annar hluti



Snorri Sigurðsson  
snorri.sigurdsson@outlook.com

Hið árlega og þekktu danska fagþing nautgriparæktarinnar „Kvægkongres“ var haldið á dögunum og venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt í Evrópu.


Að þessu sinni voru erindin alls 68 talsins í tíu ólíkum málstofum. Í þessari grein verður haldið áfram umfjöllun um nokkur af hinum fróðlegu erindum sem flutt voru en fyrsti hluti umfjöllunarinnar um fagþingið var birtur í síðasta Bændablaði. Nú verður vikið að málstofunni sem fjallaði um fóður og fóðrun.

### 3. Fóður og fóðrun

Í þessari málstofu voru flutt átta erindi og eiga sum þeirra ekki beint erindi við íslenska bændur eins og t.d. varðandi hagkvæmni maísræktunar svo dæmi sé tekið. Það voru þó mörg áhugaverð erindi flutt í málstofunni og verður hér vikið að nokkrum þeirra. Í Danmörku er afar algengt að notaðar séu smárablöndur í grasrækt, til að geta dregið úr notkun á köfnunarefnisáburði en samhliða að fá próteinríka uppskeru. Danskir bændur hafa verið að ná betri og betri tókum á því að hámarka uppskeruna af þessum túnunum en vandamálið er þó að smárablöndurnar, bæði hvít- og rauðsmári, hafa í ræktuninni eftir því sem árin líða en sér í lagi með vaxandi áburðargjöf.

### Mikið köfnunarefni borið á

Hingað til hefur vantað betri leiðbeiningar um áburðargjöfina einmitt við mismunandi útbreiðslu á smára í túnunum og inn á þetta atriði kom Torben Spangaard Frandsen, sem vinnur sem ráðgjafi á þróunarsviði jarðræktar hjá SEGES. SEGES stóð fyrir áburðartilraunum árin 2018 og 2019 á smárablönduðum spildum sem sáð var í árið 2017. Fram kom að í tilraunareitum þar sem mikið var borið á snarminnkæði hlutfallið af smáranum en gerð var tilraun með engan áburð, 60 kg, 120 kg, 240 kg, 360 kg og 480 kg á hektarann. Þetta eru hraustlegar tölur svona á íslenskan mælikvarða, en rétt er að taka fram að dönsku túnin bera fimm slætti á uppskerutímanum svo þau þurfa tölverða næringu.



Þegar NIR mælíbúnaðurinn er notaður fær ökumaður tæksins upplýsingar um uppskeruna um leið og gröffóðrið er tekið upp af spildunni.

Mynd / Jesper Mortensen

### Búfjáráburður hentar vel

Í tilraununum var bæði notaður tilbúinn áburður og mykja og sýndu niðurstöðurnar að uppskerumagnið og próteinmagnið af túnunum var jafn mikið eða jafnvel enn betra ef notuð var mykja í stað tilbúins áburðar. Þá kom einnig fram að hvítsmárin hafa þó nokkuð jafnt óháð því hvor tegundin af áburði var notuð og að rauðsmárin þóir mun meiri köfnunarefnisáburð en sér í lagi ef búfjáráburður er eingöngu notaður en ekki tilbúinn áburður. Niðurstöðurnar sýndu að með því að breyta áburðargjöfinni í hlutfalli við mat á útbreiðslu á smáranum, þá verða túnin arðsamari þ.e. gefa hagkvæmara fóður. Torben dró niðurstöðurnar saman í þrjú einföld ráð:

1. Ef hlutfall smára er minna en 15% þá er bændum ráðlagt að bera tilbúinn áburð og búfjáráburð á túnin eins og um venjulegt tún væri að ræða.
2. Ef hlutfall smára er 15–30% er bændum ráðlagt að bera á túnin bæði tilbúinn áburð og búfjáráburð en miða við lágmarks gildi.
3. Ef hlutfall smára er meira en 30% er bændum ráðlagt að bera einungis búfjáráburð á túnin.

### Vilja draga úr umhverfisáhrifum

Annað áhugavert erindi sem einnig sneri að köfnunarefnisnotkun var flutt af Chris Reynolds frá háskólanum í Reading í Englandi. Þar í landi, rétt eins og víða annars staðar, hefur mikið verið horft til þess hvað hægt er að gera til að draga úr umhverfisáhrifum mjólkurframleiðslunnar og kvaðir á búgreinarnar varðandi áburðargjöf hafa verið hertar vegna þessa.

Eitt af því sem Bretar hafa verið að horfa til er að draga úr prótein- fóðrun kúnna til þess að nýta betur köfnunarefnið! Hljómar undarlega en vísindafólk hefur verið að gera tilraunir á kúm og skoðað sérstaklega hringrás köfnunarefnis og hvernig megi hámarka nýtingu þess og m.a. komist að því að draga megi úr próteingjöfni án þess að það dragi úr hagkvæmni.

### Framleiðsla á tilbúnum áburði orkufrek

Í erindinu kom fram að í Englandi þá geta smárablönduð tún bundið um 200 kíló af köfnunarefni á ári en ef framleiðsla ætti það magn af tilbúnum áburði þurfi til mikla orku sem oft er framleidd með óumhverfisvænum hætti. En með því að draga

úr köfnunarefnisgjöfni er hætt við að bóndinn fái minni uppskeru eins og fram kom hér að framan og þá sér í lagi uppskeru með lægra próteininnihaldi. Rick sagði þó að það þyrfti ekki að vera of neikvætt því þó að það gæti dregið úr afurðasemi kúna þá sýndu rannsóknir háskólans að á bak við hvern framleiddan lítra af mjólk, þrátt fyrir minni afurðir kúna, væri minna magn af köfnunarefni. Þá bentu niðurstöður rannsókna til þess að kýrnar verði frjósamari og þörf fyrir endurnýjun kúa væri minni. Á móti kæmi ádurnefnt afurðatop og möguleg áhrif þess á hagkvæmni kúabúskaparins. Niðurstöðurnar bentu jafnframt til þess að teknu tilliti til allra þátta væri hagkvæmast að fara einhverskonar milliveg og nú er verið að vinna að því að endurmeta fóðurleiðbeiningar svo bændur geti nýtt sér þessa þekkingu.

### Skipta kúnum í tvo hópa

Ráðunautarnir Henrik Martinussen og Anne Mette Kjeldsen frá SEGES eru sérfræðingar í fóðrun og fóru þau yfir tilraun með hópaskiptingu á kúm eftir stöðu á mjaltaskeiði. Á stærri kúabúum, þar sem kýrnar skipta etv. einhverjum þúsundum, er kúnum í dag nánast undantekningarlaust skipt í marga mismunandi hópa eftir því hve gamlar þær eru, hve mikið þær mjólka og hvar þær eru staddar á mjaltaskeiðinu. Þessir hópar eru oft 8 á hverju búi auk hópaskipta geldkúa og kvígna og á þessum búum er því verið að búa til 10-12 mismunandi heilfóðurblöndur á hverjum degi! Þetta er auðvitað algjörlega óraunhæft á minni búum en sumir danskir bændur hafa verið að fikra sig áfram við að skoða aðlögun að þessum hópaskiptingum og kynntu þau Henrik og Anne Mette niðurstöður tilraunar með tvískiptingu á kúnum þ.e. eftir stöðu á mjaltaskeiði.

### Tvær heilfóðurgerðir

Heilfóður er í dag langalgengasta fóðurgerðin í Danmörku og víðar en gallinn við heilfóðurgjöfina er sá að þá er oftast búin til ein allhliða fóðurblanda fyrir kýrnar og er þá yfirleitt reynt að útbúa blönduna þannig að hún henti fyrir kýr á fyrri hluta mjaltaskeiðsins en fyrir vikið er hún of næringarefnarík fyrir kýr á síðari hluta mjaltaskeiðsins.

Hingað til hefur þó verið talið betra að gera bara eina blöndu, vinnulega séð, fyrir allar kýrnar jafnvel þó svo að þá sé verið að sóa næringarefnum í nytlægi kýrnar. Auk þess sem þá þarf ekki að skipta

kúnum í hópa. Í dag eru dönsk kúabú hins vegar að jafnaði með um 210 árskýr og bústærðin því orðin slík að það er talinn raunhæfur möguleiki á því að hópaskipta kúnum og fóðra þær því með tveimur mismunandi heilfóðurtegundum eftir því hvort þær séu á fyrri hluta mjaltaskeiðs eða síðari hluta. Sumir danskir bændur hafa þegar farið þessa leið en svo virðist sem vísindin geti ekki stutt við þessa þróun því niðurstöður Henrik og Anne Mette voru á þá leið að við það eitt að skipta kúm í hópa og færa kýr á milli hópa þá verður svo mikil ókyrrð í hópnum að nýtin fellur meira en svo að lægri fóður-kostnaður borgi upp muninn. Það var með öðrum orðum óhagkvæmt að skipta kúnum í hópa.

### Kúabóndinn á öðru máli

Þó svo að niðurstaðan hafi verið sú að hópaskiptingin hafi ekki skilað gróða í krónum og aurum byggt á fóðurstærð og tekjum vegna mjólkurframleiðslu þá sagði kúabóndinn Rik Kool, sem næstur fór í pontu, að reynsla hans af hópaskiptingu væri afar góð. Eftir að hann fór að skipta kúnum í hópa hafi yfirsýn hans orðið betri enda með viðkvæmari kýrnar, þessar á fyrri hluta mjaltaskeiðsins, saman í einum hóp. Hann vildi því meina að skoða þurfi langtímaáhrif þess að hópaskipta og hvort bæt þú stjórni vegi ekki upp á móti því tekjutapi sem verður þegar kýr er flutt á milli hópa. Áhugavert sjónarmið og rétt að minna á að þó svo að hér á landi séu í dag ekki mörg bú sem eru svona stór, þá má í raun nokkuð auðveldlega, með aðstoð tæknilegra lausna sem notkun mjaltþjóna gefur möguleika á, hópaskipta kúm jafnvel þó svo að hjarðirnar séu mun minni.

### Fitusýrumælingar á mjólk

Með áhugaverðari erindum á fagþinginu að þessu sinni var klárlega erindi fyrrgreinds Henrik Martinussen og Morten Kargo sem einnig er ráðunautur en sem starfar einnig hjá háskólanum í Aarhus. Þeir fjölluðu um fitusýrumælingar á mjólk en danskir bændur fá með kýrsýnaniðurstöðum upplýsingar um flokkun á fitusýrum mjólkursýnanna. Í dag er Danmörk eina landið í heiminum þar sem öll kýrsýni eru greind með þessum hætti en fleiri lönd eru nú að taka upp þessa mælingu þar sem reynslan af þessum mælingum frá Danmörku er einkar áhugaverð. Mjólkurfita stjórnað af þessum aðskildum þátum þ.e. fóðruninni, erfðum og umhverfinu og með því að vita hvernig fitusýru-



Með því að nota smára í tún er hægt að draga verulega úr áburðarþörf vegna köfnunarefnisbindingar smárans. Mynd / SEGES

flokkun mjólkursýnanna er má segja töluvert mikið til um bústjórnina!

### 15 milljón sýni!

Fitusýrumælingar á mjólk, eins og gert er amk. í Danmörku, byggja á því að mæla lengd fitusýrukeðjanna sjálfra. Niðurstöðurnar eru flokkaðar í þrjá flokka:

- Fitusýrur sem myndast í júgurvef (De Novo).
- Fitusýrur sem koma frá fóðri og umbreyttri líkamsfitu (Preformed).
- Fitusýrur sem myndast með báðum framangreindum aðferðir (Mixed).

Þeir félagarnir notuðu niðurstöður 15 milljón sýna, sem tekin voru á tímabilinu frá maí 2015 til desember 2017 og báru saman við ótal upplýsingar úr skýrsluhaldinu og komust að því að niðurstöður um fitusýrugæðu kýrsýna gefa ýmsar áhugaverðar upplýsingar sem má nýta við bústjórn. Þannig kom m.a. fram að bú þar sem hlutfall af fitusýrum sem myndast í júgurvef var almennt hátt gefa yfirleitt minna af fitu í fóðri, eru almennt með nákvæmari fóðrun, fóðra oft og hafa rúmbetri fjós! Þá fundu þeir að þar sem þessi fitusýrugæðu var algengari var frumtalan almennt lægri og kýrnar entust einnig betur í þessum fjósum. Samantekið komust þeir að því að ef hlutfall stuttra fitusýrukeðja var hátt, þá benti það til þess að kýrnar hefðu það fóðrunarlega gott og að bústjórnin væri í lagi. Afar gagnlegar niðurstöður sem munu geta nýst um allan heim.

### Með rannsóknarstofuna í traktörum

Síðasta erindið sem greint verður frá úr þessari afar faglega sterku málstofu er erindi ráðunautanna Peter Hvid Laursen og Niels Bastian Kristensen, en báðir

gagnagrunninn sem bætir stöðugt öryggi tækninnar.

### Mæla af nákvæmni

Þó nokkur munur sé á NIR mælunum kom fram að þeir sem standa sig best eru á pari við það sem fæst frá rannsóknarstofum en gerðar hafa verið margar samanburðarmælingar. Þannig nær besti búnaðurinn að meta þurfnir, hráprótein og sykurinnihald uppskerunnar af mikilli nákvæmni. Með svona vitneskju um fóðrið, strax þegar það er sett í geymslu, fást einstakar upplýsingar sem geta bætt bústjórnina. Þá aflast mikilvægar upplýsingar á staðnum af hverri einustu spildu ekki bara um uppskerumagn heldur einnig gæði uppskerunnar og því hægt að taka ákvörðun nánast á staðnum um að fara í endurræktun á viðkomandi spildu ef uppskerutölurnar eru slakar.

starfa hjá SEGES. Þeir fjölluðu um notkun á stafrænni tækni til þess að meta fóður og fóðurgæði en í dag eru til ótrúlega fjölbreytt mælitæki sem ætlað er að einfalda bændum að meta fóður nautgripa.

Einna áhugaverðust er notkun á NIR mælubúnaði (Nær innrauð litrófsgreining) en með þeirri tækni er unnt að mæla efnasamsetningu fóðurs á fljótlegan og einfaldan hátt og engrar sýnameðhöndlunar er krafist og því sérlega hentugt til notkunar. Í dag er hægt að fá svona búnað settan beint á t.d. heylhæðsluvagninn og mæla þannig fóðurgæðin um leið og hirt er og bjóða líklega flestir vélaframleiðendur einhverskonar NIR lausnir í dag. Sögðu þeir Peter og Niels að tæknin væri orðin all góð í dag en þó væri ákveðin óvissa fyrir hendi þar sem stilla þurfi tækin rétt af miðað við uppskerugæðin. Það væri þó alltaf að safnast í

Í næsta Bændablaði verður lokið við umfjöllun um þetta áhugaverða fagþing. Þess má þó geta að hægt er að skoða og hláða niður öllum erindum af fagþinginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgripærkt) og þar undir „Kvægkongressen“ og þá opnast heimasíða fagþingsins þar sem hægt er að skoða öll erindin með því að smella á „Præsentationer fra kongressen 2020“.



## Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

### Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi

Seyðisfjarðarkaupstaður hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um snjóflóðavarnir á Seyðisfirði.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 17. apríl til 1. júní 2020 hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 1. júní 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

# Sauðburður

Í Líflandi færðu mikið úrval af vörum fyrir sauðburðinn

Burðargel, Lambaboost, burðarhjálp, lambafötur, mjólkurflöskur, lambamjólkurduft, sótthreinsivörur, hlífðarfatnað og margt fleira.



Sala og ráðgjöf  
Sími 540 1100

[www.lifland.is](http://www.lifland.is)  
[lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is)

Reykjavík  
Lyngháls

Akureyri  
Óseyri

Borgarnes  
Borgarbraut

Blönduós  
Efstubraut

Hvolsvöllur  
Ormsvöllur

# Jarðvegssýni og jarðvegssýnaniðurstöður

**Eiríkur Loftsson**  
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið  
el@rml.is



**Anna Lóa Sveinsdóttir**  
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið  
als@rml.is



Í síðasta Bændablaði voru birtar samantektir á nokkrum niðurstöðum úr jarðvegssýnum frá árunum 2014–2019 að báðum árum meðtöldum. Þau mistök urðu að hluti textans féll niður og um leið þrjú gróf sem áttu að fylgja textanum. Er þetta því endurbirt hér í heild sinni.

Samtals er um að ræða efna- greiningar á 1.320 sýnum sem öll eru tekin með 10 cm sýnatökudýpt. Í meðfylgjandi töflum eru niðurstöðurnar flokkaðar eftir árum og landshlutum. Niðurstöður af Vestfjörðum fylgja Vesturlandi. Fjöldi sýna er ekki mikill og þyrftu margir bændur að hafa meiri reglu á sýnatöku.

### Munur milli landshluta

Greina má mun milli landshluta hvað varðar einstök næringarefni. Það er þó rétt sé að fara varlega í að túlka þann mun því myndirnar með dreifingu mælinga á fosfór, kalí og sýrustigi jarðvegs sýna mikinn breytileika innan hvers landshluta.

Meðaltals gildi fyrir fosfór, kalí, kalsíum, magnesíum og natríum eru öll lægst úr sýnum af Suðurlandi. Fosfór og natríum mælist hæst í sýnum af Vesturlandi en kalsíum og magnesíum í sýnum af Norðurlandi. Sýrustig jarðvegs (pH-gildi) er að meðaltali 5,4 í öllum þessum sýnum. Á Vesturlandi mælist það lægst pH=5,2 en er að jafnaði pH=5,5 í öllum hinum landshlutunum.

Mæligildi einstakra efna sýna mikla dreifingu. Hér er myndrænt sýnd dreifing á fosfór (P) og kalí (K). Þá má einnig sjá dreifingu mælinga á sýrustigi. Á myndunum sýnir hver punktur eina mælingu. Gráa svæðið táknar það sem ætla má miðlungsgildi fyrir viðkomandi næringarefni í jarðveg. Fyrir sýrustig þekur gráa svæðið æskilegt pH-gildi til að nýting næringarefna fyrir plöntur verði nokkuð góð eða góð. Niðurstöðum er raðað á myndirnar eftir landnúmerum frá vinstri til hægri. Niðurstöður af Vesturlandi eru því lengst til vinstri en af Suðurlandi lengst til hægri. Á myndunum má greina mismun innan landshluta sem kann að vera vegna jarðvegsgerðar, staðsetningar t.a.m. fjarlægðar frá sjó og fleiri þátta.

Á heimasíðu RML undir flipanum „ráðgjöf/jarðrækt/áburður“ er hægt að skoða samskonar gróf fyrir önnur næringarefni. Frá því farið var að taka jarðvegssýni í 10 cm dýpt hefur rúmþýngd jarðvegs í hverju sýni verið mæld. Þá niðurstöðu má m.a. nota til að reikna magn auðleysta næringarefna sem kg/ha í efstu 10 cm jarðvegsins. Á heimasíðu RML má sjá niðurstöður mælinga á fosfór og kalí settar fram á þann hátt.

Eins og áður er nefnt sýnir þessi samantekt að lítið er tekið af jarðvegssýnum. Jarðvegssýni gefa þó mikilvægar upplýsingar um ástand jarðvegsins s.s. sýrustig og aðgengilegt magn helstu næringarefna. Með reglulegri sýnatöku má fylgjast með því hvernig innihald jarðvegs af þessum efnum breytist á nokkurra ára millibili. Æskilegt er að taka jarðvegssýni í þessum tilgangi á 5-7 ára fresti.



Hægt er að hafa samband við ráðunaut RML í síma 516-5000 ef óskað er eftir jarðvegssýnatöku og/ eða túlkun jarðvegssýnaniðurstaðna þegar þær liggja fyrir.

Tafla 1. Meðaltal helstu næringarefna milli ára

Ár	Fjöldi sýna	P	K	Ca	Mg	Na	PH
2014	251	29,4	163,4	1912,4	396,5	141,2	5,6
2015	166	40,0	230,4	2213,1	472,6	193,1	5,5
2016	296	30,9	152,6	1558,3	339,1	110,2	5,4
2017	210	42,4	162,1	1700,3	371,3	122,2	5,4
2018	224	38,9	167,1	2040,6	403,5	121,1	5,3
2019	173	42,1	190,2	2360,4	518,1	143,7	5,4
<b>ALLS / Meðaltal</b>	<b>1320</b>	<b>36,4</b>	<b>173,4</b>	<b>1918,4</b>	<b>406,5</b>	<b>134,8</b>	<b>5,4</b>

Tafla 2. Meðaltöl ára innan landshluta. Samanburður milli landshluta

Landshluti / Ár	Fjöldi sýna	P	K	Ca	Mg	Na	PH
<b>Vesturland</b>	<b>388</b>	<b>47,5</b>	<b>191,1</b>	<b>2074,7</b>	<b>427,8</b>	<b>175,7</b>	<b>5,2</b>
2014	78	38,7	182,1	2341,4	460,1	149,4	5,3
2015	65	50,8	250,6	2191,6	498,7	193,0	5,3
2016	99	42,1	153,9	1621,2	328,5	244,7	5,2
2017	72	53,1	193,4	1931,5	453,3	139,3	5,2
2018	34	68,7	184,1	2584,5	419,9	161,6	5,1
2019	40	44,7	204,3	2300,1	453,4	170,3	5,2
<b>Norðurland</b>	<b>389</b>	<b>36,7</b>	<b>199,8</b>	<b>2633</b>	<b>581,1</b>	<b>145,6</b>	<b>5,5</b>
2014	46	20,8	172,8	2448,2	557,3	161,4	5,5
2015	63	31,7	212,0	2624,0	529,3	154,7	5,4
2016	54	22,3	216,6	2614,3	643,3	186,4	5,8
2017	64	50,8	178,0	2205,3	468,3	133,2	5,4
2018	82	39,0	183,4	2598,6	556,8	119,0	5,5
2019	80	46,1	228,2	3131,1	707,3	122,5	5,5
<b>Austurland</b>	<b>74</b>	<b>30,6</b>	<b>190,4</b>	<b>1997,3</b>	<b>432,8</b>	<b>108,5</b>	<b>5,5</b>
2014	28	31,9	233,3	2466,1	521,9	92,3	5,8
2015	9	17,6	274,0	2137,8	531,7	116,0	5,8
2016	2	17,0	122,0	1458,0	403,0	122,2	5,3
2018	25	34,7	144,8	1494,5	334,9	83,0	5,1
2019	10	29,8	115,7	1869,4	342,1	102,8	5,2
<b>Suðurland</b>	<b>469</b>	<b>27,8</b>	<b>134</b>	<b>1179,6</b>	<b>238,9</b>	<b>95,7</b>	<b>5,5</b>
2014	99	25,4	124,6	1168,8	236,1	117,4	5,7
2015	29	41,1	211,7	1392,3	272,7	101,2	5,7
2016	141	26,4	127,3	1110,8	229,5	114,3	5,3
2017	74	24,2	116,9	1027,2	204,4	81,4	5,6
2018	83	27,7	150,2	1416,0	262,6	85,5	5,3
2019	43	35,1	123,7	1096,8	267,0	104,7	5,6
<b>Heildarsumma/Meðaltal:</b>	<b>1320</b>	<b>36,4</b>	<b>173,4</b>	<b>1918,4</b>	<b>406,5</b>	<b>134,8</b>	<b>5,4</b>



**41,9% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið**


Lesur Bændablaðsins:

- 21,9% á höfuðborgarsvæðinu
- 41,9% á landsbyggðinni
- 29,2% í sveitum og á landsbyggðinni

Hvar auglýsir þú? **Bændablaðið**

Sími: 563 0300 / Netfang: bla@bnaedi.is / bbla.is

**Bændablaðið Kemur næst út 7. maí**



# Viðbrögð við kali í túnum

**Eiríkur Loftsson**  
ráðunautur, Rekstrar- og  
umhverfissvið  
el@rml.is



Nú er að ljúka vetri sem hefur verið veðrasamari og snjóameiri en vetur undanfarinna ára. Tún hafa sums staðar legið undir snjó og svelli í langan tíma og má búast við kali þar sem svell hafa verið lengst. Það á samt eftir að koma í ljós hve mikið og víða er kalið.

Þegar líður að hausti, daginn styttr og hitastig lækkar fara plöntur að búa sig undir veturinn. Þær harðna og vetrarþol þeirra vex. Vetrarþolið vex fram eftir vetri, háð ytri aðstæðum og gróðri. Það helst að mestu allan veturinn en nær hámarki um og upp úr áramótum en fer þá smám saman minnkandi. Lífsstarfsemi plantna að vetri er fyrst og fremst fólgin í því að komast af með því að hægja á öndun og er orkuforði síðasta sumars notaður sem hraefni öndunarinnar.

Álag á grös að vetri getur verið margvíslegt en það er þó oftast tengt veðráttu. Helstu álagstættir eru frost, svell, rotsveppir, flóð, þurrkur og holklaki. Í samræmi við þetta búa grösin yfir mismiklu vetrarþoli sem skipt er í frostþol, svellþol, rotþol, flóðþol, þurrþol og klakapól. Í heild virðast þessar mismunandi þættir fylgjast að. Þannig vex þol jurta í öllum þáttum vetrarþols þegar þær harðna að hausti og frostþolnir stofnar eru yfirleitt líka svellþolnir, rotþolnir og flóðþolnir. Á þessu eru þó til undantekningar sem benda til þess að svellkal sé sambland af frostskekkjum og köfnun.

## Skemmdir á túnum vegna kals

Áætlað er að svellkal sé valdur að 90% tilvika þegar grös verða fyrir kalskekkjum. Það verður einkum eftir úrkomusamt og kalt haust þar sem jörð frýs og snjór safnast fyrir, sem bráðnar síðan í hlákum að vetri án þess að vatnið nái að renna burt en frýs í svell. Yfirleitt fer frostið undir svellunum ekki mjög langt undir frostmark en grösin drepast eftir styttri tíma því lægra sem hitastigið er.

Við öndun mynda plöntur koltvísýring og vatn en þegar súrefnið klárast við öndun undir svellum breytist hún í loftfirra öndun. Við hana fara að myndast etanól og mjólkursýra. Undir svellinu geta plönturnar hvorki náð í súrefni né losað sig við myndunarefni öndunarinnar. Ef þetta ástand varir lengi kafna plönturnar. Talið er að fyrir íslensk túngros sé þessi tími að hámarki þrjú mánuðir. Þol grasanna er mest framan af vetri en þegar fer að líða á vetur fara þau að missa þolið og verða viðkvæmari og því gæti styttri tími undir svelli seint að vetri nægt til að valda kali.

Eftir langan tíma undir svelli fara svo að myndast smjörksýra og ediksýra sem líklegt er að lághita-bakteríur framleiði við niðurbrot á dauðum jurtum. Þessar sýrur valda svo sterkri lykt af túnunum, svokallaðri lokalykt, þegar svellin leysir.

Í kalárum hefur komið í ljós að grös í fyrsta árs nýræktum lifa betur en grös í eldri túnum. Skýringin á þessu er helst talin vera sú að opinn jarðvegur vegna nýlegrar jarðvinnslu valdi minna álagi í fyrsta árs nýræktum.

## Aðgerðir eftir kal

Hvaða aðgerða er gripið til eftir kal þurfa aðstæður á hverjum stað að ráða. Heyforði, fóðurþörf og aðgengi að góðum slægjum getur ráðið því hversu hratt þurfi að ráðast í viðgerðir á skemmdum túnum. Rétt er



Við öndun mynda plöntur koltvísýring og vatn en þegar súrefnið klárast við öndun undir svellum breytist hún í loftfirra öndun. Við hana fara að myndast etanól og mjólkursýra. Undir svellinu geta plönturnar hvorki náð í súrefni né losað sig við myndunarefni öndunarinnar. Ef þetta ástand varir lengi kafna plönturnar.

**M**ed því að stinga upp hnaus úr túni undan svelli eða eftir að svell hefur tekið upp má kanna lífun grasa. Hnausinn er þá hafður í birtu og hita innandyrna og eftir 7-10 daga ætti að vera komið í ljós hvort grasið lifir. Gott getur verið að taka hnausa á fleiri en einum stað til að bera saman.

að skoða hvort þörf sé á að lagfæra framræslu eða aðra þætti sem gætu bætt endingu sáðgresis, t.d. kölkun áður en tún eru endurræktuð.

Sjálfgreðsla túna eftir kal er valkostur ef um er að ræða blettakal eða þegar kalið veldur grisjun. Einnig á þetta við um tún sem erfitt er að rækta, t.d. vegna grjóts eða annarra þátta. Bregðast þarf við með hóflegri áburðargjöf, nota litla skammta af tilbúnum áburði eða búfjáráburð. Grös geta tekið merkilega fljótt við sér en sjaldan er þess að vænta að hlutdeild sáðgresis aukist. Vænta má að þekja varpasveifgrass og haugarfa sem gefa litla uppskeru verði áberandi í kalblettum fyrstu árin en önnur grös sækja svo í sig veðrið. Jarðvegsgerð og ástand jarðvegs s.s. loftrými ráða miklu um það hve hratt gróðurfarsbreytingin gengur.

Til að forðast þann kostnað sem hlýst af endurvinnslu túna með plægingum og annari vinnslu sem henni fylgir hefur verið leitað leiða sem skilað gætu eftirsóttum gróðri í tún fljótt eftir kal.

Ísáning er sáning á grasfræi og/ eða grænifóðri beint í kalin tún. Þessi aðferð hefur hefur verið reynd nokkuð í gegnum árin en með misjöfnu- um árangri. Helst er að reyna þetta í túnum sem hafa verið ræktuð eða endurræktuð nýlega og hafa tiltölu- lega opinn svörð.

Léttvinnsla og sáning getur verið árangursrík leið til að bæta nýlega ræktuð tún sem eru illa farin af kali þar sem ísáning er ekki líkleg til að skila nógu góðum árangri. Farin er ein létt umferð með herfi eða pinna- tættara til að vinna yfirborðið fyrir sáningu. Þannig grær sáðgresið sem lifði upp og sáningin tekur betur við sér en við ísáningu og þéttir gras- þekjuna.


Til að endurnýja gróður í illa kölnum eldri túnum dugir ekkert nema endurvinnsla með plægingu. Mikilvægt er að vanda til verka og gæta þess að fara ekki af stað fyrr en jarðvegur er tilbúinn til vinnslu. Ef farið er of snemma af stað í jarðvinnsluna og enn er lauslega bundið vatn í jarðveginum, er hættu á skemmdum á jarðvegsbyggingu sem koma mun niður á spírur og sprettu. Vanda þarf plæginguna og grafa þann gróður sem fyrir er en gæta þess jafnframt að plægja ekki of djúpt til að varðveita frjósamasta jarðvegslagið. Hæfileg plægjaga- dypt er 15 til 20 cm. Til efturvinnslu þarf að velja tæki sem henta aðstæð- um, tættara eða herfi en gæta þessa að

ofvinna ekki jarðveg eða tapa dýr- mætum raka. Jarðvinnslu, sáningu og völtun skal ávallt vinna í samfellu á sem stytstum tíma.

## Gras og grænifóður

Af þeim grastegundum sem algengast er að sá í tún á Íslandi um þessar mundir eru vallarfoxgras og vallar- sveifgras með mest vetrarþol. Á það bæði við um vetrarþol almennt og svellþol. Hávingull er viðkvæmur fyrir svellum en hefur að öðru leyti bærilegt vetrarþol. Vallarýgresi hefur minnst vetrarþol þessara gra- stegunda. Af þessum grastegundum er hægt að fá ólík yrki sem mörg hafa verið prófuð hérlendis í rækt- unartilraunum. Hafa yrkin mismun- andi eiginleika m.a. með tilliti til vetrarþols.

Til að fá sem mesta uppskeru af ræktun fyrsta sumarið eftir kal er skynsamlegt að sá grænifóðri til sláttar. Einkum er þá horft til rækt- unar á rýgresi, höfrum og byggi í hreinrækt eða saman í blöndu með einhverjum hætti. Hafnar og bygg eru örugg í ræktun en gefa lítinn endurvöxt öndvert við rýgresi sem gefur yfirleitt góðan endurvöxt. Sumarrýgresi er fljótara til en vetrarrýgresi en sprettur nokkuð hratt úr eftir skrið meðan vetrar- rýgresi getur sprottið lengi án



## Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðar- dekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

**KLETTUR**

**KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10**  
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

## VÉLABÁSINN

# Tesla 3 4x4 á góðu verði og kemst langt á hleðslunni

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Eðalfólksbílur eins og BMW, Benz og Porsche hef ég reynt að forðast að prófa á þeirri forsendu að íslenskt vegakerfi sé það lélegt að umfjöllun mín um fínan eðalbílinn mundi vera neikvæð frá byrjun til enda.

Tesla er einn af þessum bílum sem mig langaði ekki til að keyra því að ég hafði lent í að hjálpa eiganda Teslu með tvö sprungin dekk, en þegar ég las að Tesla væri orðin mest seldi bíllinn á Íslandi það sem af er ári var mér ekki stætt á að prófa ekki bíllinn.

*Flott verð þrátt fyrir að hafa hækkað aðeins frá áramótum*

Bíllinn sem ég prófaði heitir Tesla 3 long range og er fjórhjóladrifinn. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda á að vera hægt að komast yfir 500 km á hleðslunni. Krafturinn er mikill og upptaka, en uppgefin hröðun frá 0 upp í 100 km hraða er 3,4 sek. Fyrstu mánuði ársins var verðið á Tesla 3 mjög gott, en vegna hækkunar erlendrar gjaldmiðla er nú grunnverðið á Tesla 3 eindrifs bíl 5.680.000 en á bílum sem ég prófaði er nú verðið 6.450.000.

*Innréttingin og mælaborðið sérstakt í Teslabílum*

Að sitja í bílnum, miði maður út frá útsýninu og veginum, er svolítið eins og að maður sitji á veginum svo lágur er bíllinn frá jörðu. Varla að maður trúir því að hæðin undir lægsta punkt er 14 sentimetrar.

Fremri sætin eru góð, en höfuðpúðarnir hefðu mátt vera aðeins stærri og skálalaga inn því ef bílnum er snögglega gefið inn er krafturinn það mikill að höfuðið þrykkist í höfuðpúðann.

Svolítið þröngt fyrir „miðlungs feitan Íslending“ að fara í aftursetið.

Lykillinn er eins og greiðslukort, maður ber kortið bara upp að hurðarstafnum og bíllinn opnast, en hægt er að setja upp „app“ í símann og virkja farsíma sem lykil að bílnum.

Mælaborðin í Teslabílum er eins og stór „iPad“, snertiskjár sem notaður er fyrir allar stillingar og meira að segja þegar maður opnar fremra farangursrýmið.

*Gaman að keyra svona kraftmikinn bíl á góðum vegum*

Ég bý í hverfi 108 í Reykjavík þar sem hámarks hraðinn er frá 30 og upp í 50 km. Á svona kraftmiklum bíl vissi maður ekki fyrir en pósnúmerið hoppaði inn á skjáinn. Það



Oneitanlega flottur bíll – Tesla 3.

Myndir /HLJ



Farangursrýmið að aftan er stærra en maður heldur.



Svo er líka farangursrými að framan.

er afskaplega erfitt að keyra um hverfið mitt á svona kraftmiklum og hljóðlausum bíl á löglegum hraða.

Eins og með alla bíla sem ég prófa þá hávaðamældi ég bíllinn, en mér til vonbrigða mistókst mælingin. Þrátt fyrir að bíllinn hafi

verið á grófum ónegldum vetrardekkjum, þá tel ég að bíllinn mundi mælast um 70 db. (byggi það bara á reynslu fyrri mælinga á öðrum bílum).


*Ljúfur bíll að keyra í langkeyrslu*

Langkeyrslan var í styttra lagi, en að keyra bíllinn á góðu malbiki er mjög ljúft. Þó þarf aðeins að passa upp á hraðablindu á bestu veginum (þessum fáu góðu köflum). Þegar vegir eru góðir hættir manni til að keyra mun hraðar heldur en maður telur sig vera að keyra.

Sá litli kafli sem ég keyrði bíllinn á möl var það leiðinlegur að ég notaði fyrsta tækifæri til að komast á bundið slitlag. Það segir bara að þessi bíll er ekki skemmtilegur á malarvegi.



Ari, bensínsölumaðurinn á Bildshöfðanum, fórnaði bara höndum og sagðist ekkert geta gert fyrir mig.



Mælaborðið er svolítið sérstakt í bílnum.



Þarna hefði ég viljað teppaleggja og einangra.

*Plúsarnir eru fleiri en mínusarnir*

Stærstu plúsarnir eru í fyrsta lagi verðið, er það myndi kallast „grín“. Þá er krafturinn æðislegur, sætin góð, innrétting flott. Bíllinn er umhverfisvænn og fer langt á hleðslunni. Hann má draga kerru sem er allt að 910 kg. Ef það á að vera með dráttarkrók, þá þarf að panta hann um leið og bíllinn því ekki er settur krókur á Teslabíla hér á landi.

## Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.694 mm
Hæð	1.443mm
Breidd	1.850 mm

Mínusarnir, ekki margir, en það er ekkert varadekk, sem er ekkert hentugt fyrir holótta malarvegi. Mesti mínusinn hefur ekkert með bíllinn að gera, en það er vegakerfið á Íslandi sem er einfaldlega ekki tilbúið fyrir svona eðalbíla sem framleiddir eru á hjólbörðum sem eru nánast ekki með neina fjöðrun, þó svo að þessi bíll sé á 18 tommu felgum.

Lokaorðin eru þau að vegirnir í hverfinu mínu eru þokkalega góðir og hætt við að ég yrði fljótt próflaus á svona bíl þar. Fyrir mér er allt gott við þennan bíl en vegirnir bara ekki nógu góðir.

## Lely Center Ísland



### KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Ólafsvellir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er landnámsbær.

Býli: Ólafsvellir.

Staðsett í sveit: Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Ábúendur: Georg Kjartansson og Mette Pedersen. Kjartan Georgsson og Pétur Kjartansson búa í gamla bænum.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Georg og Mette ásamt þremur dætrum; Katrín háskólanemi, Rakel, sem vinnur á búinu og Rebekka, sem er í grunnskóla. Heimilið deilir fimm íslenskum fjárhundum, einum schnauzer og ketti.

Stærð jarðar? 500 hektarar.

Gerð bús? Mjólkurkúr, hross og vélaútgærd.

Fjöldi búfjár og tegundir? 75 mjólkurkúr, 51 kvíga, 20 naut og tæp 60 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn



vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefbundinn vinnudagur er mjög breytilegur, byrjar þó alltaf á að fara

út í fjós og horfa á róbótinn, og síðan allt frá að fara aftur inn að leggja sig til að fara út um allar trissur að vinna.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flestir hér á bæ hafa mjög gaman af heyskap og þegar merarnar fara að kasta. Leiðinlegast myndi vera þegar dýr veikjast.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Nýtt fjós og skógrækt.



**Helstu tækifærin í framleiðslu íslenskra búvara?** Mjólkurframleiðsla.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Það sem við erum alltaf með í ísskápnum er mjólk, AB mjólk, ostur, lýsi og ávextir.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grilluð nautasteik.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Ekkert sérstakt sem kemur upp í hugann, nema kannski þegar við breyttum fjósinu í lausa-göngu.

## MATARKRÓKURINN

# Steikt kjúklingalæri og súrdeigsbakstur



Bjarni Gunnar Kristinsson  
matreiðslumeistari

**Garama masala krydduð steikt kjúklingalæri er „tvíst“ á djúpsteiktan kjúkling, og má líka baka í ofni.**

Stökku og safaríkur súrmjólkur-kryddlagður kjúklingur, þar sem garam masala kryddi er stráð yfir í lokin.

Svo eru allir að gera súrdeigsbrauð sem er bragðgöð skemmtun, oft er hægt að fá súrdeigsmóður frá vini, búa til eða fá upplýsingar á Facebook.

### Fyrir marineringuna

- › 4 beinlaus / skinnlaus kjúklingalæri
- › 2 bollar súrmjólk
- › Kryddjurtir til skrauts og nota svo stilkana, sem eru saxaði gröft, til dæmis kóríander, basilíka og jafnvel mynta
- › 3 hvítlausríf
- › 1 tsk. salt
- › 2 ferskir jalapeno-chili eða chillifögur (1 tsk.)

### Fyrir mjölblöndu til að hjúpa kjúklinginn

- › 3 bollar hveiti
- › 1 bolli maís-sterkja (maizena), kartöflumjöl eða tapiocamjöl
- › 1 tsk. salt
- › 2 tsk. svartur pipar
- › 1/2 msk. paprika

### Til steikingar

- › Hnetuolía (það má líka baka hann í ofni)

### Krydd

- 1/2 msk. garam masalakrydd
- 2 msk. kókosnetuolía, brædd

### Fyrir marineringuna

Í skál skulið þið blanda saman súrmjólk, chili, kryddjurtum, hvítlauk og salti. Látið liggja saman yfir nótt. Bætið kjúklingi í skálina og hylj-



id með marineringunni. Kælið í 2 klukkustundir eða yfir nótt.

Takið kjúklinginn úr ísskápnum og látið ná stofuhita á sigti.

### Fyrir mjölblönduna

Bætið hveiti, sterkju og kryddi út í eldfast mót (eða brúnan pappírspoka) og blandið vel saman. Fjarlægjið kjúklinginn úr marineringunni eitt stykki í einu og blandið vel í kryddað hveitið. Verið viss um að þrýsta hveitinu alveg inn í kjötið. Hristið af umfram mjöl og geymið á bökunarplötu.

### Til steikingar

Þegar allur kjúklingurinn er hjúpaður hveitinu skulið þið setja olíu á þunga steikarönnu eða pott. Hitið olíu að 174 gráðum yfir miðlungs hita. Prófið hitastigið með því að setja lítinn bita í olíuna. Þegar bitinn byrjar að steikjast, bætið þá kjúklingnum við og eldið í 7–8 mínútur á hlið, þar til ytra byrðið er brúnað og kjötið soðið í gegn.

Takið kjúklinginn af steikarönnunni og setjið á virgrind. Þegar kjúklingur er aðeins að kólna skulið þið bræða kókosolíu í litlum potti eða örbylgjuofni. Hellið olíunni í litla skál og bætið garam masala út í. Kryddið með heitri blöndunni yfir kjúklinginn. Njótið.

### Sveitabrauð að hætti Chad Robertson

Chad Robertson frá Tartine Bakery & Cafe í San Francisco er með eina bestu uppskrift sem fagmenn nota við súrdeigsbakstur. Að búa til eitt er einfalt en það krefst skuldbindingar; byrjið á að fódra og sjá um súrmóður í þrjár vikur áður en þið byrjið (hægt er að sleppa þessu með því að auglýsa eftir súr-móður á Facebook, margir skemmtilegir hópar þar sem fólk deilir bakstri og skiptist á ráðum.

Vigið öll innihaldsefni – líka vatnið.

### Fyrir byrjendur:

- › Hvítt brauðhveiti 600 g
- › Heilhveiti 600 g
- › Vatn (volgt) 225 g
- › Vatn (35 gráður) 75 g fyrir hverja fódru á súrdeigsmóður

### Fyrir súrdeigið:

Vatn (35 gráður) og 100 g súrdeigsmóðir.

- › Nú skal byrja að baka brauð eftir 3 vikur eða með súrdeigsmóður (sleppa skref 1-3 ef þú átt súrdeig)
- › Vatn (35 gráður) 325 g
- › Súrdeig 100 g
- › Hvítt brauðhveiti próteinríkt 450 g
- › Heilhveiti 50 g
- › Salt 10 g

### Aðferð

1. Búið til súrdeigsmóður: Blandið hveitinu saman ásamt volgu vatni í miðlungs skál. Bætið við 175 g af hveitiblöndu, blandið þar til blanda er þykk Hyljið með eldhúshandklæði. Láttu hvíla á köldum, dimmum stað þar til loftbólur myndast um hliðarnar og á yfirborðinu, um 2 daga. Dökk skorpa getur myndast yfir toppinn. Þegar loftbólur myndast er það tími til fyrstu fódrunar á súrdeigsmóður.
2. Takið 75 grömm úr súrdeigsmóðurinni við fódru og hendið því. Setjið 75 grömm af mjölblöndunni og 75 grömm af heitu vatni. Blandið þar til blanda er orðin að þykku deigi. Endurtakið á 24 tíma fresti á sama tíma dags í 15 til 20 daga.
3. Gerið súrdeigið: Kvöldið áður en þið ætlið að gera deigið, fargið öllu nema 100 g af upprunalega súrdeigsgrunninum. Fóðrið með 200 g hveitiblöndu og volgu vatni. Hyljið með eldhúshandklæði. Látið hvíla á köldum, dimmum stað í 10 til 16 klukkustundir. Til að prófa súrdeig, settu 1 skeið í skál með vatni sem er við stofuhita. Ef það sekkur er það ekki tilbúið og þarf meiri tíma til að gerjast og þroskast. Þegar það þróast mun lyktin breytast úr súrum í sæta angan, þegar það nær þessu stigi er það tilbúið til notkunar.
4. Búið til deigið: Hellið 300 g af volgu vatni í stóra blöndunarskál. Bætið við 100 g af súrdeigi. Hrærið til að blanda. (Geymið afgang súrdeigið, það er núna upphaf að súrdeigsmóður. Til að halda henni á lífi og til að búa til framtíðar brauð, haldið þá áfram að fódra hana 50/50 vatn á móti mjóli. Blandið deigið með höndunum þar til engir bitar af þurru hveiti eru eftir. Eða í hrærvél með krók. Látið hvíla í 35 mínútur. Bætið við salti og 50 g af vatni.
5. Setjið yfir í miðlungs plastlát eða glerskál. Hyljið með eldhúshandklæði. Látið hvíla í 30 mínútur. Deigið mun nú byrja að hefast til að þróa bragðið og styrk (um 4 klukkustundir).



6. Í stað þess að hnoða deigið lyftir Robertson deiginu eins og að það sé verið „brjóta það saman“. Grípið neðri hluta deigsins, teygjið það út og brettið það aftur yfir sig. Snúið ílátinu um fjórðungs snúning og endurtakið. Gerið þetta 2 eða 3 sinnum, þetta gefur loft inn í deigið. Eftir þrjár klukkustundir ætti deigið að vera loftblandað og mýkra viðkomu og þið munuð sjá 20 til 30 prósent aukningu í magni. Ef það gerist ekki skal halda áfram gerjun í 30 mínútur til 1 klukkustund í viðbót.
7. Dragið deigið úr ílátinu með deigsspaða. Flytjið yfir í hveitistráð yfirborð. Stráið deigið létt með hveiti og skerið í 2 bita með því að nota spaða. Mótið í fallega flanga kúlu.
8. Stráið aftur með hveiti, hyljið með eldhúshandklæði og látið hvíla í 20 til 30 mínútur. Rennið deigsköfunni undir hvert deig til að setja í 2 skálar með hreinum eldhúshandklæðum, ríkulega stráð með hveiti. Notið deigsköfuna og færið hverja kúlu yfir í körfu, látið hvíla í herberginu við 25 gráðu hitastig í 3 til 4 klukkustundir áður en bakað er.
9. Bakið brauðið: Tuttugu mínúturnar áður en þið eruð tilbúin að baka brauðið, hitið þá ofninn í 250 gráður. Hitið bakka eða járnþott, setjið svo deigið þar ofan í. Skerið fallgar rákir með beittum hníf, setjið ögn af vökva inn í ofninn, svo myndist gufa, og bakið í 10 mínútur á hæsta hita, jafnvel undir grilli fyrstu 2 mín. Lækkið svo niður í 220 gráður og bakið þar til brauðið er stökkt viðkomu, látið kólna í um 20 mínútur fyrir skurð.



**HANNYRÐAHORNID**

# Barnateppið Baby Diamonds

Barnateppi eru alltaf vinsæl hvort sem er til gjafar eða eigin nota. Þetta fallega teppi er þrjónað með gataprjóni.

**Stærðir:** 47x52 (65x80) cm.

**Garn:** DROPS Merino Extra Fine (fæst í Handverkskúnt): Gráblár nr 23: 200 (300) g

**Þrjónfesta:** 20 lykkjur x 26 umferðir = 10 x 10 cm.


**Þrjónar:** Hringþrjónn 60-80 cm langur nr 4,5.

**Garðaprjón:** (þrjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru þrjónaðar slétt í öllum umferðum.

**TEPPI - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:**




Stykkið er þrjónað fram og til baka á hringþrjóna.

**Uppskrift:** Fitjið upp 94 (130) lykkjur á hringþrjón nr 4,5. Þrjónið mynstur þannig: 2 kantlykkjur GARDAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan, A.1 þar til 2 lykkjur eru eftir, 2 kantlykkjur garðaprjón. Haldið áfram fram og til baka svona. Í síðustu umferð með sléttum lykkjum frá röngu, fækkið um 1 (5) lykkjur jafnt yfir umferð = 93 (125) lykkjur.



**Mynstur**

- = slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu
- ▣ = brugðin lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu
- ▢ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá þrjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn þrjónaður brugðin (það eiga að myndast göt)
- ▣ = þrjónið 2 lykkjur slétt saman (= 1 lykkja færri)
- ▣ = lyftið 1 lykkju eins og þrjóna eigi slétt, þrjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunnar yfir lykkjuna sem var þrjónuð (= 1 lykkja færri)
- ▣ = lyftið 1 lykkju eins og þrjóna eigi slétt, þrjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið lyftu lykkjunnar yfir lykkjurnar sem þrjónaðar voru saman (= 2 lykkjur færri)



Nú er mynstrið þrjónað þannig: 2 kantlykkjur garðaprjón, A.2a yfir næstu 9 lykkjur, A.2b yfir næstu 72-104 lykkjur (= 9 (13) mynstureiningar með 8 lykkjum), A.2c yfir næstu 8 lykkjurnar, 2 kantlykkjur garðaprjón. Haldið svona áfram með mynstur þar til stykkið mælist 45 (73) cm – stillið af þannig að endað sé eftir 8. umferð eða 16. umferð í mynsturteikningu.

**Þrjónið nú mynstur þannig:** 2 kantlykkjur í garðaprjóni, A.1 þar til 2 lykkjur eru eftir, 2 kantlykkjur garðaprjón, jafnframt í 3. umferð er aukið út um 1 (5) lykkjur jafnt yfir umferð = 94 (130) lykkjur. Þegar A.1 hefur verið þrjónað til loka á hæðina, fellið af með brugðnum lykkjum frá réttu.

Þrjónakveðja mæðgurnar í Handverkskúnt www.garn.is

**Létt**

5	4			9	3	6	8	
2			4	6		5	1	
9	1			8		7		
		4		2	5			
	5	9		4		2	3	
			7	3		4		
		5		7			8	2
7	3			5	6			9
4	6	8	1				7	3

**Miðlungs**

	9			5			1
	2	8		3		5	7
1			2	6			8
	1	4	3	2	9	5	
2			9	5			4
	6	5	4	8	2	3	
7		6		4			5
	8	2		9		7	4
4			2				6

**Þung**

		9		7				
8	3		6		2			
7	2				1			
1	7		2		9		5	8
		8				9		
9	6		4		5		7	3
			1				8	4
			7		6		1	9
				4		6		

**Þyngst**

				6	9	1		
					8			
		4						
1							3	7
2				5				4
8	9							6
						9		
			3					
		7	4	2				

**Sudoku**

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

**Drops garn á Drops verði**  
...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því

**Handverkskúnt**  
www.garn.is  
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

**jardir.is**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**Lely Center Ísland** DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ**

**Ætla á reiðnámskeið í sumar**

**Rakel Sonja býr í Varmahlíð ásamt foreldrum sínum, systkinum og kisu Nölu og Tuma.**

**Fyrsta minning þín?** Í renni-brautagarðinum á Kanarí þegar ég var 4 ára.

**Nafn:** Rakel Sonja.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fimleika og fót-bolta og spila á fiðlu.

**Aldur:** 9 ára að verða 10.

**Stjórnumerki:** Tvíburir.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Er ekki búin að ákveða það.

**Búseta:** Varmahlíð.

**Skóli:** Varmahlíðarskóli.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar ég var að veiða með pabba og bróður mínum. Þá þurfti ég að fara með pabba yfir á sem náði mér upp á læri.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Fimleikar, fót-bolti og myndmennt.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Kisa.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Fara í útilegur og reiðnáms-keið.

**Uppáhaldsmatur:** Grillað kjöt og kartöflur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Veit það ekki.

**Næst » Rakel ætlar að skora á bekkjarbróður sinn, Harald Hjalta L. Bjarnason, að svara næst.**

**Uppáhaldskvikmynd:** Zomies 2 og Descendants.

## LESENDABÁS

# Skógrækt í þágu þjóðarinnar

– Skógrækt ber að efla

Þegar ekið er eftir þjóðvegnum um Skagafjörð í átt í Norðurárdal og áfram áleiðis til Akureyrar blasir við mikill og fagur bænda-skógur í landi Silfrastaða. Þessi skógur lýsir einstökum dugnaði þeirra Silfrastaðamanna sem hafa komið þessum mikla og góða skógi upp.

Undanfarin ár hafa skógarbændur þar nyrðra verið að grisja og mikill víður fallið til við fyrstu grisjun. Hann nýttist einkum sem eldiviður og eitthvað sem girðingastaurar og kurl. Þess má geta að Járnblendisverksmiðjan á Grundartanga kaupir íslenskan grisjunarvið og hefur jafnvel borgað sig að aka honum þangað alla leiðina frá Austurlandi.

Ísland er skógfátækasta land Evrópu. Skógarhögg er ein elsta atvinnugrein í Evrópu en ein af allra yngstu starfsgreinunum okkar. Hér er víða mjög gott land til skógræktar sem nýst gæti öllum landsmönnum mjög vel. Skógarskjólið er alunnugt og öll ræktun er mun auðveldari þar sem þess nýtur. Má geta að fyrir nær 50 árum birtist grein í Ársriti Skógræktarfélagis Íslands eftir Klemens Kristjánsson, tilraunastjóra á Sámstöðum í Rangárvallasýslu, um tilraunir hans með kornrækt. Komst hann að þeirri niðurstöðu að aukin og auðveldari kornrækt væri í skógarskjólinu af sexraða byggi, hafnar 36% og 41% en sé ræktað á berangri. Ritgerð Klemensar má sækja á þessa slóð:

[http://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/03/SRR\\_1976\\_lr.pdf](http://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/03/SRR_1976_lr.pdf)

Auðvitað vex annar jarðargróður betur í skógarskjólinu hvort sem er gras, kartöflur, kál, gulrætur eða rófur. Allt vex betur í skógarskjólinu!

Bændaskógar hafa sýnt sig og sannað eins og mjög víða má sjá

víða um land. Þetta er einna augljósast austur á Héraði þar sem ásynnd landsins hefur breyst mjög mikið. Bændaskógarnir eiga eftir að verða skógarbændum mikill búhnykkur þegar fram líða stundir. Á vetrum fer snjósofnun fram í skóginum en safnast ekki meðfram vegum eins og gerist á bersvæði. Þar sem vegur liggur um skóglendi eru vindhviður yfirleitt að verða með öllu óþekktar. Það er því mikilvægt að koma sem víðast upp skjólskógi meðfram þjóðvegum landsins þar sem þekktir óveðurstaðir eru. Á Suðausturlandi er sérlega þekktur óveðurstaður innarlega í Hamarsfirði innan við Djúpvog, á Suðurlandi undir Örafajökli og Eyjafjöllum. Á Vesturlandi er Kjalarnes alkunnugt fyrir slæmar vindhviður og einnig í Melasveit undir Hafnarfjalli. Einnig er mjög vindasamt undir fjöllum á Snæfellsnesi. Á öllum þessum slóðum hafa orðið mörg óhöpp og mjög mikið tjón. Norðanlands eru tiltölulega fáir vindasamir staðir þekktir enda þjóðleiðir flestar fjarri ströndum. Spurning er hvort Vegagerðin gæti tekið upp samstarf við tryggingafélög við að koma upp skjólskógum með fjármögnun en bændur lagt af hendi land gegn því að hafa einnig gagn af t.d. að nýta skóginn m.a. sem beitarskóg.

**Lífeyrissjóðir standa frammi fyrir miklum vanda þegar um ávöxtun fjár er að ræða**

Margir ævintýramenn sem huga að miklum skyndigróða hafa farið þess á leit við lífeyrissjóði að þeir taki þátt í fjárfestingum. Lífeyrissjóðir eru bundnir við að fjárfestingar þeirra séu að minnsta kosti eitthvert tiltekið lágmark sem verið hefur 3,5–4,5% undanfarin ár. Þetta hefur reynst þeim oft torveldur biti og hafa þeir oft fyrir vikið tapað miklu eftir að hafa ávaxtað sitt pund um einhvern tíma.

Lífeyrissjóðir landsmanna töp-



Skógrækt í Silfrastaðafjalli. Myndin var tekin fyrir sex árum.

Mynd / HKr.

uðu gríðarlega miklum fjármunum í bankahruninu og talið það hafi numið um 500 milljörðum eða nálægt hálfum núverandi útgjöldum ríkissjóðsins okkar. Kemur það fram m.a. í 4 binda skýrslu um stöðu lífeyrissjóðanna eftir hrúnið. Fyrir nokkrum árum birtist eftir höfund þessa í Skógræktarritinu: Hvers vegna fjárfesta lífeyrissjóðir ekki í skógrækt? Því miður urðu nánast engar umræður um þetta efni. Ljóst er að arðsemin af skógrækt er mjög lítil og nánast engin meðan trjáplönturnar eru að koma sér fyrir og þroskast. En oft þarf að bíða í einn og jafnvel tvo áratugi uns úr rættist. Eftir að skógurinn er kominn á legg þá er ávöxtunin tiltölulega góð og þegar til lengri tíma er litið þá verður að telja meðaltalsávöxtunina nokkuð góða, jafnvel mjög góða.

Við erum nánast í miðju barrskógabeltinu og bæði í Norður-Ameríku sem og Skandinavíu er skógarhögg mjög arðsöm starfsemi. Í Svíþjóð hófst ræktun stafafuru, pinus contorta, fyrir rúmlega öld með mjög góðum nárangri. Er nú svo komið að Svíar líta á stafafururuna sem sænska trjátegund þó hún sé innflutt enda er hún talin í dag verðmætasta trjátegundin í sænskum skógariðnaði! Mikið væri æskilegt að landsmenn gætu

litið á trjátegund með gagnaugunum rétt eins og Svíar en ekki með tilfinningaríkum rökum um hvað sé innlent og hvað erlent. Allar lífverur, hvort sem eru jurtir, dýr eða við sjálft mannfólkið sem þrífst hér, ber að líta á sem íslenskt enda aðlögunarhæfni yfirleitt mjög mikil meðal langflestra lífvera. Við eigum að líta á alla möguleika okkar að létta okkur lífið og bæta hag okkar með þeim trjágróðri sem við getum haft gagn af.

**Samstarf bænda, lífeyrissjóða og fagaðila**

Spurning er hvort unnt sé að koma á samstarfi lífeyrissjóða við bændur og Skógræktina? Þessir aðilar gætu lagt sitt fram hver á sínu sviði í þúkíð með samningum sín á milli og unnið mjög gott þjóðþrifafríkt samstarf sem kæmi öllum aðilum að góðu gagni. Lífeyrissjóðirnir kæmu auðvitað með fjármagnið, Skógræktin með fagþekkinguna og bændur legðu til land og vinnuframlag að einhverju leyti. Í þeirra höndum væri girðingavinna sem og nauðsynlegt viðhald meðan þess er talin þörf. Mjög æskilegt væri að skólafólk gæti komið þarna einnig við sögu einkum við útplöntun að vori og hausti enda er fátt eins

vænlegt að glæða áhuga ungvíðisins fyrir ræktun og með þátttöku í skógræktarstarfi.

Sagt er að vaxtarhraði trjágróðurs á Íslandi sé hægari en í löndum á sambærilegum breiddargráðum. Þetta er að einhverju leyti rétt en ekki að öllu leyti. Þekkt er að trjástofnar sem vaxa hægar með þéttari áhringjum séu endingarbetri og þar með dýrmætari en víður sem vex hratt. Einnig verður að reikna með að skóglendi er alltaf eftirsóknarvert og dýrmætara en berangur. Má geta þess að tugir ef ekki hundruð þúsunda frístundahúsa í Danmörku og Skandinavíu eru í eigu þjóðverja en þeir eru mjög áhugasamir að koma sér upp aðstöðu í sveitasælunni á Norðurlöndunum ekki síður en Suðurlöndum. Sem leiðsögumaður get eg staðfest að oft er eg spurður um þessi mál gagnvart Íslandi. Áhugi er mjög mikill og spurning hvenær við getum nýtt okkur þessa eftirspurn.

Samstarf bænda, lífeyrissjóðanna og Skógræktarinnar að ógleymsku skólafólkinu gæti orðið okkur öllum til mikilla hagsbóta og ánægju.

Góðar stundir.

**Guðjón Jensson**

leiðsögumaður og eldri borgari búsettur í Mosfellsbæ

# Huppa, Surtla og himinhvolfið

Þeir eru að segja okkur það þessi misserin, sérfræðingar ýmsir, að húsdýrin okkar, kýrnar og kindurnar, séu að rústa andrúmsloftinu. Þessi jörturdýr sem fylgt

hafa okkur frá landnámi ku vera metanfabrikkur og þau prumpi svo mikið og ropi að jöklar bráðni, stormar geisi og haf súrni. Þess vegna sé það lífsnauðsyn að draga

stórlega úr neyslu á „rauðu“ kjöti. Fækka þannig þessum skaðræðis-skeppnum. Segja þeir. Minni spá-menn hafa það svo eftir og fjölmiðlar dreifa boðskapnum gagnrýnislaust.

Hvernig má þetta vera? spyr leikmaðurinn. Yfirsást skaparannum eitt-hvað þegar hann hannaði meltingarfæri jörturdýra? Eða er hugsanlegt að sérfræðingunum yfirsjáist eitthvað? Jörturdýr af ýmsu tagi lifa hér á jörð og hafa gert í þúsundir ára. Í ró og spekt. En skyndilega eru þau orðin vandamál. Risastórt vandamál. Eða hvað?

Það er rétt að þegar jörturdýr melta fæðu sína verður til gastegundin metan (CH<sub>4</sub>). Metan flokkast með svokölluðum „gróðurhúsalofttegundum“. Í bókinni „Náttúruþankar“ (1) sem kom út fyrir síðustu jól segir á blaðsíðu 126: „Talið er að metanlosun (hús)dýra og manna á Íslandi sé samtals um 60.000 kílótonn á ári (7.000 kílótonn hjá nautgripum, 5.000 kílótonn hjá svínunum, 4.000 kílótonn hjá sauðfé, 3.000 kílótonn hjá hrossum auk 40.000 kílótonna hjá mönnum)“. Séu þessar tölur réttar nemur metanlosun nautgripa og sauðfjár á Íslandi aðeins ríflega 18% af heildarmetanlosun manna og dýra á landi hér. Miðað við umræðuna

kemur sú niðurstaða verulega á óvart. En fleira er vert að nefna í þessu sambandi. Lofttegundin metan er skammlíf í andrúmsloftinu og breytist í aðrar lofttegundir (m.a. CO<sub>2</sub>) og vatn á 10–12 árum segir Wikipedia. (Aðrar heimildir segja að það helmingist á 10–12 árum). Þess vegna er það þannig að þegar Huppa nú ropar hressilega og sendir frá sér gusu af metani út í andrúmsloftið þá er á sama tíma að eyðast síðustu leifarnar af metaninu sem Skrauta sendi frá sér fyrir 10 árum. Metanið frá Huppu núllast því út. Af þessu leiðir að sé fjöldi gripa óbreyttur breytist metanmagnið í andrúmsloftinu ekki neitt. Það er „konstant“ eins og það hét í gömlu reikningsbókinni minni.

Nú er það svo að vetrarfóðruðu sauðfé á Íslandi hefur frá árinu 1980 fækkað um tæp 50%. Var komið niður í 432.023 vetrarfóðraðar kindur árið 2018 og fækkar enn. Styttist í að það verði ein kind á hvern íbúa landsins. Frá árinu 1990 hefur mjólkurkúm á Íslandi fækkað verulega. Úr 32.246 niður í 26.386 árið 2018. Samtals hefur mjólkurkúm, kvígum og geldneytum fjölgað á þessum tíma um rúmlega 1000 gripi. Úr 54.780 árið 1990 í 55.797 árið 2018 (þessar tölur eru frá Hagstofnunni) (2).

Af framansögðu blasir það við að iðragerjun jörturdýra á Íslandi á ekki nokkurn minnsta þátt í aukningu metans í andrúmsloftinu undanfarna áratugi. Það er einfaldlega staðreynd sem sérfræðingar sem og aðrir verða að fara að meðtaka. Líka fjölmiðlar.

Þetta er ekki sagt til að firra íslenskan landbúnað allri ábyrgð í loftslagsmæðunni. Að sjálfsögðu ekki. Þar verða bændur eins og aðrir að taka til í sínum ranni. Sú tiltekt á hins vegar ekki að felast í því að fækka gripum. Við lifum norðan við kornræktarmörk en af grasi höfum við nóg. Tilraunir hafa sýnt að hæfilega bitinn úthagi bindur mun meira kolefni en óbitinn. Það eru aðföngin sem við þurfum að huga að og takmarka eftir föngum. F.o.f. tilbúinn áburður, olíuvörur, vélar og tæki og innflutt kjarnfóður, sumpart ræktað á framræstum myrum í öðrum löndum. Jafnvel hinum megin á hnettinum.

**Þórarinn Magnússon**  
Frostastöðum

Heimildir:

(1) Bjarni E. Guðleifsson og Brynhildur Bjarnadóttir. (2019). Náttúruþankar. (2) Hagstofnan.

**41,9% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið**

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2019. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

21,9%

á höfuðborgarsvæðinu

41,9%

á landsbyggðinni

29,2%

landsmanna lesa Bændablaðið

**Hvar auglýsir þú? Bændablaðið**

Sími: 563 0300 / Netfang: [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is) / [bbl.is](http://bbl.is)

# HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

## RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Landspilda 7-15 ha á Suðurlandi óskast til kaups, á sanngjörnu verði. Fyrirhugað fyrir sumarhús og áhuga-hestamennsku. Vinsamlega hafið samband í síma 899 5704, Sigprúður og Guðmundur eða tölvupóstur siffaj@simnet.is



Kjallaradætur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótórar staðsettur fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Vagnasmiðjan auglýsir: Framleiðum og eigum á lager krókgrindur, sterkar og ódýrar. Með gámalásam, v. 380 þ. + vsk. Án lása, v. 280 þ + vsk. Einnig tvær extra sterkar Hardox skúffur á vagna og vörubíla á gamla verðinu. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Veljum íslenskt. Vagnasmiðjan, Eldhöfða 21 R.vík s. 8946000.

# Svampur.is

Bjodum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihsíð
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík  
Símar 567 9550 og 858 0321



SsangYong Rexton HLX, árg. 2019, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000 kr. notadir.benni.is - Sími 590-2035.



Ætli þú að byggja þá gæti Nudura varmamótin verið lausnin. Auðvelt í uppsetningu, stærstu mótin á markaðnum, færri samsetningar og meiri hraði. www.aske.is. Uppl. í síma 660-1100.



Porsche Cayenne, árg. 2011, 4x4, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000 kr. notadir.benni.is - Sími 590-2035

## Samlokueiningar

-Kælar  
-Frystar  
-Milliveggir

Kristján G. Gíslason F.TE

Eigum til á lager úripan-einingar fyrir kæla og frysta. Einnig hurðir og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. S.552-0000. www.kgg.is. kgg@kkg.is.



Úrvals hestahey til sölu. Staðsetning: Uppsveitir Árnessýslu. Upplýsingar í síma 856-1545.

## Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

### Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

## Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Glussadrifnar gölfhræður. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Til sölu 300 vatta Chinook vindrafall ásamt mótstöðu (stýringu). Upplýsingar í síma 824-1117.

## Næsta Bændablað kemur út 7. maí

### Bændablaðið

www.bbl.is



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Tilboð óskast í traktor: JIMNA 254, árg. 2006. Drif 4x4, ámoksturstæki, bakkó, staurabor og tvöfaldur dekkjaumgangur. S. 695-2195 - http://jinma-tractor.com



Haughrætur galvaniseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

## Notuð atvinnutæki til sölu hjá Veltir

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Fjármögnun með sögulega lágu vöxtum!

### RENAULT D75

180 hö sjálfskiptur  
Ekinn: 28.200 km.  
Nýskráning: 02/2017  
Vél: 180 hö  
Skráð heildarþyngd: 7,5 tonn  
Bill á grind  
Nýskoðaður, lítið ekinn og í góðu standi

Verð: kr. 4.400.000 án vsk.

### MAN TGX

560 hö sjálfskiptur 6x2  
Nýskráning: 03/2016  
Ekinn: 416.800 km  
Dráttarbill  
Vökvakerfi fyrir vagn  
Retarder, loftkæling, öflug hljómætki, lúxussæti og leðurinrétting.  
Stráheill og glæsilegur bill

Verð: kr.9.100.000 án vsk.

### KOMATSU PW160-7

Hjólavél  
Nýskráning: 10/2006  
Notkun: 12.190 vst.  
Tönn að framan, Engcon rotortilt, smurkerfi og tvær skóflur  
Heil og góð vél.

Verð: kr. 5.300.000 án vsk.

### RENAULT MIDLUM

240 hö sjálfskiptur  
Nýskráning: 07/2008  
Ekinn: 176.000 km.  
Nettur og lipur bill  
Vörukassi, 4.600 mm langur  
Lyfta: 1.500 kg álblað  
Kælivél  
Skoðaður og í góðu lagi

Verð: 3.500.000 kr. án vsk.

## VELTIR

Hádegismóum 8  
Sími 510 9100 veltir.is




Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



MB. Vito árg. 2013, dísel, 4x4 sjálfskiptur með kúlu. Nýryðvarinn og bakkmyndavél. Eins og nýr. Verð 3,4 milljónir kr. Uppl. í síma 691-4134 eftir k. 19.00.



Þessi húsbíll er til sölu, Ford Transit árg. 2008. Ekinn 44.000 km (ekki bílaleigubíll). Afmælisútgáfan af Burstner húsi. Vel útbúinn bíll. Ásett verð 6.800.000 kr. Uppl. í síma 860-6227.



Til sölu Comansa HT28 bygginga-krani, árg. 1992, 28 m bóma og 21 m undir krók. Er í þokkalegu ástandi. Uppl. í síma 860-1700.



230 cm hnífatættari kr. 490.000 +vsk og 180 cm kr. 295.000 +vsk. Úrval tækja fyrir þá sem ætla að rækta sitt land. Kíktu á blaðið eða fáðu það sent. [www.hardskafi.is](http://www.hardskafi.is) - [sala@hardskafi.is](mailto:sala@hardskafi.is). Sími 896-5486.



Fyrirtækið Tinsmíði sem er hið eina sinnar tegundar hér á landi er til sölu. Fyrirtækið er í góðum rekstri og verður selt með öllum tækjum, búnaði og viðskiptasamböndum. Hjá Tinsmíði eru framleiddar margvíslegar vörur úr tinni þ.á m. verðlaunagripir, hálsmen, beltissylgjur, skartgripir, barmmerki og minjagripir fyrir ferðamenn. Einstakt tækifæri fyrir framtakssama einstaklinga en stækkunarmöguleikar eru töluverðir. Upplýsingar veitir Snorri í s. 842-2915 milli kl. 17-19.



Til sölu Hyundai Terracan, árg. '02. Dísel. Hljóð í drifi en drif fylgir. Skipti á gamalli dráttarvél. Á sama stað kerra og varahlutir í gamlar dráttarvélar. Uppl. í síma 893-3962.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, [www.elcos.net](http://www.elcos.net). Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. [www.hak.is](http://www.hak.is) - s. 892-4163. Netfang: [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is)



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíl og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is), [www.hak.is](http://www.hak.is)



Góður vinnumaður. Afrúllarar 1 og 3 fasa. Lokaðar hliðar og utanálíggjandi legur. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Traktorsdekk. Búvís. Sími 465-1332.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali. Búvís. Sími 465-1332.



Til sölu Mercedes Benz Actros. Árg. 2010, sjálfskiptur. Ekin 730.000 km. 6x4. Nýr fastur pallur um 7,3 m með gámalás. Verð 3,5 mill. kr. m/vsk. Uppl. í síma 898-4666.



Til sölu Case hjólagrafa 61P, árg. '89, 14.800 kg. Notuð í 14.068 vinnustundir. Verð 1.370.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-4288.



Háþrýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, [www.comet-spa.com](http://www.comet-spa.com). Aflgjafar, rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is), [www.hak.is](http://www.hak.is)



Tökum að okkur þakpappabréðslu um allt land. Upplýsingar í síma 869-6580 - Sværrir og Kristinn - s. 868-0628. [skt.ehf@gmail.com](mailto:skt.ehf@gmail.com)



Innihærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is) / [www.hak.is](http://www.hak.is)



Hagasláttuvélar margar stærðir, 175 cm kr. 285.000 +vsk, kurlarar, tætarar, kartöfluvélar, sveitakerur, skóflur, greipar, skógarklippur, tindaherfi, steypuvélar og fl. Kíktu á blaðið eða fáðu það sent. [www.hardskafi.is](http://www.hardskafi.is) - [sala@hardskafi.is](mailto:sala@hardskafi.is). Sími 896-5486.



Opel Crossland X Innovation Aktiv, árg. 2018, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000 kr. notadir.benni.is - Sími 590-2035.



Nissan Qashqai Tekna, árg. 2018, 4x4, dísel, beinskiptur. Verð 2.890.000 kr. notadir.benni.is. Sími 590-2035.



Til sölu rafstöð AKSA, mótur John Deer, rafal Meccalte, 36 kW 400/230 V 50Hz 63A á fasa, DSE ATS stjórnúnaður, 160 ltr. olíutankur, allt yfirfarið í topp standi. Uppl. í síma 775-7334.



Palmse malarvagn - PT1600. Burðargeta 16 tonn. Rúmmál 9,1 rúmmetri. Búvís ehf. Sími 465-1332 - [www.buvís.is](http://www.buvís.is)



Traktorsdrifnar rafstöðvar (AgroWatt), [www.sogaenergyteam.com](http://www.sogaenergyteam.com) - stærðir: 10,8 kW - 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is), [www.hak.is](http://www.hak.is)



Úrval af Palmse sturtuvögnum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnðælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, [hak@hak.is](mailto:hak@hak.is), [www.hak.is](http://www.hak.is)

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. S. 820-8096. Netfang: [jh@johannhelgi.is](mailto:jh@johannhelgi.is)

Plastprófill í fjárhúsgólf 50x50, lengd 4,8 metrar. Nánari upplýsingar hjá Bergplast ehf. S. 530-1700. Netfang: [bergplast@bergplast.is](mailto:bergplast@bergplast.is)

Tveir Lely A2 mjaltþjónar til sölu. Árg. 2004 og 2005 alltaf í þjónustu. Frekari uppl. í síma 867-1600.

Til sölu einn Bronco 3, árg. '66. Tveir Bronco 2, árg. '84 og '86. Benz fólkþreifrið 230 Elegance, árg. '96. Vantar startara í Bronco árg. '66. Uppl. í síma 865-0436.

Suzuki Grand Vitara, árg. 2003. Nýskoðaður. 2 dekkjagangar, dráttarkúla. Verð kr. 350.000. Uppl. í síma 897-8201.

Til sölu Zetor 4911 árg. 1979, gangfær. Lítil notkun síðustu ár. Sami eigandi frá 1986. Er á Suðurlandi. Verð 120.000 kr. Uppl. í síma 866-5442.

VW Crafter 2013, ekin 80.000 km, vel þjónustaður hjá Heklu. Kerra, 2ja öxla, 1.350 kg burðargeta, 120x450x180 cm, 3 mm gler, 2 stærðir ca 30 fm ónotað, gott í gróðurhús. Markísa, 8m löng, rafdrifin með fjarstýringu. Uppl. í síma 897-1577.

## Óska eftir

Óska eftir riffli, Henry Lever Action 17 HMR og haglabyssu 20 ga. Sími 861-6177.

Kartöflurækt. Óska eftir tækjum fyrir kartöflurækt, s.s. niðursetningarvél, þvottavél, flokkara, hreykiplög o.þ.h. Uppl. í síma 776-5194.

Óska eftir vél í Suzuki Grand Vitara árg. 1999. Uppl. í síma 898-5154.

Óskum eftir að taka á leigu sumar-bústað(i), viku og viku í sumar og haust. Erum tvö. Hafði samband við Reyni í síma 896-5142.

Óska eftir Toyota Hilux double cab, árg. 1990-1997 til niðurrifs eða uppgerðar. Uppl. í síma 862-2005.

Toyota Landcruiser 90 eða Hilux óskast. Lumar þú á gömlum göðum jeppa? Ef svo er endilega hafðu samband í síma 865-3962 eða á netfangið [littivalli@gmail.com](mailto:littivalli@gmail.com)

Postulinsmálun. Átt þú postulinsliði og fleira til postulinsmálunar sem þú ert hætt að nota? Vinsamlegast hafðu samband í síma 695-7555, Guðrún.



Pöttinger sjálfhleðsluvagn, árg. '16. Vel útbúinn og lítið notaður. 710 dekk, losunarvalsar, öflug söxun. Verð 8,9 mill. kr. auk vsk. Uppl. í síma 897-8082.

## Atvinna

Starfskraftur óskast í sauðburð í Skagafirði. Uppl. í síma 692-2878 eða netfang: [dorabj@mi.is](mailto:dorabj@mi.is) merkt sauðburður.

Drængur á 14. ári frá Selfossi óskar eftir að komast á kúabú. Hefur hann ekki reynslu af kúabú en dreymir um að vera kúabóndi. Hefur hann reynslu af að vinna á dráttarvélum og liðléttingum. Uppl. í síma 849-5060.

Ég er 23 ára nemandi sem óskar eftir starfi út á landi, helst við sauðfjárrækt, mjólkurbú, ostagerð, skógrækt eða ferðaþjónustu. Er á bíl og er með landvarðaréttindi. Sími 833-6151, Ólafur.

Eldri maður óskar eftir dvöl í sveit gegn vinnuframlagi. Uppl. í síma 894-0123.

Stafsmaður á kúabú í Eyjafirði. Óskað er eftir aðstoðarmanni á kúabú um 20 km frá Akureyri, fram í Eyjafirði. Um er að ræða almenna vinnu við bústorf á um 100 kúa bú. Æskilegt að starfsmaður hafi reynslu af sambærilegri vinnu og hafi bifreið til umráða. Hægt að senda fyrirsöfnun og umsóknir á netfangið [vgs@vgs.is](mailto:vgs@vgs.is).

Danskur maður óskar eftir starfi á bú í ökuferi við Akureyri. Hefur reynslu af kúabúskap. Upplýsingar gegnum netfangið [jeppe.marquardt@gmail.com](mailto:jeppe.marquardt@gmail.com)

Harðduglegur og samvisskusamur Króati um fertugt óskar eftir að komast í vinnu á íslensku garðyrkjubú. Hefur reynslu sem kokkur, ljósmyndari og af markaðsmálum. Hefur búið á Íslandi og unnið við hótélstorf sem kokkur síðustu ár. Talar ensku og skilur hrafi í íslensku. Uppl. í síma 764-5782 og í netfangið [stjepan.matijevic@gmail.com](mailto:stjepan.matijevic@gmail.com)

Vantar starfskraft í sauðburð í maí með möguleika á vinnu allt sumarið. Erum staðsett á Vestfirðum. Uppl. í síma 434-7853 og 861-4853.

Óskum eftir að ráða starfsmann á kúabú á Norðurlandi. Reynsla af vélavinnu skilyrði (landbúnaðar- eða vinnuvélar). S. 848-2947 eða 848-4505.

Vantar geðgöðan dugnaðarfork í sauðburð að býlinu Bálkastaðir ytri við Hrutafjörð. Uppl. í síma 894-0951.

Maður á sextugsaldri frá Argentínu leitar að vinnu á sveitabæ, t.d. í sauðburð. Hefur reynslu af sveitastörfum. Getur tekið að sér heimilisstorf, hefur unnið á hóteli í nokkur ár. Talar ensku, kann nokkur orð í íslensku og er fús að læra meira. Sími 865-6749, Gísli.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafði samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: [einar.g9@gmail.com](mailto:einar.g9@gmail.com), Einar G.

Byggingarverktaki. Tökum að okkur: Nýbyggingar, uppsteypu, stálgrindarhús reising, viðhald húsa. Byggingarstjórn 1,2,3. Uppl. í síma 893-5374 - [nybyggd@gmail.com](mailto:nybyggd@gmail.com)

Bændur, sveitarfélög og aðrir landnotendur. Tökum að okkur hvers konar girðingaframkvæmdir. Uppsetning eða viðhald. Förum hvert á land sem er. Mikil reynsla. Uppl. í s. 865-8177, Júlíus Guðni.

Tökum að okkur viðgerðir og rennilásaskipti á leðurfatnaði og skóviðgerðir. Vatnsverjum gönguskó og leðurfatnað. Sendum í pósti ef óskað er. Skómeistarinn, Smáralind. Sími 821-9554 og 544-2277, netfang: [hilmar@skomeistarin.is](mailto:hilmar@skomeistarin.is)

**Bændablaðið**  
**Kemur næst út**  
**7. maí**

Nýtt skipurit Landbúnaðarháskóla Íslands:

# Ný stefna til fimm ára

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á þremur meginstarfsstöðvum, að Hvanneyri í Borgarbyggð, Reykjum í Ölfusi og Keldnaholti í Reykjavík. Í júní síðastliðnum var samþykkt ný stefna til fimm ára fyrir Landbúnaðarháskólann.

Sett voru fram þrjú gildi: SJÁLFBÆRNI, HAGSÆLD og FRAMSÆKNI og framtíðarsýnin sett fram í eftirfarandi setningu: „Landbúnaðarháskóli Íslands er þekktur innanlands sem og á alþjóðavettvangi fyrir framsækna kennslu, rannsóknir og nýsköpun sem stuðli að verðmætasköpun og fæðuöryggi til framtíðar með sjálfbærri nýtingu auðlinda.“


Sex áherslur

Í tilkynninu frá skólanum kemur fram að stefnunni er skipt í sex áherslur; 1) Stuðla að nýsköpun og verðmætasköpun, 2) Sækja fram á sviði rannsókna og þróunar, 3) Þjóða framsækið og virðisaukandi nám, 4) Tryggja skilvirka nýtingu innviða, 5) Efla mannauð og líðsheimild og 6) Tryggja traust og gott orðspor. Hverri áherslu er síðan fylgt eftir með aðgerðum, mælikvörðum og markmiðum og hefur skólinn unnið markvisst að eftirfylgni og þegar náð góðum árangri. Í því sambandi má nefna að styrkir sem fengust úr samkeppnissjóðum voru rúmlega tvöfalt hærrí en undanfarin ár, nemandum hefur fjölgað, innviðir hafa verið styrktir, ráðið hefur verið í nýjar stöður, nýir samstarfssamningar verið gerðir og reglulega birtast jákvæðar fréttir úr starfi skólans.

Nýtt skipurit

Um síðustu áramót var nýrri stefnu fylgt eftir með nýju skipuriti. Háskólaráð fer með yfirstjórn skólans og dagleg stjórnun er í höndum framkvæmdastjórnar sem skiptist í fræðasvið og sameiginlega stjórn-sýslu.

Fagbrautum er nú skipt á þrjár fagdeildir sem bera heitin Ræktun og fæða, Náttúra og skógur og Skipulag og hönnun. Á hverri deild er boðið upp á starfsmenntanam á framhaldsskólastigi, grunnnám (BS) og framhaldsnám (MS og PhD). Lögð er áhersla á að efla rannsóknir og nýsköpun til að stuðja við kennslu á öllum námsstigum. Deildarforsetar



voru valdir til forystu fyrir hverja deild og með þeim í deildarráði sitja brautarstjórar sem tryggir að allar brautir komi að stjórnun, sem og fulltrúar nemenda. Með nýjum fagdeildum er ætlunin að efla samstarfið á milli námsstiga, ná fram samlegðaráhrifum, bæta innviði skólans og nýtingu þeirra og styrkja um leið þverfaglegt samstarf. Fagdeildirnar mynda saman fræðasvið skólans og rektor, deildarforsetar og starfsmenntanámstjóri mynda stjórn þess.

Til að stuðja við fagdeildir er stöðþjónusta skólans sem nú skiptist í rektorsskrifstofu, rekstrarsvið, rannsóknir og alþjóðasamskipti og kennsluskrifstofu. Stöðþjónusta skólans hefur verið eflað með nýjum mannauðs- og gæðastjóra og upplýsinga- og skjalastjóra sem tóku til starfa í byrjun ársins. Rektor stýrir stjórn-sýslu skólans ásamt skrifstofustjóra, rektorsskrifstofu, rekstrars-tjóra, rannsókn- og alþjóðafulltrúa og kennslustjóra.

Endurmenntun

Endurmenntun og fræðsla fyrir almenning er starfrækt í þeim fræðum

sem viðurkenning háskólans tekur til. Endurmenntun skólans hefur náð miklum vinsældum og er bæði boðið upp á einstök námskeið og viðbótarnám. Má þar sem dæmi nefna fjölmörg námskeið sem tengjast ræktun og náttúrunytjum, jurtalitin, Reiðmanninn og Grænni skóga.

Landbúnaður, umhverfi og skipulag skipta öllu máli

Á næstu árum mun áfram verða

lögð áhersla á að efla rannsóknir og alþjóðastarf og samþætta rannsóknir, nýsköpun og kennslu á lykilsviðum skólans sem snúa að sjálfbærri nýtingu auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurlóðum. Eftir hremmingar sem gengið hafa yfir heiminn að undanfögnu ætti öllum að vera ljóst að þetta eru þau svið sem skipta mestu máli fyrir skólann.


/VH



FJÖLSKYLDAN Í ELLIÐAHVAMMI  
ÓSKAR LANDSMÖNNUM  
GLEÐILEGS SUMARS

Hjá okkur fást egg beint frá býli  
Opnunartími  
Virkir dagar: 08:00 – 17:00  
Laugardagar: 10:00 – 13:00

Eggjabúið Hvammur ehf  
Elliðahvammí, 203 Kópavogji  
Sími: 567-4656  
hvammur@hvammur.is



**VÉLBODA mykjudreifarar!**  
Í fjórum útfærslum og mörgum stærðum

**VÉLBODI**  
S: 565-1800  
www.velbodi.is

Erur með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

**Vélavit**  
Sala - Þjónusta  
www.velavit.is

**BA**  
BÍLASALA  
AKUREYRAR

**NÝIR FRÁ BL Í ÁBYRGÐ!**

'20 Dacia Duster Comfort. Diesel, beinskíptur. Verð 3.990,- #110170

'20 Subaru Forester Lux MHEV NEW. Bensín, sjálfsk. Verð 7.190,- #110052

'20 Subaru Forester premium. Bensín, sjálfskíptur. Verð 5.990,- #110009

'20 Nissan Qashqai Acenta. Diesel, sjálfskíptur. Verð 5.340,- #110131

Bílasala Akureyrar  
Freyjunes 2, 603 Akureyri  
S. 461-2533  
Netfang: sala@bilak.is  
www.bilak.is

Smáauglýsinga-síminn er:  
**563 0300**

## Lögfræðipjónusta

Hef komið aftur til starfa á lögfræðistofu mína eftir tímabundin verkefni á öðrum vettvangi.


Veiti lögfræðipjónustu fyrir Suðurland á Selfossi, fyrir Vestfirði á Ísafirði og á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi að Hátúni 6a, Reykjavík.

Tímabantanir í síma 777-5729 og á netfangi thuridurhalldorsdottir@gmail.com

Fyrsti tími að kostnaðarlausu.

**Sérsvið:** Barnaverndarmál, forsjármál, hjónaskilnaðir, sambúðarslit, kaupmál, erfðaskrár, seta í óskiptu búi, dánarbússkipti. Fiskeldisréttur - lagaleg staða varðandi ýmislegt er tengist fiskeldi og umhverfi.

**Puríður Halldórsdóttir**  
lögmaður  
Hátúni 6a,  
105 Reykjavík



## Bækur til sölu

- Urðarmáni og Ferð til fortíðar. Höfundur Ólafur Steinþórsson.
- Óhæf til birtingar. Þýdd af Hersteini Pálssyni.
- Margt skeður á sæ. Ævintýri í Suðurhöfum. Höfundar Graman, Worse.
- Ketill í Engihlíð. Þýðandi Konráð Vilhjálmsson. Höfundur Sven Edvin-Salje.
- Galdur. Höfundur Desmond Bagley.
- Hreinar línur, ævisaga Guðmundar Árna. Höfundur Kristján Þorvaldss.
- Aldrei gleymist Austurland. Höfundar margir.
- Sjómannalmanók frá 1976 til 2012.
- Eugenia keisara drottning. Lífskraftur séra Péturs og Ingu í Laufási.
- Réttvísni á svífrá, Björn í firði. Höfundur Jón Birgir Pétursson.
- Ritsafn Oscars Clausen.
- Da Vinci lykillinn. Höfundur Dan Brown.
- Íslenskir orlagabættir. Höfundar Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson.
- Hetjur í hafsnauð. Höfundur Kenneth Gook.
- Geymdar stundir af Austurlandi, 1. og 2. hefti. Eftir Ármann Halldórss.

Bækur seljast á 3.000 – 5.000 kr. stykkið.  
Upplýsingar í síma 557-7957.

## Kortlagning smávirkjanakosta á Vesturlandi, Vestfjörðum og Austurlandi

Orkustofnun hefur samið við Verkfræðistofuna Vatnaskil um kortlagningu vænlegra smávirkjanakosta.

Finna skal álitlega staði fyrir smávirkjanakosti með afl á bilinu 100 kW–10 MW, meta möguleika á dægurmiðlun við inntak og meta gróflega óvissu í afli þeirra virkjunarkosta sem finnast. Kortlagningin tekur til þriggja landshluta, Vesturlands, Vestfjarða og Austurlands. Þetta kemur fram á heimasíðu stofnunarinnar. Þar er líka sagt frá því að stofnunin hefur áður látið kanna ýmsa smávirkjana-kosti víðs vegar um landið, meðal



Smávirkjun Orkubús Vestfjarða í Tungudal í Skutulsfirði. Hún nýtir hluta þess vatns sem rennur úr berglögum í Vestfjarðagöngum. Mynd / HKr.

annars með útreikningum á langæi rennslis fyrir valda kosti í Eyjafirði, Snæfellsnesi og Vestfjörðum þar sem Vatnaskil beittu vatnafarslíkani

við ákvörðun á langæi rennslis fyrir kosti sem þegar höfðu verið teknir til frumathugunar af hagsmunaaðilum á viðkomandi svæðum. /MHH

## ÞUNGLYNDI – KVÍÐI OG VANLÍÐAN

Margir þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni að leita sér lækninga vegna þunglyndis-einkenna. Bændur eru þar engin undantekning.

Möguleikarnir á að lækna af þunglyndi eru góðir og meðferð, svo sem lyfja- eða samtalsmeðferð, styttr sjúkdómstímabil og getur dregið úr einkennum.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á [bondi.is](http://bondi.is)



**Búum vel**  
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ  
ÖRUGGUR  
OG GÓÐUR  
VINNUSTADUR?

## Lely Center Ísland

RÚÐUR Í  
DRÁTTARVÉLAR  
FRÁBÆR VERÐ



John Deere Ford  
Zetor Fiat  
Case IH New Holland  
McCormick Deutz-Fahr  
Steyr Massey Ferguson  
Claas

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – [www.vbl.is](http://www.vbl.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



## Vélsmiðja Grundarfjarðar



Flytjum inn iðnaðarhús og skemmur í öllum stærðum gerðum.

Áhugasamir er bent á [vegr.is](http://vegr.is)  
Netfang: [vegr@vegr.is](mailto:vegr@vegr.is)

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

**VH HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, [vagnar@vagnar.is](mailto:vagnar@vagnar.is), [vagnar.is](http://vagnar.is)

# Landlæknir: Aukning á lekanda og sárasótt

Útbreiðsla lekanda og sárasóttar hefur aukist umtalsvert á Íslandi á síðastliðnum árum. Sambærileg aukning hefur ekki sést í tölum um klamydíu og HIV á síðasta ári.

Sam- og eða tvíkynhneigðir íslenskir karlmenn á aldrinum 20 til 44 ára mun vera helsti áhættuhópurinn fyrir þessar sýkingar og er aukningin í samræmi við faraldsfræði þessara sýkinga í vestrænum löndum. Sambærileg aukning hefur ekki sést í tölum um klamydíu og HIV á þessu ári.

Til að bregðast við þessu er bent á nýttkomnar Leiðbeiningar sóttvarnalæknis um greiningu og meðferð lekanda, klamydíu, sárasóttar og HIV sem finna má á vef landlæknis. Leiðbeiningarnar voru unnar í samvinnu fjölda innlendra sérfræðinga. Leiðbeiningarnar eru ein af tillögum starfshóps til að stemma stigu við vaxandi útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi.


## Vaxandi sýklalyfjaónæmi lekandabakteriunnar

Á heimasíðu landlæknis segir að til að ná árangri í baráttunni gegn þessum sýkingum sé áriðandi að bregðast rétt við með viðeigandi sýnatöku, réttri sýklalyfjameðferð, sem oft þarf að fylgja eftir til að tryggja árangur meðferðar.

Vaxandi sýklalyfjaónæmi lekandabakteriunnar getur torvaldað meðferð, en eina leiðin til að kanna sýklalyfjanæmið er með ræktun, því greining á erfðafni gefa ekki upplýsingar um sýklalyfjanæmi. Þá þarf einnig að finna þá einstaklinga sem gætu hafa orðið fyrir smiti með góðri rakningu smitleiða.

## Lekandi

Fleiri greindust með lekanda á árinu 2019, borið saman við síðastliðin ár, því þann 30. nóvember höfðu alls 111 einstaklingar greinst með lekanda sem er töluvert fleiri en árlegur fjöldi á undanförunum árum.



Aukið sýklalyfjaónæmi lekandabakteriunnar, *Neisseria gonorrhoeae*, getur torvaldað meðferð lekanda.

Sýkingin greinist mun oftar í körlum en konum. Samkvæmt klínískum tilkynningum frá læknum á þessu ári var 41 karlanna sam- og eða tvíkynhneigður, sex voru gagnkynhneigðir en upplýsingar um kynhneigð vantar fyrir 50 karla.

Þegar ríkisfang þeirra sem greindust með lekanda er kannað kemur í ljós að Íslendingar eru í miklum meirihluta sýktra.

Þegar aldur þeirra sem greinast með lekanda er skoðaður, sést að sýkingin greinist oftast meðal einstaklinga á aldrinum 20 til 44 ára.

## Sárasótt

Alls greindust 36 einstaklingar hér á landi með sárasótt á árinu 2019, frá 1. janúar til 30. nóvember. Þetta er aukning miðað við árið 2018, en

nær þó ekki sama fjölda og 2017 en það ár greindust flestir með sárasótt. *NVH*



## Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



**Kerrur**  
frá Ifor Williams  
í öllum stærðum  
og útfærslum



Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu



Vikurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík  
Sími 577-1090 - [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is) - [sala@vikurvagnar.is](mailto:sala@vikurvagnar.is)

**Emerald ehf** 160 fm hús á Egilsstöðum

- Innflutt verksmiðjuframleidd eininghús
- Yfir 20 ára reynsla
- Sérteiknuð hús, fjöldi teikninga
- Hagstætt verð og vandað efnisval
- Afhent hvert á land sem er

[WWW.EININGAHUS.IS](http://WWW.EININGAHUS.IS) GSM 698 0330 EMERALD@EMERALD.IS

RÁÐSTEFNA VARDANDI HÚSIN VERÐUR: Ícelandair hotel Reykjavík Natura (Flugleiðahotelið) FIMMTUDAGINN 5. MARS 2020 KL. 16:00 ALLIR VELKOMNIR

**LÖGGARÐUR EHF.**  
Stofnað 1985

Almenn lögfræðiþjónusta, erfðaskrár, skipti dánarbúa, gallamál vegna fasteigna, vinnuréttamál og slysamál.

Hafðu samband: [loggardur.is](http://loggardur.is) eða 568-1636.

**RÉTTUR**

- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

**LAMBHELDU HLIÐGRINDURNAR**

Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt. Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu.

Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15.

Verð á grind **kr. 24.900 stk. auk vsk.**  
Ef keypt eru 2 til 4 stk., verð **kr 22.900 stk. auk vsk.**  
Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð **kr. 19.900 stk. auk vsk.**

Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er.

Pantanir og upplýsingar í sínum 669 1336 og 899 1776.

**AURASEL**  
Meira fyrir aurinn

**ÁSCO**

**BÍLARAFMAGN**

**OKKAR ÆR OG KÝR**  
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Ánólar 12V og 24V / 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælar, amperemælar, spennufellur 24V / 12V, trúflanaþéttar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Bræytar fyrir 13P kamutengja. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Glerdryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi Öryggjahlöður. Stór öryggi upp 250A. Stefnulyós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakætur. Bessavællur. Oxulhosur. Spennustíllar. Diólar. Rafgeymaskó. Jarðsamband. Dióðubryr. Ræmsklútur fyrir alternatore. Vagngeymaskó. Stærðir. Lögur í alternatore. Koff í alternatore. Húðsmál 0,2000 upp 200V. Ög mangan mangan. Þetta.

**ÁSCO**

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • [asco.is](http://asco.is) BÍLARAFMAGN



FÓÐURBLANDAN

...gæði í hverri gjöf!



60  
ára



60  
ára



60  
ára



60  
ára



60  
ára



60  
ára

# Yfir 200 vörur á afmælistilboði

Allt að **25%** afsláttur  
á völdum vörum

8. apríl - 8. maí



**60 ÁRA**  
1960-2020

*Fri heimsending*

FYRIR ÞÁ SEM VERSLA  
FYRIR 30.000 KR. EÐA MEIRA  
Í GEGNUM VEFVERSLUN

Póstnúmer 101-371 og 800-881

**WWW.FODUR.IS**

Allt fyrir  
sauðburðinn á  
[www.fodur.is](http://www.fodur.is)



ÍSLENSKT  
*gjörð svo vel*

**VILTU VINNA 15.000 KR. GJAFABRÉF?**

Skráðu þig á póstlistann okkar.  
Drögum úr skráningum vikulega.

[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
[fodur@fodur.is](mailto:fodur@fodur.is)

FB Reykjavík  
Korngarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64a  
570 9840

FB Hella  
Suðurlandsvegur 4  
570 9870

FB Hvolsvöllur  
Ormsvöllur 2  
570 9850